



Ágripabók

MENNTAKVIKA

Ráðstefna í menntavísindum

2. 3. og 4. október 2025

Heimildaskrá

Einstaklingserindi	10
Nýtt lesefni fyrir ungmenni á 18. öld: <i>Kvöldvökurnar 1794</i> eftir Hannes Finnsson	10
„Krefjandi skortur á fagmennsku”: Starfendarannsókn á mótun lærdómssamfélags í leikskóla	11
Munnleg próf í háskóla: Áhrif prófforms á upplifun nemenda og námsárangur	12
A language teacher's self-exploration through journaling	13
Foreldrafræðslan <i>Invest in Play</i> : Farsæld í skólastarfi	14
Lykillinn að árangursríku alþjóðastarfi í starfsmenntun: Niðurstöður rannsóknar meðal alþjóðafulltrúa	15
„Þetta gerir starfið okkar svo miklu meira heillandi”: Áhrif hæglætis í starfi	16
Establishing Neurodiversity Best Practices at Three Icelandic Universities	17
Áhrif Covid-19 á leikskóla á Norðurlöndum	18
Sýn leikskólabarna á ærslaleik og hlutverk kennara í leiknum	19
Gróska í stefnumótun og skólastarfi á árunum 1970–1990 og þróun hugmynda um hlutverk kennara	20
Forysta undir álagi: Tvíþætt reynsla skólastjórnenda í Covid-19	21
„Þau reyna að slá mig út af laginu”: Starfsaðstæður hinsegin kennara í bakslagi	22
Tengsl fræða og starfs: Þróun starfsnáms í kennaranámi við HA	23
Food skills and nutrition education workshop for low-income adult learners: A pilot intervention	24
Að lesa í umhverfið: Menningar- og félagslegar áskoranir fósturforeldra sem taka að sér fylgdarlaust barn	25
„Þegar við breytum hugsunum okkar þá breytist heimurinn í kringum okkur”: Hlutverk listrænna rannsóknaraðferða og lifandi menntunarfræða í þekkingarsköpun kennara/nema	26
Sögur úti um allt: Innblástur í útinámi til stuðnings ritunarbjálfun	27
Til í slaginn? Upplifun nemenda af kennsluháttum á starfsnámsbrautum	28
„En ég veit ekki hvar þær eru”: Rannsókn á kynjahalla í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla	29
Marglaga samræðurými í stafrænt vel búnum stærðfræðitímum	30
Atferlismiðuð hreinlætisþjálfun fyrir grunnskólabörn með einhverfu og þroskahömlun ...	31
Viðmið fyrir reiknifimi í einfaldri margföldun í framhaldsskóla	32
Inngildandi menntun, farsæld barna, stuðningsþarfir og samtvinnun mismunabreyta: Stuðningskerfi á tímamótum.	33
Hvernig byggja fjöltyngdir nemendur, kennarar af erlendum uppruna og íslenskir kennarar á tungumálaforða sínum í námi og kennslu?	34

Pegar kolbíturinn verður að hetju og hreppir hnossið að lokum: Hvernig getur stuðningur til náms breytt lífssögu fólks?.....	35
Kennaraforysta og þróun fagmennsku: „Ég vonast eftir að stækka verkfærakistuna mína“	36
Leit að og birting á starfskenningu í háskólakennslu	37
Immigrants, Inclusion, and Iceland: Locating race evasion in educational spaces	38
Fatátíska á Íslandi í samhengi við atvinnulíf og menntun	39
Þróun námsorðaförðaprófs	40
Brautskráningarhlutfall grunnnema við Háskóla Íslands	41
Hugmyndafræði og kennslufræðilegar nálganir í kennslu nemenda í íslenskuverum Reykjavíkurborgar	42
„Að berjast við dreka“: Reynsla mæðra með geðsjúkdóma af móðurhlutverkinu	43
Initial teacher education in five countries: A content analysis using a children's human rights education frame	44
Rými barna til leiks og áhrifa í leik- og grunnskóla: Samfella í ólíku félagslegu umhverfi ...	45
Krókaleiðir kerfisins og skapandi kraftar: Áskoranir við að hanna nýtt nám	46
Samráð við lögleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks	47
Mat á próffræðilegum eiginleikum mælitækis á stafahljóðþekkingu við upphaf 1. bekkjar	48
Expanding the Boundaries of Professional Identity Through Self-Study	49
Útilistaverk á Húsavík: Náms- og samfélagsauðlind í almannarými	50
Inngilding nemenda af erlendum uppruna á Íslandi: Samspil skólastarfs, kennaramenntunar og rannsókna.....	51
"Hann var náttúrulega pabbi minn samt sem áður." Um bækur Stefáns Jónssonar handa börnum og unglingum.....	52
Eru strákar í lagi? Strákar á samfélagsmiðlum út frá kynjuðu sjónarhorni	53
Geta gagnreyndar kennsluaðferðir dregið úr ójöfnuði í (lestrar)námi barna á Íslandi?	54
Torsótt leið að háskólanámi í Gíneu-Bissá: Eigindleg rannsókn	55
Skiptir framkvæmd PALS félagakennslu máli fyrir framfarir í lestrarnámi?	56
Farsæld barna: Þekking og aðferðir fagfólks í starfi með jaðarsettum börnum og unglingum.....	57
„Spjöllum saman“: Samstarfsverkefni í þágu farsældar barna á Akranesi	58
Samsköpun og árangursrík innleiðing menntatækni í grunnskólum	59
Leikur sem leið til að efla læsi barna í fjölmennningarlegum leikskóla: Hlutverk stjórnenda	60
Framkvæmd heimalesturs í 1. bekk: Hugmyndir kennara um ójöfn tækifæri	61
Notkun háskólanema á stafrænni tækni í Bissá, Gíneu-Bissá	62
Reynsla og upplifun ungs fólks á Íslandi af einelti sem einkennist af kynþátta- og menningarfordómum	63

Félagstengsl og einmanaleiki framhaldsskólanema: Greining á áhrifapáttum fyrir líðan ungs fólks	64
Náttúruvísindahluti aðalnámskrár í ljósi kenningaramma TIMSS og PISA.....	65
Framtíðarsýn nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði	66
Perpetuating Harm: Personal Violence and Structural Complicity in Academic Spaces	67
„Þar sem það sem maður hefur fram að færa skiptir einhverju máli“	68
Lestrarkennsla og stuðningur við fjölbreyttan nemendahóp með aðferðum Grunn-PALS félagakennslu	69
Tækifæri og hindranir gagnvirkar þjálfunar til að vinna gegn kynferðislegri áreitni innan lögreglunnar	70
Lykilhugtök þroskaþjálfarafræðinnar: Fræðileg rýni út frá mannréttindum, farsæld og áfallamiðaðri nálgun.....	71
Er stéttamunur meira feimnismál en kynja-, landsbyggðar-, þjóðmenningar- og tímamunur? Rýnt í <i>Þjóðfélagsfræði</i> fyrir unglingastig eftir Garðar Gíslason.....	72
Einstaklingserind	73
Hópastjórnun með Hvatningarleikjum: Áhrif á hegðun, námsástundun og hávaða í kennslustofum.....	73
Samræmd próf í skólakerfi verðleika	74
Is university worth it despite the cost? Institutional, social, and economic influences on higher education perceptions in Guinea-Bissau	75
Akademískt læsi: Lykill að virkri þátttöku og farsæld í háskólanámi	76
Heimahöfn: A Collaborative Initiative for University Staff Development in Iceland	77
Skipulagðar málstofur	78
Hvað er haflæsi? Skilningur og hugtök tengd hafinu með það að markmiði að hvetja til sameiginlegra aðgerða til að draga úr losun, auka sjálfbæra starfshætti og styrkja ný viðhorf í skólum.....	78
Með síma í hendi og mat á skjánum: Áhrif samfélagsmiðla á íslensk ungmenni	79
Sjávarsögur: Þjálfum kennara í haflæsi í gegnum leiklist	80
Sjávarsögur: Námskrá í haflæsi í gegnum leiklist	81
Samanburður á afkastagetu og vöðvamassa ríkjandi og víkjandi hliða meðal 12 ára knattspyrnustúlka	82
Tengsl milli frammistöðumælinga og getustigs meðal 12 ára íslenskra knattspyrnustúlka	83
Heilsuferðalagið: Þversniðsrannsókn á Íslendingum fæddum 1988.....	84
Þroski og frammistaða meðal 12 ára knattspyrnustúlka: Tengsl beinaldurs, líkamssamsetningar og líkamlegrar frammistöðu.....	85
Andleg líðan 12 ára knattspyrnustúlka á Íslandi	86
Samræða og endurgjöf í náttúruvísindakennslu til að efla hugtakaskilning nemenda	87
Myndbandsupptökur í starfsþróun kennara: Væntingar, upplifun og reynsla	88

Áskoranir og tækifæri við þátttöku í samþættu starfsþróunar- og rannsóknarverkefni sem beinist að gæðum kennslu	89
Vísindalæsi íslenskra unglunga: Þróun á árangri í PISA skoðuð í ljósi áherslna núverandi kjarnanámsefnis	90
Slakur lesskilningur heftir skilning á samfélagslegri umræðu: Mat á núverandi stöðu og leiðir til úrbóta.....	91
Að skapa rými fyrir hæglæti í leikskóla	92
Stuðningur og þátttaka foreldra skiptir máli fyrir nám og líðan unglunga	93
Fjárhættuspilahegðun hjá ungmennum á Íslandi: Niðurstöður ESPAD rannsóknar 2024...	94
Listir sem miðpunktur þekkingasköpunar.....	95
Samanburður á lífaflfræði göngu og líkamlegri afkastagetu fólks með og án sykursýki af tegund 2	96
Að horfa til lengri tíma: Pollurinn, minningar og samfella	97
Að dvelja með: Hæglæti og samvera í fjörunni.....	98
Að dvelja með – Hæglæti og samvera í fjörunni	98
Tengsl líkamlegrar afkastagetu við gönguhraða og orkunotkun við göngu hjá einstaklingum með sykursýki af tegund 2	99
Þróunarverkefnið MEMM: Menntun, móttaka, menning	100
Að fara út af sporinu: Ferlið dýrmætt fyrir tengsl og nám	101
„Bara hörkuduglegt fólk upp til hópa“: Úrræði innan velferðarþjónustunnar í málum einforeldrisfjölskyldna í ljósi samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna.....	102
Samræðufélagar: Námsfni og kennslufræði fyrir fjöltyngda nemendur.....	103
Styrktaræfingar í stærðfræðigreiningu: Aðferðir hugsandi skólastofu á háskólastigi	104
Að kanna mannlegar samræður um stærðfræði gegnum samræður við spjallmennni: Babbl, þrugl og trektun.....	105
Rannsóknarsamstarf kennara og rannsækenda: Áskoranir og tækifæri.....	106
Stundum öðruvísi en oftast alveg eins eða jafnvel betri: Hinsegin fósturforeldrar í ljósi hugmynda um kjarnafjölskylduna	107
Staða einstæðra mæðra og barna þeirra í íslensku velferðarsamfélagi	108
Tiltæk orka og ungar knattspyrnustúlkur.....	109
Sameiginleg sýn á kennaramenntun á Íslandi.....	110
Breytingar í lífi ungmenna við lok grunnskóla: Berskjöldun og kvíði	111
Trú nemenda á eigin getu og frammistaða í stærðfræðilæsi PISA 2022	112
Tækifæri og áskoranir í starfsþróunarverkefni með myndbandsinngripi: Stuðningur við markvissa eftirtekt kennara	113
INSPECT-rannsóknin: Þrír fletir á líðan nemenda á Íslandi, í Danmörku og Finnlandi.....	114
TALÍS: Að meta og efla íslenskufærni fjöltyngdra barna	115
Sköpun, vaxtarhugarfar og stærðfræðikvíði út frá PISA rannsókninni	116

Leiðsagnarsamtöl í skjóli trausts: Hugmyndafræðileg sýn leiðsagnarkennara og þróun fagvitundar kennaranema	117
Tengsl fræða og starfs í kennaramenntun á Íslandi	118
Bakgrunnur og aðstæður grunnskólakennaranema	119
Heilsuferðalagið: Þversniðsrannsókn á Íslendingum fæddum 1988.....	120
Tengiliðir í þjónustu farsældar: Sjónarhorn sveitarstjórnarfólks og tengiliða í leik- og grunnskólum.....	121
„Það er gott að þú ert til“: Ástin sem frumspekilegur skilningur á dýrmæti annarra.....	122
Viðhorf kennara til takmarkana á skólastarfi vegna COVID-19.....	123
Þið eruð svo stór hluti af mér: Um ástarkraft skólastofunnar	124
Me Before You, Fríða og dýrið: Ævintýri, ungar stúlkur og góðir siðir	125
Hvers vegna ætti ég að bregðast við þjáningu annarra? Rýnt í hugmyndir umhyggjusiðfræðinnar	126
Á valdi óttans: Forstöðufólk í búsetuþjónustu á neyðartímum	127
Störf sálfræðinga við skóla á Íslandi: Helstu áherslur og viðfangsefni.....	128
Líkamleg hreyfing íslenskra ungmenna frá 15 til 17 ára aldurs: Þróun eftir tíma dags og tegund hreyfingar.....	129
Þróun kennsluhátta til eflingar ritunarfærni nemenda.....	130
Tengsl milli getustigs og þjálfunar meðal 12 ára íslenskra knattspyrnustúlkna	131
Aðlögun og fýsileiki gagnreynndrar foreldrafærnimeðferðar PMTO: Skólasóknarvandi meðal barna	132
Sambætting SMT-skólafærni og kennslu í félags- og tilfinningafærni: Fylgni við aðferð og áhrif á innleiðingu	133
Og áfram heldur sagan... ..	134
Þróun málþroskaprófa: Forprófun MÍSL-G.....	135
Inngildandi menntun: Áskoranir í innleiðingu.....	136
Fagleg móttaka: Lykill að góðum tengslum og árangri	137
Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd leikskólabörn.....	138
Stikum af stað: Stöðumat fyrir nýkomna nemendur	139
Saman eða sundruð? Menntun og félagsleg þátttaka flóttabarna og -ungmenna á Íslandi	140
LANIS og fjöltyngd börn.....	141
Pólítískar áherslur, fagmennska og árangursríkt skólastarf hjá sveitarfélögum.....	142
Inntak og hönnun stöðu- og framvinduprófa Matsferils í stærðfræði	143
Reiknihugsun og forritun sem hluti af stærðfræðikennslu framhaldsskóla á Norðurlöndum	144
Brimbretti á Íslandi	145
Tungumálanám og fjöltyngi á heimilum og í skólum	146

Menntun og þátttaka flóttabarna og -ungmenna.....	147
Markviss íhlutun í kjölfar LANIS.....	148
Traust í móttökuferli flóttafólks: Stjórnsýsla, samfélagsleg virkni og áskoranir í dreifbýli á Íslandi	149
Að kafa djúpt: Samhengi, dýpt og sjálfræði barna	150
Mótun árangursríks skólastarfs og innleiðing breytinga í Múlaþingi.....	151
Að semja um sjálfsmyndir og undirbúa fullorðinsár	152
Kópavogsmódelið: Reynsla einstæðra foreldra og foreldra af erlendum uppruna	153
Ævimenntun í íslenskri orðræðu: Stefna, inngilding og aðgengi	154
Tíðni eineltis meðal grunnskólabarna: Niðurstöður langtímarannsókna	155
Description of the symposium: Education and meaningful life	156
Education for sustaining hope	157
Asking existential questions	158
Poetry and Education	159
Félags- og tilfinningafærni og líðan íslenskra ungmenna samkvæmt PISA 2022	160
„Svona eiga staðlotur að vera!“ Leikjavæðing og bókmenntakennsla í kennaranámi	161
Hópavinna og samræður í bókmenntakennslu	162
„Á endanum snýst þetta allt um börnin“: Hvað einkennir fyrirmyndarsamstarf frístundaheimila og grunnskóla?	163
Mótsagnir og merkingarsköpun: Raddir reyndra leiðtoga af sveitarstjórnarstiginu í miðju innleiðingarferli farsældarlaga	164
Hvernig tengjast stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði í ólíkum árgöngum?	165
Hver er staða og stefna nemendaráða í grunnskólum á Norðurlöndunum?	166
Munnleg próf í háskólakennslu: Áskoranir og aðferðir.....	167
Efling trúar á eigin getu í gegnum ritfærniþjálfun.....	168
Notkun fylgigagna í rafrænum prófum í forritunarnámskeiði	169
Gamified Peer Review: Making Feedback Fun.....	170
Milli lýðræðis- og markaðsafla: Kortlagning á valdatengslum og stofnanakerfi framhaldsfræðslunnar á Íslandi	171
Blámi: Listrannsókn tengd íslenskum jöklum	172
Þegar jöklar kenna: Listasmiðjur í Listasafni Íslands	173
Listrænt ákall til náttúrunnar	174
Viðnám: Jöklar í íslenskri myndlist	175
Matargleði: Samspil matvæðni og skólamáltíða.	176
Tónlistariðkun í skjóli hringsins: Hvernig hringformið getur stuðlað að félagslegu og tilfinningalegu öryggi í tónlistariðkun með ungum barnafjölskyldum	177

Tónlistarstundir án orða með fjölþjóðlegum barnafjölskyldum	178
Hlutverk tónlistar, tungumáls og menningararfs sem hvata til þátttöku í tónlistarstundum fyrir pólskar barnafjölskyldur á Íslandi	179
Áhrif brottfalls heils sveitarfélags á niðurstöður grunnskólakönnunar ÍÆ, aðstæður nemenda sem falla úr námi á framhaldsskólastigi og ástæður brotthvarfs: Tvær rannsóknir úr gögnum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar	180
Stöðlun LANIS, þróun málþroskamats eftir aldri og tengsl menntunar foreldra við málþroskamát	181
Jöklaupplifun í sýndarveruleika: Viðbót við náttúrufræðslu og loftslagsumræðu?	182
"Tíminn er vinur þinn í þessu": Ávinningur sértæks hópstarfs í félagsmiðstöðvum	183
Hvernig styðja niðurstöður um próftíma og þyngd prófatriða við réttmæti Matsferils? ..	184
From Essays to Airwaves: Learner generated podcasts as an authentic assessment task to promote engagement, creativity, confidence, and deeper learning	185
Áskoranir og tækifæri með notkun gervigreindar í háskólastarfi: Raddir kennara og hlutverk háskóla	186
CUTIE – Hvernig er unnið að samsköpun (e. co-creation) með nemendum? Fjölbreyttar leiðir mismunandi háskóla við innleiðingu gervigreindar	187
Lærdómssamfélag á vettvangi frístundastarfs: Birtingamyndir og áskoranir að mati reyndra forstöðumanna	188
Reglur, sveigjanleiki og siðferði: Gervigreind í íslenskum og norrænum háskólum	189
From Problem to Program: Navigating the journey through peer-assisted learning in a flipped computer programming course	190
„Lært mest [í þessu námskeiði] af [þeim] ... sem ég hef farið í“: Mat á kennsluháttum í nýju skyldunámskeiði í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði	191
Háskólakennsla á nýjum forsendum: Stafræn hæfni, sköpun og námssamfélag án staðsetningar	192
Áskoranir í háskólakennslu nýráðinna lektora við Háskóla Íslands	193
Er munur á áhugahvöt fastráðinna og lausráðinna kennara við Heilbrigðisvísindasvið HÍ? Af hverju erum við háskólakennarar?	194
Fjölbreyttir nemendahópar á háskólastigi: Hvers þarfnast kennarar?	195
„Ég er hluti af þessum heimi“: Um starf kennsluþróunarstjóra við Háskóla Íslands	196
„Mér persónulega finnst lotukennslan betri“: Viðhorf nemenda til sjö vikna lotukennslu	197
Löggilding þekkingar í lögreglumenningu: Áhrif háskólavæðingar lögreglunáms	198
Mat á gæðum meistaranáms í ritlists við Háskóla Íslands: Sjónarmið nemenda	199
Reynsla af nýlegum breytingum á málfræðikennslu við Menntavísindasvið: Þemagreining viðtala við útskrifaða og langt komna kennaranema	200
Hermikennsla í kennslu læknanema við Háskóla Íslands	201

Off the Written Path: The Position and Pursuit of Writing in the University of Iceland's English Department.....	202
Raundæmaskrif sem fagleg færni háskólakennara	203
Higher Education for Sustainability (HighES) Project.....	204
Stefnumótun í menntamálum og hlutverk sveitarfélaga	205
„Vettvangsstarf er lífsnauðsynlegur hlekkur í stuðningskerfi varðandi börn": Sýn fagfólks á vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík	206
Gerð og innleiðing menntastefnu Garðabæjar	207
Tíðni matvendni hjá leikskólabörnum: Fyrstu niðurstöður úr Litlu laukum – Bragðlaukajálfun	208
Einkenni matvendni meðal barna með og án taugaproskaraskana.....	209
Sjálfskaði ungmenna á Íslandi.....	210
Viðhorf kennara og nemenda til snjallsímanotkunar.....	211
Volcanic Eruption and Disruption: Youth Wellbeing After the Grindavík Evacuation in Iceland	212
Hvernig tengjast stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði öðrum mælingum á námsframmistöðu?	213
Smiðjur	214
Skapandi sjálfbærni sem tengslanet fræða.....	214
Efling dygða í gegnum ljóðmennt.....	216
Kynning á hugsandi skólastofu í nýju stærðfræðistofunni í Sögu	217
Leikstofan, sérhæfð kennslustofa í kennslu- og menntunarfræði.....	218
Skapandi samþætting Sögu og samfélags – að ígrunda með börnum og fullorðnum	219
Sterkir hópar, besta forvörnin	220
Hringborðsumræða um stöðu náttúruvísinda í almennri menntun	221
Náttúruvísindi fyrir börn og unglinga – Sjáðu, prófaðu og upplifðu!.....	222
Veggspjaldakynningar	223
Áhrif jákvæðrar kynverundar í kynfræðslu og innleiðing á kynfræðslunámsefninu „Kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks“ í framhaldsskólum	223
Changes in Prevalence of Flat Feet Among Schoolchildren Over a Three-Year Period in Reykjavík.....	224
Biomechanical and Performance Differences Between Elite and Non-Elite Football Referees.....	225
Widening the Lens of Educational Research: Lessons Learned from a Global Scoping Review on Mental Health Curricula	226
„Mér finnst þetta hafa bætt upplýsingaflæði“: Reynsla lykilstarfsfólks af innleiðingu Farsældarlaga	227

Einstaklingserindi

Nýtt lesefni fyrir ungmenni á 18. öld: *Kvöldvökurnar 1794* eftir Hannes Finnsson

Ásdís Rósa Magnúsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Hugvísindasvið

Ágrip /Abstract

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um veraldlegar bækur sem komu út í lok 18. aldar og voru sérstaklega ætlaðar börnum og ungmennum til þjálfunar í lestri og, um leið, til siðbótar. Það voru einkum tvö verk: *Sumargjöf handa börnum*, þýskt rit í íslenskri þýðingu Guðmundar Jónssonar prófasts sem kom út árið 1795, og *Kvöldvökurnar 1794* eftir Hannes Finnsson, biskup í Skálholti, sem komu út á árunum 1796-1797. Hannes átti einnig frumkvæðið að þýðingu *Sumargjafarinnar* enda var honum umhugað um að færa íslenskum almúgabörnum nýtt og betra lesefni en þá var í boði. Loftur Guttormsson hefur áður fjallað um uppeldisfræðilegt gildi *Kvöldvakanna 1794*. Hér verður rýnt nánar í gerð bókarinnar og gerð grein fyrir uppruna hennar og þeim hugmyndum sem liggja að baki gerð hennar. Sýnt verður hvernig Hannes sótti hugmyndina að verki sínu og innihald þess að mestu í erlend rit og jafnframt hvernig honum tókst að laga fræðsluhugsjón upplýsingarmanna að kvöldvökuhefð og vökulestrum Íslendinga. Stuðst verður við samanburð við innlend og erlend verk frá tímabilinu.

„Krefjandi skortur á fagmennsku”: Starfendarannsókn á mótun lærdómssamfélags í leikskóla

Ásta Möller Sívertsen Aðjúnt, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindavið

Ágrip /Abstract

Vandað leikskólastarf styður við nám og vellíðan barna og fagmennska leikskólakennara hefur jákvæð áhrif á gæði menntunar. Á Íslandi vantar leikskólakennara og hlutfall leiðbeinenda í leikskólum landsins er hátt. Tilgangur þessarar starfendarannsóknar var að efla fagmennsku og gæði í einum leikskóla. Fyrsti höfundur leiddi þróun faglegra starfshátta í samstarfi við leikskólastjórnenndur. Annar höfundur gegndi hlutverki gagnrýnins vinar í rannsóknarferlinu.

Gögnin samanstanda af færslum úr rannsóknardagbók, fundargerðum, viðtölum við leikskólastjórnenndur og opnum spurningalistum sem lagðir voru fyrir starfsfólk leikskólans. Þemagreining, orðræðugreining og ígrundun með gagnrýnum vini voru notaðar til að draga fram sögur úr gögnunum og öðlast skilning á sýn starfsfólks og þeim aðstæðum sem lýst var.

Niðurstöðurnar varpa ljósi á þær faglegu áskoranir sem leikskólastjórnenndur mæta í daglegu starfi, auk sýnar þeirra á fagmennsku og gæði. Þær undirstrika mikilvægi sameiginlegs skilnings starfsfólks á gildum leikskólans og hlutverki deildarstjóra sem millistjórnennda. Í samstarfi við leikskólastjórnenndur var unnið að þróun starfsmannahandbókar og skólanámskrár. Í kjölfarið voru þróaðar leiðbeiningar til að styðja við mótun lærdómssamfélags, með áherslu á gæði og deildarstjóra sem faglegra leiðtoga.

Virkt samtal meðal alls starfsfólks getur stuðlað að auknum gæðum í starfi. Við ályktum að leikskólastjórnenndur og faglegir leiðtogar þurfi að sýna seiglu og leita lausna sem skapa rými fyrir fagleg samtöl og ígrundun um starfshætti leikskólans. Þá leggjum við til að lokið verði við leiðbeiningarnar og þær settar í framkvæmd. Stuðningur við faglega þróun starfsfólks getur stuðlað að mótun lærdómssamfélags og aukið gæði starfsins.

Munnleg próf í háskóla: Áhrif prófforms á upplifun nemenda og námsárangur

Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir Aðjunkt

Háskólinn á Akureyri, Viðskiptadeild

Ágrip /Abstract

Munnleg próf bjóða upp á lifandi samtal um nám og skilning og geta veitt dýpri innsýn í þekkingu og hugsun nemenda en hefðbundin skrifleg próf. Undanfarin tvö ár hefur munnlegt lokapróf verið notað í grunnnámsáfangi í markaðsfræði við Háskólann á Akureyri. Til að meta áhrif prófformsins á upplifun nemenda var lögð fyrir spurningakönnun að loknu námskeiði, þar sem spurt var um kvíða, sanngirni og námslegan ávinning. Jafnframt voru prófseinkunnir bornar saman fyrir og eftir innleiðingu munnlegs lokaprófs.

Niðurstöður benda til þess að flestir þátttakendur upplifðu prófið sem skýrt, markvisst og minna kvíðavaldandi en þeir höfðu búist við. Margir töldu samtalsformið hafa stuðlað að betri skilningi á námsefninu. Athyglisvert er að prófseinkunnir hækkuðu marktækt eftir innleiðingu munnlegra prófa, sem gæti bent til bætts námsárangurs.

Erindið varpar ljósi á hvernig prófform getur haft áhrif á námsárangur og hvernig munnlegt námsmat getur stutt við markmið um sanngirni, virkni og námslegan ávinning. Jafnframt er fjallað um tækifæri og áskoranir sem fylgja innleiðingu munnlegs mats í kennslu á háskólastigi.

A language teacher's self-exploration through journaling

Yayoi Mizoguchi adjunkt, Megumi Nishida stundakennari

University of Iceland, School of Humanities

Ágrip /Abstract

This study examines my teaching and professional identity through the practice of journaling. This study aims to report the insights I gained about the power of journaling and share the findings with other educators. My goal is to deepen my understanding of myself as an effective teacher. I am a foreign language teacher and have been teaching in Iceland for eighteen years. Journaling allowed me to analyze problems and to gain inspiration. In this study, I embraced the concept of teacher as researcher by Lawrence Stenhouse (1975) who observes their teaching and reflects on their own practice to become a better educator. For the methodological frame, I employed auto-ethnography to analyze my experiences. My primary data source was *Jibun-Techo*, meaning self-planner-journal in my mother tongue, which I found effective for capturing my daily life and thoughts. Through collaborative dialogue with my critical friend, I excavated my reflections as a language teacher in Iceland. Findings revealed that *Jibun-Techo* enabled me to verbalize my emotions and surroundings. I recognized the importance of both technical and mental development in my role as a teacher. Additionally, journaling allowed me to positively frame my understanding of the cultural differences between Iceland and my country. This study reinforced the idea that teachers must engage in research about their own practices. This study also expanded the horizon of my own teaching journey as a language teacher.

Foreldrafræðslan *Invest in Play*: Farsæld í skólastarfi

Lóa Guðrún Gísladóttir Aðjúnt og doktorsnemi, Ragný Þóra Guðjohnsen Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Skapandi skólastarf byggir ekki aðeins á nýjungum innan veggja skóla heldur einnig á virkri þátttöku fjölskyldna og samfélagsins til að hlúa að velferð barna. Foreldrafræðsluverkefnið *Invest in Play* (iiP) er ein slík skapandi leið. Verið er að innleiða iiP í leik- og grunnskólum landsins á vegum MMS undir *Föruneysi barna* en verkefnið kom til vegna farsældarlaganna og ákall eftir stuðningi við uppeldur og auka samstarf milli heimilis og skóla.

Foreldranámskeið iiP, er 12 vikna námskeið sem byggir á gagnreyndum aðferðum í vinnu með börnum og foreldrum. Markmið námskeiðsins er að efla sjálfstraust foreldra og skapa trygg og góð tengsl við börn sín. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti og samveru foreldra og barna í gegnum leik, ásamt því að geta stutt betur við náms- og félagsfærni barna sinna og tilfinningalæsi.

Gagnaöflun á sér stað með meginlegum hætti; stöðluðum spurningalistum (foreldrar) og viðhorfskönnun (foreldrar, leiðbeinendur) og eigindlegum hætti, viðtöl við foreldra og leiðbeinendur. Frumniðurstöður eru jákvæðar og virðist iiP styðja vel við samstarf heimilis og skólabarna og velferð þeirra og styðji við farsælt uppeldi og samstarf milli heimilis og skóla. Þátttakendur lýsa meiri ró og jafnvægi í uppeldi, aukinni sjálfsmeðvitund og nánari tengslum við börn sín og fagfólk. Þá virðist verkefnið styðja við aukið og markvissara samstarf heimila og skóla.

Námskeiðið og reynslan af því veitir innsýn í hvernig megi styðja við og hlúa að nýrri framtíð þar sem velferð barna er sameiginlegt verkefni heimila, skóla og samfélags. Verkefnið sýnir að með skapandi, heildstæðum og þáttökumiðuðum lausnum má efla samband barna og foreldra; velferð og menntun.

Lykillinn að árangursríku alþjóðastarfi í starfsmenntun: Niðurstöður rannsókna meðal alþjóðafulltrúa

Helga Dagný Árnadóttir Sérfræðingur, Margrét Jóhannsdóttir Sérfræðingur

Rannís, Mennta- og menningarsvið

Ágrip /Abstract

Landskrifstofa Erasmus+ á Íslandi vinnur markvisst að því að styðja við alþjóðafulltrúa í starfsmenntastofnunum og skólum á framhaldsskólastigi sem bjóða upp á list-, verk- og iðnnám og taka þátt í Erasmus+ áætluninni. Til að fá skýrari mynd af stöðu og þörfum alþjóðastarfs var framkvæmd rannsókn í samstarfi við Maskínu og starfsmenntateymi Erasmus+.

Rannsóknin byggðist á spurningakönnun til 30 alþjóðafulltrúa, þar sem svarhlutfall var 93%, ásamt djúpvíðtölum við valda þátttakendur. Niðurstöðurnar varpa ljósi á stöðu alþjóðastarfs í íslenskum framhaldsskólum sem bjóða upp á list-, verk- og iðnnám og starfsmenntastofnunum og hvernig best er hægt að styðja við það starf til framtíðar.

Flestir skólar (93%) hafa mótaða alþjóðastefnu og í 67% tilfella er starf alþjóðafulltrúa formlega skilgreint sem sérstakt starfshlutfall. Sterkur stuðningur skólastjórnenda skiptir sköpum fyrir árangur verkefna, en jafnframt bendir könnunin til þess að skortur á tíma og viðeigandi þjálfun geri verkefnin krefjandi.

Djúpvíðtölin draga fram mikilvægi samvinnu, faglegs samtals og markviss stuðnings innan skólanna. Niðurstöðurnar nýtast bæði starfsfólki og stjórnendum til að efla innviði alþjóðastarfs, og eru jafnframt grundvöllur að áframhaldandi þróun stuðnings, þjálfunar og ráðgjafar af hálfu Landskrifstofunnar.

„Þetta gerir starfið okkar svo miklu meira heillandi“: Áhrif hæglætis í starfi

Heiða Rún Sigurjónsdóttir Leiðbeinandi á leikskóla

Rauðhóll, Ms í mannauðsstjórnun við HÍ

Ágrip /Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvernig hæglæti birtist í leikskólastarfi og greina áhrif þess á starfsánægju og vellíðan starfsfólks. Rannsóknin miðaði að því að öðlast dýpri skilning á því hvernig leikskólar geta innleitt hæglæti í starfsemi sína og hvaða aðferðir reynast árangursríkar í því samhengi. Eiginleg rannsókn var framkvæmd með viðtölum við tíu starfsmenn leikskóla sem taka þátt í þróunarverkefni um hæglæti. Niðurstöðurnar sýndu að innleiðing hæglætis hafði jákvæð áhrif á starfsumhverfið með endurskipulagningu á álagspunktum eins og fataherbergi og matartíma. Hæglæti dró úr streitu, jók starfsánægju og skapaði rými fyrir dýpri samskipti, og hugtakið varð hluti af daglegu orðfæri sem auðveldaði samræðu um streitu á vinnustað. Starfsfólk lýsti breyttri upplifun þar sem streita var ekki lengur talin óhjákvæmilegur hluti starfsins. Mikil sjálfsábyrgð fólst í hæglæti þar sem hver starfsmaður þurfti að vera meðvitaður um eigin líðan til að geta innleitt breytingar á vinnulagi sínu, sem stuðlaði að betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Hæglæti féll vel að hugmyndafræði flæðis sem leikskólinn hefur tileinkað sér og var forsenda þess að bæði börn og starfsfólk næðu flæðisástandi. Virk þátttaka stjórnenda og samvinna allra starfsmanna reyndust vera lykilþættir í árangursríkri innleiðingu. Rannsóknin bendir til þess að hæglæti geti verið verðmæt nálgun fyrir leikskóla og aðra vinnustaði til að draga úr kulnun, auka starfsánægju og bæta gæði starfsins í heild.

Establishing Neurodiversity Best Practices at Three Icelandic Universities

Pragya Verma Postdoc, Grischa Liebel Associate Professor

Reykjavik University, Department of Computer Science

Ágrip /Abstract

Neurodiversity is an umbrella term that describes diversity in brain function and includes conditions such as Autism Spectrum Disorder (ASD), Attention Deficit Hyperactivity Disorder (ADHD), Dyslexia, and Dyscalculia. However, while the idea of neurodiversity is to recognize the strengths of individuals with neurodevelopmental disorders rather than focusing on their weaknesses, many neurodivergent individuals face struggles in various aspects of life such as during higher education. Higher education is largely unprepared to meet the needs of diverse students including those with ASD, ADHD, dyslexia and/or dyscalculia. To overcome this, we are running a project in which we implement various accommodations such as style and form changes in slides and assignments, clarity of instructions, clarity of group work policies, feedback practices and having alternative forms of assessment in various undergraduate and graduate courses. Our aim is to make higher education more inclusive and accessible for all students including those with neurodiversity. These accommodations are easy to implement by teachers and benefit all students. In the first round of implementation in Fall 2025, we provided teachers who volunteered to be a part of our study with a checklist of possible accommodations suitable for their course. At the end of the teaching term, we conduct a survey with students and teachers to evaluate the effort related to implementing the measures and which measures are particularly useful for students.

Áhrif Covid-19 á leikskóla á Norðurlöndum

Björn Egilsson Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Árið 2023 var rannsóknarverkefninu *Exploring Practices in Early Childhood of Tomorrow: Developing resilience in social sustainable childhoods after Covid-19* (EXPECT) ýtt úr vör. Verkefnið er styrkt af Nordforsk og hefur það markmiði að afla frekari þekkingar á áhrifum heimsfaraldurs Covid-19 á leikskólastarf á Norðurlöndunum. Samkomutakmarkanir, lokanir og skerðingar á leikskólastarfi vegna heimsfaraldursins verða skoðaðar í ljósi áhrifa þeirra heilsu, velferð, þátttöku og inngildigu barna, foreldra og starfsfólks leikskóla. Rannsóknin skiptist niður í fjóra megin verkþætti: 1) Kortlagning norrænna rannsókna á viðfangsefninu; 2) viðtalsrannsókn með starfsfólki leikskóla og foreldrum; 3) spurningakönnun fyrir starfsfólk leikskóla og foreldra; 4) samþætting rannsóknarniðurstaðna. Rannsóknarverkefnið hefur hlotið jákvæða umsögn Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir. Niðurstöður fyrsta verkþáttar benda til þess að heimsfaraldurinn hafi haft margvíslegar áskoranir í för með sér, þar sem sóttvarnaaðgerðir juku á streitu meðal kennara og höfðu neikvæð áhrif á samband þeirra við foreldra. Aðstæður heimsfaraldursins gáfu þó aukið rými fyrir skapandi lausnir og atbeini leikskólakennara, sjálfsprottinn leik barna og tilraunastarfsemi með stafrænar lausnir. Viðtöl við foreldra á Íslandi gefa til kynna að samskipti þeirra við kennara barnsins og aðrar fjölskyldur hefðu minnkað til muna og að þeir hafi haft minni innsýn í dag barnsins í leikskólanum. Í gögnunum er þó að finna vísbendingar um að samvera og nánd barna og foreldra hafi aukist. Til þess að stuðla að seiglu innan leikskólakerfisins á krísutímum þarf að leggja áherslu á sveigjanleika í skipulagi og getu til þess að takast á við síbreytilegar aðstæður, huga að nýsköpun og hlúa að styðjandi sambandi við starfsfólk og barnafjölskyldur.

Sýn leikskólabarna á ærslaleik og hlutverk kennara í leiknum

Atli Sævar Ágústsson Meistaraneini, Sara Margrét Ólafsdóttir Leiðbeinandi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Þetta erindi mun fjalla um rannsókn sem framkvæmd var fyrir meistaraverkefni á skólaárinu 2024-2025. Rannsóknin svaraði tveimur rannsóknarspurningum: Hver er sýn leikskólabarna á ærslaleik? og Hver er sýn leikskólabarna á hlutverk kennara í ærslaleik? Ærslaleikur var skilgreindur sem leikur sem inniheldur læti og möguleika á því að einhver meiði sig. Rannsóknin var framkvæmd eftir aðferðum etnógrafíu. Tilgangur rannsóknarinnar var að auka skilning á þessu leikformi svo að kennarar geti stutt við lærdóm barna í áhættusömum leik en á sama tíma passað upp á öryggi þeirra.

Helstu niðurstöður sýna að þátttakendum þótti ærslaleikur skemmtilegur. Þau sóttu flest ærslaleik en vildu hafa hann misærslafullan. Ef barni þótti leikurinn of ærslafullur nefndu þau læti og hræðslu við meiðsl sem ástæður. Börnin gerðu þá greinarmun á leik og leiðindum þar sem greinarmunurinn var ef einhver fór yfir mörk annara. Þá þótti þeim gott að geta hvílt sig á leiknum með þartilgerðum afdrepum. Fram kom kynjamunur á sýn barnanna þar sem drengirnir sóttu alla jafna frekar í ærslafyllri leik.

Fram komu þrjú hlutverk sem börnin töldu að kennarar gætu sinnt. Það var vörður, sem passar að börn fari ekki yfir mörk annara, huggari, sem veitir börnum umönnun þegar illa fer og leikfélagi, sem ærslast með börnunum. Umræðukafli skoðar sýn barnanna í fræðilegu samhengi þar sem skoðað er hvernig ærslaleikur geti verið æfingargrundvöllur fyrir það að setja mörk. Þá er skoðað hlutverk kennara í ærslaleik og athugað hvernig kennari geti stutt ærslaleik og veitt börnum tækifæri á að læra í áhættusömum leik en á sama tíma varið öryggi þeirra.

Gróska í stefnumótun og skólastarfi á árunum 1970–1990 og þróun hugmynda um hlutverk kennara

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson Fyrirverandi háskólakennari, Sigurjón Mýrdal Fyrirverandi háskólakennari

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Margvísleg gróska var í skólamálum á Íslandi á árunum 1970–1990. Sett var ný löggjöf um grunnskóla 1974 og framhaldsskóla 1988. Gefin var út aðalnámskrá grunnskóla 1976–1977 og aftur 1989 og námskrá handa framhaldsskólanum birt þrívísleg, 1986, 1987 og 1990. Menntun grunnskólakennara var færð á háskólastig 1971 með lögum um Kennaraháskóla Íslands. Gerðar voru auknar kröfur um kennslufræðilega kunnáttu framhaldsskólakennara með lögum *um embættisgengi kennara og skólastjóra* 1978. Og voru sett lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunn- og framhaldsskólakennara 1986. Í lögum og námskrám komu fram breyttar hugmyndir um hlutverk kennara, að hluta til í samræmi við breytingar sem höfðu orðið á skólastarfi en einnig vegna hugmynda um að það væri hlutverk kennara að leiða breytingar. Skýrslur urðu til og kannanir voru gerðar, meðal annars í tengslum við kjarasamninga. Dæmi um þessar skýrslur eru *Endurmat á störfum kennara* 1985 og *Skýrsla á vegum starfskjaranefnda kennarasamtaka og ráðuneyta um nýjan kjarasamning* 1987. Í erindinu verður sagt frá hugmyndum um hlutverk kennara í lögum, námskrám og stefnuskjölum og hvernig þær þróuðust. Meðal álitamála voru aukin samvinna kennara, vinnuaðstaða í skólunum, breytingar á kennsluaðferðum og námsmati, þátttaka kennara í margvíslegu þróunarstarfi og fjölbreyttari nemendahópar með ólíkar menntunarþarfir. Tekið verður dæmi af hugmyndum um samvirkt skólastarf sem var kynnt með námskeiðahaldi í fjölda grunn- og framhaldsskóla frá og með árinu 1981. Hugmyndir um þau hlutverk sem kennurum voru og eru ætluð í samfélaginu verða skoðaðar og ræddar í ljósi ofangreindra gagna.

Forysta undir álagi: Tvíþætt reynsla skólastjórnenda í Covid-19

Sigríður Margrét Sigurðardóttir Dósent¹, Hjördís Sigursteinsdóttir Dósent²

¹Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið - Kennaradeild. ²Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið - Viðskiptadeild

Ágrip /Abstract

Erindið fjallar um rannsókn á upplifun leik- og grunnskólastjóra á Íslandi af forystuhlutverki sínu þegar COVID-19 faraldurinn hafði staðið yfir í tvö ár og hvernig aðstæðurnar höfðu áhrif á líðan þeirra, starfsgetu og fagvitund. Markmið rannsóknarinnar var að dýpka skilning á tengslum álags, stuðnings, ábyrgðar og faglegra viðhorfa í áfallaaðstæðum. Byggt er á eigindlegri greiningu viðtala við tíu skólastjórnendur og notast við þrjár kenningarlegar nálganir: JD-R líkanið, kenningu Hochschild um tilfinningavinnu og gagnrýna forystukenningu. Niðurstöðurnar sýna að stjórnendur voru settir í mikla ábyrgðarstöðu með takmarkað vald og stuðning, sem leiddi til verulegs andlegs og líkamlegs álags, siðferðilegrar togstreitu og breytinga á faglegri sjálfsmynd. Allir lýstu mikilli þreytu og jafnvel örmögnun sem bendir til mögulegra langtímaáhrifa á líðan og starfsgetu. Á sama tíma kom fram faglegt stolt og seigla, sem var meira áberandi eftir því sem traust og samstaða var meiri í skólasamfélaginu. Erindið dregur fram að þessi tvíþætta reynsla kalli á skýrari ábyrgðardreifingu, raunverulegt áhrifavald og kerfisbundinn stuðning. Hún varpar gagnrýnu ljósi á þá stöðu að skólastjórnendur voru burðarstólpur í samfélaginu í Covid-19 og krafðir um að standa undir ómældu álagi – án þess endilega að njóta þess stuðnings og viðurkenningar sem slíkt hlutverk krefst.

„Þau reyna að slá mig út af laginu": Starfsaðstæður hinsegin kennara í bakslagi

Íris Ellenberger Prófessor, Auður Magndís Auðardóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Ísland hefur lengi verið þekkt sem framsækið land hvað varðar hinsegin málefni. Undanfarin ár hefur átt sér bakslag gegn hinsegin réttindum, einkum réttindum trans fólks, víða um heim. Ísland hefur ekki farið varhluta af þessu þótt engar beinar réttindaskerðingar hafi átt sér stað. Bakslagið hefur til dæmis beinst að hinsegin fræðslu í skólum.

Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á starfsaðstæður hinsegin kennara í ljósi bakslagsins. Gagna var aflað með eiginlegum spurningalista sem 21 hinsegin kennari í grunn- eða framhaldsskóla svaraði og sex eiginlegum viðtölum. Gögnin voru greind með þemagreiningu.

Niðurstöður gefa til kynna að hinsegin kennarar séu fengur fyrir skólakerfið þar sem þeir eru lykilstarfsmenn í hinsegin inngildingu og jafnréttisstarfi almennt. Hinsegin jafnréttisstarf í skólum virðist hvíla mjög á herðum þeirra sem getur sett þá í flókna stöðu. Margir kennaranna hafa blendnar tilfinningar til þessa hlutverks þar sem það þykir í senn mikilvægt og flókið, stundum íþyngjandi. Í kjölfar bakslagsins upplifa hinsegin kennarar meiri andúð innan og utan skólanna sem eykur enn persónulegt og faglegt álag á þá.

Tengsl fræða og starfs: Þróun starfsnáms í kennaranámi við HA

Guðmundur Engilbertsson Lektor, Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir Dósent

Háskólinn á Akureyri, Kennaradeild

Ágrip /Abstract

Rannsóknir sýna að skýr tengsl milli fræða og starfs í námi veita kennaranemum góðan undirbúning að árangursríku starfi. Því er mikilvægt að leggja áherslu á að tengja vel saman fræði og starf í kennaranámi. Niðurstöður rannsóknar hérlandis 2023 á upplifun kennaranema í HA á tengslum fræða og starfs á árangursríkan hátt í námi gáfu til kynna að þau mætti bæta enn frekar. Á þeim grunni var ráðist í frekari rannsókn og þróunarstarf. Tekin voru viðtöl við rýnihópa nema í starfsnámi og við leiðsagnarkennara í skólum. Gerður var samningur við skóla sveitarfélags um samstarf Kennaradeildar og leiðsagnarkennara leik- og grunnskóla til að ræða stöðu mála og hvernig efla megi sem best tengslin milli fræða og starfs á vettvangi. Niðurstaða þeirrar rýni var að auka þyrfti við starfsnám nemenda, bæta við námskeiði um kennslu á vettvangi í grunnnámi, og endurhugsa æfingakennslu á lokaári kennaranáms. Einnig þyrfti meiri stuðning til leiðsagnarkennara og gagnvirkara samstarf um áherslur og leiðir, annars vegar í Kennaradeild HA og hins vegar á vettvangi skóla. Myndað var teymi kennara og verkefnastjóra í HA til að endurskoða umgjörð starfsnámsins. Enn frekari áhersla verður lögð á að nemendur í starfsnámi tengi starf sitt við fræði, ígrundi starfið og nýti sér við það þekkingu sína úr kennaranáminu í heild. Meginmarkmiðið er að mynda sterka samfellu og rauðan þráð á milli fræðilegs náms og starfsnáms. Í erindinu verður fjallað um þetta rannsóknar- og þróunarstarf og m.a. gerð grein fyrir hvernig kennaranámið hefur verið endurskoðað í ljósi þess.

Food skills and nutrition education workshop for low-income adult learners: A pilot intervention

Brittany Repella Doctoral student¹, Gréta Jakobsdóttir Dósent¹, Bryndís Eva Birgisdóttir Prófessor², Anna Sigríður Ólafsdóttir Prófessor¹

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið

Ágrip /Abstract

The research features a food skills and nutrition education workshop (pilot), titled Næra og Fræða (Nourish and Educate). The project has two broad aims: investigate household food insecurity among participants in Reykjavik and assess the effectiveness of Næra og Fræða's hands-on education. The focus of the research is to enhance food skills and nutrition literacy in the context of socio-economic marginalization and exclusion, enabling participants to make informed and cost-effective dietary choices.

Methods: The study design incorporates comprehensive survey assessments and data analysis to provide a holistic understanding of the intervention's effectiveness, including pre- and post-intervention surveys and follow-up evaluations to assess changes in food skills, nutrition knowledge, and food security status. The piloted workshop was six-weeks with one class time per week for about two hours (12 hours total). Participants were recruited from the TINNA program, run by the Breiðholt service center in Gerðuberg. The programs recipes are created to positively impact participants' food security and food resource management outcomes.

Main results and future implications: The pilot has been completed and was successful, as seen in the results from the feedback surveys completed by the participants after each session. However, attendance was low and improvements must be made before the next implementation, on target to begin in late 2025. Researchers are using the results from the completed pilot course to improve for the next course. Policy creation is a crucial aspect of addressing household food insecurity. Næra og Fræða can be a model for developing additional food assistance programs targeting low-income groups throughout Iceland.

Að lesa í umhverfið: Menningar- og félagslegar áskoranir fósturforeldra sem taka að sér fylgdarlaus barn

Brynja Halldórsdóttir Dósent, Hrund Þórarins Ingudóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Fylgdarlausum börnum sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Rannsóknir sýna að þeim farnast betur ef þau fara í fóstur en í aðra vistun. Aðstæður á Íslandi, menning, gildi og tungumál eru að mörgu leyti ólíkar upprunalöndum þeirra. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þær menningar- og félagslegu áskoranir sem fósturforeldrar sem taka að sér fylgdarlaus börn standa frammi fyrir. Fyrirbærafræðilegri nálgun var beitt þar sem tekin voru opin viðtöl við sjö fósturforeldra fimm fylgdarlausra barna og voru viðtölin þemagreind. Niðurstöður sýndu að helstu menningar- og félagslegu áskoranir voru: Skortur á sameiginlegu samskiptatungumáli sem hafði áhrif á samskipti heima, í skóla og við jafnaldra. Börnunum gekk ekki vel að eignast íslenska vini og samskipti við hitt kynið voru hjá sumum erfið. Flest barnanna leituðu frekar ráða hjá fósturfeðrum sínum og þurftu tíma til að átta sig á því að fósturmæður þeirra tóku jafnan þátt í ákvarðanatökum og voru jafnir fulltrúar fjölskyldunnar út á við og feðurnir. Þó trúariðkun og matarmenning væri ólík á milli barnanna og fósturforeldranna var hún yfirleitt jákvæð upplifun að mati fósturforeldranna. Öll kölluðu þau eftir frekari fræðslu, stuðningi og eftirfylgni. Niðurstöðurnar ættu að nýtast öllum þeim sem vilja stuðla að velferð barna á flótta, allt frá fagaðilum til fósturforeldranna sjálfra.

„Þegar við breytum hugsunum okkar þá breytist heimurinn í kringum okkur”: Hlutverk listrænna rannsóknaraðferða og lifandi menntunarfræða í þekkingarsköpun kennara/nema

Karen Rut Gísladóttir Prófessor¹, Edda Óskarsdóttir Prófessor¹, Ívar Rafn Jónsson Lektor², Ásta Möller Sívertsen Aðjúnt¹

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Listrænar rannsóknaraðferðir í starfendarannsóknum búa yfir möguleikum til að leysa úr læðingi og vinna meðvitað með þögla þekkingu fagfólks. Við erum fjórir háskólakennarar sem höfum nýtt listrænar aðferðir á námskeiði um starfendarannsóknar á Menntavísindasviði til að auka gagnrýna og skapandi nálgun í námi þeirra. Að nýta listrænar aðferðir í rannsóknum leggur áherslu á sköpunarkraft einstaklinga og færir nemendum vald yfir eigin námi, þannig að þeir geti á vegferð sinni í gegnum námskeiðið skapað sína eigin lifandi starfskenningu. Tilgangur þessarar rannsóknar er að skoða hvernig listrænar aðferðir í kennaramenntun styðja kennara í að fræðigera eigin framkvæmd. Gagnaöflun fór fram í gegnum námskeiðið á vorönn 2023. Gögnin voru: upptökur af samtölum í litlum hópum, útgöngumiðar nemenda eftir hverja kennslustund, upptökur af undirbúnings- og greiningarfundum háskólakennara og sjálfsmati nemenda og ígrundun á rannsóknarferli þeirra í námskeiðinu. Niðurstöður gefa vísbendingar um að listrænar aðferðir ögri forhugmyndum nemenda um hvað séu rannsóknir, auki meðvitund þeirra um þá sjálfa sem rannsakendur og gefi dýpri og oft óvænt sjónarhorn á gildi þess að rannsaka eigin starfshætti. Listrænar aðferðir valdefla nemendur í að þróa faglegt hugrekki og átta sig á mikilvægi þess að eiga hlutdeild í þeirri þekkingarsköpun sem á sér stað á þeirra fagsviði.

Sögur úti um allt: Innblástur í útinámi til stuðnings ritunarþjálfun

Bergljót Vala Sveinsdóttir Kennari¹, Guðrún Björg Ragnarsdóttir Leiðbeinandi M.Ed.
verkefnis, lektor við Háskóla Íslands²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. Kennslufræði yngri barna í grunnskóla, M.Ed.. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Með námsefninu Sögur úti um allt er innblástur í útiveru nýttur sem kveikja að ritunarverkefni. Efnið stuðlar að aukinni útiveru nemendahópa með tilheyrandi ávinningi fyrir nám, heilsu og líðan nemenda og á sama tíma er forvinna að ritunarverkefni unnin. Mikilvægt er að tækifærum til ritunarþjálfunar sé fjölgað í skólastarfi í ljósi þess mikilvæga hlutverks sem hún gegnir í lestrarnámi barna. Með slíkri samþættingu útináms og ritunar fá nemendur tækifæri til að velja viðfangsefni utandyrá sem vekja athygli þeirra og áhuga og byggja ritunarverkefni á þeim í kjölfarið. Unnið er á skapandi hátt með slík viðfangsefni þar sem ósköp venjulegur vegfarandi gæti til dæmis verið innblástur að aðalpersónu í glæpasögu eða gamansögu. Markmið námsefnisins er að stuðla að inngildandi skólastarfi og aukinni áhugahvöt nemenda til náms. Því er áhersla lögð á að hver og einn vinni út frá sínu áhugasviði og hafi nokkuð frjálsar hendur um útfærslu ritunarverkefnanna. Við gerð námsefnisins var ráða leitað hjá reyndum útikennurum og höfundur prófaði efnið með nemendum sínum í 3. bekk. Náms efnið gaf góða raun á vettvangi og þær hugmyndir sem nemendur fengu í útiveru voru vel til þess fallnar að skrifa skapandi ritunarverkefni út frá. Notkun námsefnisins virðist geta aukið áhuga nemenda á útinámi og ritun. Efnið var gefið út með nemendur yngsta stigs grunnskóla í huga en á vefsíðu námsefnisins má finna hugmyndir að leiðum til að einfalda og auka erfiðleikastig verkefnanna. Útgáfa námsefnisins var hluti af M.Ed.-verkefni höfundar við Háskóla Íslands vorið 2025.

Til í slaginn? Upplifun nemenda af kennsluháttum á starfsnámsbrautum

Sæberg Sigurðsson Doktorsnemi, Elsa Eiríksdóttir Prófessor, Valgerður S. Bjarnadóttir Dósent
Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður úr doktorsrannsókninni: *Kennsluhættir í starfsnámi á Íslandi: Áskoranir í síbreytilegu landslagi*, þar sem markmiðið er að skoða þróun kennsluhátta í starfsnámi í ljósi breyttrar samsetningar nemendahópsins. Niðurstöðurnar snúa að upplifun nemenda af kennsluháttum á þremur starfsnámsbrautum þar sem reynt er að varpa ljósi á styrkleika og áskoranir sem fylgja ólíkum kennsluháttunum.

Hugtök úr kenningum Basil Bernstein eru notuð til að lýsa gangvirki námsbrautanna, en einnig er unnið með hversu reiðubúnir nemendur eru (e. readiness) en Stephen Billett hefur notað þetta hugtak yfir þekkingu, leikni og viðhorf sem þurfa að vera til staðar hjá nemendum svo þeir séu reiðubúnir til að takast á við nýjar og oft krefjandi áskoranir í starfsnámi. Við rannsóknina voru notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir, bæði vettvangsathuganir og viðtöl.

Í erindinu verður fjallað um þrjú meginþemu er snúa að nemendum: (1) Hvers vegna þeir völdu námið, (2) hversu reiðubúnir þeir töldu sig fyrir námið og (3) upplifun þeirra af kennsluháttum. Niðurstöðurnar benda til þess félagslegur bakgrunnur nemenda og fyrri tengsl þeirra við faggreinina hafi áhrif á námsval og viðhorf þeirra til námsins. Nemendur hefja námið misvel reiðubúnir og kennsluhættirnir mæta því með ólíkum hætti. Til dæmis reyna þeir kennsluhættir sem notaðir voru á brautunum þremur misjafnlega á samvinnu nemenda, tjáningu í tímum og sjálfsábyrgð þeirra. Aldur, þroski, viðhorf og fyrri reynsla nemenda skiptir því verulegu máli varðandi upplifun þeirra af kennsluháttum.

Þetta verkefni, nr. 2511247-051, er unnið með styrk frá Rannsóknasjóði.

„En ég veit ekki hvar þær eru“: Rannsókn á kynjahalla í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla

Baldur Þór Finnsson Mastersnemi, Hug- og félagsvísindasvið

Dr. Bergljót Þrastardóttir, Hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að skoða efnistöð og innihald ákveðinna námsbóka sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu birtir á vef sínum sem kennsluefni í sögu fyrir miðstig grunnskóla. Þá verður það námsefni greint og metið út frá jafnréttissjónarmiðum, þ.e.a.s. hvort kvenkyns persónum og mikilvægi þeirra í sögunni séu gerð skil, svipað og í rannsókn Jafnréttisstofu árið 2011.

Tilgangur könnunarinnar var að afla upplýsinga fyrir rannsóknina um mest notuðu námsbækur í sögu á miðstigi. Við gagnaöflun fyrir rannsóknina var notast við meginlegu rannsóknaraðferð í formi spurningalista. Þar voru þátttakendur beðnir um að haka við þær námsbækur sem þeir höfðu kennt í sögu á miðstigi síðastliðin fimm ár (2020-2025). Alls svöruðu 92 einstaklingar spurningalistanum sem kennt hafa sögu á miðstigi í grunnskóla, víðsvegar um landið. Könnunin var með öllu nafnlaus og enginn þátttakenda skyldugur til þátttöku. Í framhaldi voru tíu algengustu námsbækurnar greindar með kynjagleraugum og með áður ákvörðuðum aðferðum Jafnréttisstofu að vopni.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á að enn sé langt í land hvað varðar jafnrétti karla og kvenna í sögunámsbókum sem ætlaðar eru nemendum á miðstigi grunnskóla. Nýjasta námsefnið, sem rannsakað var, gefur þó von um einhverjar breytingar á komandi árum.

Marglaga samræðurými í stafrænt vel búnum stærðfræðitímum

Sólveig Zophoníasdóttir Aðjúnkt

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Í erindinu er fjallað um hvernig samræðurými skapast í stafrænt vel búnum stærðfræðitímum á unglíngastigi á Íslandi. Þrátt fyrir aukna notkun stafrænna verkfæra í skólastarfi hefur lítið verið rannsakað hvernig þau geta stutt við samræður til náms, sérstaklega í íslenskum skólum. Byggt er á þriggja ára langtímarannsókn þar sem greint var hvernig kennarar skapa samræðurými sem nemendur taka þátt í og hvernig samspil stafrænna verkfæra við samskipti, samvinnu og samvitund (e. interthinking) birtist í skólastofunni. Gögnin eru myndupptökur úr kennslustundum sem veita innsýn í hvernig nemendur og kennarar nýta stafræn verkfæri í sameiginlegri og einstaklingsbundinni vinnu. Frumniðurstöður sýna hvernig kennarar styðja við samræðu og samvinnu með spurningum, leiðsögn og fjölbreyttum aðferðum, á meðan nemendur vinna saman eða sjálfstætt í gagnvirku sambandi við tæknina. Einnig kemur fram hvernig tal, líkamstjáning, tækninotkun og skipulag kennslu vinna saman að því að skapa marglaga samræðurými í tímum. Með því að skoða sjónarhorn bæði kennara og nemenda gefa niðurstöðurnar heildstæða mynd af því hvernig samræður og tækni fléttast saman í stærðfræðikennslu. Niðurstöðurnar sýna að þegar stafræn tækni er nýtt í námi og kennslu geta bæði skapast tækifæri og áskoranir til að styðja við samræður og samvinnu. Þær benda einnig til að slík samræða geti aukið áhuga nemenda, stutt við virkni þeirra og dýpkað skilning á viðfangsefnum námsins.

Atferlismiðuð hreinlætisþjálfun fyrir grunnskólabörn með einhverfu og þroskahömlun

Margrét Unnur Jóhannesdóttir Klínískur atferlisfræðingur¹, Anna-Lind Pétursdóttir Prófessor við menntavísindasvið², Katrín Sveina Björnsdóttir Klínískur atferlisfræðingur³

¹Ráðgjafar og greiningarstöð, Ráðgjafarsvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

³Hegðunarlausnir

Ágrip /Abstract

Inngangur: Markmið rannsóknarinnar var að meta áhrif atferlismiðaðrar hreinlætisþjálfunar á klósettþærni 8 ára drengs og 11 ára stúlku, með einhverfu og þroskahömlun sem notuðu enn bleiu.

Efniviður og aðferðir: Framkvæmd rannsóknar skiptist í forsögu, undirbúning, grunnskeið, atferlismiðaða hreinlætisþjálfun og eftirfylgd. Gögnum var safnað með beinum athugunum, viðtölum og matslistum. Samsett margfalt grunnskeiðssnið yfir þátttakendur var notað til að meta atferlismiðaða hreinlætisþjálfun, þar sem stuðst var við verklag sem byggir á aðferðum LeBlanc o.fl. (2005). Verklagið fyrir hreinlætisþjálfunina fól í sér notkun nærbuxna en ekki bleiu, aukna vökvainntöku, tímaáætlun fyrir æfingar á notkun salernis og jákvæða styrkingu á viðeigandi notkun salernis. Verklagið fyrir þjálfun á frumkvæði fól í sér reglulega athugun á nærbuxum og þjálfun á frumkvæði að notkun salernis. Íhlutunin fór fram í þremur skrefum þar sem skiptust á æfingalotur á salerni og frjáls tími þar sem fengist var við einföld verkefni innan og síðar utan snyrtingar. Íhlutunin tók fimm daga og fór fram í skóla þátttakenda og á heimili þeirra.

Niðurstöður: Klósettþærni stúlkunnar jókst um 98% til að losa þvag í salerni, um 100% til að hafa hægðir í salerni og um 41% til að sýna frumkvæði að notkun salernis. Klósettþærni drengsins jókst um 97% til að losa þvag í salerni, um 70% til að hafa hægðir í salerni og um 31% til að sýna frumkvæði að notkun salernis.

Ályktun: Niðurstöður benda til þess að atferlismiðuð hreinlætisþjálfun sem er framkvæmd í skólaumhverfi geti aukið klósettþærni einstaklinga með einhverfu og þroskahömlun.

Viðmið fyrir reiknifimi í einfaldri margföldun í framhaldsskóla

Björg Pétursdóttir aðjunkt, Kristján Ketill Stefánsson dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Stærðfræðilæsi er mikilvægur hluti af menntun og þátttöku í nútímasamfélagi. Þrátt fyrir það hafa niðurstöður alþjóðlegra kannana sýnt að stærðfræðilæsi íslenskra ungmenna hefur farið versnandi undanfarin ár. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hversu mikla reiknifimi í einfaldri margföldun nemendur í framhaldsskóla þurfa að hafa náð til að sjá marktækar vísbendingar um framfarir í reiknifimi einfaldrar deilingar. Þátttakendur í rannsókninni voru 282 nemendur á fyrsta og þriðja ári í Kvennaskólanum í Reykjavík og var svarhlutfall 87%. Þátttakendur voru hluti af hentugleikaúrtaki sem samanstóð af 14 af 17 bekkjum haustönnina 2023. Flestir þátttakendur voru stúlkur fæddar 2005 og 2007. Matið fól í sér tímasett próf þar sem þátttakendur höfðu eina mínútu til að leysa 36 dæmi í margföldun og 36 dæmi í deilingu. Mælitækið var þróað og staðlað með hliðsjón af stöðluðu margföldunarprófi sem var gert að skyldu í Englandi fyrir nemendur í 4. bekk frá og með skólaárinu 2021/2022. Niðurstöðurnar bentu til að reiknifimi í einfaldri margföldun þyrfti að ná 18 réttum margföldunardæmum á mínútu til að merkja auknar framfarir í reiknifimi einfaldrar deilingar. Þessi fimipróskuldur var staðfestur með prófun í almennu línulegu líkani. Afrakstur rannsóknarinnar fólst einnig í þróun á aðgengilegu mælitæki í reiknifimi einfaldrar margföldunar og reiknifimi einfaldrar deilingar með þekktum áreiðanleika. Að lokum má ætla að meðaltöl og staðalfrávik í reiknifimi margföldunar og deilingar nýtist sem hæfniviðmið fyrir vinnu framhaldsskólakennara með áþekka nemendahópa. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að nemendur nái góðum tókum á einföldum reikniaðgerðum áður en þeir takast á við flóknari stærðfræðileg viðfangsefni.

Inngildandi menntun, farsæld barna, stuðningsþarfir og samtvinnun mismunabreyta: Stuðningskerfi á tímamótum.

Anna Björk Sverrisdóttir Lektor, Ásta Jóhannsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Hugmyndafræðin að baki stefnunni um skóla án aðgreiningar hefur þróast mikið á undanförunum árum auk þess sem samfélagsgerð Íslands hefur breyst töluvert. Í dag snýr hugmyndafræðin að því að veita öllum börnum gæðamenntun innan inngildandi menntakerfis. Inntak hugmyndafræðinnar er virðing fyrir margbreytileikanum, virk þátttaka, félagslegt réttlæti og jafnræði sem rímar við áherslur nýlegra laga um farsæld barna. Til þess að gera þessi hugtök merkingarbær í námi ólíkra nemenda má ætla að einn lykilþátturinn sé stuðningur og þá sér í lagi snemmtækur stuðningur á fyrsta stigi. Í þessu erindi verður útfærsla stuðnings innan menntakerfisins skoðuð og sett í samhengi við kenningar um samtvinnun mismunabreyta (e. intersectionality). Erindið byggir á niðurstöðum doktorsverkefnis fyrsta höfundar. Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi: Hvers konar skilningur er lagður í stuðningshugtakið og hvernig er stuðningur útfærður innan menntakerfis sem, samkvæmt lögum, er menntakerfi án aðgreiningar? Hvernig geta kenningar um samtvinnun mismunabreyta, í tengslum við stuðningshugtakið, gagnast við útfærslu snemmtæks stuðnings innan inngildandi menntakerfis? Með tilkomu laga um farsæld og nýrrar skólaþjónustu er mikilvægt að átta sig á núverandi bolmagni kerfisins til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda og greina hvað má gera betur. Niðurstöður benda til þess að stuðningskerfið skorti þekkingu á áhrifum mismunabreyta til að mæta þörfum ólíkra nemenda og að núverandi uppbygging stuðningskerfisins auki ójöfnuð meðal nemenda sem þurfa á stuðningi að halda. Til þess að mæta þörfum ólíkra nemenda er því mikilvægt að nálgast stuðningshugtakið á margþættari grunni en áður sem og að leita skapandi leiða til að veita viðeigandi og inngildandi stuðning.

Hvernig byggja fjöltyngdir nemendur, kennarar af erlendum uppruna og íslenskir kennarar á tungumálaforða sínum í námi og kennslu?

Renata Emilsson Peskova Dósent, Charlotte E. Wolff Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Fjöltyngi í íslenskum skólum hefur orðið að normi, svipað og á öllum Norðurlöndunum. Um 15% grunnskólanemenda hafa annað móðurmál en íslensku. Markmið rannsóknarinnar var að kanna fjöltyngdar nálganir í kennslu sem íslenskir kennarar og kennarar af erlendum uppruna nota til að byggja á tungumálaforða fjöltyngdra nemenda og sínum eigin, sem og námsaðferðir fjöltyngdra nemenda sem byggja á eigin tungumálaforða. Með tungumálaforðanum (e. linguistic repertoire) er átt við samasafn allrar þekkingar og hæfni í tungumálum sem einstaklingur býr yfir. Í kynningunni munum við svara spurningunni: Hvernig byggja fjöltyngdir nemendur, kennarar af erlendum uppruna og íslenskir kennarar á tungumálaforða sínum í námi og kennslu?

Rannsóknin var eigindleg fjöltilviksrannsókn. Gögnin voru 21 viðtal við kennara sem kenndu í átta skólum í fimm sveitarfélögum, og þau greind með þemagreiningu. Öllum reglum um siðferðileg vinnubrögð og persónuvernd var fylgt.

Niðurstöðurnar sýna að kennarar af erlendum uppruna höfðu innsýn í fjöltyngi nemenda og notuðu oft eigin tungumálaforða í kennslu sinni. Þessar aðferðir voru stundum ómeðvitaðar en stundum meðvitaðar og ígrundaðar. Kennararnir lýstu óvissu um eigin færni í íslensku og veltu fyrir sér áhyggjum foreldra og íslenskra samstarfsmanna um að börnin lærðu íslensku vel. Íslenskir kennarar byggðu einnig á eigin tungumálaforða en voru jafnframt mjög meðvitaðir um íslenska málstefnu. Fjöltyngdu nemendurnir í rannsókninni upplifðu viðurkenningu á sínum tungumálaforða í skólanum en samsömuðu sig jafnframt við þær kröfur sem gerðar voru um nám á íslensku og námstengd markmið. Rannsóknin er mikilvæg viðbót við rannsóknarsvið fjöltyngiskennslu, fyllir upp í skarð í íslenskum rannsóknum um fjöltyngda nemendur og styður við norrænar rannsóknir á fræðasviðinu.

Þegar kolbíturinn verður að hetju og hreppir hnossið að lokum: Hvernig getur stuðningur til náms breytt lífssögu fólks?

Ingibjörg Jónsdóttir Kolka Aðjúnt og doktorsnemi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig stuðningur við fullorðið fólk til að snúa aftur í nám getur breytt lífssögu þess og þar með framtíð þess. Tekin voru viðtöl við fólk sem tók þátt í átaksverkefni *Nám er vinnandi vegur* sem var samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins og ríkisins til að bregðast við atvinnuleysi í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Átaksverkefnið fólst í því að fólki var boðið að fara í nám og halda greiðslum frá Vinnumálastofnun í 1-3 annir.

Viðtölin voru lífssöguleg, með áherslu á skólasögu þátttakenda og reynslu þeirra af skólakerfinu. Viðtölin eru greind með aðferðum frásagnargreiningar (narrative analysis) út frá kenningum Murreys um að hlutverk frásagnar sé að koma skipulagi á óreiðu og gefa henni þannig merkingu. Þannig mynda ágrip af skólasögu og reynsla hvers þátttakenda fyrir sig, eins og hún kemur fram í viðtölunum, frásögn með frásagnarliðum og upphafi, miðju og endi. Frásagnarliðirnir eru greindir út frá kenningum Propp um frásagnarliði ævintýra vegna þess að sögurnar segja ævintýrlegar hetjusögur. Greiningin sýnir að skólasaga þátttakenda líkist kolbítssögum fornsagna og öskubuskusögum ævintýra þar sem aðalpersónunni vegnar illa í íslensku skólakerfi í upphafi sögunnar og gefst upp á framhaldsskólanámi.

Sögurnar veita innsýn í reynslu fólks sem ekki tókst að ljúka framhaldsskólanámi en fékk stuðning til að snúa aftur í nám á fullorðinsárum. Þær sýna hvernig félagslegar og efnahagslegar aðstæður fólks geta mótað skólagöngu þess og upplifun af menntakerfinu og þannig viðhaldið stöðu þess. Nám á fullorðinsárum með stuðningi og hvatningu getur aftur á móti orðið vendipunktur í skólasögu fólks og um leið lífssögu þess.

Kennaraforysta og þróun fagmennsku: „Ég vonast eftir að stækka verkfærakistuna mína“

Ingileif Ástvaldsdóttir Doktorsnemi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Samkvæmt kjarasamningum og reglugerð með viðmiðum um almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda er kennurum ætlað að verja hluta af vinnutíma sínum til starfsþróunar og þátttöku í lærdómssamfélagi. Rannsóknir sýna að starfsþróunin beri helst árangur þegar hún er samofin daglegu starfi kennara, í samstarfi við jafningja og þegar kennarar velja sjálfir hvernig þeir nota nýja þekkingu í skólastofunni og þá í samræmi við þarfir nemenda.

Námskeið starfsþróunarverkefnisins Menntafléttan byggja á hugmyndafræði leiðtoganáms og þróun námssamfélaga. Til viðbótar við kennslu í viðfangsefni hvers námskeiðs fá þátttakendur fræðslu og verkfæri til að starfa sem leiðtogar í eigin skóla og að leiða námssamfélag um viðfangsefni námskeiðsins. Í erindinu verða niðurstöður úr fjórum námsígrundunum þátttakenda á námskeiðum Menntafléttunnar á árunum 2021-2022 speglaðar í kenningum um kennaraforystu og þróun fagmennsku kennara. Leitað er svarað við því hvort og hvernig leiðtogafræðsla Menntafléttunnar studdi þátttakendur sem leiðtoga í lærdómssamfélagi.

Niðurstöður benda til að væntingar kennara til þátttöku á námskeiðunum hafi verið að bæta við eigin þekkingu á viðfangsefni námskeiðanna og að með óformlegum hætti myndu þau miðla henni til samstarfskennara. Minnihluti þátttakenda sá fyrir sér að þau myndu með formlegum hætti veita forystu um breytta starfshætti og myndun lærdómssamfélags. Þetta gefur til kynna að þátttakendur líti á starfsþróun fyrst og fremst sem leið til að þróa eigin starfshætti og að tilefni sé til að skoða nánar hvað skýri að kennarar sjá sig síður sem leiðtoga um breytta starfshætti og við myndun námssamfélags.

Leit að og birting á starfskenningu í háskólakennslu

Runólfur Smári Steinþórsson prófessor

Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði HÍ

Ágrip /Abstract

Tilgangurinn með þessu erindi er að vekja kennara til umhugsunar um það hvernig starfsreynsla geri mögulegt fyrir þá að draga fram eigin starfskenningu. Slík kenning birtir og gerir sýnilegt hvað það er sem hefur verið einkennandi fyrir þá kennslu sem þeir hafa lagt stund á. Markmiðið með rannsókninni, vorið 2024, að baki erindinu var að líta yfir eigin kennsluferil og draga saman yfirlit og ramma sem lýst gæti því sem hefur einkennt eigin kennslu og nálgun í samskiptum við nemendur.

Aðferð rannsóknarinnar fólst í því að vinna með leitartilgátu að ramma sem lýst gæti kennslureynslu og skrifa stuttar dæmisögur út frá þeirri reynslu. Gerð var greining á dæmisögunum, annars vegar gagnvart leitartilgátunni og hins vegar með hliðsjón af kenningum um kennslu. Greiningin fór fram að hluta til á vormánuðum og að hluta til á haustmánuðum ársins 2024.

Niðurstöðum rannsóknarinnar má lýsa sem leið og lærdómi í því að finna sér farveg til að varpa ljósi á eigin kennslureynslu. Í ljósi kenninga í kennslufræði má segja að rannsakandi hafi gert sér far um að fá fram sína eigin starfskenningu. Framan af í rannsóknarferlinu var vinnan ekki sett fram með þeim hætti en með aukinni innsýn í kennslufræðikenningar mátti tilgreina niðurstöðurnar þannig. Þátttaka í námskeiði um kennslufræði í háskólakennslu hjálpaði umtalsvert við rýni og endurmat á niðurstöðum.

Immigrants, Inclusion, and Iceland: Locating race evasion in educational spaces

Elizabeth Lay Phd candidate/aðjunkt, Berglind Rós Magnúsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Deild menntunar og margbreytileika

Ágrip /Abstract

This research aims to connect Nordic and racial exceptionalist views in Iceland with contemporary educational policy and practices. Given the multitude of studies on immigrant families in Icelandic education with emphases on integration, cultural and linguistic differences, Icelandic language learning, social and academic inclusion, it is curious that structural racial inequalities are seldomly addressed or critically assessed. This paper begins with a critical review of the notion of Nordic exceptionalism that has influenced the struggle of Iceland national identity-making. The examples of the 1905 Danish Colonial Exhibit and the 1939 World Fair are highlighted to demonstrate a historical narrative conflated with colonialism and racism, where Icelanders sought to liken themselves with their colonizers and to assert racial superiority over other colonies and indigenous peoples. Icelandic exceptionalism, like other Nordics, minimises Iceland's role in colonial practices and thus claims neutrality and innocence to racial issues. Critical Race Theory (CRT) is then applied to analyse the centrality of race and racism in Iceland's national identity-making and foundational to the normalization of race neutrality and colourblindness in educational spaces. Selected narratives from a wider study with racially minoritized immigrant parents in the Icelandic school system are included to expand on how race evasion in educational policy and practice has created difficulties in language learning, reinforcing racial hierarchies, and indifference to racial exclusion. Findings show a contradiction of intentions when institutions broadly support inclusion in policy but tend to adopt normative and national practices, so that dominant racial ideologies remain largely uncontested.

Fatatíska á Íslandi í samhengi við atvinnulíf og menntun

Ásdís Jóelsdóttir lektor í textíl og hönnun

Deild faggreinakennslu, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í rannsókninni er dregið í efa að það sé eingöngu hinn skapandi hönnuður sem sé sá eini um að skapa tískuna. Tíska skapast ekki af einhverjum einum einstaklingi heldur af öllum þeim sem eru þátttakendur í tískuframleiðslunni. Tíska er óhlutbundið orð, það að tískan sé ekki efnisafurð, heldur frekar táknrænn afrakstur á samhæfingu þeirra sem koma að hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og sölu fatnaðar. Þegar tískan var nær eingöngu fyrir yfirstéttina breyttist hún mun hægar, þegar hún varð almennari hófst kapphlaupið um tískuna. Á fimmtánda öld var tískan eingöngu fyrir hástéttina meðan hinn ófrjálsi alþýðueinstaklingur mátti ekki tengja sig við það orð. Tískuhugtakið breyttist síðan eftir að lög og reglugerðir urðu lýðræðislegri. Eftir að iðnvæðingin fór í gang gátu mun fleiri, burtséð frá þjóðerni eða stétt, klætt sig samkvæmt nýjustu tísku. Ef afstaða gegn framþróun og samfélagslegum breytingum er til staðar í viðkomandi samfélagi þá getur tískan ekki náð fótfestu. Tískukerfið kemur fyrst fram þar sem efnishyggja er ríkjandi og til staðar sé fataframleiðsla, kaupendur og seljendur. Á þann hátt bindur tískukerfið saman marga þætti í atvinnu- og hagkerfi heimsins og þar spilar menntun mikilvægu hlutverki. Tískusagan segir mikið um tíðarandann hverju sinni, einnig í samhengi við atvinnu-, tækni-, menntunar- og menningarsögu þjóðar. Í rannsókninni hafa verið tekin viðtöl við fjölda aðila sem tengjast fata- og textílgerð á Íslandi sem ýmsum hætti. Einnig er unnið með fjölbreyttar heimildir sem bornar eru saman við myndefni. Í erindinu verður fjallað um hvernig menntun í fatagerð á Íslandi hefur verið samtvinnuð atvinnulífi greinarinnar á 20. og 21. öld.

Þróun námsorðaforðaprófs

Ragnar F. Ólafsson doktorsnemi, Dr. Auður Pálsdóttir dósent, Dr. Sigríður Ólafsdóttir dósent
Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Rannsóknir á orðaförða hafa leitt í ljós að efla þurfi skilning nemenda á námsorðaförða, en honum tilheyra orð sem notuð eru þvert á námsgreinar og skólastig. Umfangsmiklar rannsóknir sýna að nemendur á mismunandi aldri þurfa að þekkja þessi orð til að geta skilið, rætt og skrifað um það sem þau fást við í námi sínu í ólíkum námsgreinum. Tilgangur þessarar rannsóknar var að þróa orðaförðapróf fyrir nemendur í 7.–10. bekk grunnskóla sem snýst um námsorðaförða. Orðin koma af Lista yfir íslenskan námsorðaförða (LÍNO-2) sem sýnir röðun orða eftir tíðni þeirra í málheildinni MÍNO, en hún inniheldur samtímatexta, þar með talið námsefni grunnskólanema. Prófið var þróað í fjórum áföngum á árunum 2023–2025 með þátttöku samtals um 4.000 nemenda. Kynntar verða niðurstöður hvers áfanga með upplýsingum um þátttakendur, próffræðilega eiginleika og réttmæti. Einnig verður gerð grein fyrir niðurstöðum í fjórðu fyrirlögn eftir árgöngum, kyni og lengd búsetu í landinu og uppruna foreldra, þ.e. hvort báðir foreldrar, annað foreldri eða hvorugt talaði íslensku í æsku. Rætt verður hvernig megi nota slíkt próf sem matstæki í höndum kennara til að sjá skilning nemenda á tíðniröðuðum orðum, en líka hvernig megi nýta slíkt próf til að kanna framfarir í námsorðaförða yfir tiltekið tímabil.

Brautskráningarhlutfall grunnnema við Háskóla Íslands

Stefán Jónsson Prófessor, Stella Blöndal Prófessor

Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að greina brautskráningarhlutfall grunnnema við Háskóla Íslands yfir 13 ára tímabil, frá 2008 til 2021. Rannsóknin byggir á kerfisbundnum skráargögnum fyrir rúmlega 30.000 einstaklinga og beitir langtímasniði með atburðagreiningu (event history analysis) til að meta líkur á útskrift og breytileika eftir hópum.

Í greiningunni er sérstaklega litið til áhrifaríkra þátta eins og aldurs, kyns, deildar og inntökuárs. Kenningar um skólaþrautseigju, einkum líkan Tinto um félagslega og fræðilega aðlögun nemenda, nýtast við túlkun ásamt viðbótum sem miða að því að skýra reynslu óhefðbundinna nemenda, svo sem eldri einstaklinga eða þeirra sem stunda nám í hlutastarfi.

Niðurstöður sýna að konur útskrifast í meira mæli en karlar á öllum fræðasviðum. Ungir nemendur eru einnig líklegri til að ljúka námi innan tímamarka. Hæsta brautskráningarhlutfallið er á Menntavísindasviði og á Heilbrigðisvísindasviði, en lægsta á Hugvísindasviði. Munurinn endurspeglar bæði fræðimenningu og stofnanabundna þætti sem hafa áhrif á námsframvindu.

Rannsóknin gefur innsýn í hvar í námsferlinu brottfall er líklegast og hvenær íhlutun gæti skilað mestum árangri. Þannig nýtist rannsóknin bæði til að efla skilning á jöfnuði og skilvirkni í háskólastarfi og til að styðja við stefnumótun um bætt námsárangur án þess að skerða aðgengi.

Hugmyndafræði og kennslufræðilegar nálganir í kennslu nemenda í íslenskuverum Reykjavíkurborgar

Susan Rafik Hama Lektor¹, Renata Emilsson Peskova Dósent¹, Hermína Gunnþórsdóttir Prófessor², Hanna Ragnarsdóttir Prófessor¹

¹Háskóli Ísland, Menntavísindasvið. ²Háskólinn á Akureyri, Hug-og félagsvísindasvið-Kennaradeild

Ágrip /Abstract

Fjöldi nýkominna nemenda á Íslandi hefur aukist á undanförunum árum, sem hefur skapað ýmsar áskoranir fyrir kennara, skóla og sveitarfélög. Árið 2024 voru um 15% nemenda í íslenskum grunnskólum með annað móðurmál en íslensku en er mun herra í einstaka skólum. Þetta erindi er hluti af rannsóknarverkefni sem miðar að því að kanna hvernig fjögur Íslenskuver í Reykjavík undirbúa nemendur fyrir nám í grunnskólum þar sem íslenska er kennslumál. Íslenskuverin eru staðsett í fjórum grunnskólum í Reykjavík og þjóna nýkomnum nemendum í 5.–10. bekk úr fleiri hverfaskólum. Nemendur dvelja í verunum í 3–9 mánuði þar til þeir ná hæfnistigi 1 í íslensku sem öðru máli. Í rannsókninni er skoðað hvort starfið í Íslenskuverunum stuðli að námi, þátttöku og félagslegri aðlögun nemenda í skóla- og frístundastarfi. Verkefnið byggir á kenningum um félagslegt réttlæti og þátttöku og tungumálamiðaða kennslu í fjölbreyttum nemendahópum en rannsóknir um fjölbreytni, nám og kennslu eru til hliðsjónar. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði og felur í sér vettvangsferðir í Íslenskuver og hálfopin viðtöl (2024-2025) við kennara og stjórnendur í Íslenskuverum og heimaskólum nemendanna þar sem þeir eru skráðir og sækja nám síðdegis. Fyrstu niðurstöður verða ræddar, m.a. áskoranir sem kennarar standa frammi fyrir í kennslu íslensku sem annars máls, og þær áskoranir sem nemendur mæta við að vera bæði í íslenskuverum og heimaskóla. Heildarniðurstöður rannsóknarinnar geta haft bein áhrif á og mikilvæga þýðingu fyrir skipulag menntunar og kennslu fyrir nemendur sem læra íslensku sem annað mál - ekki aðeins í Reykjavík, heldur á landsvísu.

„Að berjast við dreka“: Reynsla mæðra með geðsjúkdóma af móðurhlutverkinu

Áróra Huld Bjarnadóttir MA í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf¹, Pála Margrét Gunnarsdóttir Aðjunkt², Hrund Þórarins Ingudóttir Lektor²

¹Háskóli Ísland, Menntavísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Lítið er um rannsóknir þar sem rödd mæðra með geðsjúkdóma fær að heyrast. Tilgangur þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á reynslu mæðra með geðsjúkdóma af móðurhlutverkinu, með áherslu á þær áskoranir sem þær standa frammi fyrir og þann stuðning sem þær telja sig skorta. Markmiðið var að auka þekkingu á þörfum þessa hóps svo styðja megir betur við þær og þar með börn þeirra. Tekin voru viðtöl við fimm mæður með geðsjúkdóm sem allar höfðu reynslu af barnaverndarkerfinu. Niðurstöður sýndu að móðurhlutverkið veitti mæðrunum tilgang í lífinu og var þeim hvatning í baráttunni við geðsjúkdóminn. Þær lögðu ríka áherslu á að gera betur í uppeldi barna sinna en þær höfðu upplifað sjálfar í æsku. Mæðurnar töluðu um mikið og margþætt álag í tengslum við móðurhlutverkið. Eitt af því var vilji til að standast væntingar samfélagsins um að vera „venjuleg“ móðir, en það olli þeim bæði vanmætti og kvíða. Þær töldu sig skorta stuðning og fræðslu sem tæki mið af þörfum þeirra og aðstæðum. Þær kalla eftir sérhæfðari foreldrafræðslu sem og stuðningsúræðum sem taka mið af andlegri heilsu þeirra. Niðurstöðurnar veita mikilvæga innsýn í hvernig það er að vera móðir með geðsjúkdóm. Þær ættu að nýtast við stefnumótun og þróun viðeigandi stuðnings og fræðslu fyrir þennan hóp. Auk þess ættu þær að nýtast fagfólki sem vinnur með foreldrum með geðsjúkdóm og börnum þeirra. Sem allt vinnur að því að auka velferð þessara mæðra og barna þeirra.

Initial teacher education in five countries: A content analysis using a children's human rights education frame

Susan Gollifer Assistant Professor¹, Gabriela Martínez Sainz Assistant Professor²

¹University of Iceland, School of Education. ²University College Dublin, School of Education

Ágrip /Abstract

This comparative study investigates how initial teacher education for compulsory school teachers in Sweden, Switzerland, Poland, Ireland and Iceland addresses the educational content outlined in Article 29 of the Convention on the Rights of the Child (CRC). The importance of adequate teacher training in children's rights is highlighted by Jerome et al. (2015), whose comparative study of 26 countries identifies teacher training as the most critical area for action for child rights education.

Article 29 of the CRC outlines five key educational dimensions: the personal development of the child (a), respect for human rights (b), cultural identity (c), preparation for a responsible life (d), and respect for the environment (e). These dimensions served as the framework for the direct content analysis of initial teacher education curricula/policy documents. We aimed to answer the question: *Do the policy documents for teacher education in the selected European countries address the educational content requirements outlined in Article 29 of the Convention on the Rights of the Child in a manner that adequately prepares teachers to fulfil education as formulated in the convention text?*

Preliminary results indicate different countries are stronger in certain aspects of Article 29 and weaker in others, with strengths and weaknesses varying across countries. This suggests that Article 29 has not been used as a guiding document, leading the researchers to conclude that teacher education in the selected countries appears only partly to prepare teachers to fulfil Article 29 of the Convention on the Rights of the Child.

Rými barna til leiks og áhrifa í leik- og grunnskóla: Samfella í ólíku félagslegu umhverfi

Margrét S. Björnsdóttir Aðjúnt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvernig leikur, áhrif barna og valdatengsl birtast í starfsháttum leik- og grunnskóla og hvernig megi styðja samfellu á milli skólastiga. Markmiðið er að greina hvernig kennarar í leik- og grunnskólum nýta þekkingu sína til að skapa samfellu fyrir börn í flutningi milli skólastiga og hvernig starfshættir styðja við leik og lýðræðislega þátttöku barna.

Rannsóknin byggist á eigindlegri aðferðafræði. Gagnaöflun fór fram í tveimur leikskólum með athugunum á daglegu starfi elstu barnanna og í þremur grunnskólum með viðtölum við leik- og grunnskólakennara. Gögnin voru greind með áherslu á leik, valdatengsl, áhrif barna og faglegt samstarf.

Helstu niðurstöður sýna að í báðum leikskólunum var leikur á forsendum barna og þau höfðu rými til að hafa áhrif, þó mismunandi nálganir væru í skipulagi og stjórnunarháttum. Í grunnskólunum þótti leikur mikilvægur en svigrúm til leiks oft takmarkað. Kennarar grunnskólans vildu gjarnan efla samstarf á milli skólastiga, en bent var á að það þyrfti meiri tíma, sveigjanleika og sameiginlega umræðu um starfshætti og væntingar.

Álykta má að til að styrkja samfellu þurfi aukna gagnvirkni í samskiptum kennara beggja skólastiga, með sérstaka áherslu á áhrif barna og leik sem námsleið. Lærdómurinn er sá að samstarf sem byggir á gagnkvæmri virðingu og faglegum samræðum skapar skilyrði fyrir betri aðlögun barna og dýpri skilning kennara á reynsluheim barna.

Krókaleiðir kerfisins og skapandi kraftar: Áskoranir við að hanna nýtt nám

Jakob F. Þorsteinsson lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Frá því að fyrsta námskráin í tómstunda- og félagsmálafræði var skrifuð hefur útivist og útinám verið einn af áherslupáttum námsins. Skyldunámskeið eru í grunn- og framhaldsnámi og nokkur valnámskeið á sumrin. Áhersla er lögð á að nýta nánasta umhverfi, náttúru, þjóðgarða og þjóðlönd sem vettvang náms. Vettvangsferðir eru nýttar til að styðja við jákvæða hópþróun, faglegan og persónulegan þroska, námssamfélög og læra í verki.

Á undanförnum árum höfum við orðið vitni að auknum áhuga frá samferðafólki, nemendum og samstarfsaðilum á að koma á fót heildstæðu námi á sviði útimenntunar.

Nýtt kjörsvið hefur verið samþykkt og drög að nýrri námsleið eru í mótun. Markmiðið er að búa til nám fyrir fólk sem vill starfa í skóla, frístundastarfi og ferðaþjónustu með markvissum og öruggum hætti undir berum himni og hefur kennsluréttindi.

Tillögur að námi verða kynntar og ræddar áleitnar spurningar sem við höfum tekist á við í ferlinu, t.d.

- 1) Er mögulegt að kenna greinar innan Menntavísindasviðs (t.d. útimenntun eða útivist) sem eru ekki námsgreinar í leikskóla, grunnskóla eða framhaldsskóla?
- 2) Er nægilegt að skilgreina útimenntun sem fagsvið sem leggi grunn að nýrri námsleið innan Menntavísindasviðs?
- 3) Er kannski skynsamlegra að útivist og fjallamennska (d. friluftsliv og e. mountainering) sé faglegur grunnur í stað útimenntunar?
- 4) Hvernig getum við byggt upp nám, sem nauðsynlegt er að fari í miklum mæli fram úti, í háskólamenningu þar sem ráðandi aðferðir eru innandyrar?
- 5) Hvernig fáum við samstarfsfólk með í þessa vegferð og hvernig vekjum við áhuga nemenda á að sækja námið?

Samráð við lögleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Laufey E. Löve Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Undanfarin ár hafa íslensk stjórnvöld, undir forystu Félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, unnið að því að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem fullgiltur var árið 2016. Lögfestingin er hluti af Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024 – 2027 og er skref sem fulltrúar hagsmunasamtaka telja vera umbyltandi og að það muni marka tímamót þegar kemur að því að tryggja að réttindi fatlaðs fólks á Íslandi raungerist. Vinna við lögleiðingu samningsins hefur markast mjög af áherslu stjórnvalda á að tryggja virkt samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks þar sem samsköpun (co-creation), líkt og samningur Sameinuðu þjóðanna kallar eftir, hefur verið markmiðið. Í þessu markmiði hafa stjórnvöld beitt nýrri nálgun við samráð sem er ætlað að tryggja frekar möguleika hagsmunasamtaka fatlaðs fólks til áhrifa á stefnumótun. Rannsóknin, sem fram fór á árunum 2021 til 2025, miðar að því að kanna upplifun hagsmunasamtaka fatlaðs fólks á samráði í þessu ferli. Rannsóknin er eigindleg og var gagna aflað með viðtölum við talsfólk hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og fulltrúa sveitarfélaga og stjórnvalda, sem og með skjalagreiningu. Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar byggir á gagnrýnni fötlunarfræði og mannréttindasjónarhorninu á fötlun.

Rannsóknin sýnir að þó fulltrúar hagsmunasamtaka telji samráð við innleiðingu samningsins hafa markast af virku samráði, þar sem reynsla fatlaðs fólks hafi markvisst verið tekin til greina, hafi þeir þó jafnframt lýst efasemdum þegar kemur að virku samráði þegar litið er til málefna sem snúa ekki beint að þjónustu við fatlað fólk en snerta þó hagsmuni þess og möguleika til virkrar þátttöku til jafns við aðra.

Mat á próffræðilegum eiginleikum mælitækis á stafahljóðabekkingu við upphaf 1. bekkjar

Kristján Ketill Stefánsson Dósent¹, Auður Soffíu Björgvinsdóttir Aðjunkt², Amelia Jara Larimer doktorsnemi², Anna-Lind Pétursdóttir Prófessor²

¹kristjan@hi.is, Menntavísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Stafahljóðabekking er mikilvæg forsenda umskráningar sem, ásamt málskilningi, liggur til grundvallar lesskilningi. Markmið rannsóknarinnar var að meta próffræðilega eiginleika mælitækis á stafahljóðabekkingu í 1. bekk. Gögnin koma úr rannsóknarverkefninu Samvinna um læsi þar sem lagt var mat á þekkingu 311 nemenda á hljóðum 35 bókstafa og tvíhljóða íslenska stafrófsins við upphaf grunnskólagöngu. Samræmi milli matsaðila reyndist hátt ($IRR = 96\%$). Framkvæmd var staðfestandi þáttagreining sem sýndi að mat á öllum stafahljóðunum mátti túlka sem sjálfstæðar birtingarmyndir stafahljóðabekkingar. Mælitækið sýndi mikinn innri áreiðanleika (Cronbachs $\alpha = 0,96$.) við upphaf skólaársins og mikinn stöðugleika við endurtekningu að fjórum mánuðum liðnum ($r = 0,7$). Samleitniréttmæti mælitækisins var staðfest með marktækri fylgni við skyldar mælingar á lestrarfærni s.s. stafahljóðafimi ($r = 0,89$). Til að greina erfiðleikastig einstakra stafahljóða var svarferlalíkan (2PL-líkan) felld að gögnunum sem leiddi í ljós skýran breytileika á erfiðleikastigi stafahljóðanna allt frá auðveldustu hljóðunum (s, a, í, m) til erfiðustu hljóðanna (x, ð, au, ey). Þar sem flóknari þekking byggir að jafnaði á einfaldari þekkingu má telja skynsamlegt að innlagnarröð og fjöldi stafahljóða sem tekinn er fyrir á sama tíma sé að nokkru byggður á erfiðleikastigi að því gefnu að nægilegur fjöldi einfaldra sam- og sérhljóða sé tiltækur til að hefja æfingar á umskráningu einfaldra orða frá upphafi. Gerður var samanburður á fimm algengum innlagnarröðum úr íslensku skólastarfi þar sem að innlagnarröð G-PALS kennsluaðferðarinnar reyndist næst því að fylgja því erfiðleikastigi sem rannsóknin leiddi í ljós. Rætt verður um kerfisbundið mat og þrepaskiptan stuðning í tengslum við kennslu stafahljóða og umskráningar.

Expanding the Boundaries of Professional Identity Through Self-Study

Megumi Nishida

School of Humanities, Japanese language and culture

Ágrip /Abstract

This self-study explored how my professional learning as a new university-level language educator was shaped by pedagogical values developed through my experience as a preschool teacher. Specifically, I examined how professional knowledge from early childhood practices—particularly trust, autonomy, and scaffolding—could support student-centered language learning in higher education and contribute to the evolution of my professional identity.

The course took place over two semesters, during which I implemented three project opportunities that enabled iterative cycles of reflection. Data sources included lesson slides, student projects, student reflections, and my reflective journal. These were analyzed independently and in collaboration with critical friends. The concept of the hybrid educator was used as an analytic lens.

For the first project, I invited students to pursue any topic they were passionate about using the target language. While many thrived with this open-ended task, some expressed discomfort due to limited structure. In the second project, I offered a poster or an open-ended task. Most chose an open-ended task, though many used video-recording as their format. In the third project, I proposed creating a game or an open-ended task. Most selected the game. Creating a game helped them reflect on their knowledge of the language from this and other courses, and they were able to scaffold their further learning.

Although teaching young children and adult language learners may seem distinct, this self-study deepened my understanding as an educator. Trusting learners' autonomy and providing thoughtful scaffolding are essential across all levels of teaching.

Útilistaverk á Húsavík: Náms- og samfélagsauðlind í almannarými

Helga Dagný Einarsdóttir Meistaraniemi, Hanna Olafsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Útilistaverk á Húsavík er þróunarverkefni meistaraniema í Sjónlistakennslu við Háskóla Íslands. Markmiðið var að skoða útilistaverk sem menningarlega auðlind og kanna hvernig þau gætu nýst sem uppspretta fræðslu og samfélagstengsla. Sjö útilistaverk voru greind út frá samhengi, sögu og staðsetningu, auk áherslu á að auka aðgengi almennings, sérstaklega barna, að list í almannarými.

Verkefnið fólst í heimildavinnu, sjónrænum athugunum og tengingu við myndlæsi og skapandi kennslu. Samhliða var unnið fræðsluefni með spurningum sem hvetja til ígrundunar og gagnrýnnar hugsunar. Þróað var myndlistarverkefni fyrir 5. bekk með áherslu á lágmýndagerð og tengingu við umhverfi og hafið, byggt á verkinu *Ískristallar* eftir Helga Gíslason.

Niðurstöður sýna að útilistaverk hafa mikið fræðslu- og tengslagildi. Nemendur sýndu mikinn áhuga og verkefnið skapaði rými fyrir samtal um list, náttúru og samfélag. Fræðslubæklingur var einnig unninn til að efla vitund íbúa um útilist í nærumhverfi sínu.

Lærdómurinn er að skapandi nálgun og skráning útilistar getur eflt myndlæsi, staðarvitund og menningarlega þátttöku í skóla- og samfélagsstarfi. Vonir standa til að verkefnið verði hvatning fyrir önnur byggðarlög til að skrá útilist í sínu nærumhverfi, bæði sem stuðning fyrir kennslu og til að auka vitund almennings.

Inngilding nemenda af erlendum uppruna á Íslandi: Samspil skólastarfs, kennaramenntunar og rannsókna

Anna Katarzyna Wozniczka Verkefnastjóri

Sveitarfélagið Árborg

Ágrip /Abstract

Hröð fjölgun innflytjenda til Íslands undanfarna tvo áratugi hefur aukið fjölbreytni í skólum og vakið áhuga menntarannsækenda á fjölmenningu og inngildingu. Erindið byggir á doktorsverkefninu mínu um það hvernig íslenskir grunnskólar, bæði í dreifbýli og þéttbýli, ásamt kennaramenntun og rannsóknum, stuðla að tækifærum til inngildandi menntunar fyrir börn af erlendum uppruna.

Meginrannsóknarspurning var: Hvernig taka menntakerfið og menntarannsóknir þátt í að efla, þróa og viðhalda inngildandi starfsháttum sem nýta félagslegar, tungumála- og menningarlegar auðlindir allra?

Í rannsókninni var fjölbreyttum eigindlegum aðferðum beitt við gagnaöflun, þar á meðal vettvangsathugunum, hálfopnum viðtölum við kennara og innflytjendabörn, starfstengdri sjálfsrýni í samvinnu við kennaramenntunarkennara og gagnrýna sjálfsævisögulega nálgun þar sem rýnt er í hlutverk rannsakandans. Gögnin voru kóðuð, þemu greind og túlkuð út frá fræðilegum ramma um skóla án aðgreiningar, gagnrýna kennslufræði og vistkerfi réttlætis.

Helstu niðurstöður varpa ljósi á mikilvægi kennara sem hreyfiafls í innleiðingu inngildandi menntunar. Staðbundinn stuðningur og samskipti byggð á umhyggju innan skólanna styrkja tilfinningu nemenda fyrir því að þeir tilheyri. Hins vegar krefjast kerfislægar áskoranir, eins og takmarkaðar auðlindir og lýðfræðilegar breytingar, víðtækari umbóta. Viðbrögð frá kennurum í kennaramenntun undirstrika mikilvægi þess að efla samræður í kennslustofunni til að virkja fjölbreytta nemendahópa, á meðan gagnrýnin sjálfsævisaga rannsakanda sýnir fram á nauðsyn ígrundunar.

Ýmsar rannsóknir á menntun án aðgreiningar og fjölmennningar hafa verið gerðar, en þessi rannsókn bætir við með því að skoða samspil rannsókna, kennaramenntunar og skólastarfs. Rannsóknin dregur fram mikilvægi þverfaglegrar samvinnu til að efla inngildingu í sífellt fjölbreyttara menntalandslagi Íslands.

"Hann var náttúrulega pabbi minn samt sem áður." Um bækur Stefáns Jónssonar handa börnum og unglingum

Róbert H. Haraldsson Prófessor

Háskóli Íslands, Hugvísindasvið

Ágrip /Abstract

Siðfræðingar deila um siðferðilegt gildi bókmennta. Fyrir sumum virðist það augljóst en aðrir telja langsótt að fólk verði betri manneskjur við það eitt að lesa bækur. Í erindinu verður kastljósinu beint að barna- og unglingabókum Stefáns Jónssonar. Því er haldið fram að verk hans hafi siðferðilegt gildi þrátt fyrir, eða kannski einmitt vegna þess, að þau eru ekki mórálísk. Skoðað verður hvernig skáldverk Stefáns hjálpa lesendum, börnum og fullorðnum, að vinna úr erfiðri reynslu frá uppvaxtarárum sínum. Athyglinni verður einkum beint að því hvernig Stefán hjálpar lesandanum að vinna úr þeirri sáru reynslu að hafa átt föður sem ekki stóð sig í stykkinu sökum alkóhólisma, bælds tilfinningalífs, sjálfbirginsháttar eða framtaksleysis. Færð verða rök fyrir því að með verkum sínum nái Stefán siðferðilegum árangri sem ekki verður náð með öðrum hætti en að beita frásagnartækni og frásagnaraðferðum bókmennta.

Eru strákarnir í lagi? Strákar á samfélagsmiðlum út frá kynjuðu sjónarhorni

Pórður Kristinsson Doktorsnemi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Í þessu erindi er litið til þess hvernig íslenskir drengir á grunnskólaaldri takast á við og bregðast við framsetningum á karlmennsku á samfélagsmiðlum. Byggt er á kenningu Judith Butler um kyn sem gjörning (e. gender performativity) og skrif Söru Ahmed um hrif kenningar (e. affect theory) til að greina hvernig efni á samfélagsmiðlum mótar skilning drengja á kynjuðum væntingum til þeirra. Rannsóknin byggir á rýnihópaviðtölum og netnógrafíu þar sem bæði er talað við drengi í einstaklingsviðtölum og í hópum auk þess sem gögnum er safnað með því að fylgjast með hvernig þátttakendur neyta efnis á samfélagsmiðlum. Niðurstöðurnar sýna að drengir lifa og hrærast í samfélagsmiðlaumhverfi sem er mjög karlmiðað og tengjast gjarnan efni sem upphafur til dæmis íþróttalega getu, yfirráð og tilfinningastjórn. Angar karl-hveldisins (e. the manosphere) koma upp í algóritma drengjanna og það eru viðbrögð þeirra nánustu jafningja sem hafa áhrif á hvort þeir dragist frekar að skilaboðum þess eða hafni þeim. Þrátt fyrir að drengirnir upplifi ákveðinn kvíða þegar kemur að mögulegum hættum samfélagsmiðla sjá þeir líka möguleikana til þess að nýta þá á uppbyggilega máta. Greiningin dregur fram tilfinningalegar víddir stafrænnar þátttöku og varpar ljósi á hvernig samfélagsmiðlar bæði endurskapa hefðbundin kynjahlutverk og veita jafnframt rými fyrir gagnrýna ígrundun og mögulegt andóf. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að kynjasjónarmið séu samþætt í miðlalæsi og fræðslu, til að styðja við upplýsta, gagnrýna og meðvitaða þátttöku ungs fólks í stafrænum menningarheimi.

Geta gagnreyndar kennsluaðferðir dregið úr ójöfnuði í (lestrar)námi barna á Íslandi?

Anna-Lind Pétursdóttir Prófessor, Auður Soffiu Björgvinsdóttir Aðjúnt, Amelia Larimer
Doktorsnemi, Kristján Ketill Stefánsson Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Kennsluhættir geta haft mikil áhrif á lestrarnám barna, sérstaklega þeirra sem standa höllum fæti. Í erindinu verður fjallað um gagnreyndar kennsluaðferðir í lestrarkennslu og gildi þeirra í að styðja við nám barna í áhættu, skapa jafnari tækifæri og draga úr ójöfnuði. Sjónum verður einkum beint að félagakennslu sem rannsóknir hafa sýnt að geti skilað fjölbættum ávinningi fyrir nám nemenda.

Kynnt verða gögn úr samanburðarrannsókn, *Samvinna um læsi fyrir alla*, þar sem metin voru áhrif mismunandi kennsluaðferða á lestrarnám barna í 1. og 2.bekk. Átta skólum á höfuðborgarsvæði var skipt af slembivali í þátttökuskóla, þar sem PALS-félagakennsla var meðal lestrarkennsluaðferða, og samanburðarskóla með annars konar lestrarkennslu. Kennarar í þátttökuskólum fengu hálf dags námskeið og hófu beitingu K-PALS á haustönn og Grunn-PALS á vorönn 1.bekkjar. Metin var námsframvinda í hljóðabekkingu, umskráningu, lesfimi og lesskilningi, sérstaklega hjá börnum með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) og þeirra sem höfðu minnstu stafabekkinguna í upphafi 1.bekkjar, sem hætt er við lestrarerfiðleikum.

Niðurstöður sýndu meðal annars vaxandi mun milli barna í áhættu og jafnaldra þeirra. Þannig drógust börn með ÍSAT og/eða litla upphafsþekkingu sífellt meira aftur úr jafnöldrum sínum með tímanum. Þessi svo kölluðu Mattheusar-áhrif reyndust mun meiri í samanburðarskólum en í skólum þar sem PALS-félagakennsla var meðal kennsluaðferða. Börn í áhættu tóku mun meiri framförum í hljóðafimi, orðafimi, umskráningarfimi og lesfimi þegar PALS-félagakennsla var hluti af lestrarkennslunni. Niðurstöður benda til að PALS-félagakennsla sé skilvirk aðferð til að styðja við lestrarnám barna í áhættu og geti spornað við vaxandi ójöfnuði í (lestrar)námi meðal barna á Íslandi.

Torsótt leið að háskólanámi í Gíneu-Bissá: Eigindleg rannsókn

Jónína Einarsdóttir prófessor emerítus¹, Jon Edmund Bollom doktorsnemi¹, Zeca Jandi forstöðumaður², William Gomes Ferreira aðstoðarrektor³, Geir Gunnlaugsson prófessor emerítus¹

¹Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. ²Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP), Bissau.

³Universidade Jean Piaget de Guiné-Bissau

Ágrip /Abstract

Á heimsvísu voru um 40% ungmenna skráð í háskólanám árið 2020; í Afríku sunnan Sahara voru 9,4% í háskóla og 5,0% í Gíneu-Bissá og endurspeglar viðvarandi ójöfnuð í aðgengi að háskólamenntun. Markmið rannsóknarinnar er að skoða áskoranir sem börn og ungmenni í Gíneu-Bissá standa frammi fyrir á leið sinni í háskólanám. Gögnin byggja á eigindlegum viðtölum í janúar 2024 við 24 háskólanema á öðru ári eða lengra komna. Úrtak er markvisst til að tryggja dreifingu hvað varðar kyn, búsetu (borg/sveit) og menntunarferil, samtals 11 konur og 13 karlar. Foreldrar flestra, sérstaklega þeirra sem komu utan höfuðborgarinnar Bissá, höfðu aldrei gengið í skóla eða að hámarki fjögur ár í grunnskóla. Næstum öll gengu gegnum efnahagslegar þrengingar áður en þau hófu háskólanám, sérstaklega þau sem komu utan höfuðborgarinnar. Flestöll, óháð kyni og frá unga aldri, unnu fjölbreytt störf og ráku viðskipti til að fjármagna skólagönguna. Þau misstu mismunandi fjölda ára frá námi vegna fjárhagsvanda, kennaraverkfalla og heilsufarsvandamála, en sýndu mikla þrautseigju og ásetning um að halda áfram námi. Þau mátu mikils stuðning frá fjölskyldu, frændfólki og öðrum, en þau sem fengu einungis hvatningu frá foreldrum voru meðvituð um enga möguleika þeirra til að aðstoða fjárhagslega. Um 2/3 mátu mikils staðbundna þekkingu foreldra, óháð menntun þeirra, en 1/3 virtu ákveðna þætti í menningarlegum bakgrunni sínum en bentu líka á takmarkanir hennar. Niðurstöðurnar storka frásögnum sem einblína á uppgjöf og skort. Þær sýna mikla seiglu og jákvæða sjálfsmynd meðal nemenda sem hafa komist gegnum menntakerfi Gíneu-Bissá alla leið í háskóla.

Skiptir framkvæmd PALS félagakennslu máli fyrir framfarir í lestrarnámi?

Auður Soffía Björgvinsdóttir Aðjúnt¹, Anna-Lind Péturdóttir Prófessor¹, Amelia Larimer Doktorsnemi¹, Sigurgrímur Skúlason Sérfræðingur í prófagerð², Kristen McMaster Prófessor³

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Matssvið.

³University of Minnesota, Department of Educational Psychology

Ágrip /Abstract

Vönduð framkvæmd kennsluaðferða eykur líkur á að kennslan skili tilætluðum árangri og allir nemendur fái jafngóða kennslu. Greining á tengslum milli framkvæmdar kennslu og námsárangurs getur veitt dýrmætar upplýsingar fyrir ákvarðanir um kennsluhætti. Í þessari rannsókn voru áhrif framkvæmdar kennsluaðferðanna K-PALS og G-PALS í 1. og 2. bekk á lestrarfærni nemenda skoðuð.

Athugað var hvort munur væri á framförum nemenda eftir því hversu vel framkvæmdar kennsluaðferðirnar væru og hvort áhrif framkvæmdar væru þau sömu hjá nemendum með eða án vísbendinga um lestrarvanda. Þátttakendur voru börn í 1. og 2. bekk ($n = 257$). Um 20% þeirra ($n = 54$) höfðu sýnt vísbendingar um mögulegan lestrarvanda vegna lítillar stafapekkingar við upphaf skólagöngu. Fylgst var með framkvæmd K-PALS og G-PALS í kennslustundum og kennurum veitt endurgjöf þar til framkvæmd var a.m.k. 80% í samræmi við leiðbeiningar eða ekki var unnt að veita meiri handleiðslu. Skólar voru flokkaðir í tvennt eftir því hvort framkvæmd var í miklu ($\geq 80\%$) eða litlu ($< 80\%$) samræmi við leiðbeiningar. Gögn voru greind með marglaga líkönum með slembiskurðpunktum fyrir nemendur og skóla. Tölfræðilega marktækur þríhliða samvirkniliður leiddi í ljós að börnum með vísbendingar um lestrarvanda fór meira fram í stafahljóðafimi ($p = .001$), orðleysufimi ($p < .001$) og lesfimi ($p = .07$). Í skólum þar sem framkvæmd var í miklu samræmi við leiðbeiningar en í skólum með slakari framkvæmd. Ekki komu fram sömu letjandi áhrif slakrar framkvæmdar á framfarir barna án vísbendinga um lestrarvanda. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi góðrar framkvæmdar á lestrarkennslu, sérstaklega fyrir nemendur með vísbendingar um lestrarvanda.

Farsæld barna: Þekking og aðferðir fagfólks í starfi með jaðarsettum börnum og unglingum.

Hervör Árnadóttir dósent/PhD nemi.

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið/Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi er sjónum beint að mikilvægi þess að fagfólk sem vinnur að farsæld barna, sérstaklega með þeim sem eru í viðkvæmri stöðu, hafi þekkingu á réttindum barna til þátttöku í ákvörðunum og hafi tileinkað sér aðferðir sem stuðla að virku samtali, jafnvel þegar um erfið eða viðkvæm málefni er að ræða. Á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á að samskipti við börn sé ekki aðeins forsenda merkingarbærrar þátttöku og inngildingar, heldur lykilatriði í að styðja við heilbrigðan þroska barna.

Erindið byggir á blandaðri aðferðafræði þar sem dregnar eru saman niðurstöður bæði úr eigindlegum viðtölum og megindlegri könnun meðal fagfólks sem starfar með jaðarsettum börnum, meðal annars innan velferðar- og menntakerfa.

Helstu niðurstöður benda til þess að þó vilji fagfólks til að hlusta á börn sé til staðar, vanti oft bæði tíma, úrræði og þjálfun í aðferðum sem henta börnum. Í umræðu er dregið fram mikilvægi þess að beita skapandi og sveigjanlegum aðferðum í starfi með börnum, aðferðum sem virkja tjáningu, ýta undir traust og gefa börnum rými til að miðla reynslu sinni á eigin forsendum.

Í erindinu verður fjallað um þessi atriði, menntun fagfólks og leiðir að bættum vinnubrögðum ræddar.

„Spjöllum saman“: Samstarfsverkefni í þágu farsældar barna á Akranesi

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg Aðjunkt¹, Heiðrún Janusardóttir Verkefnastjóri frístunda- og forvarnarmála², Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir Deildarstjóri³, Ívar Orri Kristjánsson Forstöðumaður⁴

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Akraneskaupstaður, Mennta- og menningarsvið.

³Brekkubæjarskóli. ⁴Frístundamiðstöðin Þorpið

Ágrip /Abstract

Verkefnið *Spjöllum saman* er samstarfsverkefni Brekkubæjarskóla og frístundamiðstöðvarinnar Þorpsins á Akranesi. Tilgangur þess er að tryggja öllum nemendum aðgang að traustum einstaklingi, svokölluðum *spjallara*, sem þeir geta leitað til. Starfsfólk Þorpsins eru spjallarar fyrir unglinga, sem verða svo spjallarar fyrir yngri nemendum. Verkefnið byggir á frumkvæði nemendaráðs Brekkubæjarskóla og svarar ítrekuðum óskum barna og unglinga um að geta talað við einhvern sem þeir treysta. Verkefnið styður við Menntastefnu 2030 og fellur vel að farsældarþjónustu og innleiðingu barnvænna sveitarfélaga, þar sem lögð er áhersla á aukna rödd, þátttöku og farsæld barna. Það hlaut styrk frá Mennta- og barnamálaráðuneyti sem nýsköpunar- og þróunarverkefni. Meginmarkmið verkefnisins eru að veita börnum og unglingum aðgengilegan og traustan stuðning, efla eldri nemendur í hlutverki spjallara, styrkja tengsl milli nemenda á ólíkum aldri, stuðla að vellíðan og snemmtækum stuðningi og skapa þekkingu og reynslu sem nýtist til áframhaldandi þróunar verkefnisins og til innleiðingar annars staðar. Starfendarannsókn fylgir verkefninu og beinist að innleiðingu, áhrifum og reynslu þátttakenda. Gagnaöflun og -greining fer fram í gegnum vinnufundi og rýnisamtöl við yngri og eldri spjallara. Lögð er áhersla á virka þátttöku allra í þróun verkefnisins. Niðurstöður benda til jákvæðra og valdeflandi áhrifa. Þátttakendur fengu tækifæri til að nýta eigin styrkleika, axla ábyrgð og verða virkari í skólasamfélaginu. Unglingar styrkjast í leiðtogahlutverki og börn treysta þeim sem stuðningsaðilum. Verkefnið hefur dregið úr félagslegri einangrun, aukið þátttöku og eflt tengsl á milli nemenda. Þróunin er samfelld og byggir á reynslu og samstarfi spjallara á öllum aldri.

Samsköpun og árangursrík innleiðing menntatækni í grunnskólum

Skúlína Hlíf Kjartansdóttir Aðjúnt¹, Hannes Ottóson Lektor²

¹Háskóli Íslands, Kennslu- og menntunarfræðideild. ²Háskóli Íslands, Deild faggreinakennslu

Ágrip /Abstract

Þessi rannsókn fjallar um áskoranir og tækifæri tengd menntatækni í íslenskum grunnskólum. Sérstök áhersla er lögð á samskipti og samstarf, bæði innan og utan skólans. Notkun menntatækni er lykilþáttur í að mæta auknum kröfum um fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám, veita kennurum upplýsingar um námsgengi, auk þess að styðja við hæfni nemenda í stafrænum heimi. Áskoranir snúa einkum að takmarkaðri tæknifærni kennara, ónógum stuðningi skólayfirvalda og skorti á skýrum samskiptaleiðum milli hagaðila. Fræðilegar undirstöður byggja á kenningum um samsköpun (e. co-creation), samþættingu tækninýjunga í skólastarfi og félagsmenningarlegu sjónarhorni á nám. Tekin voru rýnihópaviðtöl við fulltrúa kennara, sveitarfélaga, menntatæknifyrirtækja og stjórnvalda. Gögnin voru greind með þemagreiningu sem dró fram fimm megin viðfangsefni úr öllum viðtölunum: Mikilvægi faglegs mats og gagnreyndar nálgunar, samráðs og þátttöku, áskoranir tengdar persónuvernd og stefnumörkun, stuðning við kennara og sveigjanlega þróun, miðaða við skilyrði á vettvangi. Niðurstöðurnar benda til þess að árangursrík innleiðing menntatækni byggji á virkri þátttöku allra hagaðila, reglubundnu samtali og gagnkvæmum skilningi á þörfum og væntingum. Lagt er til að frekari rannsóknir verði gerðar á langtímaáhrifum samsköpunar á nám og kennslu. Fræðilegt framlag bætir við kenningar í kennslufræði, með því að skýra frekar hugmyndafræðilega þætti samsköpunar í menntatækni. Hagnýtu niðurstöðurnar eru lagðar fram sem tillögur að árangursríkri innleiðingu menntatækni í grunnskólum.

Leikur sem leið til að efla læsi barna í fjölmennningarlegum leikskóla: Hlutverk stjórnenda

Halldóra Sigtryggisdóttir Leikskólastjóri¹, Karen Rut Gísladóttir Prófessor², Sara Margrét Ólafsdóttir Dósent²

¹Leikskólar Reykjavíkur, Menntasvið Reykjavíkurborgar. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Börnum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hefur fjölgað í íslenskum leikskólum. Bent hefur verið á að börn búi yfir margvíslegum tungumálaauðlindum sem eru jaðarsett í samfélagi leikskóla. Stjórnendur og starfsfólk leikskóla þurfa að búa yfir þekkingu, öryggi og færni til að virkja þær í leik og daglegu starfi. Tilgangur rannsóknar er að efla félags- og samskiptafærni fjöltyngdra barna og inngildingu þeirra í leikskólasamfélaginu. Markmið hennar að skoða hvernig stjórnendur styðja starfsfólk við að stíga inn í sjálfsprottinn leik fjöltyngdra barna og fjölga tækifærum þeirra til að efla eigin málvitund og íslenskan orðaforða. Um er að ræða starfendarannsókn sem fram fór í fjölmennningarlegum leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Gagnaöflun fólst í vettvangs- og þátttökuathugunum, rýnihópasamtölum og rannsóknardagbókum. Niðurstöður sýna að stjórnendur voru fyrirmyndir annars starfsfólks, þekktu styrkleika þess, veittu fræðslu og komu auga á aðstæður í leik barna þar sem þau þurftu frekari stuðning. Þegar starfsfólk öðlaðist meiri skilning á sjálfsprottnum leik, jókst öryggi þeirra í að styðja við leik barnanna og grípa tækifæri til að efla samskipti þeirra og orðaforða. Breytingar sem gerðar voru í tengslum við efnivið og námsrými stuðluðu að auknu flæði í leiknum og valdeflingu barnanna. Í leikskólastarfi með fjölbreyttum barnahóp þurfa stjórnendur, kennarar og starfsfólk leikskóla að þróa með sér næmi og starfshætti sem stuðla að lýðræðislegri þátttöku allra barna, þar sem reynsla þeirra fær að njóta sín. Þátttaka starfsfólks í sjálfsprottnum leik barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eykur innihaldsrík samskipti þeirra á milli, stuðlar að auknum orðaforða barnanna og tryggir jafna þátttöku þeirra í leikskólastarfinu.

Framkvæmd heimalesturs í 1. bekk: Hugmyndir kennara um ójöfn tækifæri

Jóhanna María Bjarnadóttir Grunnskólakennari¹, Auður Soffía Björgvinsdóttir Aðjúnt²,
Kristján Ketill Stefánsson Dósent², Anna-Lind Pétursdóttir Prófessor²

¹Alþjóðaskólinn. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Á árunum 2019–2025 náði hátt hlutfall nemenda í 1. bekk ekki væntum viðmiðum um fjölda rétt lesinna orða á mínútu. Þá hafa íslensk ungmennt börn fengið sífellt lægra skor á lesskilningsprófum PISA frá árinu 2009, en lesfimi er ein af nauðsynlegum forsendum lesskilnings. Lestur er flókin færni sem krefst kennslu og þjálfunar með nákvæmum leiðréttingum og stuðningi frá upphafi formlegs lestrarnáms. Hérlandis er hefð fyrir því að lestrarþjálfun fari fram heima í formi heimalesturs þar sem kvittað er fyrir hlustun, en framkvæmdin hefur lítið verið rannsökuð. Tilgangur þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á fyrirkomulag og framkvæmd heimalesturs út frá sjónarhóli kennara. Spurningalisti var sendur til kennara í 1. bekk á landsvísu haustið 2024 (svarhlutfall = 92%). Niðurstöður bentu til að algengast væri að kennarar settu fyrir heimalestur 15 mínútur í senn, fimm sinnum í viku og að kvitta ætti fyrir hlustun. Meirihluti kennara kvaðst gera sömu kröfur til allra nemenda um umfang heimalesturs en helst var vikið frá almennum kröfum vegna tungumálakunnáttu nemenda. Afar sjaldgæft var að vikið væri frá heimalestri. Takmörkuð íslenskuþekking nemenda var metin hvorki sem lítil né mikil hindrun í heimalestri. Hins vegar var skortur á íslenskuþekkingu foreldra metin sem helsta hindrunin fyrir framkvæmd heimalesturs af þeim hindrunum sem metnar voru, meiri hindrun en bágar heimilisaðstæður eða hegðunarvandi. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa tilefni til endurskoðunar á núverandi framkvæmd heimalesturs í þeim tilgangi að finna tækifæri til framfara svo allir nemendur njóti árangurs af nákvæmri og endurtekinni lesfimiþjálfun.

Notkun háskólanema á stafrænni tækni í Bissá, Gíneu-Bissá

Geir Gunnlaugsson prófessor emerítus¹, Jon Edmund Bollom doktorsnemi¹, Zeca Jandi forstöðumaður², William Gomes Ferreira aðstoðarrektor³, Aladje Baldé rektor³, Stefán Hrafn Jónsson prófessor¹, Jónína Einarsdóttir prófessor emerítus¹

¹Háskóli Íslands, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild. ²Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP), Gínea-Bissá. ³Universidade Jean Piaget de Guiné-Bissau, Gínea-Bissá

Ágrip /Abstract

Hnattræn útbreiðsla stafrænnar tækni hefur umbreytt æðri menntun, en andstætt anda Heimsmarkmiðanna (9.c) er viðvarandi stafræn gjá í Afríku sunnan Sahara. Markmið rannsóknarinnar er að lýsa og greina aðgengi háskólanema að stafrænni tækni og notkun hennar í Bissá, höfuðborg Gíneu-Bissá. Spurningalistakönnun var lögð fyrir í desember 2022 í sex helstu æðri menntastofnunum landsins. Notast var við tilviljanakennt úrtak úr bekkjarbundnum skrá; samtals tóku 2.255 háskólanemar þátt (56% karlmenn) og tæplega þriðjungur svaraði stafrænt. JMP Pro 18.0.2 var notað við greiningu gagna og tölfræðileg marktækni sett við $p < 0,05$ eða líkindahlutfall yfir 1 með 95% öryggisbili (ÖB). Félags- og efnahagsleg staða er mikilvægur áhifabáttur á aðgengi háskólanema að stafrænni tækni, eins og t.d. menntun foreldra ($p < 0,0001$) og fjárhagsstaða fjölskyldunnar ($p < 0,0001$). Nær helmingur háskólanema (46%) notar aldrei fartölvu, 67% aldrei borðtölvu og 14% eiga ekki farsíma með nettengingu; stúlkur nota fartölvur í minna mæli en drengir ($p < 0,0001$) en annars er ekki kynjamunur á aðgengi. Um 37% háskólanema notar internetið daglega en 82% a.m.k. vikulega án marktæks kynjamunar. Um fjórðungur notar internetið daglega í námi sínu en 80% a.m.k. vikulega; stúlkur voru 1,4 sinnum líklegri (95% ÖB 1,1–1,7) til að nota internetið vikulega í náminu en drengir. Niðurstöðurnar benda til að enn séu hindranir á aðgengi háskólanema að stafrænni tækni í Gíneu-Bissá. Þó að farsímaeign sé útbreidd eru takmarkaðir möguleikar á tengingu sem er kostnaðarsöm og aðgangur að tækjum hindrar þá í að nýta sér tæknina til fulls. Brýnt er að brúa þessa stafrænu gjá með markvissum inngripum.

Reynsla og upplifun ungs fólks á Íslandi af einelti sem einkennist af kynþátta- og menningarfordómum

Sema Erla Serdaroglu Aðjúnkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Vaxandi útlendingaandúð, fordómar og íslamófóbía víða um heim hefur orðið til þess að fræðasamfélagið hefur í auknum mæli lagt áherslu á rannsóknir á einelti sem einkennist af kynþátta- og/eða menningarfordómum. Erlendar rannsóknir benda til þess að slíkt einelti sé algengt á meðal barna og unglinga og það er sérstakt áhyggjuefni vegna þeirrar þróunar og mótunar sem á sér stað á þeim árum. Þá benda rannsóknir til þess að kennarar og annað starfsfólk í skóla- og frítímastarfi er ekki alltaf í stakk búíð til þess að takast á við slíkt einelti.

Rannsóknin er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og er mikilvæg viðbót við rannsóknir á fordómum, jaðarsetningu og einelti. Rannsóknin er eigindleg viðtalsrannsókn sem byggir á samtölum við ungt fólk á aldrinum 15-25 ára sem hefur reynslu og upplifun af einelti þar sem kynþátta- og menningarfordómar koma við sögu.

Markmiðið með rannsókninni er að bera kennsl á birtingarmyndir og mögulegar afleiðingar eineltis sem byggir á kynþáttahyggju og/eða fordómum gagnvart þjóðernisuppruna, menningu og/eða trúarbrögðum í þeim tilgangi að móta og þróa verklag og verkfæri fyrir forvarnir og inngrip í slíkt einelti á vettvangi skóla- og frítímastarfs til að sporna gegn því og valdefla fagfólk til þess að grípa inn í slík mál.

Í þessu erindi verður fjallað um fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar sem varpa ljósi á fjölda birtingarmynda eineltis sem einkennist af kynþátta- og menningarfordómum á grunn-, framhalds- og háskólastigi á Íslandi, viðbrögð fullorðinna við slíku einelti og alvarlegar afleiðingar þess á þolendur til skemmri og lengri tíma.

Félagstengsl og einmanaleiki framhaldsskólanema: Greining á áhrifaþáttum fyrir líðan ungs fólks

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir sálfræðingur og meistaranemi¹, Margrét Sigrún Sigurðardóttir prófessor¹, Anna Helga Jónsdóttir prófessor²

¹Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. ²Háskóli Íslands, verkfræði- og náttúruvísindasvið

Ágrip /Abstract

Einmanaleiki er vaxandi lýðheilsuvandi sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir andlega heilsu, vellíðan og námsframvindu ungmenna. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á tengsl félagslegra stuðningsneta við upplifun einmanaleika meðal íslenskra framhaldsskólanema. Sjónum var beint að tengslum stuðnings frá fjölskyldu, vinum og starfsfólki skóla, fjölda og gæðum vinatengsla, þátttöku í tómstundastarfi og eðli samskipta (í eigin persónu eða stafræn) við einmanaleika. Leitast var við að svara spurningunni: Hvaða félagslegu þættir spá best fyrir um upplifun einmanaleika meðal framhaldsskólanema?

Rannsóknin byggist á eigin gagnasöfnun höfundar, með rafrænni spurningakönnun sem lögð var fyrir í samstarfi við nokkra framhaldsskóla vorið 2025. Heildarfjöldi svarenda var 486 eftir gagna-hreinsun. Gögn voru greind með lýsandi tölfræði, t-prófum, fjölþátta aðhvarfsgreiningu, samanburði á hópum eftir tegund skóla og félagslegum tengslum innan skóla.

Niðurstöðurnar sýna að einmanaleiki er töluvert algengur meðal ungmenna, einkum meðal kvenkyns svarenda. Þeir nemendur sem búa við takmörkuð eða veik tengslanet, skort á stuðningi, litla samveru við vini og taka ekki þátt í tómstundum, upplifa marktækt meiri einmanaleika en aðrir. Þá kom í ljós að nemendur sem áttu a.m.k. einn vin í sama skóla upplifðu marktækt minni einmanaleika en þeir sem áttu aðeins vini utan skólans. Nemendur í bekkjarkerfisskólum skoruðu einnig marktækt lægra á einmanaleikakvarða en nemendur í fjölbrautarskólum, sem gæti bent til þess að félagslegt skipulag bekkjarkerfis styðji við sterkari tengslamyndun innan skólasamfélagsins.

Niðurstöðurnar veita mikilvæga innsýn fyrir skólastefnumótun og forvarnir og benda til þess að markvissar aðgerðir sem efla tengslamyndun, stuðning og aðgengi allra nemenda að félagslegum tækifærum, gætu haft veruleg áhrif á vellíðan nemenda.

Náttúruvísindahluti aðalnámskrár í ljósi kenningaramma TIMSS og PISA

Haukur Arason Dósent, Edda Elísabet Magnúsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Skoðað er hvort og þá hvernig skynsamlegt væri að þróa náttúruvísindahluta aðalnámskrár grunnskóla á Íslandi í ljósi kenningaramma TIMSS og PISA, tveggja helstu alþjóðlegu samanburðarrannsóknanna á sviði náttúruvísindamenntunar. Þær gefa ekki einungis upplýsingar um stöðu einstakra landa í samanburði við önnur lönd, heldur veita báðar rannsóknirnar dýrmæta innsýn í alþjóðlegar áherslur í náttúruvísindamenntun, þótt þær byggi á ólíkum forsendum. Þessar rannsóknir hafa haft talsverð áhrif í heiminum á umræðuna um náttúruvísindamenntun, á inntak hennar, markmið og þar með á námskrár í náttúruvísindum.

Árið 1995 tók Ísland í eina skiptið þátt í TIMSS en hefur tekið þátt í PISA frá upphafi árið 2000. Lífleg umræða hefur farið fram um stöðu Íslands í hvert sinn sem niðurstöður rannsóknanna hafa birst, en mun minni athygli hefur verið beint að inntaki þeirra. Grundvöllur beggja rannsókna eru ýtarlegir kenningarammar sem í raun endurspeglar námskráraherslur.

Í þessu erindi er rýnt í kenningaramma TIMSS og PISA varðandi náttúruvísindi og þeir bornir saman við núgildandi aðalnámskrá hér á landi til þess að finna vísbendingar um mögulegar úrbætur á námskránni. Í ljósi kenningarammanna virðist náttúruvísindahluti aðalnámskrár grunnskóla hér á landi vera töluvert áfátt varðandi áherslur á eðli vísindalegrar þekkingar og vísindalæsi, auk þess sem bæta þyrfti við ýmsum inntaksatriðum náttúruvísinda, ef leggja ætti að jöfnu inntak aðalnámskrár og þessara kenningaramma. Þetta myndi kalla á umfangsmeiri umfjöllun um náttúruvísindi og tækni í námskránni sem aftur beinir athyglinni að því að viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrárinnar geri ráð fyrir mun minna umfangi kennslu í náttúruvísindum á Íslandi miðað við aðrar þjóðir.

Framtíðarsýn nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði

Steingerður Kristjánsdóttir Aðjúnkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum rannsóknar þar sem markmiðið var að draga saman viðhorf og sýn nemenda á þriðja ári í tómstunda- og félagsmálafræði, til framtíðarstarfa sinna.

Gögnum var safnað með þeim hætti að nemendur skrifuðu frá eigin brjósti starfskenningu sína í áfanga í vettvangsnámi. Um var að ræða nemendur á þriðja ári í tómstunda- og félagsmálafræði sem sátu áfangann annarsvegar haustið 2023 og hinsvegar 2024.

Leyfi nemenda fyrir notkun á gögnunum var aflað munnlega við fyrirlögn verkefnisins og í verkefnalýsingu á viðkomandi verkefni. Gögnin eru án persónuauðkenna. Við vinnslu þeirra var beitt eigindlegri aðferðarfræði þar sem verkefni nemendanna voru þemagreind og kóðuð.

Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að nemendur á þriðja ári í tómstunda- og félagsmálafræði hafa skýra sýn á gildi sín í framtíðarstarfi sínu og hafa ríka tilfinningu fyrir mikilvægi sínu sem fyrirmyndir. Að auki kemur fram að fagvitund þeirra er sterk og að þau hafa mikinn metnað fyrir starfi á vettvangi.

Rannsóknin gefur vísbendingar um að nemendur sjái framtíð sína sem fagfólk mjög skýra og að hugmyndir þeirra um eigin starfskenningar og gildi séu þeim mjög greinileg. Þrátt fyrir þessar jákvæðu vísbendingar gefur hún einnig tilefni til frekari vinnu hjá námsbrautinni við að styðja og styrkja þessa þætti í námi nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði enn frekar.

Perpetuating Harm: Personal Violence and Structural Complicity in Academic Spaces

Telma Velez PhD student

University of Iceland, Education and Diversity

Ágrip /Abstract

This research examines the experiences of foreign women working in Icelandic academia and the forms of violence they encounter. Using a longitudinal, qualitative methodology, building on an earlier round of interviews and expanded through new in-depth conversations, the study explores the intersection of personal and structural violence. Findings reveal that while acts of harm may appear individualized, they are consistently enabled, legitimized, and protected by institutional structures. Violence is often exercised by individuals who manipulate the very systems meant to ensure equity and protection, exposing a recurring pattern of structural complicity within academic institutions. The most recent interviews show that no institutional resolution or redress was offered to the women involved. Among participants, some remain in harmful environments; others relocated within academia only to face similar conditions; a few have found improved circumstances, and one left academia and is now attempting to return. Across all cases, academic structures did not intervene effectively or supportively. This study highlights the structural normalization of harm within academia and raises urgent questions about institutional accountability, policy implementation, and the systemic silencing of foreign women navigating academic spaces marked by inequality and exclusion.

„Þar sem það sem maður hefur fram að færa skiptir einhverju máli“

Soffía Valdimarsdóttir doktorsnemi og lektor¹, Svanborg Jónsdóttir Professor emerita²

¹Háskóli Íslands, FVS og MVS. ²Háskóli Íslands, MVS

Ágrip /Abstract

Í þessari tilviksrannsókn eru möguleikar til inngildingar í gegnum óformlega miðlun handverksþekkingar kannaðir. Í samfélagsgerð sem einkennist í vaxandi mæli af fjölbreytileika má draga í efa að formlegt menntakerfi hafi forsendur til að vera vettvangur inngildingar fyrir öll. Á þetta sér í lagi við fullorðna meðal aðfluttra. Í forgrunni rannsóknar er sú grundvallarhugmynd félagslegrar hugsun að þekking mótist fyrst og fremst með samskiptum einstaklinga. Einnig er gert ráð fyrir að óformleg menntun sé hentug fyrir fullorðna og að handverksiðkun í hópi geti verið farvegur persónulegra og samfélagslegra umbóta, ekki síst á umbrotatímum. Megin spurning rannsóknar er: Hvernig getur merkingarbær miðlun handverksþekkingar skapað forsendur til inngildingar?

Rannsóknin byggir á þátttökuathugunum, vettvangsnótum og viðtölum við þátttakendur frá Íslandi og Úkraínu sem hafa komið saman vikulega til óformlegrar handverksiðkunar í rúm þrjú ár í Reykjavík. Með þemagreiningu voru þrír megin þræðir niðurstaðna mótaðir: Merkingarbær iðja, samskipti þvert á tungumálaörðugleika og þvermenningarlegur skilningur.

Niðurstöður sýna að þrátt fyrir skort á menntunarlegum tilgangi hefur þetta handverkssamfélag þróast í lærdómssamfélag sem einkennist af inngildandi námsumhverfi. Helstu ástæður þess eru óformleg umgjörð, virk þátttaka á jafningjagrunni og eðli handverksþekkingar. Niðurstöðurnar gefa einnig vísbendingar um að óformleg handverkssamfélög sem fá nauðsynlegan stuðning í formi aðstöðu og hræfna geti verið ákjósanlegur vettvangur inngildingar sem vert er að kanna frekar. Þetta á ekki síst við fyrir þá hópa fullorðinna sem kunna að hafa takmarkað aðgengi að formlegri menntun í nýju landi.

Lestrarkennsla og stuðningur við fjölbreyttan nemendahóp með aðferðum Grunn-PALS félagakennslu

Sólveig Edda Ingvarsdóttir Doktorsnemi, Anna-Lind Pétursdóttir Prófessor, Kristján Ketill Stefánsson Dósent, Amelia Jara Larimer Doktorsnemi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Staða nemenda í lestri í íslenskum grunnskólum hefur verið vaxandi áhyggjuefni sem og hnignandi árangur þeirra í alþjóðlegu mati á lesskilningi síðastliðinn áratug. Ný lög um farsæld barna kveða á um notkun þrepaskipts stuðning til að bæta árangur nemenda en ekki er lýst hvernig skuli útfæra slíkan stuðning. PALS-félagakennsla (e. Peer-Assisted Learning Strategies) felur í sér gagnreyndar aðferðir sem byggja á félagastuðningi og markvissum kennsluháttum. Grunn-PALS (e. 1st Grade-PALS) er lestrarkennsluefni sem ætlað er að nota á yngsta stigi grunnskóla þar sem meðal annars er unnið með undirstöðuþætti lesturs. Markmið þessarar frumrannsóknar (e. pilot study) var að meta fýsileika notkunar PALS-félagakennslu við þrepaskipta lestrarkennslu í einum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu með hátt hlutfall fjöltyngdra nemenda. Þátttakendur voru nemendur í 2. bekk (n = 47) skólaárið 2024-2025. Aðferðir Grunn-PALS voru notaðar bæði í bekkjarkennslu á þrepi 1 og við markvissa kennslu á þrepi 2 fyrir þá nemendur sem þurftu viðbótar stuðning. Lestrarfærni nemenda var metin 12 sinnum yfir skólaárið með fjölbreyttu lestrarmati og borin saman við fyrirliggjandi samanburðargögn úr rannsókninni Samvinna um læsi, sem safnað var skólaárið 2022-2023. Frumniðurstöður bentu til jákvæðra áhrifa á lestrarfærni nemenda í samanburði við samanburðarhópinn. Niðurstöðurnar vörpuðu einnig ljósi á kosti og hindranir við innleiðingu Grunn-PALS við þrepaskipta lestrarkennslu fjölbreytts nemendahóps sem rætt verður um í kynningunni.

Tækifæri og hindranir gagnvirkar þjálfunar til að vinna gegn kynferðislegri áreitni innan lögreglunnar

Laufey Axelsdóttir Nýdóktor, Finnborg Salome Steinþórsdóttir Lektor, Gyða Margrét Pétursdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Rannsóknir sýna að kynferðisleg áreitni er útbreidd innan lögreglunnar. Karllæg vinnumenning og kynjuð valdatengsl ýta undir kynferðislega áreitni og eru talin eiga þátt í óeðlilegu brotthvarfi kvenna úr lögreglunni. Til að sporna gegn kynferðislegri áreitni er nauðsynlegt að innleiða fyrirbyggjandi úrræði. Ein slík aðferð er umræðuvettvangur (e. *In-Group Forums*) sem hefur reynst gagnlegur til að fræða og valdefla þátttakendur til að vinna saman að jákvæðum breytingum í vinnuumhverfinu. Í þessari rannsókn er þjálfunaraðferð sem byggir á þátttökuleikriti (e. *Forum Theatre*) innleidd í umræðuvettvang meðal lögreglufólks. Lögð er áhersla á gagnvirkt nám, að efla samkennd og stuðla að opnu samtali meðal starfsfólks. Gögnum var safnað í mars 2024 meðal 63 lögreglunema sem tóku þátt í umræðuhópum hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar. Samtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð. Spurt er: Hvaða tækifæri og hindranir felast í því að nýta gagnvirkar námsaðferðir til að vinna gegn kynferðislegri áreitni í karllægum stofnunum eins og lögreglunni? Niðurstöðurnar varpa ljósi á tækifæri gagnvirkra námsaðferða til að virkja umræðu um viðkvæm og krefjandi málefni. Með því að sameina umræðuvettvang og þátttökuleikrit stuðlaði þjálfunin að aukinni meðvitund þátttakenda um nauðsyn þess að vinna að jákvæðum breytingum í starfsumhverfinu og mikilvægi áframhaldandi samræðu um efnið. Þjálfunin gaf jafnframt þátttakendum, og mögulegum brotapolum, tækifæri til að íhuga eigin reynslu og þann skaða sem kynferðisleg áreitni getur valdið. Rannsóknin er hluti af norræna rannsóknarverkefninu UISH sem er styrkt af Nordforsk (nr. 137287) og er í samstarfi við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar og Landssamband lögreglumanna.

Lykilhugtök þroskaþjálfrafræðinnar: Fræðileg rýni út frá mannréttindum, farsæld og áfallamiðaðri nálgun

Helga Baldvins Bjargardóttir Aðjúnt, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg Aðjúnt, Anna Björk Sverrisdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í hlutverki okkar sem kennarar á þroskaþjálfrafræðibraut erum við reglulega að láta nemendur fást við að skilgreina lykilhugtök í þroskaþjálfrafræði, en höfum samt lengi fundið fyrir þörf á að dýpka, skýra og festa lykilhugtök greinarinnar í fræðilegum og faglegum grunni. Markmið okkar með þessu erindi er að móta og rökstyðja slík hugtök í ljósi mannréttindasjónarmiða, áfallamiðaðrar nálgunar og þeirra grunngilda sem birtast meðal annars í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021), lögum um þjónustu við fatlað fólk (nr. 38/2018), alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og siðareglum þroskaþjálfra.

Byggt verður á fræðilegum heimildum, rannsóknum og lagaumgjörð fagsins þar sem hlutverk og ábyrgð þroskaþjálfra eru skilgreind. Sérstök áhersla verður lögð á að skoða tengsl lykilhugtaka við gildi farsældarlaga og áfallamiðaðrar nálgunar, sem bæði leggja áherslu á snemmtækan stuðning, valdeflingu, samvinnu og lífsgæði einstaklinga.

Farsældarlögin leggja grunn að samþættri og heildrænni þjónustu með það að markmiði að draga úr áföllum og efla seiglu. Þótt lögin taki aðeins til barna, má segja að gildin sem þau byggja á endurspegli faglegt starf þroskaþjálfra með fólki á öllum aldri. Þroskaþjálfar vinna þvert á kerfi, stuðla að þátttöku og tryggja mannréttindamiðaða og aðgengilega þjónustu sem dregur úr jaðarsetningu og félagslegum hindrunum. Þessi gildi eru samhljóma áfallamiðaðri nálgun, þar sem áhersla er lögð á öryggi, traust, valdeflingu, samvinnu og menningarnæmni.

Með því að nálgast þau hugtök sem endurspeгла kjarnagildi starfsins á þennan hátt eru ætlun okkar að styrkja fræðilegar stoðir greinarinnar og faglega sjálfsmynd þroskaþjálfra.

Er stéttamunur meira feimnismál en kynja-, landsbyggðar-, þjóðmenningar- og tímamunur? Rýnt í *Þjóðfélagsfræði* fyrir unglingastig eftir Garðar Gíslason

Davíð Kristinsson aðjunkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Þjóðfélagsfræði Garðars Gíslasonar fyrir unglingastig, *Á ferð um samfélagið* (2016), er kynnt svo: „Bókin fjallar um íslenskt nútímasamfélag í samanburði við annars vegar lífið hér á landi á 19. öld og hins vegar samfélag Yanómamafrumbyggja í regnskógum Amazon.“ Með því að spegla sig ólíku lífi annarra tíma (íslenskt bændasamfélag 19. aldar) og annarrar þjóðmenningar (Yanómama) læra nemendur að það hvernig við urðum „eins og við erum [...] gerist að stórum hluta í gegnum félagsmótun“. Þetta megi auk annarra tíma og landa einnig sjá í íslenskum samtíma: „Þú þarft ekki endilega að ferðast til útlanda til að sjá hvernig mismunandi umhverfi mótar fólk. Stundum er nóg að skoða mismunandi félagsmótun út frá kyni eða búsetu.“ Það að Garðar sniðgangi nánast alfarið nútíma stéttaskiptingu er í samræmi við ráðandi tilhneigingu hérlandis þar sem þægilegra þykir að ræða mismun til dæmis út frá kyni eða landfræðilegri búsetu. Stéttamunur er stöku sinnum nefndur í bók Garðars, en þá gjarnan fjarri okkar samtíma (fornöld, franska byltingin, hindúismi, íslenskt bændasamfélag). En er stéttaskipting í íslenskum samtíma einfaldlega almennt feimnismál eða eru ástæðurnar hér einnig kennslufræðilegs eðlis, t.d. að unglingar séu of ungir til að glíma við stéttaskiptingu, meðal annars eigin bekkjar. Aðferð rannsóknarinnar er textagreining námsbókar. Niðurstöður benda til þess að óljóst sé hvers vegna stéttaskipting, einn af grundvallarhrifaþáttum félagsmótunar, er varla til umræðu í þjóðfélagsfræði Garðars. Af þeirri niðurstöðu er dregin sú ályktun að mikilvægt sé að ræða opinskátt að hvaða marki sé viðeigandi að kenna í samfélagsfræði á unglingastigi um stéttamun í íslensku samfélagi.

Hópastjórnun með Hvatningarleikjum: Áhrif á hegðun, námsástundun og hávaða í kennslustofum

Erla Björk Sveinbjörnsdóttir Doktorsnemi, Anna-Lind Pétursdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Hvatningarleikurinn (e. Good Behavior Game) er gagnreynd bekkjarstjórnunaraðferð byggð á hagnýtri atferlisgreiningu sem nýtir hópstyrkingarskilmála til að hvetja nemendur til að vinna saman sem lið og fylgja settum reglum í kennslustundum.

Könnuð voru áhrif tveggja útgáfa leiksins á truflandi hegðun, námsástundun og hávaða í kennslustofum. Í áminninga-útgáfunni, fengu lið áminningu um viðeigandi hegðun ef nemendur sýndu óæskilega hegðun og lið með áminningar innan viðmiða unnu leikinn. Í táknstyrkjaútgáfunni, veittu kennarar liðum táknstyrkja fyrir viðeigandi hegðun og lið sem náðu viðmiðum unnu leikinn. Í báðum útgáfum fengu vinningslið stutta félagslega umbun. Þátttakendur voru 17 nemendur, í 1.-2. bekk í tveimur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, tilnefndir af umsjónarkennurum úr tveimur 30 nemenda hópum vegna hegðunarerfiðleika og lítillar námsástundunar. Margþátta einliðasnið (e. multi-element designs) sýndu að báðar útgáfur höfðu jákvæð áhrif á markhegðun. Að meðaltali sýndu þátttakendur 47-49% meiri námsástundun og 74-84% minni truflandi hegðun þegar Hvatningarleikir voru notaðir. Hávaði lækkaði úr 58-64 dB í hefðbundinni kennslu í 51-56 dB með áminningaútgáfunni og 47-50 dB með táknstyrkjaútgáfunni. Helmingur kennara og 75% nemenda þótti táknstyrkjaútgáfan betri. Niðurstöður benda til þess að Hvatningarleikurinn, óháð útgáfu, geti aukið námsástundun og minnkað truflandi hegðun nemenda, sem gefur kennurum val um útgáfu sem hentar eftir aðstæðum og nemendahópi.

Samræmd próf í skólakerfi verðleika

Þorlákur Axel Jónsson Aðjúnt

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Um miðja 20. öld var mótuð menntastefna á grunni hugmynda um menntasókn þjóðarinnar og jöfn tækifæri til náms óháð búsetu, kyni og þjóðfélagsstöðu. Í þessu skólakerfi verðleika skyldi atorka í námi og sú hæfni sem nemendur tileiknuðu sér ráða framgangi innan menntakerfisins. Með því átti að tryggja réttlæti. Þessi menntastefna varð að veruleika næstu hálfa öldina samhliða uppbyggingu á öllum sviðum þjóðlífsins. Nýir þjóðfélagshópar sáu afkomendur sína stunda langskólanám og menntasókn kvenna breytti þjóðfélaginu. Hvernig virkuðu hin samræmdu próf á hátindi sínum sem samkeppnispróf þar sem einkunnir réðu möguleikum á innritun í framhaldsskóla? Hvernig var innritun háttað eftir þjóðfélagsstöðu nemenda, hvaða nemendahópar gripu tækifærin sem góð frammistaða á samræmdu prófunum veitti og hvað sagði fammistaða um líkur á að ljúka námi á framhaldsskólastigi? Rannsókn var gerð á gögnum frá fyrsta áratug þessarar aldar um námsárangur, þjóðfélagsstöðu og námsframvindu, gögnum sem fengin voru frá *Miðstöð menntunar og skólaþjónustu* (áður *Námsmatsstofnun*). Sagt er frá fjölstigagreiningum á innritun í framhaldsskóla og líkum á námslokum á framhaldsskólastigi. Þjóðfélagsstaða og fyrri námsárangur skiptu miklu máli við innritun en aðeins einkunnir á samræmdu skiptu máli gagnvart námsframvindu. Samræmdu prófin gátu hvorki unnið bug á þeim leifum stéttaskiptingar sem velferðarkerfið hafði ekki enn unnið bug á, né hindrað að millistéttarklókendi létu til sín taka í innritunarferlinu, en þau virðast hafa stuðlað að félagslegu réttlæti í skólakerfi verðleika á meðan þeirra naut við.

Is university worth it despite the cost? Institutional, social, and economic influences on higher education perceptions in Guinea-Bissau

Jon Edmund Bollom PhD student¹, Stefán Hrafn Jónsson Dean¹, Aladje Baldé Rector², Geir Gunnlaugsson Professor Emeritus¹, Jónína Einarsdóttir Professor Emeritus¹

¹Háskóli Íslands, School of Social Sciences. ²Universidade Jean Piaget Guiné-Bissau

Ágrip /Abstract

Evidence indicates highly unequal access to higher education (HE) in sub-Saharan Africa (SSA), with income, residence and gender strongly determining participation. Research suggests private schooling, family support, and teaching quality operate as key predictors of HE aspiration, whilst institutional weaknesses, including inadequate tutoring and curricular gaps, and financial pressures undermine confidence in HE value. Despite data scarcity, Guinea-Bissau is understood to perform poorly compared to regional neighbours regarding equality of access. This study draws upon survey data collected in 2022 in Bissau, from Guinea-Bissau's five largest universities (N=1605). Hierarchical logistic regression is utilised, assessing predictors of perceived HE value, including teaching quality, institutional policies, safety, and time constraints. Block order reflects theoretical priorities, with supplemental analyses testing alternative sequencing.

Respondents (31.6%) felt negatively or were undecided regarding value of HE relative to cost, whilst 68.4% responded positively. Institutional factors, including teaching satisfaction (OR=1.35, $p<0.001$) and perceived career advantage (OR=1.46, $p<0.001$) predicted positive student sentiment towards HE worth whilst reported boredom with studies predicted falling perceptions of HE utility (OR=1.19, $p<0.05$). Prior studies indicate female adolescent students report higher aspirations of HE attendance, yet this analysis revealed sexual harassment by staff erodes perceptions of HE value (OR=0.80, $p<0.01$ in initial models), potentially exacerbating gender inequities. Compared to adolescent samples of prior research, family support, including support from parents ($p>0.10$), was less significant in university cohorts, suggesting shifting influences across educational and life stages. Financial stressors, while included, had weaker effects than institutional factors in regression models ($p>0.05$).

Akademískt læsi: Lykill að virkri þátttöku og farsæld í háskólanámi

Ingibjörg Sigurðardóttir Aðjúnkt, Sigurður Kristinsson Prófessor

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Akademískt læsi hefur á undanförnum árum orðið sífellt stærra viðfangsefni fræðilegrar umræðu, þar sem áherslan hefur færst frá hefðbundinni skilgreiningu á ritunarfærni yfir í gagnrýna sýn á læsi sem flókið félagslegt og menningarlegt ferli. Í stað þess að líta á fræðilegt læsi sem staðlaða færni í ritun og lestri, sem nemendur þurfa að tileinka sér, beinist athyglin nú að þeim menningarlegu væntingum, stofnanalegu kröfum og valdatengslum sem móta fræðilega þátttöku. Erindið byggist á yfirstandandi rannsókn á akademísku læsi þar sem ætlunin er að kortleggja þróun hugtaksins og helstu nálganir á þessu sviði, og að varpa ljósi á hvernig hugtakið hefur verið skilgreint, notað og mótað samhengi rannsókna. Rannsóknin felst í fræðilegri samantekt (literature review) á lykiltæxtum úr alþjóðlegum rannsóknum með sérstakri áherslu á kenningar um tengsl ritunar, valds og sjálfsmyndar í háskólaumhverfi. Helstu niðurstöður sýna að akademískt læsi setur fræðilega ritun í víðara samhengi en áður tíðkaðist og krefst þess að kennarar íhugi hvernig þeir miðla fræðilegri menningu til fjölbreyttra nemendahópa. Í þessu samhengi vakna spurningar um hvort háskólakennarar hér á landi þurfi að tileinka sér breiðari og félagslega meðvitaðri sýn á ritun, og hvort stefnumótun þurfi að taka meira mið af fjöltyngdu og fjölbættu námsumhverfi.

Heimahöfn: A Collaborative Initiative for University Staff Development in Iceland

John Baird Kennsluráðgjafi¹, Guðrún Geirsdóttir Prófessor², Helena Sigurðardóttir Kennsluráðgjafi³

¹Háskólinn í Reykjavík, Sálfræðideild. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ³Háskólinn á Akureyri, Kennslumiðstöð HA

Ágrip /Abstract

Heimahöfn is a national project initiated in 2022, funded by the Ministry of Higher Education, Science, and Innovation. It represents a collaborative effort among educational developers from all seven universities in Iceland. The primary objective of the project is to design and implement an online platform offering accessible, on-demand educational modules tailored to the professional development needs of university teachers and other higher education staff.

The development of these modules has been informed by a comprehensive needs analysis, which identified current challenges and resource gaps faced by university educators. The resulting content is pedagogically grounded and structured to support both individual and institutional growth in teaching and learning practices.

As Heimahöfn enters its final phase, the platform is scheduled for formal launch in fall 2025. This presentation will outline the project's trajectory, beginning with its foundational aims, rationale, and theoretical underpinnings. We will then provide an overview of the platform itself, including the design and structure of the modules, their educational framework, and the types of learning activities incorporated. Finally, we will explore the anticipated integration of Heimahöfn into diverse university contexts, focusing on its role within institutional staff development strategies, recognition systems, and professional practice.

Skipulagðar málstofur

Hvað er haflæsi? Skilningur og hugtök tengd hafinu með það að markmiði að hvetja til sameiginlegra aðgerða til að draga úr losun, auka sjálfbæra starfshætti og styrkja ný viðhorf í skólum

Berglind María Ólafsdóttir Aðjúnt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Haflæsi er skilningur á áhrifum hafsins á fólk og áhrifum þess á hafið. Þessi skilgreining undirstrikar gagnkvæmt samband milli manns og sjávar með áherslu á mikilvægasta vistkerfi plánetunnar. Einstaklingur sem er vel að sér í haflæsi getur skilið grundvallarreglur og hugtök tengd hafinu, tjáð sig um hafið á þýðingarmikinn hátt og tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir varðandi hafið og auðlindir þess. Tilgangur þróunar- og kennsluverkefnisins Sjávarsögur, sem er Erasmus+ verkefni er að styðja kennara í grunnskólum til að þróa og auka þekkingu sem gerir þeim kleift að innleiða menntun á sviði haflæsis í gegnum leiklist. Í fyrirlestrinum verður farið í grunnhugtök sem snúa að haflæsi, fjallað verður um sjálfbærni, loftslagsbreytingar og súrnun sjávar og áhrif þess á hafið. Það að tala fyrir sjálfbærni gengur út á að auka meðvitund, efla aðgerðir og styrkja nemendur til að takast á við þær umhverfisáskoranir sem ógna plánetunni okkar, sér í lagi hafinu. Fræðsla nemenda um loftslagsbreytingar hvetur til sameiginlegra aðgerða til að draga úr losun, sjálfbærari starfsháttum og nýrra viðhorfa í skólum. Til dæmis skaðar súrnun sjávar lífverur eins og kórala, krækling og ostrur með því að veikja kalsíumkarbónatbyggingu þeirra. Truflun á lífsskilyrðum þessara tegunda hefur áhrif á heilar fæðukeðjur, allt frá svifi til stærri sjávarrándýra. Því er nauðsynlegt að skilja mikilvægi þess að takast á við helstu umhverfisáskoranir eins og loftslagsbreytingar, súrnun sjávar og minnkandi líffræðilegan fjölbreytileika sjávar.

Með síma í hendi og mat á skjánum: Áhrif samfélagsmiðla á íslensk ungmenni

Ingibjörg Kjartansdóttir Verk

Háskóli Íslands, Menntavísindastofnun

Ágrip / Abstract

Með síma í hendi og mat á skjánum: Áhrif samfélagsmiðla á íslensk ungmenni.

Snjallsímaeign er nær algild meðal íslenskra ungmenna í 8.–10. bekk, en tækin gegna lykilhlutverki í daglegum samskiptum og upplýsingaöflun. Samfélagsmiðlanotkun er útbreidd og um 87% notenda fylgja að minnsta kosti einum áhrifavaldi. Matartengt efni er meðal vinsælustu flokkanna og mataráhrifavalda eru í fjórða sæti yfir þá sem unglingar fylgja. Kynjamunur kemur fram í því að drengir hefja fylgni við mataráhrifavalda seinna en stúlkur, en í 10. bekk hefur þessi munur jafnast að mestu út. Notkun netmiðla í tengslum við mataræði er einnig áberandi; rétt undir þriðjungur stúlkna og um fimmjungur drengja í 10. bekk nýta öpp eða vefsíður til að styðja við hollt mataræði. Greining á WHO-5 vellíðanarkvarðanum sýndi þó engin marktæk tengsl á milli notkunar slíkra verkfæra og andlegrar vellíðanar. Aðeins um 18% nemenda töldu netnotkun almennt styðja við hollara mataræði. Þá hafði hjá meirihluta stúlkna birst upplýsingar um hvernig þær gætu létt sig verulega, sem bendir til aukinnar útsetningar fyrir hugsanlega skaðlegum skilaboðum. Niðurstöðurnar benda til þess að matartengt efni á samfélagsmiðlum hafi fyrst og fremst skírskotun til afþreyingar og lífsstíls, en hafi takmörkuð áhrif á heilsuhegðun og geti jafnframt haft neikvæðar afleiðingar fyrir líkamsímynd og vellíðan.

Erindið fjallar um notkun snjallsíma og samfélagsmiðla meðal íslenskra ungmenna, með sérstakri áherslu á fylgni við mataráhrifavalda og mataræði. Byggt er á gögnum úr yfirstandandi könnuninni *Börn og netmiðlar*, sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmir í samstarfi við Fjölmíðlanefnd. Niðurstöðurnar varpa ljósi á hvernig ungmenni nýta stafræna miðla bæði til afþreyingar og sem leið til upplýsinga um mataræði og heilsu, en einnig á þá áhættu sem felst í aukinni útsetningu fyrir megrunartengdu efni.

Sjávarsögur: Þjálfum kennara í haflæsi í gegnum leiklist

Jóna Guðrún Jónsdóttir aðjúkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Þróunar og kennsluverkefnið Sjávarsögur er Erasmus+ verkefni sem leitast við að styðja kennara í grunnskólum til að þróa og auka þekkingu sem gerir þeim kleift að innleiða menntun á sviði haflæsis í gegnum leiklist. Verkefnið hjálpar kennurum að kynna hugmyndafræði og verklag fyrir nemendum sem stuðlar að því að byggja upp kynslóð haflæsra, framtakssamra og ábyrgra borgara samfélaginu til góða. Meginmarkmið í þjálfun kennara í Sjávarsögum er að efla þekkingu og færni grunnskólakennara í hlutverkaleik og að efla faglega þróun þeirra með þjálfun í að innleiða hugmyndir tengdar haflæsi inn í ólíkar námsgreinar eins og eðlisfræði, landafræði, listir, tungumál o.s.frv. Þá verður fjallað um áhrif loftslagsbreytinga og hvernig er hægt að samþætta sjávertengd þemu og verklegar athafnir inn í kennslu. Annað meginmarkmiðið verkefnisins er að semja kennsluáætlanir fyrir kennara, sem auðvelt er að fylgja eftir, ásamt safni hlutverkaleikja, sem nýta má í kennslu samkvæmt aðalnámskrá auk tómstundastarfs og er innblásin af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í fyrirlestrinum verður farið yfir helstu aðferðir sem snúa að þjálfun kennara og nýstárleg kennsluúrræði kynnt svo sem aðferðir leiklistar, hlutverkaleikur og reynslumiðað nám. Í gegnum hlutverkaleik taka nemendur virkan þátt þar sem hlutverkaleikur krefst þess að nemendur framkvæmi og upplifi í stað þess að taka við upplýsingum án þess að bregðast við þeim. Þessi beina þátttaka getur dýpkað skilning þeirra á flóknum hugtökum og málefnum og eykur þekkingu þeirra á áhrifaríkan hátt.

Sjávarsögur: Námskrá í haflæsi í gegnum leiklist

Halldóra Rósa Björnsdóttir aðjúnkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Verkefnið *Sjávarsögur* inniheldur námskrá með námsefni auk þess að vera leiðarvísir fyrir kennara til að fylgja eftir kennslu með nemendum sínum í gegnum fjölbreytt verkefni og æfingar. Tilgangur og meginmarkmið námskrár *Sjávarsagna* er að bjóða upp á heildstæða námskrá til innleiðingar í grunnskólum og yngri bekkjum framhaldsskóla með áherslu á að fræða kennara og nemendur um haflæsi í gegnum hlutverkaleik. Í fyrirlestrinum verður námskráin kynnt ásamt myndböndum sem hægt er að nota sem kveikjur í kennslu. Námskráin er þverfagleg til að styðja við kennara í að koma haffræðilegum viðfangsefnum inn í mismunandi námsgreinar, allt frá náttúruvísindum og listum til borgaravitundar, landafræði og eðlisfræði. Auk þess eru virkar kennsluaðferðir, svo sem hlutverkaleikir, samstarf við vísindamenn, skipulagning á viðburðum til aukinnar vitundarvakningar og vettvangsferðir, til að auðga upplifun nemenda út frá reynslu og fjölbreytni. Með því að bjóða upp á aðgengilegt námsefni beinir verkefnið *Sjávarsögur* að því að efla sjálfstraust og þekkingu kennara á haffræðilegum efnum með því að bjóða upp á námsefni og leiðbeiningar til að innleiða haflæsi í þeirra eigin umhverfi. Einnig verður farið í aðferðir leiklistar svo sem kyrrmynd, kastljósið, spuna, skrifað í hlutverki og söguleikhús til að nemendur geti tekist á við flóknar aðstæður, skoðað þær frá mismunandi sjónarhornum og tekið upplýstar ákvarðanir. Hlutverkaleikur gerir þá kröfu á nemendur að þeir lesi aðstæður, vegi og meti valkosti og íhugi afleiðingar gjörða sinna. Þetta ferli skerpir hæfni þeirra til að greina aðstæður og leita lausna.

Samanburður á afkastagetu og vöðvamassa ríkjandi og víkjandi hliða meðal 12 ára knattspyrnustúlkna

Hekla Dögg Guðmundsdóttir Íþróttá- og heilsufræðingur, Rúna Sif Stefánsdóttir Lektor, Vaka Rögnvaldsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Hingað til hafa fáar rannsóknir beinst að knattspyrnukonum og enn sjaldgæfara er að ungar stúlkur í íþróttinni séu rannsakaðar sérstaklega. Markmið þessarar rannsóknar er að meta ósamhverfu á vöðvamassa, jafnvægi, lendingarkrafts og stöðugleika á milli ríkjandi og víkjandi hliðar meðal 12 ára knattspyrnustúlkna. Úrtak verkefnisins samanstendur af 85 þátttakendum sem voru að æfa knattspyrnu með völdum íþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu og voru með gild mælingagögn. Gagnasöfnun verkefnisins fór fram frá apríl til júní 2024. Líkamssamsetning var mæld með tvíorkuröntgengeislaþéttismæli (DXA), jafnvægi með jafnvægisprófi (γ-jafnvægispróf) og lendingarkraftur og stöðugleiki með kraftplötum. Niðurstöðurnar sýndu að meðalaldur stúlkanna var $11,7 \pm 0,3$ ár, meðalhæð $154,4 \pm 6,9$ cm og meðalþyngd $44,2 \pm 8,1$ kg. Vöðvamassi víkjandi hluta var örlítið hærri miðað við ríkjandi en ekki var marktækur munur ($p=0,448$). Marktækur munur var á milli ríkjandi og víkjandi fóta í AT (fram) hluta í jafnvægisprófinu ($p=0,008$), en ekki var marktækur munur á öðrum hlutum í jafnvægisprófinu. Það var ekki marktækur munur á lendingarkrafti ($p=0,945$) eða stöðugleika ($p=0,083$) á milli ríkjandi og víkjandi hluta. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ungar knattspyrnustúlkur hafi almennt jafnan vöðvamassa milli hliða. Enginn marktækur munur var á lendingarkrafti eða stöðugleika milli hliða. Fáar rannsóknir hafa skoðað eingöngu stúlkur í knattspyrnu en þessi skortur á rannsóknum dregur úr skilningi á líkamlegum og lífeðlisfræðilegum þáttum sem hafa áhrif á frammistöðu og þróun ungra knattspyrnukvenna. Þessar niðurstöður geta veitt þjálfurum og íþróttufræðingum innsýn í mikilvægi jafnvægis- og stöðugleikabjálfunar fyrir ungar stúlkur.

Tengsl milli frammistöðumælinga og getustigs meðal 12 ára íslenskra knattspyrnustúlkna

Vaka Rögnvaldsdóttir Dóent, Fjölur Bjarnason M.sc. nemi, Rúna Stefánsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Hraði, leikni og þol eru mikilvægir líkamlegir eiginleikar sem taldir eru hafa áhrif á röðun leikmanna og keppnisárangur. Skilningur á tengslum milli líkamlegrar frammistöðu og röðunar leikmanna getur veitt dýrmæta innsýn fyrir hæfileikamótun og skipulag þjálfunaráætlana.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna tengsl milli útkomu úr líkamlegum frammistöðuprófum og röðunar leikmanna meðal íslenskra 12 ára stúlkna í knattspyrnu.

Alls tóku 144 stúlkur frá tíu knattspyrnufélögum á höfuðborgarsvæðinu þátt í rannsókninni. Röðun leikmanna byggði á mati þjálfara, þar sem hver leikmaður var flokkaður eftir getu í lið 1, 2 eða 3. Líkamleg frammistaða var metin með fjórum prófum, þolprófi, 40 metra spretthlaupsprófi, stökkprófi og knattraksprófi með bolta. Einhliða fervikagreining var notuð til að meta meðaltalsmun á frammistöðu milli hópa (röðun leikmanna). Fylgnipróf voru framkvæmd til að meta tengsl milli frammistöðuprófanna. Marktæknimörk voru sett við $p < 0,05$.

Meðalaldur leikmanna var $11,8 \pm 0,3$ ár. Meðalhæð, þyngd og líkamsþyngdarstuðull (LPS) stúlkanna voru $154,4 \pm 7,2$ cm, $45,3 \pm 8,5$ kg og $18,9 \pm 2,8$ kg/m², í sömu röð. Marktækur munur kom fram á meðaltölum úr frammistöðuprófum eftir röðun leikmanna, í spretthlaupsprófi, knattraksprófi og stökkhæð. Enginn marktækur munur fannst á milli niðurstaðna úr þolprófi og röðunar leikmanna. Marktæk fylgni reyndist einnig milli allra frammistöðuprófa, að undanskildu þolprófinu.

Niðurstöðurnar sýna fram á að eiginleikar eins og hraði, boltatækni og stökkkraftur hafi skýra tengingu við röðun leikmanna meðal 12 ára stúlkna í knattspyrnu. Þessar upplýsingar eru sérstaklega gagnlegar fyrir þjálfara sem vilja greina hæfileika og stuðla að markvissri þróun ungra leikmanna.

Heilsuferðalagið: Þversniðsrannsókn á Íslendingum fæddum 1988

Kristrún María Björnsdóttir Doktorsnemi¹, Nanna Ýr Arnardóttir Lektor¹, Erlingur Sigurður Jóhannsson Prófessor², Guðrún Sunna Gestsdóttir Dósent², Ársæll Már Arnarsson Prófessor², Sæunn Rut Sævarsdóttir Doktorsnemi²

¹Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðis- viðskipta- og raunvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Markmið: Markmið rannsóknar er að meta stöðu og þversniðstengsl hreyfingar, þreks og líkamssamsetningar meðal fullorðinna einstaklinga. Rannsóknin er hluti af langtímarannsókn á Íslendingum fæddum árið 1988 og mun varpa ljósi á samspil lífsstíls og heilsufars við 36 ára aldur.

Aðferðir: Alls tóku 486 einstaklingar þátt í rannsókninni. Þátttakendur voru annaðhvort endurboðaðir úr fyrri lotum rannsóknarinnar (n=208) eða skráðu sig sjálfir eftir auglýsingu á samfélagsmiðlum (n=278). Flestir voru búsettir á Norður- og Austurlandi eða á höfuðborgarsvæðinu. Gagnasöfnun fór fram á Akureyri, Húsavík og Egilsstöðum í nóvember og desember 2024, og í Reykjavík frá janúar til júní 2025.

Þátttakendur svöruðu rafrænum spurningalista um andlega, félagslega og líkamlega heilsu. Í kjölfarið fóru þeir í heilsufarsmælingar þar sem mældur var blóðþrýstingur, gripstyrkur og þol ($VO_2\text{max}$). Þátttakendur gengu einnig með hröðunarmæli á úlnlið (ActiGraph GT3X+) samfellt í viku til að meta daglega hreyfingu, svefn og kyrrsetu. Líkamssamsetning var metin með DXA-myndgreiningu sem veitir nákvæmar upplýsingar um beinþéttni, vöðvamassa og fitudreifingu.

Niðurstöður: Af þeim sem svöruðu spurningalista (n=486) voru 63,1% konur. Heilsufarsmælingar voru framkvæmdar á 276 einstaklingum (51,4% konur) og DXA-greining á 244 þátttakendum (50% konur). Gagnaúrvinnsla stendur yfir og verða fyrstu niðurstöður birtar í kynningunni.

Ályktanir: Vonast er til að niðurstöður rannsóknarinnar muni varpa ljósi á heilsufarsstöðu þátttakenda og gefa vísbendingar um samspil lífsstíls og líkamlegrar heilsu á fullorðinsárum.

Þroski og frammistaða meðal 12 ára knattspyrnustúlkna: Tengsl beinaldurs, líkamssamsetningar og líkamlegrar frammistöðu

Rúna Stefánsdóttir Lektor, Sigurður Benediktsson Aðjúnt, Erlingur Jóhannsson Prófessor,
Vaka Rögnvaldsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur og Markmið:

Líffræðilegur þroski getur haft áhrif á þróun líkamlegrar getu og frammistöðu í íþróttum en rannsóknir hafa sýnt að þessi áhrif geti verið mismunandi milli kynja. Rannsóknir sem byggja á hlutlægum mælingum á beinaldri og líkamssamsetningu eru af skörnum skammti, sérstaklega hjá ungum stúlkum. Markmið rannsóknarinnar var að kanna tengsl beinaldurs, líkamssamsetningar og líkamlegrar frammistöðu hjá 12 ára knattspyrnustúlkum.

Aðferðir

Alls tóku 89 leikmenn (meðalaldur $11,89 \pm 0,33$ ár) frá tíu knattspyrnufélögum á höfuðborgarsvæðinu þátt og gagnasöfnun fór fram frá apríl til júní 2024. Beinaldur var mældur með röntgenmyndum sem vísbending um líffræðilegan þroska og líkamssamsetning með tvíorku röntgengeislagleypnimælingu (DXA). Líkamleg frammistaða var metin með 40 metra spretthlaupsprófi, lóðréttu stökkprófi (CMJ) og Yo-Yo IR-1 þolprófi.

Niðurstöður

Hærri beinaldur (líkamsþroski) meðal stúlkna tengdist hægari tíma í 40 metra spretti. Hins vegar virtist þroski ekki tengjast stökkhæð né frammistöðu í IR-1 þolprófi. Stúlkur sem höfðu lægri fitumassa og hlutfall líkamsfitu voru hraðari í spretthlaupi og stukku hærra. Einnig hlupu þær stúlkur sem voru með hærri fitufrían massa (vöðvamassa) hraðar. Engin tengsl fundust milli getu í IR-1 þolprófi og líkamssamsetningar eða annarra frammistöðuprófa.

Ályktanir

Niðurstöðurnar sýna að líffræðilegur þroski og líkamssamsetning geta haft áhrif á líkamlega frammistöðu hjá ungum stúlkum. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að taka mið af einstaklingsbundnum þroska þegar kemur að þjálfun og mati á frammistöðu. Einnig vekja niðurstöðurnar athygli á þörfinni fyrir markvissar rannsóknir og sérsniðnar þjálfunaráætlanir sem styðja við líkamlega þróun og árangur stúlkna í íþróttum á unglingsaldri.

Andleg líðan 12 ára knattspyrnustúlkna á Íslandi

Lárus Sigurðarson Íþróttakennari, Guðrún Sunna Gestsdóttir Dósent, Rúna Sif Stefánsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvort munur sé á andlegri líðan 12 ára knattspyrnustúlkna eftir getu þeirra í íþróttinni. Gögnin voru hluti af Stúlkur, knattspyrna og rannsókn á atgervi (SKORA), þátttakendur voru 138 stúlkur á höfuðborgarsvæðinu. Þjálfarar stúlkanna voru beðnir um að getuskipta stúlkunum í A, B og C hópa. Andleg líðan var metin með spurningalista sem innihélt spurningar um æfingafíkn (EAI/Y), hversu gaman þeim fannst á æfingum, vellíðan (WHO-5), lífsánægju (Cantril-stigi), frammistöðukvíða (SAS-2) og almennan kvíða (GAD-7). Einnig var kannað hversu oft þær æfa knattspyrnu með liði og sjálfstætt.

Niðurstöður leiddu í ljós marktækan mun á æfingafíkn, hversu oft þær æfa, hversu gaman þeim fannst á æfingu og vellíðan, á milli hópa. Hópur A var með mestu æfingafíknina og hópur C með minnstu. Marktækur munur var á æfingafíkn milli hóps C og hóps A og á milli C og B. Hópi A fannst skemmtilegast á æfingum og var munurinn marktækur á milli A og C. Varðandi vellíðan skoraði A hópur hæst og var munurinn á milli A og C hóps marktækur. Hópur A æfir knattspyrnu oftari í viku en hópur B og hópur C. Ekki reyndist marktækur munur á lífsánægju, frammistöðukvíða né almennum kvíða á milli hópa. Niðurstöður gefa til kynna að í heildina eru stúlkurnar almennt heilbrigðar en getumeiri stúlkur æfa meira, finnst skemmtilegra á æfingum, eru með meiri æfingafíkn og líður betur heldur en getuminnstu stúlkunum. Hins vegar var enginn munur milli hópa hvað varðar almennan kvíða eða lífsánægju.

Samræða og endurgjöf í náttúruvísindakennslu til að efla hugtakaskilning nemenda

Edda Elísabet Magnúsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Í þessari eigindlegu rannsókn er sjónum beint að kennsluháttum sex náttúruvísindakennara á mið- og unglingastigi úr tveimur sveitarfélögum sem tóku þátt í starfsþróunarverkefninu *Sjálfbær starfsþróun kennara til að auka gæði náms og kennslu (SÆG)*. Rannsóknin byggir á viðtölum, skriflegum ígrundunum og myndbandsupptökum úr kennslustundum þátttakenda.

Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Annars vegar að varpa ljósi á hvernig kennarar nýta samræður og endurgjöf í kennslu náttúruvísinda með stuðningi PLATO-greiningarrammans. Hins vegar hvernig þeir reyna að efla skilning nemenda sinna á náttúrulegum fyrirbærum og hugtökum með samræðum og endurgjöf. Í verkefninu settu kennararnir sér markmið um að efla samræður og endurgjöf í kennslu. Með því að rýna í frásagnir og kennsluhætti þátttakenda voru greindar aðferðir þeirra og áskoranir við beitingu þessara þátta.

Niðurstöður varpa ljósi á þann stuðning sem kennarar telja gagnlegan í að þróa kennslu í átt að virkari samræðum og markvissari endurgjöf, og hvernig PLATO-greiningarramminn getur nýst sem faglegt verkfæri í slíku umbótastarfi. Í upphafi reyndust miklar áskoranir í að nýta samræður með nemendum í kennslustundum. Kennararnir stóðu frammi fyrir því að þurfa að breyta viðhorfi og menningu meðal nemenda svo leggja mætti grunn að samræðum og markvissri endurgjöf í náttúruvísindakennslu. Ljóst er að efla þarf samræðumiðaða kennslu í skólum, auka þjálfun í kennaranámi og símenntun, og stuðning í kennsluefni.

Myndbandsupptökur í starfsþróun kennara: Væntingar, upplifun og reynsla

Helga Birgisdóttir lektor, Svava Pétursdóttir dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Rannsóknin Sjálfbær starfsþróun kennara til að auka gæði náms og kennslu (SÆG) hefur það að heildarmarkmiði að efla fagmennsku kennara með markvissri notkun á myndbandsupptökum. Litið er sérstaklega til þeirra væntinga sem þátttakendur höfðu í upphafi og reynslu þeirra af því að nýta upptökur við þróun eigin kennslu.

Þátttakendur voru 16 grunnskólakennarar og byggt er á 32 viðtölum við þá og 42 ígrundunum þeirra. Tekin var upp ein kennslustund að vori og önnur ári seinna. Gert var ráð fyrir að kennarar tækju einnig upp myndbrot af kennslu sinni þess á milli. Kennarar gerðu þróunaráætlun í upphafi verkefnisins þar sem grunnur var lagður að starfi skólaársins og væntingar koma fram.

Niðurstöður sýna að þátttakendur væntu þess að upptökurnar myndu hafa jákvæð áhrif á gæði kennslu en jafnframt að skipulag og tímastjórnun yrði áskorun sem og að fá leyfi nemenda til að taka upp. Upplifun þátttakenda í heild var jákvæð. Kennarar sáu aðallega þætti sem mátti bæta í eigin upptökum, en beindu síður athygli að því sem vel tókst til. Engu að síður var það lærdómsríkt ferli, einkum fyrir þá sem horfðu á upptökur með öðrum. Viðtöl benda til þess að líklegra sé að kennarar nýti sér upptökur með öðrum heldur en einir því sé það áhrifaríkt að vera hluti af lærdómssamfélagi og hafi jákvæð áhrif á fagmennsku í starfi.

Áskoranir og tækifæri við þátttöku í samþættu starfsþróunar- og rannsóknarverkefni sem beinist að gæðum kennslu

Anna Kristín Sigurðardóttir prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Fjölmargar niðurstöður rannsókna hafa bent til að stök námskeið sem kennurum er boðið að sækja skili ekki tilætluðun árangri eða umbótum á kennsluháttum til lengri tíma. Nauðsynlegt sé að endurskoða bæði form og skipulag starfsþróunar. Hún þarf að vara í nokkurn tíma, krefjast virkrar þátttöku kennara og vera rannsóknarmiðuð. Sjálfbær starfsþróun kennara til að auka gæði náms og kennslu (SÆG) er samþætt þróunar- og rannsóknarverkefni þar sem reynt er að svara þessu kalli. Það beinist að valdeflingu kennara til að styrkja gæði í eigin kennslu með því að nýta nýjustu þekkingu í starfstengdu faglegu námi í nánu samstarfi kennara og rannsækenda.

Markmiðið er að varpa ljósi á þær áskoranir og þau tækifæri sem felast annars vegar í því fyrir grunnskólakennara að taka þátt í verkefni af þessu tagi og hins vegar fyrir rannsækendur úr háskólasamfélaginu.

Byggt er á 32 viðtölum sem tekin voru við 18 kennara að hausti og vori á því skólaári sem verkefnið stóð yfir. Auk þess ígrunduðu kennarar þátttöku sína jafnt og þétt meðan á verkefninu stóð. Rannsækendur beittu SVÓT-greiningu við lok verkefnis til að bera kennsl á helstu áskoranir og tækifæri.

Báðir hópar sáu mikil tækifæri í SÆG-verkefninu. Kennararnir sáu tækifæri til að bæta gæði eigin kennslu og rannsækendur komu auga á tækifæri til að tengjast vettvangi og bæta kennaranám. Áskoranir voru margar og beindust þær meðal annars að tímaskorti, skuldbindingu kennara, gagnasöfnun o.fl.

Af rannsókninni má draga lærdóma um árangursríka starfsþróun sem getur nýst kennurum og þeim sem skipuleggja starfsþróun og rannsóknir í framtíðinni.

Vísindalæsi íslenskra unglunga: Þróun á árangri í PISA skoðuð í ljósi áherslna núverandi kjarnanámsefnis

Edda Elísabet Magnúsdóttir Lektor, Haukur Arason Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Komandi kynslóða bíða miklar áskoranir sem reyna á vísindalæsi, svo sem að viðhalda sjálfbærum tæknivæddum samfélögum, tryggja velferð, takast á við loftslagsbreytingar og upplýsingaóreiðu. Niðurstöður PISA (Programme for International Student Assessment) hafa sýnt að vísindalæsi íslenskra unglunga hefur hrakað jafnt og þétt frá 2009 og sérlega mikið á tímabilinu 2018 til 2022. Ísland stendur langt að baki hinum Norðurlöndunum og er árangur undir meðaltali OECD þjóðanna. Markmið rannsóknarinnar var að rýna í þróun árangurs íslenskra unglunga í einstaka hæfnipáttum í náttúruvísindahluta PISA 2009–2022 og að hvaða leyti kjarnanámsefni í náttúruvísindum á unglingastigi getur stutt við þá hæfnipætti. Verkefni í núverandi kjarnanámsefni í náttúruvísindum fyrir unglingastig voru metin út frá kenningaramma PISA 2015–2022.

Þróun árangurs var marktækt neikvæð í um helmingi PISA verkefnanna. Árangur reyndist svipaður í öllum færniflokkum en mestur breytileiki var í færninni að útskýra á vísindalegan hátt. Árangur í þekkingarflokkum var breytilegri en mesta þekkingin var á vísindalegum aðferðum en minnsta á eðli vísindalegrar þekkingar, þekking á inntaki vísindanna var breytilegust. Af greinasviðunum komu jarð- og geimvísindi slakast út. Kjarnalesefnið í náttúruvísindum studdi nánast alfarið við tvo af sex hæfnipáttum sem PISA mældi. Verkefnabækurnar studdu að mestu við þrjá hæfnipætti. Verkefnin reyndu mest á þekkingu á inntaki náttúruvísinda og færni í að útskýra fyrirbæri náttúrunnar. Það sýndi að töluvert ósamræmi er í áherslum kenningaramma PISA og þeirra sem er að finna innan kjarnanámsefnis í náttúruvísindum. Niðurstöður PISA könnunarinnar og þessarar rannsóknar gefa tilefni til alvarlegrar umræðu um stöðu náttúruvísindamenntunar á Íslandi og námsefnisgerðar á greinasviðinu.

Slakur lesskilningur heftir skilning á samfélagslegri umræðu: Mat á núverandi stöðu og leiðir til úrbóta

Sigríður Ólafsdóttir dósent

Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Deild faggreinakennslu

Ágrip / Abstract

Í fyrirlestrinum verður dregið fram með skýrum hætti hvernig íslenskt menntakerfi getur brugðist við hnignandi frammistöðu nemenda í lesskilningshluta PISA og undirbúið þá betur fyrir áframhaldandi nám og virka þátttöku í samfélaginu. Hæfniprep lesskilnings eru sett í samhengi við rökræður um orkuöflun og orkunýtingu hér á landi árið 2024. Þá eru undirþættir lesskilnings teknir fyrir út frá niðurstöðum erlendra og íslenskra rannsókna, fjallað um vandaðar og markvissar kennsluaðferðir til eflingar lesfimi og djúpum lesskilningi og þau áhrif sem alþjóðlegar menntarannsóknir geta haft á gæði menntunar. Færð eru rök fyrir því að tækifæri til framfara liggja í skólastarfi, með aukinni áherslu á vandaða og markvissa lestrarkennslu ásamt mál- og læsiseflandi viðfangsefnum með vel völdum námsorðaforða. Slíkur djúpur lesskilningur krefst færni í að finna upplýsingar í margs konar textum um áhugaverð samfélagsleg álitamál, greina, álykta, meta og taka afstöðu í rökræðum og rituðu máli. Hreyfiafl til framfara liggur hjá menntayfirvöldum sem þurfa að tryggja að kennarar fái fræðslu, stuðning, efni og aðstæður til að veita öllum börnum og ungmennum mál- og læsiseflandi skólastarf.

Að skapa rými fyrir hæglæti í leikskóla

Anna Magnea Hreinsdóttir Lektor¹, Kristín Dýrfjörð Dósent²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskólinn á Akureyri, Kennaradeild

Ágrip /Abstract

Þróunarverkefnið Stilla – hæglátt leikskólastarf stóð yfir í þrjú ár og byggði á hugmyndum um hæga uppeldisfræði (e. slow pedagogy) og hæga þekkingu (e. slow knowledge). Leitað var svara við spurningunni um hvernig hægt væri að skapa skilyrði fyrir hæglæti í leikskólastarfi og þannig efla merkingarbært nám, dýpka tengsl og styðja við faglegt lærdómssamfélag. Lögð var áhersla á að börn fengju tíma til leiks og þátttöku í daglegu starfi.

Markmiðið var tvíþætt: Annars vegar að þróa starfshætti sem gera börnum kleift að kafa djúpt í leik og nám í takt við eigin forvitni, og hins vegar að efla ígrundun og faglega sjálfsmynd kennara í gegnum skráningar, samræður og sameiginlega íhugun.

Spurningin sem leitað var svara við í rannsókninni var:

Gagnaöflun fólst í viðtölum við rýnihópa og stjórnendur, auk skráninga úr reglulegum vinnusmiðjum, leshringjum og samtölum í teymum og með ráðgjöfum. Í erindinu verður fjallað um fjórar birtingarmyndir hæglætis samkvæmt hugtökum Alison Clark: að dvelja með, að fara út af sporinu, að kafa djúpt og að horfa til lengri tíma.

Niðurstöður benda til að hæglæti skapi rými fyrir sjálfræði barna, dýpri tengsl og merkingarbært nám. Þegar tíminn er gefinn fyrir samveru og könnun, dregur það úr streitu bæði barna og starfsfólks, fagvitund kennara dýpkar og sköpun fær meira vægi í leikskólastarfi. Þannig veitir hæglátt starf ekki aðeins aukið svigrúm til að staldra við, hlusta og tengjast, heldur mótar það nýja sýn á gildi tíma og tengsla í leikskólastarfi.

Stuðningur og þátttaka foreldra skiptir máli fyrir nám og líðan unglinga

Kristín Jónsdóttir dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þátttöku foreldra í námi barna sinna á Íslandi í ljósi niðurstaðna PISA 2022. Rannsóknin byggir annars vegar á mati skólastjórnenda á þátttöku foreldra í skólastarfi og samskiptum við kennara og hins vegar á svörum 10. bekinga um stuðning og samveru með fjölskyldu.

Gögnin voru fengin úr spurningalistum sem lagðir voru fyrir nemendur og stjórnendur í tengslum við PISA-prófin. Svörin voru greind með samanburði við önnur Norðurlönd og meðaltal OECD-ríkja.

Helstu niðurstöður sýna að þátttaka foreldra í skólastarfi er takmörkuð og frumkvæði að samskiptum við kennara kemur oftast frá kennurum en foreldrum. Foreldrar ræða helst við börn sín um framtíðarmenntun en síður um daglegt skólastarf eða líðan. Um 10% unglinga njóta hvorki stuðnings né athygli frá fjölskyldu, sem vekur áhyggjur.

Rannsóknin dregur fram mikilvægi virkrar þátttöku foreldra fyrir nám og líðan unglinga. Þrátt fyrir minnkandi þátttöku foreldra á milli PISA 2018 og 2022 sýnir íslenska menntakerfið seiglu í vellíðan nemenda. Niðurstöðurnar undirstrika þörfina á að efla tengsl heimila og skóla og tryggja að allir nemendur fái þann stuðning sem þeir þurfa til að ná árangri í námi og líða vel.

Við lok erindis verður reifað hvernig við sem samfélag getum nýtt niðurstöður PISA-rannsókna til að þróa skólastarf, ef við viljum.

Fjárhættuspílahegðun hjá ungmennum á Íslandi: Niðurstöður ESPAD rannsóknar 2024

Unnar Geirdal Arason Aðferðafræðingur, Ragný Þóra Guðjohnsen Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Þátttaka ungs fólks í fjárhættuspílum hefur á undanförunum árum aukist verulega á Íslandi og samhliða hefur markaðssetningu markvisst verið beint að ungu fólki. Í Evrópsku vímuefnarannsókninni (ESPAD) 2024 sem lögð er fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla á fjögurra ára fresti, beindist ein mælingin að ástundun fjárhættuspíla meðal nemenda. Spurt var hvort þau hafi stundað fjárhættuspil síðastliðna 12 mánuði, ef þau hafi gert það þá hvaða tegund fjárhættuspíla, hversu mikill tími hafi farið í spilamennskuna síðastliðna 12 mánuði, hvort þau hafi upplifað að þurfa að leggja meiri og meiri peninga undir og hvort þau hafi logið að fólki sem þeim er mikilvægt um hversu mikið þau stundi fjárhættuspil. Niðurstöður sýndu að þátttaka íslenskra ungmenna í fjárhættuspílum er með því mesta sem gerist í Evrópu. Jafnframt vekur athygli að þátttaka stúlkna er mun meiri en gengur og gerist annars staðar í Evrópu þar sem drengir spila almennt fjárhættuspil í ríkara mæli en stúlkur. Í erindinu verða frekari niðurstöður kynntar í ljósi dýpri greiningar á hvaða þættir sem mældir voru í ESPAD rannsókninni tengjast ástundun fjárhættuspíla hjá ungmennunum. Niðurstöður eru í fyrsta lagi mikilvægar til að fylgjast með áhættuhegðun ungs fólks hér á landi og í öðru lagi geta þær varpað ljósi á hvaða þætti skuli helst beina sjónum að í forvörnum með það að markmiði að draga úr iðkun fjárhættuspíla hjá ungu fólki hér á landi.

Listir sem miðpunktur þekkingasköpunar

Rannveig Björk Þorkelsdóttir Prófessor, Jóna Guðrún Jónsdóttir Aðjúnt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í fyrirlestrinum verður fjallað um gildi listmenntunar á Íslandi með hliðsjón af niðurstöðum PISA um skapandi hugsun. Markmiðið er að greina og draga saman helstu niðurstöður könnunarinnar um skapandi hugsun og setja þær í samhengi við rannsóknir á mikilvægi listmenntunar og aðstæður í íslensku skólastarfi. Jafnframt er fjallað um niðurstöður PISA-könnunarinnar frá 2022, þar sem skólastjórnendur svöruðu spurningum um hindranir fyrir skapandi skólastarf, með það að markmiði að varpa ljósi á áskoranir og tækifæri innan menntakerfisins. Niðurstöður PISA sýna að í heildina var frammistaða íslenskra nemenda í skapandi hugsun undir meðaltali OECD-ríkja. Styrkleiki íslensku nemendanna er hinsvegar færni í að koma með frumlegar hugmyndir eða lausnir og stóðu þeir sig þar álíka vel og jafnaldrar þeirra í ríkjum OECD. Annar styrkleiki íslenskra nemenda er færni í að skrifa sögur eða vinna með söguhugmyndir og þar var frammistaða einnig áþekk meðaltali OECD-ríkja. Nemendur sýndu hlutfallslega talsvert betri frammistöðu í þessum verkefnum en í þeim sem snérust um myndræna hönnun eða lausnaleit. Því má draga þá ályktun að í íslensku skólastarfi sé lögð áhersla á skapandi kennsluhætti og að nemendur séu hvattir til að nálgast lausn verkefna með frumlegum og skapandi hætti.

Samanburður á lífaflfræði göngu og líkamlegri afkastagetu fólks með og án sykursýki af tegund 2

Steinunn Bára Birgisdóttir Meistaraniemi, Milos Petrovic Lektor, Þórdís Lilja Gísladóttir
Dósent

Háskóli Íslands, Deild heilsueflingar, íþrótt og tómstunda

Ágrip /Abstract

Inngangur: Sykursýki af tegund 2 (ST2) er langvinnur efnaskiptasjúkdómur með fylgikvilla sem geta skert heilsu og lífsgæði. Þar á meðal, en síður nefndir í tengslum við ST2, eru skertur vöðvastyrkur, jafnvægistruflanir, skertur hreyfanleiki liðamóta og breytingar á göngumynstri. Þessar takmarkanir geta verið hamlandi og þar að leiðandi dregið úr þátttöku í hreyfingu, sem er mikilvægur hluti meðferðar við ST2. **Markmið:** Tilgangur rannsóknarinnar var að bera saman styrk, jafnvægi, hreyfivídd um ökkla, gönguhraða og göngumynstur fólks með og án ST2 á Íslandi, auk þess að kanna samband líkamlegrar afkastagetu og lífaflfræði göngu meðal einstaklinga með ST2. **Aðferðir:** Rannsóknin var þversniðsrannsókn, þátttakendur voru 38 einstaklingar með ST2 (aldur: $62,03 \pm 10,28$ ár) og 40 án ST2 (aldur: $62,13 \pm 9,44$ ár). Eftirfarandi mælingar voru framkvæmdar: sjálfvalinn gönguhraði, hámarksgönguhraði, skreflengd, jafnvægi, setjast-og-standa próf (sit-to-stand test; STS), styrkur kálfavöðva og vöðva framan á læri, gripstyrkur og hreyfivídd um ökkla. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í Jamovi. **Niðurstöður:** Þátttakendur með ST2 gengu hægar, voru lengur að standa upp í STS, með lakara jafnvægi, minni styrk og verri hreyfivídd í ökkلاكreppu. Aukinn gönguhraði hafði tengsl við lengri skref, aukinn styrk í kálfavöðvum, betra jafnvægi og aukna hreyfivídd um ökkla í spyrnufasa. **Ályktun:** Niðurstöður styðja fyrri rannsóknir sem benda til skerðinga á líkamlegri færni einstaklinga með ST2. Þær varpa ljósi á veikleika sem mikilvægt er að greina og bregðast við á viðeigandi máta. Með sérhæfðri þjálfun eru tækifæri til að bæta styrk, jafnvægi og hreyfigetu, stuðla að aukinni þátttöku í hreyfingu og styðja við meðferð fólks með ST2 á Íslandi.

Að horfa til lengri tíma: Pollurinn, minningar og samfella

Júlía Guðbrandsdóttir Leikskólakennari, Magnea Arnardóttir Leikskólakennari

Leikskólinn Rauðhóll

Ágrip /Abstract

Leikskólinn Rauðhóll vann að því að tengja saman hugmyndafræði leikskólans um flæði í anda Csikszentmihalyi við hæglæti í leikskólastarfi. Í verkefninu var lögð sérstök áhersla á að horfa til lengri tíma og skapa skilyrði fyrir hægara, varanlegra nám þar sem reynsla og tengsl gátu byggst upp smám saman.

Markmiðið var að efla lífsgildi og umhverfisvitund með því að tengja leik og nám við fortíð, nútíð og framtíð barnanna. Kennararnir höfðu lengi unnið með áherslu á flæði í útiveru og í tengslum við náttúruna og sáu í verkefninu tækifæri til að dýpka þá sýn. Með því að fylgja leik barna úti og tengja hann áfram inni var stuðlað að samfelldri og merkingarbærri námsreynslu sem spannar tíma, staði og samhengi.

Þróunarverkefnið gaf kennurum ný verkfæri til að nálgast hugmyndafræði leikskólans meðal annars í gegnum skráningar, samræðu og ígrundun á markvissan hátt með áherslu á samfellda reynslu barna.

Í erindinu er lýst hvernig nokkur börn rannsökuðu poll og veltu fyrir sér áhrifum hans á gangandi vegfarendur. Kennararnir fylgdu ferlinu með uppeldisfræðilegri skráningu, meðal annars með myndum og samtölum. Þeir hlustuðu sérstaklega eftir hugmyndum barnanna og ígrunduðu hvernig hæglæti gæti nýst til að dýpka meðvitund og reynslu barna af náttúrunni og samfélaginu í kringum þau.

Niðurstöðurnar sýna að þegar tíminn er ekki skorðaður af skammtíamarkmiðum heldur notaður til að dýpka tengsl og skilning, verða til sterkari og sjálfbærari námsferlar. Í anda Csikszentmihalyi og hugmynda um hæglæti lærðu börnin að fylgjast með breytingum, skapa tengsl og sýna virðingu fyrir umhverfi sínu.

Að dvelja með: Hæglæti og samvera í fjörunni

Kristín Gísladóttir Leikskólastjóri, Elín Friðriksdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Leikskólinn Ugluklettur

Ágrip /Abstract

Að dvelja með – Hæglæti og samvera í fjörunni

Markmið okkar í Uglukletti var að skoða hvernig hæglæti getur fengið aukið rými í daglegum aðstæðum með sérstaka áherslu á útiveru og útinám. Það samræmist þeirri stefnu sem við höfum lengi þróað í Uglukletti þar sem leikur og flæði í anda Csikszentmihalyi skarast á eðlilegan hátt, bæði út frá hugarástandi og skipulagi.

Við beittum aðferðum starfendarannsóknar og skráðum ferlið í formi ferðalags. Í gegnum samtali um skráningarnar lærðum við að hægja á, hlusta betur og mæta börnunum.

Dæmið sem við munum fjalla um í erindinu snýst um að dvelja með og vísar til þess að við sem kennarar séu næmir á upplifun barna, takt þeirra, hugmyndir og samskipti. Það felur í sér að hlusta af einlægni og hægja á sér til að tengjast forvitni barnanna, eða með öðrum orðum að dvelja með hugmyndum en standa ekki fyrir utan þær.

Við unnum með hóp drengja sem ítrekað völdu að dvelja í fjörunni, þar sem þeir könnuðu og sköpuðu í takt við eigin áhuga og náðu að vera í flæði. Þar nutu kraftar þeirra sín og breyttust tóku sér birtingamynd dundurs og athygli.

Niðurstöðurnar sýna að dýrmætir tengslapunktur urðu til þegar dvalið var með börnunum í fjörunni sem byggðust ekki á fyrirfram skilgreindum markmiðum heldur opnu samtali og hlustun. Þróunarverkefnið hjálpaði okkur að styrkja það sem við vorum þegar að gera, að virða tíma barnanna og vera með þeim í raunverulegri nærveru, þar sem tími gafst til að staldra við og njóta augnabliksins.

Tengsl líkamlegrar afkastagetu við gönguhraða og orkunotkun við göngu hjá einstaklingum með sykursýki af tegund 2

Birgitta Þóra Birgisdóttir Meistaraniemi, Þórdís Lilja Gísladóttir Dósent, Milos Petrovic Lektor
Háskóli Íslands, Deild heilsuefningar, íþrótt og tómstunda

Ágrip /Abstract

Inngangur: Sykursýki af tegund 2 (ST2) er algengasta tegund sykursýki og fer tíðni sjúkdómsins vaxandi. Því fylgir aukin byrði á einstaklinga og heilbrigðiskerfi sem bregðast þarf við með bættum forvörnum og meðferð. Regluleg hreyfing er ráðlögð sem hluti af meðferð en fylgikvillar sem hafa áhrif á styrk, göngulag og hagkvæmni orkunotkunar geta dregið úr hreyfigetu. **Markmið:** Að kanna tengsl líkamlegrar afkastagetu við gönguhraða og orkunotkun við göngu hjá einstaklingum með ST2 á Íslandi. **Aðferðir:** Þátttakendur voru 38 einstaklingar með ST2 (meðalaldur 62.03 ± 10.28 ár; 32 karlar, 6 konur). Eftirfarandi mælingar voru framkvæmdar; styrkur kálfavöðva, styrkur framanálærisvöðva, gripstyrkur, jafnvægi, setjast og standa próf (e. Sit-to-stand), sjálfvalinn gönguhraði, hámarks gönguhraði, efnaskiptakostnaður (orkunotkun) við göngu, skreflengd og hreyfivídd um ökkla. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í Jamovi hugbúnaði. **Niðurstöður:** Aukin orkunotkun á sjálfvöldum gönguhraða var tengd minni gönguhraða. Aðrar breytur höfðu ekki fylgni við orkunotkun en aukin sjálfvalinn gönguhraði var tengdur aukinni skreflengd, styrk kálfavöðva og betra jafnvægi. Í aðhvarfsgreiningu höfðu kyn og styrkur framan á læri marktækt forspárgildi fyrir orkunotkun á sjálfvöldum hraða. Hámarks gönguhraði hafði ekki marktæka fylgni við aðar breytur, en í aðhvarfslíkani voru styrkur framan á læri, jafnvægi og meðaltími að standa upp (e.time to stand) marktækar forspárbreytur. **Ályktun:** Breytileika á orkunotkun við göngu meðal einstaklinga með ST2 má ekki eingöngu skýra með gönguhraða heldur getur líkamleg afkastageta verið undirliggjandi áhrifaþáttur. Á sjálfvöldum gönguhraða gegnir styrkur neðri útlíma hlutverki í að lágmarka orkunotkun en á hámarks gönguhraða hefur samverkan styrks, jafnvægis og líkamlegrar færni aukið vægi.

Þróunarverkefnið MEMM: Menntun, móttaka, menning

Fríða Bjarney Jónsdóttir Samhæfingarstjóri

Mennta- og barnamálaráðuneyti

Ágrip /Abstract

Á liðnum árum hafa orðið hraðar samfélagsbreytingar á Íslandi en í samantekt frá Mennta- og barnamálaráðuneyti fyrir Menntaþing 2024 kemur fram að tæpur þriðjungur allra barna í leik- og grunnskólum sé með innflytjendabakgrunn. Vorið 2024 var þróunarverkefnið MEMM sett á laggirnar en það byggir á víðtæku ákalli um að málefnum barna og ungmenna með fjölbreytan tungumála- og menningarbakgrunn sé betur sinnt líkt og endurspeglast í könnunum og niðurstöðum rannsókna.

MEMM er tveggja ára verkefni leitt af mennta- og barnamálaráðuneyti, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Reykjavíkurborg og þróað í víðtæku samstarfi við sveitarfélög og stofnanir sem hafa reynslu og þekkingu í málaflokknum. MEMM stendur fyrir hugtökin *menntun, móttaka og menning* og ná áherslur verkefnisins til þessara þátta en markmið verkefnisins er að stuðla að inngildingu og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íslensku samfélagi. Liður í verkefninu er að þróa þjónustu, ráðgjöf, námsefni og verkfæri fyrir öll skólastig- og frístundastarf hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu til að bregðast við þeim áskorunum sem blasa við í málaflokknum. Í málstofunni verður örkyrning á MEMM verkefninu, skoðað hvaða áskoranir blasa við og kynnt verkfæri og aðferðir sem verið er að þróa til að styðja við skólastarf.

Að fara út af sporinu: Ferlið dýrmætt fyrir tengsl og nám

Anna Lilja Sævarsdóttir Leikskólastjóri og Aðjúnkt við HA

Leikskólinn lðavöllur

Ágrip /Abstract

Innan þróunarverkefnisins Stillu um hæglátt leikskólastarf, var áhersla lðavallar, sem er 104 barna leikskóli, að rýna í hvernig styðja má við hæglátt leikskólastarf með því að fylgja áhuga og þörfum barns, þegar slíkt leiðir út fyrir skipulag og námskrá. Með því að fara út af sporinu eða taka skref til baka erum við að fagna því ófyrirséða og fylgja barninu, jafnvel þegar slíkt leiðir okkur frá því sem er fyrirfram áætlað. Hæglæti gefur tækifæri í daglegu skipulagi svo að börn geti svarað þörfum sínum og áhuga til að kanna. Kennararnir gefa því svigrúm fyrir undrun, uppgötvun og að fara eigin leiðir að markmiðum.

Kennararnir byggðu gagnasöfnun á aðferðum starfendarannsókna og uppeldisfræðilegum skráningum. Þeir greindu skráningar og skoðuðu hvernig hægt væri að opna fyrir sveigjanleika og sjálfræði í anda Reggio Emilia, þar sem dagsform og áhugi barnsins leiðir ferlið og kennarar styðja við gegnum ígrundun og sameiginlega sköpun.

Umfjöllun lðavallar segir frá barni sem nýtur viðbótarstuðnings og hvernig hæglætisverkefnið Stilla varð til þess að breyta nálgun við daglegt líf þess í leikskólanum. Niðurstöður sýna að þegar barninu var tryggt ákveðið sjálfræði um daglegar aðstæður, verður ferlið sjálft dýrmættur vettvangur fyrir tengsl og nám. Starfsfólk upplifði að sú faglega áskorun sem fylgdi því að „fara út af sporinu“ efldi næmi, dró úr stýringu og studdi við hæglæti. Þróunarverkefnið skapaði rými fyrir nýja sýn á tíma og nám og hjálpaði til við að dýpka það sem þegar var unnið að. Fyrst og fremst skapaði þessi nýja nálgun aukin tengsl og vellíðan hjá barninu sem og við fjölskyldu þess.

„Bara hörkuduglegt fólk upp til hópa“: Úrræði innan velferðarþjónustunnar í málum einforeldrisfjölskyldna í ljósi samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna

Sigurhanna Björg Hjartardóttir MA í uppeldis- og menntunarfræðum¹, Valgerður S. Bjarnadóttir Dósent²

¹Háskóli Íslands, Foreldra- og uppeldisráðgjöf. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Einstæðir foreldrar standa oft frammi fyrir fjölpættum samfélagslegum áskorunum sem foreldrar í sambúð upplifa sjaldnar. Má þar nefna fjárhagsvanda, samskiptaörðugleika við hitt foreldrið, skort á félagslegu baklandi og stuðningi og aukna streitu og vanlíðan vegna margþættra hlutverka sem bæði aðal umönnunaraðili og eina fyrirvinna heimilisins. Vegna þessara áskorana eru auknar líkur á því að einforeldrisfjölskyldur þurfi aukinn stuðning velferðarþjónustu.

Sem liður í auknum stuðningi við foreldra voru nýverið samþykkt lög um *samþætta þjónustu í þágu farsældar barna*, hér eftir *farsældarlög*. Markmið laganna er að efla snemmtæka íhlutun, brjóta niður kerfismúra og tryggja samfellu og samþættingu í þjónustu við börn og fjölskyldur. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á upplifun fagaðila af úrræðum sem nýtast einforeldrisfjölskyldum og meta áhrif farsældarlaganna á starfshætti innan velferðarþjónustunnar. Tekin voru hálf-opin viðtöl við átta fagaðila í fjórum sveitarfélögum.

Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á þær áskoranir sem einforeldrisfjölskyldur standa frammi fyrir og undirstrika þannig þörfina á auknum stuðningi frá velferðarþjónustu sveitarfélaga. Einnig benda niðurstöðurnar til þess að farsældarlögin hafi haft jákvæð áhrif á þjónustu, einkum með aukinni samvinnu milli kerfa og bættri getu til snemmtækrar íhlutunar í málsmæðferð. Þó komu fram ýmsar áskoranir í málefnum einforeldrisfjölskyldna og skortur á úrræðum til að mæta þeim. Má þar nefna foreldrafræðslu, hópúrræði og geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og foreldra. Aftur á móti er innleiðing laganna enn í gangi og gefst því tækifæri til að styrkja þessa þætti frekar.

Samræðufélagar: Námsfni og kennslufræði fyrir fjöltyngda nemendur

Hermína Gunnþórsdóttir Prófessor, Margrét Þóra Einarsdóttir Aðjúnt

Háskólinn á Akureyri, Kennaradeild

Ágrip /Abstract

Í TALÍS rannsókninni er byggt á námsfnninu Talking Partners eða Samræðufélögum sem er málörvunarprógramm sem gerir börnum kleift að hlusta á virkan hátt og tala af öryggi með styðjandi leiðsögn og endurgjöf frá kennara. Námsfnið er safn verkefna sem henta vel til að efla orðaforða, tjáningu og skilning barna á töluðu máli.

Þessari rannsókn er ætlað að koma til móts við ákall kennara um aukna þekkingu, leiðir og aðferðir sem nýtast við kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál. Gögnin sem verða notuð byggja á raunverulegum málsýnum frá nemendum og þannig verða leiðbeiningar til kennara byggðar á áskorunum sem birtast í máli nemenda

Í erindinu verður fjallað um þann hluta TALÍS rannsóknarinnar sem snýr að kennslufræðinni sem liggur aðferðinni Samræðufélagar til grundvallar, þ.e.

Samræðuna og hvernig kennarinn notar munnleg samskipti og skýrleika í framsetningu til að stýra samræðunni á markvissan hátt; þannig að úr verði virk þátttaka nemenda sem leiðir til merkingarbærs náms.

Eftirfarandi lykilþættir aðferðarinnar verða til umfjöllunar: **Modelling**, hvernig kennarinn gefur sýnileg og munnleg dæmi og veitir nemendum fyrirmyndir að tjáningu og samræðu; **Stigskiptur stuðningur** frá kennara er leiðarstef í allri kennslunni eftir því sem líður á íhlutunartímabilið; **Hlutverk kennarans** í samræðunni er forsenda árangurs, það felst m.a. í stöðugri, jákvæðri og uppbyggjandi endurgjöf til nemenda og veitir þeim þannig öryggi til að tjá sig.

Þessari rannsókn er ætlað að koma til móts við ákall kennara um aukna þekkingu, leiðir og aðferðir sem nýtast við kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál.

Styrktaræfingar í stærðfræðigreiningu: Aðferðir hugsandi skólastofu á háskólastigi

Bjarnheiður Kristinsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Ágrip / Abstract

Á fyrsta ári í hagnýtri stærðfræði, raungreinum, tölvunarfræði og verkfræði við Háskóla Íslands taka nemendur grunnnámskeið í stærðfræðigreiningu sem reynist mörgum talsverð áskorun. Algengt er að um 300 nemendur skrái sig í námskeiðið. Kennslan fer fram með fyrirlestrum í stórum sal og dæmatímum í minni hópum með aðstoðarkennara sem fer yfir dæmaskammt vikunnar. Yfirleitt mæta tæplega 200 nemendur í lokapróf og þau sem falla þurfa að bíða næsta hausts til að endurtaka námskeiðið. Fall getur valdið töf á námslokum eða að nemandi ákveður að hætta námi. Því er æskilegt að styðja nemendur til að ná tökum á stærðfræðigreiningu sem fyrst. Síðast voru gerðar tilraunir með að bjóða upp á sambærilegt námskeið strax að vori árið 2011 en brottfall var þá talsvert.

Vorið 2025 var sett í gang tilraunaverkefni á Verkfræði- og náttúruvísindasviði þar sem nemendum var boðið að taka þátt í vinnusmiðjum með aðferðum hugsandi skólastofu tvisvar í viku og í kjölfarið taka aftur próf í stærðfræðigreiningu. Hugsandi skólastofa felur m.a. í sér að nemendur vinna í slembivöldum þriggja manna hópum að verkefnum standandi við tússtöflur. Kennarar fylgjast með, spyrja spurninga, deila út verkefnum við hæfi og festa í sessi lærdóm dagsins í lok kennslustundarinnar. Brottfall var lítið og vel rúmlega helmingur þátttakenda náði prófi að vori. Í þessu erindi verður greint frá niðurstöðum könnunar meðal nemenda og sagt frá þeim kennsluaðferðum og tæknilegu lausnum sem nýttar voru við kennsluna, en almenn ánægja var með fyrirkomulagið. Ákveðið hefur verið að kenna dæmatíma í stærðfræðigreiningu haustið 2025 með aðferðum hugsandi skólastofu.

Að kanna mannlegar samræður um stærðfræði gegnum samræður við spjallmenni: Babbl, þrugl og trektun

Ingólfur Gíslason Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í þessari rannsókn skoða ég samtöl milli kennaranema og spjallmennis (ChatGPT), þar sem kennaranemar styðja spjallmennið til að leysa stærðfræðiverkefni. Markmiðið er að auka skilning okkar á sambærilegum samtölum milli kennara og mennskra nemenda. Í samtölunum gefa spjallmennin oft rangar lausnir (að mati kennaranemanna) og kennaranemarnir reyna að fá þau til að endurmeta svör sín án þess að gefa þeim einfaldlega rétta svarið. Lausnatilraunir spjallmennisins eru túlkaðar í ljósi hugtakanna „babbl“ (ófullkomnar tilraunir til að tjá hugsun) og „þrugl“ (eftirlíking á yfirborðsformi tjáningar, til dæmis að segja orð eða frasa án þess að vita hvað þeir þýða og vona að kennari taki þá gilda). Samtölin eru einnig greind út frá því hvort og hvernig kennaraneminn og spjallmennið ná að samræma athygli sína (beina henni að sama hlut). Samtölin sýna að spjallmenni geta hegðað sér á svipaðan hátt og nemendur sem „þrugla“ og að kennaranemar freistast til að beina athygli spjallmennisins að mikilvægum þáttum verkefna til að fá það til að endurmeta svör sín. Þannig leiða kennaranemar spjallmennið að réttri niðurstöðu með því að spyrja sífellt þrengri og einfaldari spurninga („trektun“, e. funneling). Þessi aðferð getur virkað að því leyti að spjallmennið kemst að ásættanlegri lausn. Stundum virðist þó afar erfitt að ná því sem líkist sameiginlegri athygli fólks með spjallmenninu, sem veldur vandræðum við lausnaleytna.

Rannsóknarsamstarf kennara og rannsækenda: Áskoranir og tækifæri

Margrét Þóra Einarasdóttir Aðjúnt, Hermína Gunnþórsdóttir

Háskólinn á Akureyri, Kennaradeild

Ágrip /Abstract

TALÍS rannsóknin felur í sér ýmiss konar samstarf rannsækenda og kennara en rannsóknin veltur í raun á því að kennarar samþykki þátttöku og kenni samkvæmt 10 vikna íhlutun með nemendum, annars verða engin gögn til. Þar að auki eru kennarar beðnir um að: taka kennslustundirnar upp og hlaða þeim upp á lokað svæði á netinu; meta nemendur fyrir og eftir íhlutun; hafa samband við foreldra vegna bakgrunnsupplýsinga, o.fl. tilfallandi og jafnvel óvænt. Fyrir utan kennsluna og matið, þá er margt í rannsóknarsamstarfinu sem er viðbót við starf hins almenna kennara enda hafa þeir ekki rannsóknarskyldu. Þessa þætti má hins vegar líta á sem starfsþróun/endurmenntun á starfstíma með faglegum ávinningi, en óljóst hvort eða hvernig kennarar fá slíka vinnu metna að öðru leyti. Rannsækendur hins vegar, hafa rannsóknir sem skilgreindan þátt í sínu starfi sem gerir þeim kleift að sinna rannsóknarsamstarfi.

Þessi ólíka staða rannsækenda og kennara verður rædd í þessu erindi með áherslur á: Kosti og galla þess fyrir starfandi kennara að taka þátt í rannsóknarverkefni; Hvað hefur reynst áskorun og hvers vegna af hálfu beggja aðila. Út frá kostum og göllum og áskorunum verður umræðan færð út fyrir þessa rannsókn og fjallað um framtíð slíkra samstarfsrannsókna í íslenskum skólum.

Stundum öðruvísi en oftast alveg eins eða jafnvel betri: Hinsegin fósturforeldrar í ljósi hugmynda um kjarnafjölskylduna

Íris Ellenberger Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Fósturfjölskyldur eru sérstakt fjölskylduform sem ekki aðeins snýst um umönnun barna heldur getur jafnframt ögrað hefðbundnum hugmyndum um fjölskyldur. Fósturfjölskyldur eru flókin fjölskyldukerfi sem krefjast þess að fósturforeldrar sinni foreldrahlutverki sínu ekki aðeins í samvinnu við maka sinn heldur einnig við stofnanir, ríkisvald og aðrar fjölskyldur. Þannig líta sumir á fósturfjölskyldur sem hinsegin - ekki með vísun til kynhneigðar eða kynvitundar fjölskyldumeðlimanna, heldur til möguleika fósturfjölskyldunnar til að ögra ríkjandi hugmyndum um kjarnafjölskylduna sem ákjósanlegasta og náttúrulegasta fjölskylduforminu.

Í þessum fyrirlestri verður rýnt í orðræður um fósturforeldrahlutverkið eins og það birtist í stöðlum, stefnuskjölum og öðrum opinberum gögnum varðandi fóstur auk viðtala við starfsmenn þeirra opinberra stofnana sem koma að fóstur á Íslandi. Gögnin voru greind með þemagreiningu með það að markmiði að varpa ljósi á viðhorf til hinsegin fósturfjölskyldna í tengslum við hefðbundin fjölskylduform. Með því að rýna í hugmyndir um einsleika, jaðarsetningu og ó/fullkomnun hinsegin fósturforeldra og fósturfjölskyldna þeirra varpar rannsóknin ljósi á undirliggjandi sís-gagnkynhneigðarhyggju og millistéttar kjarnafjölskyldugildi í stofnanalegri umgjörð fósturmála á Íslandi. Þótt yfirgnæfandi velvild ríki í garð hinsegin fósturforeldra þá mótast fósturferlið af stefnum, hefðum og orðræðum sem ýtir undir áframhaldandi forræði hinnar hefðbundnu sís-gagnkynhneigðu millistéttar kjarnafjölskyldu.

Staða einstæðra mæðra og barna þeirra í íslensku velferðarsamfélagi

Berglind Hólm Ragnarsdóttir Lektor¹, Valgerður S Bjarnadóttir Dósent², Bergljót Prastardóttir Lektor³

¹Háskólinn á Akureyri, Félagsvísindadeild. ²Háskóli Íslands, Deild menntunar og margbreytileika. ³Háskólinn á Akureyri, Kennaradeild

Ágrip /Abstract

Í þessu erindi er fjallað um niðurstöður rannsóknar á stöðu einstæðra mæðra í samanburði við mæður í sambúð. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru 12.670 einforeldrisfjölskyldur árið 2024, þar af 10.974 þar sem konur voru einar með börn. Einstæðar mæður eru því fjölmennur hópur sem jafnan ber ábyrgð á bæði vinnu, uppeldi og heimilishaldi. Þrátt fyrir það hefur staða einstæðra mæðra lítið verið skoðuð í ljósi félags- og efnahagslegra aðstæðna þeirra. Rannsóknin byggir á símakönnun sem framkvæmd var árið 2022 meðal kvenna á aldrinum 25-64 ára á Íslandi. Með því að greina sérstaklega svör mæðra á aldrinum 25-49 ára, sem er sá aldur sem konur eru virkastar á vinnumarkaði og í barnaumönnun, skoðum við meðal annars hvernig ójöfnuður eftir fjölskylduformi birtist í samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, stöðu á húsnæðismarkaði, efnislegum skorti og líf skjörum. Sérstaklega drögum við fram atriði sem lúta að því að uppfylla grunnþarfir barna einstæðra mæðra og tækifærum barnanna til þátttöku í samfélaginu. Niðurstöður benda til þess að þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku búa einstæðar mæður við minna fjárhagslegt öryggi en mæður í sambúð, tekjur þeirra nægja ekki fyrir hefðbundnum útgjaldaþörfum og meira álag er á þeim að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Tiltæk orka og ungar knattspyrnustúlkur

Gréta Jakobsdóttir Dósent¹, Birna Varðardóttir Nýdóktor²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Eurac Research - Institute of Mountain Emergency Medicine, Bolzano, Ítalíu

Ágrip /Abstract

Tiltæk orka (e. energy availability) vísar til þeirrar orku sem stendur eftir fyrir grunnstarfsemi líkamans eftir að sú orka sem varið er á æfingum hefur verið dregin frá þeirri orku sem fæst daglega úr mat. Næg tiltæk orka er forsenda heilsu og árangurs í íþróttum, óháð aldri, kyni og íþróttagrein. Langvarandi orkuskortur getur haft víðtæk neikvæð áhrif og leitt til hlutfallslegs orkuskorts í íþróttum (e. Relative Energy Deficiency in Sport, REDs). REDs getur haft ýmis neikvæð áhrif, bæði á almenna heilsu einstaklings en einnig árangur í íþróttum og aukið meiðslahættu. Á heimsvísu er lítið vitað um möguleg einkenni og áhrif REDs á heilsu, vöxt og þroska ungmenna. Mikilvægt er að kortleggja þá þætti sem geta gefið vísbendingar um REDs meðal ungs íþróttafólks svo hægt sé að grípa til snemmtækra aðgerða og nýta í árangursríku forvarnarstarfi.

Markmið þessa verkefnis er að meta hverjar af mælingunum sem framkvæmdar voru á knattspyrnustúlkum við 11 ára aldur í SKORA rannsókninni gætu gefið vísbendingu um REDs meðal ungra knattspyrnustúlkna. Hér gefst einstakt tækifæri að skoða möguleg tengsl líkamlegra breyta eins og t.d. beinþéttni, hlutfall vöðva og líkamsfitu við spurningar sem meta m.a. æfingapráhyggju. Ásamt því að skoða möguleg tengsl frávika í þroska, andlegra áskorana og annarra breyta við REDs.

Kynntar verða fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar.

Sameiginleg sýn á kennaramenntun á Íslandi

Birna Svanbjörnsdóttir Dósent¹, Berglind Gísladóttir Dósent²

¹Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Undirbúningur kennaranema fyrir kennarastarfið mótast af uppbyggingu og gæðum kennaramenntunar. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt mikilvægi þess að kennaranám byggji á skýrri sameiginlegri sýn á hvað felst í góðri kennslu. Slík sýn stuðlar að sameiginlegum skilningi meðal háskólakennara og kennaranema um markmið og innihald námsins og hvernig það styður við faglega þróun. Frá árinu 2008 hafa orðið verulegar breytingar á skipulagi og inntaki kennaramenntunar á Íslandi en lítið er vitað um hvernig sýn á kennslu er mótuð og samræmd innan námsins.

Rannsóknin sem hér er fjallað um er hluti af stæra rannsóknarverkefni á íslenskri kennaramenntun sem ber heitið *Heildarsýn og umbætur í kennaramenntun: Framþróun fyrir íslenskt menntakerfi*. Erindið byggir á eiginlegum viðtölum við stjórnendur og kennara í kennaramenntun við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Í viðtölunum var rýnt í það hvernig hugmyndir um góða kennslu eru mótaðar, miðlað og samræmdar í viðfangsefnum námskeiða, vettvangsnámi og kennslu. Markmiðið var að varpa ljósi á hvernig og hvort sameiginleg sýn og samræmd uppbygging námsins styðja við fagþróun kennaranema.

Niðurstöður benda til að viðmælendur telji mikilvægt að innan kennaranámsins sé skýr sýn á það hvað telst vera góð kennsla. Flestir töldu að þeir sjálfir hefðu ákveðna sýn á góða kennslu en voru þeir óvissir um hvort sú sýn væri sameiginleg innan námsins og töldu líklegra að hún væri ólík milli mismunandi áherslusviða kennaranámsins. Rannsóknin vekur upp spurningar um það hvort kennaranám byggist á sameiginlegum grunni um það hvað sé gott kennaranám og góð kennsla.

Breytingar í lífi ungmenna við lok grunnskóla: Berskjöldun og kvíði

Bergljót Prastardóttir Lektor, Hermína Gunnþórsdóttir Prófessor

Háskólinn á Akureyri, Kennaradeild

Ágrip /Abstract

Rannsóknir á líðan ungmenna á Norðurlöndunum benda til þess að áhyggjur, berskjöldun, kvíði og þunglyndi hafi aukist hin síðari ár, og þau eigi erfiðara með að fóta sig þegar kemur að menntun og vinnumarkaði. Rannsóknir gera yfirleitt greinarmun á hefðbundnum og nýjum gerðum berskjöldunar (e. *vulnerability*). Hefðbundin berskjöldun tengist gjarnan bakgrunni nemenda, félagslegum og efnahagslegum, kyni og þjóðerni. Nýrri rannsóknir skýra *berskjöldun* út frá sálfræðilegum þáttum, svo sem reynslu af miklum væntingum, einmanaleika, kvíða og vanlíðan, en einnig vegna tímabundinna þátta eða með tilliti til ákveðins samhengis.

Leitað er svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu: *Hvaða breytingar upplifa íslensk ungmenni við lok grunnskóla og hvernig getur ákveðin berskjöldun komið fram í þessum breytingum?*

Einstaklings- og hópviðtöl voru tekin við 14 nemendur í 10. bekk í fjórum grunnskólum á Íslandi en rannsóknin er hluti af norræna rannsóknarverkefninu INSPECT þar sem sambærileg viðtöl voru tekin við nemendur í fimm norrænum löndum. Gagnaöflun fór fram frá apríl 2023 til september 2024.

Gagnagreining er yfirstandandi en niðurstöður verða ræddar út frá *berskjöldun* ungmenna sem tímabundið og samhengisbundið fyrirbæri. Nánar tiltekið lýsum við hvernig berskjöldun getur komið fram í umbreytingum við lok grunnskóla þegar nemendur huga að framhaldsskóla og náinni framtíð. Þessar breytingar tengjast ekki aðeins breytingum frá einu skólaformi yfir í annað, heldur einnig breytingum þegar kemur að staðsetningu, jafnöldrum, menningu, væntingum og sjálfsmynd.

Trú nemenda á eigin getu og frammistaða í stærðfræðilæsi PISA 2022

Berglind Gísladóttir Dósent¹, Jóhann Örn Sigurjónsson Sérfræðingur², Freyja Hreinsdóttir
Prófessor¹, Guðmundur Bjarki Þorgrímsson Sérfræðingur³

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Miðstöð menntunar og skólapjónustu.

³Menntamálaráðuneytið

Ágrip /Abstract

Í erindinu er fjallað um tengsl trúar á eigin getu í stærðfræði, stærðfræðikvíða og stuðnings kennara við frammistöðu íslenskra nemenda í stærðfræðilæsi í PISA 2022. Markmið rannsóknarinnar var að meta áhrif þessara þátta og greina samspil þeirra í ljósi versnandi árangurs nemenda í stærðfræði á undanförunum árum. Gögn voru unnin úr PISA könnuninni þar sem 3364 íslenskir 15 ára nemendur tóku þátt.

Fyrri rannsóknir hafa ítrekað sýnt að trú á eigin getu í stærðfræði hefur sterk tengsl við námsárangur nemenda. Nemendur sem treysta sér til að takast á við stærðfræðileg viðfangsefni sýna meiri seiglu og ná betri árangri en þeir sem hafa minni trú á eigin getu. Trú á eigin getu hefur einnig sýnt sig að draga úr neikvæðum áhrifum stærðfræðikvíða og eflir virkni og þátttöku í námi.

Niðurstöður sýndu að trú nemenda á eigin getu í stærðfræði hafði sterk jákvæð tengsl við frammistöðu þeirra í stærðfræði. Stærðfræðikvíði hafði einnig neikvæð tengsl við bæði trú á eigin getu og frammistöðu í stærðfræði. Þá voru veik tengsl milli stuðnings kennara og frammistöðu nemenda í stærðfræði eftir að stjórnað var fyrir trú á eigin getu og stærðfræðikvíða.

Rannsóknin undirstrikar mikilvægi þess að leita leiða til að efla trú nemenda á eigin getu í þeim tilgangi að stuðla að betri námsárangri í stærðfræði ásamt því að vinna markvisst gegn stærðfræðikvíða nemenda. Áhersla á sjálfstraust, þrautseigju og markvissan stuðning í skólastarfi getur verið þáttur í að snúa við neikvæðri þróun í stærðfræðimenntun á Íslandi.

Tækifæri og áskoranir í starfsþróunarverkefni með myndbandsinnngripi: Stuðningur við markvissa eftirtekt kennara

Svanhildur Tekla Bryngeirsdóttir Doktorsnemi, Amalía Björnsdóttir Prófessor, Berglind Gísladóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Ítrekað hefur verið bent á að til að starfsþróunarverkefni kennara beri árangur, þurfi þau að byggja á markvissum aðferðum með virkri þátttöku kennara og skýrri áherslu á nám og kennslu. Mikilvægt er einnig að gera kennurum kleift að rýna í og ígrunda eigin kennslu og er erlendis löng hefð fyrir notkun myndupptaka í slíkum tilgangi.

Í þessari rannsókn segir frá starfsþróunarverkefni með myndbandsupptökum þar sem PLATO-ramminn þjónaði sem hugtakarammi um gæði kennslu. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvaða tækifæri og áskoranir felast í slíkum starfsþróunarverkefnum ásamt því að kanna með hvaða hætti PLATO-ramminn styður kennara í að rýna í eigin kennslu. Rannsóknin byggir á túlkandi fyrirbærafræði og voru viðtöl tekin við fjóra kennara og tvo meðlimi í stýrihópi verkefnisins.

Helstu niðurstöður gefa til kynna að kennarar líta á verkefnið sem tækifæri til þess að dýpka þekkingu sína á námi og kennslu og hlutverki sínu sem leiðtoga í skólastofunni. Til urðu virk lærdómssamfélög og lýstu kennarar því hve hvetjandi þeim þótti að spegla eigin kennslu í annarra. PLATO-ramminn virkaði vel sem tæki til þess að rýna í eigin kennslu og beina athygli kennaranna að atriðum sem tengjast gæði kennslunnar. Á sama tíma var berskjöldun fórnarkostnaður fyrir ávinning verkefnisins og höfðu kennarar mikla þörf á stuðningi á meðan þeir innleiddu breytingar í kennslustofunni. Stærsta hindrun verkefnisins var tímaskortur meðal kennara sem varpar ljósi á mikilvægi þess að kennarar hljóti ríkulegan stuðning á meðan á þátttöku í verkefnum sem þessum stendur.

INSPECT-rannsóknin: Þrír fletir á líðan nemenda á Íslandi, í Danmörku og Finnlandi

Guðmundur T. Heimisson Lektor

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

INSPECT rannsóknin er langtímarannsókn með blönduðum aðferðum, sem tekur til líðanar barna í skóla á Norðurlöndunum. Markmiðið með rannsókninni er að kortleggja andlega, félagslega og almenna líðan nemenda í kjölfar COVID-19. Í þessu erindi verða kynntar valdar niðurstöður úr meginlegla hluta rannsóknarinnar sem lagður var fyrir á spurningalistaformi. Löndin sem borin verða saman í þessu erindi eru Ísland, Danmörk og Finnland. Svör fengust frá 774 nemendum á aldrinum 13-15 ára; þar af voru 397 strákar, 368 stelpur og 9 gáfu ekki upp kyn. Leitandi þáttagreining á INSPECT spurningalistanum var gerð til að skoða hugsanlegar víddir á listanum. Helstu niðurstöður úr þáttagreiningunni voru þær að þáttabygging var eilítið mismunandi milli landanna, en sömu þrír þættirnir komu þó fram í öllum löndunum; þættir voru nefndir almenn líðan, andleg líðan og félagsleg líðan, eftir því hvernig spurningarnar á listanum röðuðust upp. Niðurstöður þáttagreiningarinnar gefa vísbendingar um bæði verndandi þætti (t.d. góð almenn líðan í skóla hefur fylgni við almenna líðan), en einnig koma fram hugsanlegir áhættuþættir á borð við lága fylgni milli félagslegrar líðanar (t.d. skilin útundan) og líðan tengdri námi, sem gæti bent til þess að ólíkum þörfum nemenda sé ekki mætt.

TALÍS: Að meta og efla íslenskufærni fjöltyngdra barna

Ingunn Hreinberg Indriðadóttir Aðjunkt og nýdoktor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Eitt af meginmarkmiðum rannsóknarinnar er að kanna íslenskufærni fjöltyngdra barna sem eru að tileinka sér íslensku og meta hvaða mállegu þætti þarf að leggja áherslu á til að styðja við íslenskunám þeirra. Enn fremur skoðar rannsóknin hversu árangursrík íhlutunarkennsla með námsefninu *Samræðufélagar* er til þess að efla íslenskufærni barnanna og hvaða mállegu þætti efnið styður best við. Meginmarkmið rannsóknarinnar eru:

1. Að greina þær málfræðilegu áskoranir sem fjöltyngdir nemendur í 1.-4. bekk í íslenskum grunnskólum standa frammi fyrir þegar þeir tala og læra íslensku.
2. Að meta hversu hagnýtt námsefnið *Samræðufélagar* er fyrir íslenskunám fjöltyngdra nemenda í íslenskum grunnskólum og fyrir kennara.

Í erindinu verður sagt frá rannsóknaraðferðum sem notaðar voru til að meta íslenskufærni þátttakenda fyrir og eftir íhlutun með *Samræðufélögum* þar sem stuðst var við ólík matstæki ásamt málsýnum til að gefa sem skýrasta heildarmynd af málfærni barnanna í íslensku og til að mæla mögulegar framfarir í ákveðnum mállegum þáttum. Fjallað verður um fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar þar sem sjónum verður einkum beint að orðaforða og meðallengd segða í máli barnanna. Niðurstöðurnar varpa ljósi á ávinning þess að nota blönduð matstæki og málsýni til þess að meta íslenskufærni fjöltyngdra barna og árangur íhlutunarkennslu.

Sköpun, vaxtarhugarfar og stærðfræðikvíði út frá PISA rannsókninni

Ósk Dagsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Samkvæmt PISA hefur stærðfræðiárangri íslenskra barna hrakað. Erfitt er að finna eina orsök á vandanum en reynt hefur verið að leita skýringa hjá skólum, kennurum, foreldrum og í notkun tölvuleikja og snjalltækja barna. Marktækur munur er á námsárangri í stærðfræði eftir félagslegri stöðu foreldra en ekki milli kynja. Í nýjustu PISA könnuninni var lögð áhersla á að skoða stærðfræðikvíða og vaxtarhugarfar. Ísland er lítillega undir meðaltali þegar kemur að stærðfræðikvíða en um helmingur íslenskra barna þjást af slíkum kvíða. Samkvæmt PISA er sterk fylgni milli stærðfræðikvíða og vaxtarhugarfars sem snýr að því að trúa að öll geti lært og tekið framförum. Á Íslandi er hins vegar um helmingur nemenda sem trúir því að greind sé óbreytanlegur fasti miðað við PISA niðurstöður. Slíkt fastmótað viðhorf ýtir undir að nemendur missi trú á eigin getu og því er til mikils að vinna að unnið sé markvisst með vaxtarhugarfar og gegn kvíða svo íslenskir nemendur geti ræktað hæfileika sína. Sköpun var mæld í fyrsta sinn í nýjustu PISA könnuninni. Þó það geti verið vandkvæðum háð að mæla sköpun skriflega eru til próf sem byggja á því að mæla skapandi hugsun með skriflegum, sjónrænum, félagslegum og vísindalegum verkefnum. Ísland er undir meðaltali þó að einnig séu nemendur sem mælast mjög skapandi. Íslenskir nemendur náðu þó mun fleiri stigum í skriflegu verkefnunum en þeim sjónrænu, félagslegu og vísindalegu. Það er því lykilatriði að styðja við sköpun íslenskra nemenda með fjölbreyttum verkefnum og námi. Sköpun er grunnþáttur menntunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla enda mikilvæg hæfni fyrir alla nemendur og samfélagið okkar.

Leiðsagnarsamtöl í skjóli trausts: Hugmyndafræðileg sýn leiðsagnarkennara og þróun fagvitundar kennaranema

Gunnar Björn Melsted meistaranemi og grunnskólakennari¹, Guðrún Ragnarsdóttir prófessor², Jóhann Örn Sigurjónsson nýdóttor³

¹Háskóli Íslands og Brúarskóli. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið - Deild menntunar og margbreytileika. ³Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Sérfræðingur í stærðfræðimenntun - Matssvið

Ágrip /Abstract

Leiðsagnarkennarar gegna lykilhlutverki í að tengja fræðilega kennaramenntun við kennslureynslu í grunnskólum. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hugmyndafræðilega sýn leiðsagnarkennara á leiðsögn og hvernig sú sýn birtist í leiðsagnarsamtölum sem áttu sér stað eftir áhorf á kennslu kennaranema í grunnskólakennaranáminu. Fáar rannsóknir hafa áður beint sjónum sínum að leiðsagnarsamtalinu sjálfu, sem þó hefur verið talið mikilvægasti þátturinn í leiðsögninni. Rannsóknin byggði á eigindlegri aðferðafræði. Myndupptökur af fimm leiðsagnarsamtölum voru greindar með greiningarramma hönnuðum af rannsakanda. Auk þess svöruðu leiðsagnarkennarar, sem allir höfðu farið í gegnum formlegt nám í starfstengdri leiðsögn og kennsluráðgjöf, spurningalista um hugmyndafræði og aðferðir í samtölunum. Greiningin beindist að inntaki samtalanna, eðli endurgjafar, samskiptum og ígrundun. Helstu niðurstöður sýna að leiðsagnarkennararnir hófu samtölin með því að taka dæmi úr kennslu og notuðu markvissar spurningar og endurgjöf til að hvetja kennaranema til ígrundunar. Samtölin fjölluðu oft um samskipti í starfi og virtust stuðla að faglegri sjálfsskoðun kennaranema. Athygli vekur að í engu samtalanna fimm hafi mátt greina skýra notkun líkana, sem kynnt eru fyrir leiðsagnarkennurum í námi þeirra í tengslum við endurgjöf eða metahugsun (e. metacognition). Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þörf er á frekari rannsóknum á leiðsagnarsamtalinu. Jafnframt vekja þær upp áleitnar spurningar um hvort leiðsagnarkennarar muni eftir þeim verkfærum sem búið er að kynna fyrir þeim í náminu eða hvort þeim finnst þau jafnvel ógagnleg. Þannig geta niðurstöðurnar nýst til umbóta á því námi sem fram fer í starfstengdri leiðsögn og kennsluráðgjöf, starfsþróun leiðsagnarkennara og til að efla leiðsagnarkennara í leiðsögn.

Tengsl fræða og starfs í kennaramenntun á Íslandi

Signý Óskarsdóttir Doktorsnemi, Berglind Gísladóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Grunnskólakennarar þurfa að búa yfir þekkingu og hæfni sem styður þá í margþættu starfi kennara. Kennaramenntun er ein grunnstoð þess að kennari hafi þá þekkingu og hæfni sem nauðsynleg er til að sinna starfi sínu. Skýr sýn innan kennaramenntunar á það hvað telst góð kennsla og kennsluhættir hjálpar kennaranemum að sjá fyrir sér góða kennslu og ná með tímanum tökum á aðferðum sem stuðla að slíkri kennslu. Kennaranám þarf því að vera byggt á heildstæðri sýn og leiða til stigvaxandi hæfni og dýpri þekkingar með tengingu fræða og starfs að leiðarljósi.

Rannsóknin sem hér er fjallað um er hluti af stæra rannsóknarverkefni á íslenskri kennaramenntun sem ber heitið *Heildarsýn og umbætur í kennaramenntun: Framþróun fyrir íslenskt menntakerfi*. Í erindinu verður fjallað um einn hluta rannsóknarinnar sem eru niðurstöður greiningar á því hvernig sýn á mikilvæga þekkingu og hæfni grunnskólakennara og tenging fræða og starfs á vettvangi birtist í námskrám, lesefni og verkefnavinnu nema í 5 ára kennaranámi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Markmiði var að koma auga á hvort heildstæð sýn sé til staðar í 5 ára kennaranámi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og tækifæri kennaranema til að tengja saman fræðilega þekkingu við störf á vettvangi.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að lokaviðmið námsleiða endurspegli sýn á hvað telst mikilvæg þekking og hæfni fyrir kennslu í grunnskóla og að innihald kennaranáms sé nokkuð heildstætt en fjölga megi tækifærum nemenda til að tengja fræði og starf með skýrari hætti.

Bakgrunnur og aðstæður grunnskólakennaranema

Amalía Björnsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur þessarar rannsóknar er að draga upp mynd af aðstæðum grunnskólakennaranema sem líklegar eru til að draga úr möguleikum þeirra á að helga sig náminu og jákvæðri upplifun af kennarastarfinu. Þetta er mikilvægt rannsóknarefni því mikill skortur er á grunnskólakennurum á Íslandi og vísbendingar um talsvert brottfall úr stéttinni og kennaranámi. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að kennaranemar eru oftast þeir sem kallað er óhefðbundnir háskólanemar það er þeir eru eldri, frekar komnir með fjölskyldu og vinna meira með námi en almennt gerist meðal háskólanema. Þessi hópur hefur því meiri skyldur og takmarkaðri tíma fyrir námið en aðrir háskólanemar. Mikilvægur þáttur kennaranáms fer fram á vettvangi og á síðasta ári kennaranáms gefst nemum kostur á því að taka launað starfsnám eða ólaunað vettvangsnám. Þar kynnast kennaranemar starfinu studdir af leiðsagnarkennurum á sama tíma og þeir sækja námskeið í kennaranáminu. Gögnum var safnað með rafrænum spurningalista sem lagðir voru fyrir alla grunnskólakennaranema á meistarastigi við Menntavísindasvið HÍ og í Kennaradeild HA. Svör bárust frá 268. Um 84% þátttakenda voru konur og tæplega 40% þátttakenda voru 36 ára eða eldri. Um þriðjungur þátttakenda var barnlaus en 47% voru með tvö börn eða fleiri í sinni umsjón. Um 87% velja að taka launað starfsnám frekar en ólaunað vettvangsnám og eru 62% þeirra í fullu starfi en aðeins 9% í hálfu starfi eins og mælt er með. Niðurstöður benda til að kennaranemar séu margir undir miklu álagi og taki á sig of miklar skyldur í launaða starfsnáminu.

Heilsuferðalagið: Þversniðsrannsókn á Íslendingum fæddum 1988

Sæunn Rut Sævarsdóttir Doktorsnemi¹, Erlingur Jóhannsson¹, G. Sunna Gestsdóttir¹, Nanna Ýr Arnardóttir², Ársæll Már Arnarsson¹, Krístrún María Björnsdóttir²

¹Háskóli Íslands. ²Háskólinn á Akureyri

Ágrip / Abstract

Alhliða heilsa er margþætt og telur þar inn meðal annars andleg, félagsleg og líkamleg heilsa. Hvernig þessir þættir spila saman og þróast í gegnum tímann er tilefni til frekari rannsókna. Heilsuferðalagið er framhald af fyrri rannsóknum á heilsu fólks á Íslandi fætt árið 1988. Fyrsta bylgja rannsóknarinnar skoðaði heilsu á unglingsárum (15 ára) og önnur bylgjan heilsu á forfullorðinsárum (23 ára). Í þriðju bylgju þessarar rannsóknar er heilsufar rannsakað á fullorðinsárum (36 ára). Eitt af aðalmarkmiðum rannsóknarinnar er að kanna langtímabreytingar á heilsu, en einnig eru skoðuð þversniðstengsl andlegrar og líkamlegrar heilsu og svefns á fullorðinsárum.

Full þátttaka í rannsókninni fólst í þremur skrefum. Fyrst svöruðu þátttakendur rafrænum spurningalista um huglæga andlega og líkamlega heilsu. Að því loknu var þátttakendum boðið að bóka tíma í heilsufarsmælingu þar sem mældur var blóðþrýstingur, gripstyrkur og þrek (VO₂max), einnig var þátttakendum boðið að ganga með hreyfímæli (ActiGraph GT3X+) í eina viku. Í kjölfarið var þátttakendum boðið að fara í DXA-mælingu á líkamssamsetningu. Öllum þátttakendum í fyrri rannsóknarlotum, sem enn voru með skráð lögheimili á Íslandi, var boðin þátttaka (n=385). Að auki var rannsóknin auglýst á samfélagsmiðlum og í útvarpi með það að markmiði að fá 100 nýja þátttakendur til að styrkja þversniðsrannsóknina. Í lok gagnasöfnunar höfðu samtals 486 þátttakendur svarað spurningalistanum, 276 mættu í heilsufarsskoðun og 244 fóru í DXA-mælingu.

Gagnasöfnun hófst haustið 2024 og lauk sumarið 2025. Vinnsla gagna er hafin og verða fyrstu niðurstöður þversniðsrannsóknar kynntar.

Tengiliðir í þjónustu farsældar: Sjónarhorn sveitarstjórnarfólks og tengiliða í leik- og grunnskólum

Díana Ívarsdóttir Meistaraniemi, Guðrún Ragnarsdóttir Prófessor, Eyrún María Rúnarsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Þrátt fyrir aukna vitund og lagaleg úrræði eru börn enn berskjölduð fyrir aðstæðum sem geta haft áhrif á líðan þeirra og þroska. Til að bregðast við þessum áskorunum tóku lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna gildi í janúar 2022. Lögin skilgreina m.a. hlutverk tengiliða sem eiga að styðja börn og fjölskyldur við að sækja viðeigandi þjónustu. Markmið rannsóknarinnar er að fylgja eftir innleiðingu, framkvæmd og útfærslu laganna með áherslu á hlutverk og verkefni tengiliða í leik- og grunnskólum. Sérstök áhersla er lögð á að greina áskoranir sem komið hafa upp í ferlinu, hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara á þeim þremur árum sem liðin eru frá gildistöku laganna. Rannsóknin byggir á para- og einstaklingsviðtölum við níu tengiliði í leik- og grunnskólum og þrjá fulltrúa sveitarstjórnastigsins í einu hverfi höfuðborgarsvæðisins. Frumniðurstöður gefa til kynna að hlutverk tengiliða sé krefjandi og margþætt; þeir þurfa að miðla málum milli barna, foreldra og fagfólks, samhæfa þjónustu og tryggja að þverfaglegt samstarf styðji við velferð barnsins. Upplifun tengiliðanna á hlutverki sínu var breytileg eftir skólastigum og tengdist aðgengi að úrræðum. Viðmælendur lýstu almennt ánægju með lögin en bentu á að sumir foreldrar séu hikandi að samþykkja samþætta þjónustu – einkum vegna rótgróinna hugmynda og sýn á barnavernd sem vekja ákveðinn ugg. Rannsóknarniðurstöðurnar hafa hagnýtt gildi fyrir stefnumótandi aðila, fagfólk í skólakerfinu og fjölskyldur.

„Það er gott að þú ert til“: Ástin sem frumspekilegur skilningur á dýrmæti annarra.

Jón Kalmansson lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Fátt er umtalaðra nú á dögum en ástin, í skáldsögum, söngtextum, kvikmyndum, og þar fram eftir götum. Þó er ekki laust við að umfjöllun um ástina sé oft fremur klisjukennd og flöt; til dæmis er gjarnan litið á hana fyrst og fremst sem huglægt fyrirbæri, sem hreina geðshræringu eða kennd, eða jafnvel mis sjálfhverfa og veruleikafirra þrá. Í fyrirlestrinum verður fjallað um annan og ríkari skilning á ástinni sem sér hana ekki aðeins sem einbera kennd heldur sem sjálfan kjarnann í sönnum tengslum okkar við aðrar manneskjur og veröldina í heild. Ástin er þá skilin sem einhvers konar samstilling eða samhljómur sálar og heims, sem birtist meðal annars í því að okkur er ljóst að tilvist annarra er fyllilega raunveruleg, góð og fögur, ekki síður en tilvist okkar sjálfra. Sönn ást felur samkvæmt því bæði í sér djúpan (frumspekilegan/siðferðilegan) skilning á dýrmætinu sem býr í hjarta alls sem er og afdráttarlausan vilja til að jata því og staðfesta í lífi sínu.

Viðhorf kennara til takmarkana á skólastarfi vegna COVID-19

Garðar Ágúst Árnason Prófessor

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið, kennaradeild

Ágrip /Abstract

Í upphafi COVID-19 farsóttarinnar í mars 2020 gripu íslensk stjórnvöld til þess ráðs að takmarka skólastarf á öllum stigum. Í þessu erindi verður farið yfir aðgerðir stjórnvalda varðandi skólastarf í grunnskólum vegna COVID-19, einkum fyrri hluta árs 2020 en einnig síðari aðgerðir þangað til öllum takmörkunum var aflétt 25. febrúar 2022, og viðhorf kennara til aðgerðanna og þeirra áhrifa sem þær höfðu. Aðgerðir stjórnvalda á Íslandi miðuðust við að halda grunnskólum opnum, líkt og gert var í Svíþjóð en ólíkt stefnu stjórnvalda í Danmörku, Noregi og Finnlandi. Byggt er á gögnum úr INSPECT rannsókninni, en spurningalistar voru lagðir fyrir kennara á tímabilinu nóvember 2023 til febrúar 2024. Meðal spurninganna voru sex spurningar um aðgerðir stjórnvalda og áhrif þeirra, með svörum á fimm-punkta Likert-kvarða, auk einnar opinnar spurningar. Áherslan í erindinu er á svörunum við opnu spurningunni, viðhorf kennara eru greind út frá þessum svörum og borin saman við viðhorf kennara á hinum Norðurlöndunum. Helstu niðurstöður eru að íslenskir kennarar höfðu mjög jákvætt viðhorf til aðgerða stjórnvalda og áhrifa þeirra, sérstaklega með tilliti til samstöðu meðal kennara og lausnamiðaðra viðbragða innan skólanna.

Þið eruð svo stór hluti af mér: Um ástarkraft skólastofunnar

Eiríksína Eyja Ásgrímsdóttir Sjálfstætt starfandi

Sjálfstætt starfandi

Ágrip /Abstract

Fjallað er um mikilvægi ástar og umhyggju í kennslustofunni, sem fræðimenn hafa bent á að hafi verið vanrækt í menntarannsóknum hérlandis. Notaðar eru kenningar um ást, ástarkraft og gjafaskipti til að greina umfang tilfinningavinnu kennara og hvernig sterkar tilfinningar sem fylgja umhyggju eru órjúfanlegur hluti af kennslustarfinu. Rannsóknin byggir á viðtölum við tólf kennslukonur sem lýsa tilfinningavinnu sinni, þar sem umhyggja og móðurleg nálgun eru áberandi í samskiptum við nemendur. Einnig eru skoðaðar ævisögur frá ýmsum tímum þar sem lýst er tilfinningum og líðan í skólastofunni. Kennararnir segja frá mikilli ólaunaðri tilfinningavinnu, sem einkennist af því að veita nemendum athygli, stuðning og öryggi, jafnvel utan vinnutíma. Móðurhlutverkið kemur oft fram í orðræðunni, þar sem kennslukonurnar líta á nemendur sem börnin sín og leggja sig fram um að mæta þörfum þeirra, bæði námslega og tilfinningalega. Rannsóknin leiðir einnig í ljós að tilfinningavinna kennara er ósýnileg og lítt metin innan skólakerfisins. Kenningar um gjafaskipti og ástarkraft eru notaðar til að skýra hvernig kennarar veita nemendum ást og umhyggju án þess að fá sambærilega endurgjöf. Niðurstöðurnar sýna að ást og kærleikur frá kennurum geta haft djúpstæð og varanleg áhrif á nemendur, jafnvel langt fram eftir aldri. Sýnt er fram á að ást, umhyggja og tilfinningavinna eru lykilþættir í farsælu skólastarfi og hafa áhrif á bæði námslega framvindu og líðan nemenda og kennara. Niðurstöðurnar benda til þess að vert sé að skoða tilfinningalega þætti sem fylgja kennslu nánar.

Me Before You, Fríða og dýrið: Ævintýri, ungar stúlkur og góðir siðir

Kristín Stella Lorange Aðjunkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

„Þú færð bara eitt líf. Það er skylda þín að lifa því til fulls,“ segir Will Traynor við Louisa Clark í kvikmyndinni *Me Before You* í leikstjórn Theu Sharrock. Þessi setning fangar kjarnann í vegferð sögupersónanna, en kvikmyndin býður upp á dýpri greiningu út frá ævintýraforminu. Í erindinu verður fjallað um greiningu á kvikmyndinni *Me Before You* en þar má greinilega sjá klassíska formgerð ævintýra, svipað og í sögunni um „Fríðu og Dýrið“, þar sem kvenhetjan umbreytist við kynni sín af sjálfhverfri og reiðri karlhetju. Sýnt verður fram á hvernig Louisa vex í gegnum tengsl sín við Will, sem hefur misst hefur lífsviljann eftir að hafa lamast í umferðarslysi. Þrátt fyrir rómantískt inntak og boðskap um að lifa lífinu til fulls, má einnig greina klisjukennd og gamaldags kynjahlutverk: Karlhetjan hefur valdið og fjármagn til að „bjarga“ kvenhetjunni, jafnvel út yfir gröf og dauða, á meðan hún sinnir umönnun, sýnir umhyggju og stuðning honum til eflingar. Með því að greina birtingarmyndir hetjanna og samspil þeirra, verður varpað ljósi á hvernig ástarsögur og kvikmyndir kenna konum og stúlkum að elska og hverju þær þurfa að fórna í þroska- og ástarferlinu. Í erindinu verður kvikmyndin einnig tengd við skvísu- og feminískar kvikmyndir. Að lokum verður þeirri spurningu varpað fram hvort kvikmyndir á borð við *Me Before You* hafi tekið við af gamla ævintýrinu sem hafði þann tilgang að innræta ungum stúlkum siðferði og góð gildi.

Hvers vegna ætti ég að bregðast við þjáningu annarra? Rýnt í hugmyndir umhyggjusiðfræðinnar

Ástríður Stefánsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Umhyggjusiðfræðin kemur fram á níunda áratug síðustu aldar sem feminískt andsvar við frjálslyndum (e.liberal) hugmyndum í siðfræði. Beinist gagnrýnin að þeim mannskilningi sem rekja má til klassískra fræðimanna eins og Kants og Rawls. Þær birta manneskjuna sem óháðan sjálfráða einstakling sem fyrst og fremst velur og neytir á eigin forsendum. Umhyggjusiðfræðin hafnar þessari sýn sem kjarna mennskrar tilveru. Þess í stað er lögð áhersla á að lýsa manneskjunni sem særanlegri veru í stöðugum tengslum við aðra. Kjarni tilverunnar hverfist þar fremur um að þiggja og veita umhyggju. Nálgun umhyggjusiðfræðinnar byggir því ekki á óhlutbundnum hugmyndum og fyrirfram gefnum réttindum, heldur fremur á mati á aðstæðum hverju sinni þar sem særanleiki manneskjunnar og þjáningin kallar á umhyggju annarra. Gengið er út frá þeirri staðreynd að við öll þurfum á umhyggju að halda ýmist tímabundið eða alltaf. Til þess að samfélagið gangi þurfum við jafnframt að vera tilbúin að veita umhyggju. Skoðað er hvaða ávinningur er af þeirri breyttu sýn sem hér er lýst á stöðu og tengsl manneskjunnar við umhverfi sitt, ásamt því að rekja þá gagnrýni sem hefur komið fram á kenninguna.

Á valdi óttans: Forstöðufólk í búsetuþjónustu á neyðartímum

Kristín Björnsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í fyrirlestrinum verður fjallað um niðurstöður eigindlegrar rannsóknar á áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins á líf og reynslu fatlaðs fólks. Hér verður sjónum beint að siðferðilegum áskorunum sem forstöðumenn í búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk stóðu frammi fyrir. Gagna var aflað úr hálfstöðluðum viðtölum og rýnihópum með 15 forstöðumönnum í búsetuþjónustu sveitarfélaga. Á tímum samfélagslegra takmarkana skapaðist flókið ástand þar sem fjöldi starfsfólks hafði hvorki þjálfun né menntun í umönnun sjúkra. Forstöðufólkið bar ábyrgð á öryggi bæði íbúa og starfsfólks, auk þess sem tryggja þurfti stuðning við íbúa sem urðu fyrir skertri þjónustu. Í fyrirlestrinum verður rýnt í þá togstreitu sem myndaðist milli þess að vernda heilsu íbúa og að virða sjálfræði þeirra. Niðurstöðurnar sýndu að ótti var ríkjandi meðal forstöðumanna og starfsfólks í tengslum við eigin heilsu og annarra. En óttinn var ekki aðeins persónubundin tilfinning heldur einnig félagslegt afl sem viðhélt þjónustunni. Fjallað verður um innbyggingu óttans út frá feminískri umhyggjusiðfræði og hvernig heimsfaraldurinn varpaði ljósi á kynjuð og ableísk kerfi umönnunar. Rannsóknin undirstrikar mikilvægi þess að greina þá ábyrgð og væntingar sem lagðar eru á starfsfólk á neyðartímum. Feminísk umhyggjusiðfræði er gagnlegt tæki til að skilja hvernig umönnun byggist ekki eingöngu á siðferðilegri skyldu heldur einnig á gagnkvæmum tengslum sem oft og tíðum eru vanmetin.

Störf sálfræðinga við skóla á Íslandi: Helstu áherslur og viðfangsefni

Silja Sóley Birgisdóttir Stuðningsfulltrúi¹, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir Prófessor², Margrét Sigmarsdóttir Prófessor³

¹Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið, Sálfræðideild. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Deild menntunar og margbreytileika. ³Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda

Ágrip /Abstract

Sálfræðingar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku skólakerfi um áratugaskeið en hlutverk þeirra hefur þó ekki verið skilgreint formlega og ekki liggja fyrir upplýsingar um störf þeirra nema að takmörkuðu leyti. Markmið þessarar rannsóknar var því að öðlast heildstæða mynd af störfum sálfræðinga við skóla á Íslandi, hvernig þau samræmast lagalegu hlutverki skólaþjónustu og hvernig þau koma heim og saman við framtíðarsýn stjórnvalda eins og hún birtist í menntastefnu til 2030. Rafrænn spurningalisti var lagður fyrir starfandi sálfræðinga við leik- og grunnskóla ($N = 37$) þar sem spurt var meðal annars um menntunarbakgrunn, fyrirkomulag og viðfangsefni starfs þeirra. Einnig voru þátttakendur spurðir hvort þeir vildu verja meiri eða minni tíma í ýmsa verkþætti starfs síns. Niðurstöður sýndu að mestum tíma er varið í athuganir, mat og greiningar á nemendum en minni tíma er almennt varið í aðra verkþætti. Samhljómur var um að verja ætti meiri tíma í forvarnastörf. Hvað ráðgjöf snertir vörðu þátttakendur mestum tíma í ráðgjöf við foreldra um sálfélagsleg viðfangsefni en almennt var litlum tíma varið í ráðgjöf og stuðning við starfsfólk skóla. Þetta er áhugavert þar sem eitt meginhlutverk skólaþjónustunnar er að styðja við skóla sem faglegar stofnanir. Niðurstöður geta nýst bæði til að efla frekari rannsóknir á sviði skólasálfræði á Íslandi og til þess að upplýsa um hlutverk sálfræðinga við skóla í núverandi fyrirkomulagi skólaþjónustu sveitarfélaga.

Líkamleg hreyfing íslenskra ungmenna frá 15 til 17 ára aldurs: Þróun eftir tíma dags og tegund hreyfingar

Þuríður Helga Ingvarsdóttir Doktorsnemi¹, Nanna Ýr Arnardóttir Lektor², Vaka Rögnvaldsdóttir Dósent¹, Rúna Sif Stefánsdóttir Lektor¹, Kong Chen Senior Clinical Investigator and Director³, Erlingur Jóhannsson Prófessor¹

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðis-, vísinda- og raunvísindasvið. ³National Institutes of Health, Metabolic Clinical Research Unit

Ágrip /Abstract

Markmið

Rannsóknir hafa gefið til kynna að líkamleg hreyfing minnki mikið á unglingsárum en lítið er vitað um hvernig hreyfingin þróast eftir tíma dags og tegund hreyfingar. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna þróun á hreyfingu íslenskra ungmenna frá 15 til 17 ára aldurs á skólatíma og eftir skóla, auk þróunar á virkum ferðamáta til skóla, skipulagðri og óskipulagðri íþróttabátttöku. Einnig var kannað hvort kyn og menntun foreldra gæfu forspárgildi um þróun þessara þátta.

Aðferðir

Hreyfing á skólatíma og eftir skóla var mæld með Actigraph GT3X+ hreyfímælum við 15 og 17 ára aldur (n=151, 93 stúlkur). Virkur ferðamáti til skóla, skipulögð og óskipulögð íþróttabátttaka voru mæld með spurningalistum. Fjölpæpa aðhvarfsgreiningarlíkön voru notuð til að kanna kyn og menntun foreldra sem mögulega forspárbætti fyrir þróun þessara þátta.

Niðurstöður

Hreyfing minnkaði um 29% á skólatíma og 11% eftir skóla milli 15 og 17 ára aldurs. Hlutfall þeirra sem notaði virkan ferðamáta til skóla lækkaði úr 72% í 6%. Skipulögð íþróttabátttaka minnkaði úr 64% í 39% en óskipulögð íþróttabátttaka breyttist ekki marktækt (80% við 15 ára og 76% við 17 ára). Eftir skóla minnkaði hreyfing meira meðal drengja og þeirra sem áttu ekki foreldri með háskólagráðu, meira en hreyfing annarra. Hvorki kyn né menntun foreldra spáði fyrir um breytingar á hreyfingu á skólatíma, virkum ferðamáta, skipulagðri eða óskipulagðri íþróttabátttöku.

Ályktanir

Mikilvægt er að styðja við hreyfingu hjá íslenskum ungmennum á aldrinum 15 til 17 ára, bæði á og utan skólatíma, með virkum ferðamáta og skipulagðri þátttöku í íþróttum.

Þróun kennsluhátta til eflingar ritunarfærni nemenda

Ásdís Jóhannesdóttir grunnskólakennari¹, Sigríður Ólafsdóttir dósent², Stefanie Bade nýdóktor³

¹Öldutúnsskóli. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ³Háskóli Íslands, Hugvísindasvið

Ágrip /Abstract

Orðin sem gera okkur kleift að nota íslensku í námi á öllum sviðum og skólastigum eru orð í lagi 2 (útbreiðsla, langvinnur, heimila). Meginmarkmið rannsóknarinnar var að beita markvissum kennsluaðferðum til eflingar læsisfærni nemenda. Unnið var með með samræður og ritun samhliða lestri á áhugaverðum textum, með mikilvægum námsorðaforða í lagi 2.

Kennslan fór fram skólaárið 2024–2025 með tilraunarhópi nemenda í 4. bekk grunnskóla (25 nemendur) sem voru í umsjónarbekk rannsakanda. Fenginn var samanburðarhópur jafnaldra í öðrum skóla sem fengu hefðbundna kennslu (34 nemendur). Í tilraunarhópnum voru tekin fyrir ákveðin umfjöllunarefni með völdum námsorðum, nemendur lásu texta, ræddu síðan og skrifuðu um efni textanna, og voru nemendur hvattir til þess að nota námsorðin. Til að meta framvindu og árangur verkefnisins skráði rannsakandi reynslu og hugrenningar sínar í dagbók. Auk þess voru ritunarpróf lögð fyrir nemendur í upphafi og við lok tímabilsins, tilraunarhópin og samanburðarhópin.

Niðurstöður ritunarprófanna leiddu í ljós að að samanburðarhópurinn var betri í upphafi í heildarfjölda orða og í stigafjölda (gæði ritverkanna), en námsorð voru næstum ekkert notuð í báðum hópum. Tilraunarhópurinn fór fram úr í stigafjölda og notkun námsorða (að meðaltali 3,3 orð), þrátt fyrir að vera enn með minni heildarfjölda orða í ritverkunum.

Dagbókarskrifin sýna hvernig framfarir áttu sér stað hjá rannsakanda í gegnum rannsóknartímabilið sem endurspegladist í aukinni virkni og ánægju nemendanna. Verkefnið getur verið fyrirmynd að starfsþróun kennara, en mikilvægt er að auka þekkingu á þeim tækifærum sem felast í því að nemendur ræði og skrifi um efni lesinna texta, sem eflt getur lesskilning þeirra, orðaforða og ritunarfærni.

Tengsl milli getustigs og þjálfunar meðal 12 ára íslenskra knattspyrnustúlka

Sigurður Benediktsson Aðjunkt, Erlingur Jóhannsson Prófessor, Rúna Stefánsdóttir Lektor,
Vaka Rögnvaldsóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Getuskipting og val á leikmönnum er flókið samspili líkamlegra, tæknilegra og sálfélagslegra þátta leikmanna. Skilningur á þessum þáttum, ásamt markvissri og einstaklingsmiðaðri þjálfun getur verið lykilatriði í árangursríkri hæfileikamótun og stuðlað að heildstæðum þroska og vellíðan ungra leikmanna.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna tengsl á milli röðunar á getustigi og aldur við upphaf knattspyrnuíðkunar, hversu oft þær æfðu sjálfar, æfingafjölda, ánægju og iðkun annarra íþrótta á meðal íslenskra 12 ára stúlka í knattspyrnu.

Alls tóku 144 stúlkur frá tíu knattspyrnufélögum á höfuðborgarsvæðinu þátt í rannsókninni. Þjálfarar stúlkanna gáfu upp vikulegan fjölda æfinga liðsins og flokkuðu leikmenn í þrjú getustig (lið 1–3). Þátttakendur svöruðu spurningalista þar sem meðal annars var spurt um aldur við upphaf knattspyrnuíðkunar, hversu oft í viku þær æfðu sig sjálfar í knattspyrnu, ánægju á æfingum og æfingar í öðrum íþröttum. Einhliða fervikagreining var notuð til að meta meðaltalsmun á svörum úr spurningalista á milli hópa (röðun leikmanna). Marktæknimörk voru sett við $p < 0,05$.

Meðalaldur þátttakenda var $11,8 \pm 0,3$ ár. Marktækur munur fannst milli getuflokka og aldur við upphaf knattspyrnuíðkunar, hversu oft þær æfðu sjálfar, fjölda knattspyrnuæfinga á viku og ánægju á æfingum. Leikmenn í hærri styrkleikaröðun hófu iðkun fyrr, æfðu oft og lýstu yfir meiri ánægju. Ekki fannst marktækur munur á getuflokkum og ástundun annarra íþrótta.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að geta stúlka í knattspyrnu tengist aukinni þátttöku í knattspyrnu frá unga aldri og reglulegri þjálfun. Jákvæð upplifun af æfingum virðist einnig skipta máli og dregur fram mikilvægi jákvæðs og félagslegs æfingaumhverfis.

Aðlögun og fýsileiki gagnreyndrar foreldrafærnimeðferðar PMTO: Skólasóknarvandi meðal barna

Ásdís Jóna Björnsdóttir Sálfræðingur¹, Margrét Sigmarsdóttir Prófessor², Bergljót Gyða Guðmundsdóttir Prófessor³

¹Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið, Sálfræðideild. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda. ³Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Deild menntunar og margbreytileika

Ágrip /Abstract

Skólasóknarvandi meðal barna og unglunga getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þroska og aðlögun þeirra en vísbendingar eru um að erfiðleikar við skólasókn hafi aukist á heimsvísu. Þrátt fyrir þekkingu á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar er skortur á árangursríkum úrræðum á þessu sviði. Rannsóknir benda til þess að þáttur foreldra skipti sköpum í þróun skólasóknarvanda og að markviss efling foreldrafærni geti haft bein áhrif á viðhorf, hegðun og líðan barna þegar kemur að skólagöngu. PMTO (Parent Management Training – Oregon aðferð) er gagnreynt meðferðarúrræði til að efla foreldrafærni, sem stuðlar að uppbyggilegum samskiptum innan fjölskyldna og dregur úr hegðunarerfiðleikum meðal barna. Í þessari rannsókn, sem er sú fyrsta sinnar tegundar, var kannað hvort aðlöguð útgáfa af PMTO-foreldrafærni, í formi PTC-hópmeðferðar (Parenting Through Change) fyrir foreldra, gæti verið fýsileg og árangursrík til að bregðast við skólasóknarvanda meðal grunnskólabarna hér á landi. Upphaflegt úrtak samanstóð af 35 foreldrum 24 barna í 1.-7. bekk. Þar af luku 26 foreldrar 20 barna hópmeðferðinni í þremur hópum undir leiðsögn þjálfara PMTO-meðferðaraðila. Helstu niðurstöður sýndu að foreldrar eru almennt ánægðir með úrræðið og að það geti stuðlað að aukningu á jákvæðum uppeldisaðferðum foreldra. Einkum benda niðurstöður til að aðlagð PMTO sé framkvæmanlegt og viðeigandi fyrir þennan hóp foreldra og undirstrika mikilvægi frekari þróunar og innleiðingar gagnreyndra úrræða við skólasóknarvanda. Í næstu rannsóknum á notkun úrræðisins vegna þessa vanda væri gagnlegt að kanna betur hlutverk skólans í lausn hans og jafnframt að kanna sýn barna og starfsfólks skóla.

Sambætting SMT-skólafærni og kennslu í félags- og tilfinningafærni: Fylgni við aðferð og áhrif á innleiðingu

Sandra Jónsdóttir Meistaraniemi¹, Margrét Sigmarsdóttir Prófessor², Bergljót Gyða Guðmundsdóttir Prófessor³

¹Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið, Sálfræðideild. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

³Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Deild menntunar og margbreytileika

Ágrip /Abstract

Hegðunarerfiðleikar meðal barna hafa lengi verið áhyggjuefni á Íslandi eins og víða í heiminum sökum alvarlegra afleiðinga. SMT-skólafærni, þrepaskipt forvarna- og stuðningskerfi byggt á sterkum rannsóknargrunni, hefur verið til staðar á Íslandi í áratugi. Lögð er áhersla á að mæta þörfum allra nemanda, efla jákvæða hegðun, draga úr hegðunarerfiðleikum og bregðast við vanda á þrepaskiptan hátt. Mikilvægt er að starfsfólk og stjórnendur skóla beri traust til aðferða sem þessara og tryggi að innleiðing og viðhald þeirra fari rétt fram til að ná tilsettum árangri. Sé þess ekki gætt getur viðhorf starfsfólks mótast af slökum árangri, sem má rekja til ómarkvissrar innleiðingar. Markmið erindisins er að segja frá niðurstöðum rannsóknar um það hvort íslenskir grunnskólar, sem hafa innleitt SMT-skólafærni, fylgi aðferðinni eftir í samræmi við viðmið og leiðbeiningar. Fylgni við aðferð var metin með SET-lista (e. School-wide Evaluation Tool). Þátttökuskólar fengu jafnframt tækifæri til að innleiða almenna kennslu í félags- og tilfinningafærni (e. social emotional learning; SEL). Kannað var hvort marktækur munur væri á SET-skorum milli skóla sem samþykktu að sambætta SMT-skólafærni og SEL og þeirra sem afþökkuðu það. Gert var ráð fyrir að skólar sem ekki höfðu áhuga á SEL-innleiðingu myndu skora lægra á SET-lista. Niðurstöður sýndu að skólar sem samþykktu SEL-þátttöku skoruðu jafnan hærra í fylgni við aðferð og voru oftast yfir viðmiðum um gæði innleiðingar. Munurinn reyndist þó ekki marktækur, sem mætti skýra með smæð úrtaks og takmörkuðu tölfræðilegu afli (e. statistical power). Áriðandi er að sveitarfélög tryggi fjármögnun verkefna sem þessara, þar sem lýðheilsa barna á í hlut.

Og áfram heldur sagan...

Guðrún Steinþórsdóttir aðjunkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Sköpun er einn af grunnþáttum menntunar sem hægt er að virkja á fjölbreyttan hátt í bókmenntakennslu. Í þessu erindi er rætt hvernig beita má aðdáendaspuna (e. *fanfiction*) sem kennsluáðferð til að kynda undir sköpunarkraft nemenda, auka áhuga þeirra á bókmenntum og efla ritunarfærni. Aðdáendaspuni byggir á því að höfundar semja eigin texta út frá sögum, persónum eða heimum sem þeir þekkja úr bókmenntum, kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tölvuleikjum eða öðrum miðlum. Rætt verður hvernig nýta má aðdáendaspuna sem skapandi verkefni á ólíkum skólastigum, meðal annars með hliðsjón af því þegar nemendur vinna með þekkt skáldverk og þróa eigin útgáfur af sögunni, spinna við hana eða umbylta henni. Þá verður fjallað um hvernig vinna með aðdáendaspuna gagnast til að samþætta lestur og ritun með skapandi nálgun þar sem sérstök áhersla er lögð á lesskilning, bókmenntagreiningu, persónusköpun, byggingu frásagnar og ritun. Reynslan sýnir að skrif á aðdáendaspunum getur aukið virkni og áhuga nemenda á skáldskap, eflt færni þeirra í bókmenntagreiningu, þjálfað þá í ritun og hjálpað þeim að tengja betur við lesefnið. Með því að gefa nemendum tækifæri til að skapa sögu innan þekkts bókmenntaheims fá þeir aukið rými til að tjá sig, skilja texta á nýjan hátt og kunna að upplifa lestur og ritun sem skemmtilegt og skapandi ferli.

Þróun málþroskaprófa: Forprófun MÍSL-G

Póra Másdóttir Dósent¹, Jóhanna Thelma Einarsdóttir Prófessor², Patrekur Örn Gestsson MS í sálfræði¹

¹Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið/Heilbrigðisvísindasvið

Ágrip /Abstract

Á undanförunum árum hafa komið út á Íslandi nokkur stöðluð matstæki sem ætlað er að meta framburðar- og málþroska barna á leikskólaaldri. Talmeinafræðingar hafa því aðgang að áreiðanlegum og réttmætum matstækjum fyrir börn fram að grunnskólaaldri.

Leikskólakennarar hafa einnig ýmis próf og lista til að skima fyrir þroskafrávikum og brátt munu þeir hafa aðgang að stöðluðum matslista, LANIS, til skimunar á frávikum í tal- og málþroska þriggja ára barna. Lítið er um matstæki ætluð eldri börnum á Íslandi en þau próf sem notuð hafa verið eru ýmist úrelt eða athuga aðeins afmarkaða þætti málþroskans. Í þróun er nýtt málþroskapróf, Málfærni íslenskumælandi grunnskólabarna (MÍSL-G), sem ætlað er börnum á aldrinum 6;0–9;11 ára. Tvær forprófanir á MÍSL-G hafa farið fram til að kanna próffræðilega eiginleika prófsins, m.a. til að athuga hvort atriðasafn prófsins greini nægjanlega vel á milli færni barna á þessum aldri með tilliti til málskilnings og máltjáningar. Í þessu erindi verður fjallað um þróun MÍSL-G, niðurstöður forprófana, val atriða og undirbúning stöðlunar. Niðurstöður forprófana verða settar í samhengi við athugun á málþroska barna á víðu aldursbili, allt frá ungum börnum og fram á grunnskólaaldur.

Inngildandi menntun: Áskoranir í innleiðingu

Bergdís Wilson Sviðsstjóri

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Skólaþróunarsvið

Ágrip /Abstract

Ein af áherslum menntayfirvalda er að veita öllum börnum jöfn tækifæri í inngildandi skólastarfi en verið er að innleiða fjölmörg metnaðarfull verkefni og kerfi á landsvísu í anda þess. Samhliða blasa við fjölmargar áskoranir sem mikilvægt er að greina og bregðast við. Án þess er hætt á að árangurinn verði lítill og leiði af sér það sem kalla mætti „innleiðingarþreytu“ hjá skólafólki.

Þegar liggja fyrir fjölmargar innlendar og erlendar skýrslur og úttektir á íslensku skólakerfi. Má í því sambandi nefna úttekt Evrópumíðstöðvar um menntun fyrir alla, úttekt skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur á stoðþjónustu í grunnskólum borgarinnar, rannsókn á skólaþjónustu sveitarfélaga og skýrslu um sveigjanlega nýtingu fjármagns í grunnskólum. Í mörgum þeirra er fjallað um að menntakerfið bjóði ekki upp á samþætt vinnubrögð og að stoðkerfið veiti oftast einstaklingsstuðning í stað þess að styðja heildstætt skólastarf. Einnig að við þurfum að skilgreina hlutverk skólaþjónustu betur, skapa sameiginlegan skilning á því hvað sé menntun án aðgreiningar eða inngildandi menntun og byggja sameiginlegan vettvang þar sem allir læra saman.

Í erindinu verður fjallað um nokkrar af þessum áskorunum og rætt um mikilvægi samstarfs og samvinnu í menntakerfinu til að bregðast við með það að markmiði að öllum börnum finnist þau tilheyra, þau finni fyrir öryggi og fái nám við hæfi. Til þess að svo megi verða þurfum við að takast á við áskoranir í innviðum okkar, undirbúa breytingar og byggja innleiðingu á raunverulegum þörfum allra barna.

Fagleg móttaka: Lykill að góðum tengslum og árangri

Alda Áskelsdóttir Sérfræðingur í námsgagnagerð

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip /Abstract

Móttaka nýrra nemenda er oft fyrstu kynni fjölskyldunnar af íslensku skólakerfi. Þessi fyrstu kynni geta skipt sköpum en þegar traust og virðing myndast strax í upphafi eru meiri líkur á farsælu samstarfi og jákvæðum viðhorfum hjá foreldrum og börnum.

Vel undirbúin móttaka er þó ekki aðeins mikilvæg fyrir barnið og fjölskylduna – hún auðveldar einnig starf starfsfólksins. Með skýrri móttökuáætlun, góðum verkfærum og samræmdum vinnubrögðum verður auðveldara að bregðast við þörfum nemandans. Það dregur úr óvissu og álagi, eykur faglegt öryggi og stuðlar að jákvæðara starfsumhverfi fyrir alla.

Í erindinu verður farið yfir hvernig undirbúa má móttöku nýrra nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á skipulegan og markvissan hátt. Farið verður yfir hagnýta gátlista og lykilatriði sem gott er að hafa í huga í fyrstu samskiptum og skipulagi móttökunnar.

Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd leikskólabörn

Tinna Sigurðardóttir Leikskólaráðgjafi

Miðstöð menntunar og skólapjónustu

Ágrip / Abstract

Í þessu erindi verður farið stuttlega yfir tilurð og tilgang Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla sem komu út árið 2021. Þegar hæfnirammarnir komu út fylgdu þeim ekki leiðbeiningar um skráningu eða innleiðingarferli. Það leiddi af sér að einstaka leikskólar fóru í þá vegferð að útbúa eigin skráningarblöð. Ákall hefur verið um samræmd skráningarblöð og stuðning við innleiðingu og hefur sú vinna nú farið af stað í tengslum við MEMM verkefnið.

Byrjað var á því að safna saman skráningarblöðum úr mismunandi áttum og þau höfð til hliðsjónar en samhliða þeirri vinnu voru unnar leiðbeiningar. Skráningarblöð og leiðbeiningar voru síðan rýnd og prófuð af nokkrum leikskólakennurum víðsvegar að af landinu ásamt hópi tengiliða fjölmennningar í Reykjavík sem veittu endurgjöf.

Efnið er nú aðgengilegt á vefsíðu MEMM og veittur er stuðningur við innleiðingu í leikskólum. Með hæfnirömmunum, leiðarvísi og skráningarblöðum gefst leikskólum tækifæri til að skrá og fylgjast með framvindu fjöltyngdra barna í íslensku. Um leið verði skráð niður hvaða íhlutun hefur þurft að koma til sögunnar og með hvaða hætti hún hefur verið framkvæmd. Skráningarblaðið mun síðan fylgja barninu milli deilda, leikskóla og skólastiga þannig að tryggja megi samfellu í námi og stuðningi. Í kynningunni verður farið yfir skráningarblaðið og leiðbeiningarnar og kynnt hvernig leikskólar geta nýtt hæfnirammana.

Stikum af stað: Stöðumat fyrir nýkomna nemendur

Þorbjörg Halldórsdóttir Sérfræðingur í íslensku sem öðru máli

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip /Abstract

Stikum af stað er stöðumat fyrir nýkomna nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem ætlað er að greina styrkleika, fyrri reynslu og stuðningsþarfir. Markmiðið er að kynnast nemendum, varpa ljósi á bakgrunnsþekkingu þeirra, færni í læsi og talnaskilningi og styðja við farsælt samstarf heimilis og skóla. Stöðumatið getur verið gagnlegt matstæki í móttökufarli nýkominna nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn fyrir skóla og sveitarfélög. Stöðumatið er lagt fyrir á sterkasta tungumáli nemenda en samkvæmt lögum um grunnskóla eiga móttökuáætlanir að taka mið af hæfni, tungumálafærni og fyrri skólagöngu.

Stöðumatið var upphaflega próað hjá Skolverket í Svíþjóð og þýtt á íslensku árið 2018. Nú hefur íslensk útgáfa stöðumatsins verið endurskoðuð hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu með hliðsjón af íslenskum lögum og reglum auk þess sem framsetning matstækisins hefur verið gerð aðgengilegri. Stöðumatið hefur verið endurútgefið með nýju útliti sem hluti af Matsferli Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu undir heitinu Stikum af stað. Í þessu erindi verður nýja útgáfan af stöðumatinu kynnt, farið yfir uppbyggingu þess og ferli fyrirlagnar.

Saman eða sundruð? Menntun og félagsleg þátttaka flóttabarna og -ungmenna á Íslandi

Hanna Ragnarsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Fólksflutningar til Íslands hafa aukist hratt undanfarin ár, þar með taldir eru hælisleitendur og flóttafólk. Markmið eigindlega rannsóknarverkefnisins Saman eða sundruð? Menntun og félagsleg þátttaka flóttabarna og -ungmenna á Íslandi (ESRCI) eru að rannsaka með gagnrýnum hætti aðlögun sýrlenskra og íraskra flóttabarna og -ungmenna af ólíku kyni og foreldra þeirra sem hafa fjölbreytta menntun og félags- og efnahagslega stöðu, í alls 30 fjölskyldum í ellefu sveitarfélögum á Íslandi. Þátttakendur eru einnig kennarar, skólastjórar, og námsráðgjafar barnanna þar sem við á, í leik-, grunn- og framhaldsskólum, starfsfólk sveitarfélaga og sjálfboðaliðasamtök í nærsamfélögum þeirra. Eigindlegum aðferðum var beitt í verkefninu, einkum hálfskipulögðum viðtölum við alla þátttakendur. Að auki voru notaðar aðferðir sem henta börnum og ungmennum, svo sem kort með vali um gildi (e. value cards) og eyðublöð fyrir tungumálasjálfsmyndir (e. languages portraits), en þessar aðferðir voru nýttar til að skapa umræðu um mikilvæg gildi barnanna annars vegar og tungumál í lífi þeirra hins vegar. Í málstofunni verða kynntar fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar. Með því að kanna aðgengi að og þátttöku flóttabarna og -ungmenna í fjölbreyttu námsumhverfi og tómstundastarfi, svo og félagsleg tengsl þeirra, mun ESRCI verkefnið veita mikilvægar upplýsingar fyrir íslenskt og alþjóðlegt samhengi um aðgengi og þátttöku og hvaða hindrunum flóttabörnin og -ungmennin mæta í námsumhverfi sínu.

LANIS og fjöltyngd börn

Jóhanna Thelma Einarsdóttir Prófessor¹, Þóra Másdóttir Dósent², Signý Gunnarsdóttir Sérfræðingur³, Þóra Sæunn Úlfisdóttir Talmeinafræðingur⁴

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið. ³Miðstöð Menntunar og skólaþjónustu. ⁴Miðja máls og læsis

Ágrip /Abstract

Málþekking fjöltyngdra leikskólabarna dreifist á fleiri en eitt tungumál. Börn með takmarkaða færni bæði í heimamáli og samfélagsmáli geta verið með málþroskaröskun eða DLD. Þessi börn eru í hættu að alast upp án þess að ná grunnfærni í neinu tungumáli. Foreldrar halda að þau tali íslensku í leikskólanum og leikskólastarfsfólk heldur að þau tali heimamálið heima. Í þessum fyrirlestri verður lýst hvernig er hægt að nota LANIS-skimunarlistann til að fá heildarmynd af málþroska þriggja ára barna. LANIS var hannaður í samvinnu við dr. Ewu Czaplewska prófessor við háskólann í Gdansk sem átti hugmyndina að nafninu LANIS. Leikskólakennarar meta íslenskukunnáttu barnanna í leikskólanum en foreldrar meta færni barnanna í heimamálinu. Búið er að staðla LANIS til að finna eintyngd íslenskumælandi börn með frávík og sem þurfa markvissa snemmtæka íhlutun. LANIS listinn hefur verið þýddur og staðfærður á pólsku og ensku og búið er að þýða hann á spænsku, úkraínsku, kúrdísku og arabísku. Í erindinu verður gerð grein fyrir hvernig hægt er að nota LANIS fyrir fjöltyngd börn að fá heildarmynd af málþekkingu barnanna. Einnig verða vangaveltur um hvernig hægt er í kjölfarið að byggja upp markvissa örvun í samvinnu við foreldra, bæði á heimamáli og á samfélagsmálinu íslensku.

Pólitískar áherslur, fagmennska og árangursríkt skólastarf hjá sveitarfélögum

Sverrir Óskarsson Aðjúnt, Auður Pálsdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Skólanefndir hafa verið til staðar í íslensku menntakerfi í meira en hundrað ár. Samkvæmt lögum skal vera skólanefnd í hverju sveitarfélagi og fer hún með málefni grunnskóla. Hlutverk þeirra er meðal annars að staðfesta starfsáætlanir, fylgjast með framkvæmd náms og kennslu og gera tillögur um umbætur í skólastarfi. Þá eiga skólanefndir að stuðla að því að nemendur og skólum sé tryggður aðgangur að skólaþjónustu og hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um skólastarf séu uppfyllt.

Í erindinu verður rýnt í hlutverk og starf skólanefnda á sveitarstjórnarstiginu og spurt gagnrýnna spurninga um raunverulega starfsemi þeirra og áhrif á skólastarf. Spurt er hver er virkni skólanefnda og hvernig kjörnir fulltrúar í skólanefndum upplifa áhrif sín og möguleika til að móta faglegt skólastarf sveitarfélagsins.

Aðferðarfræði rannsóknarinnar byggist annars vegar á tölulegri samantekt á fundum, fundargerðum og stefnumótun hjá skólanefndum allra sveitarfélaga landsins á árinu 2024. Hins byggir aðferðarfræðin á eigindlegum rannsóknum, þ.e. viðtölum við tíu skólanefndarmenn úr tíu sveitarfélögum á Íslandi á árinu 2024.

Niðurstöður benda til að almennt séu fundir ekki umfangsmiklir, lítið um skýrar ákvarðanir og leiðsögn til skólanna. Á sama tíma birtast ýmsar hindranir og áskoranir sem gera starf kjörinna fulltrúa krefjandi. Niðurstöður úr viðtölum benda til að kjörnir fulltrúar skólanefnda upplifi ööryggi og skort á stuðning í störfum sínum. Áhugi þeirra á skólamálum kemur skýrt fram og vilji til að styðja skólastarf en á sama tíma telja þeir sig ekki hafa mikil áhrif á faglegt starf skólanna.

Inntak og hönnun stöðu- og framvinduprófa Matsferils í stærðfræði

Jóhann Örn Sigurjónsson Sérfræðingur

Miðstöð menntunar og skólapjónustu, Matssvið

Ágrip /Abstract

Í þessari kynningu verður fjallað um inntak og hönnun stöðu- og framvinduprófa Matsferils í stærðfræði. Prófin byggja á matsramma sem skilgreinir bæði inntaksflokka og færniþætti á sambærilegan hátt og matsrammar ýmissa erlendra prófa í stærðfræði, svo sem NAEP og TIMSS. Inntaksflokkarnir eru fjórir og samræmast flokkum hæfniviðmiða í aðalnámskrá: algebra, tölur og reikningur, rúmfræði og mælingar, og tölfræði og líkindi. Viðmiðatölur fyrir hvert aldurstig byggja á endurskoðuðum greinasviðum aðalnámskrár 2024 og stærðfræðiramma UNESCO, þar sem framvinda í þekkingu og leikni er skilgreind yfir níu námsár. Sagt verður frá þróun og innleiðingu í samstarfi við kennara, stjórnendur, fræðafólk og skólaskrifstofur, bæði í tengslum við þróun matsrammans og stuðningsefni.

Stöðu- og framvindupróf samanstanda af fjórtán prófútgáfum, tvær í hverjum árgangi frá 4.-10. námsárs grunnskóla. Framvinduprófin innihalda tengiatriði sem eru sameiginleg prófatriði milli aðliggjandi bekkja til að meta framfarir milli ára. Í hverri prófútgáfu eru 24–36 prófatriði, bæði fjölval og opin svör, með blandaðri samsetningu þyngri og auðveldari atriða. Með tveimur prófútgáfum í hverjum árgangi er tryggt að nemandi fái aldrei sömu prófatriði að ári liðnu. Rætt verður um réttmæti og áreiðanleika framvinduprófanna, samræmi milli inntaks prófanna og stuðningsefnis aðalnámskrár og næstu skref við þróun Matsferils í stærðfræði.

Reiknihugsun og forritun sem hluti af stærðfræðikennslu framhaldsskóla á Norðurlöndum

Freyja Hreinsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Í þessari rannsókn er skoðað hvernig Reiknihugsun (e. computational thinking) og forritun koma fram í námskrám og kennslubókum í stærðfræði fyrir framhaldsskóla í Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

Reiknihugsun er oftast skilgreind sem vitsmunalegt ferli sem felur í að setja fram verkefni og lausnaraðferð þess þannig að hægt sé að leysa verkefni með forriti. Mikilvægir undirþættir reiknihugsunar eru: að greina mynstur (e. pattern recognition), að brjóta verkefni niður í minni og auðleysanlegri verkefni, að draga út það sem máli skiptir (e. abstraction) og að búa reiknirit (e. algorithms).

Á undanförunum áratug hafa Reiknihugsun og forritun orðið hluti af námskrám grunnskóla í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Í sumum landanna er þetta hluti af námskrá í stærðfræði en annars staðar hluti af upplýsingatækni eða fléttað inn í ýmis fög. Þetta hefur þær afleiðingar að í þessum löndum er hægt að gera ráð fyrir að nemendur þekki til forritunarmála eins og Python þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla og má sjá þess merki í kennslubókum framhaldsskóla í stærðfræði.

Í rannsókninni voru skoðaðar tvær ritraðir kennslubóka í stærðfræði í hverju landanna Noregi, Svíþjóð og Danmörku og greint hvers konar forritunarhæfni væri gert ráð fyrir að nemendur hefðu, að hve miklu leyti forritun er kennd og hvernig forritun er nýtt til að leysa stærðfræðileg verkefni. Í fyrirlestrinum verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar og sýnd dæmi um stærðfræðileg forritunarverkefni sem gert er ráð fyrir að nemendur leysi.

Brimbretti á Íslandi

Marianna Þórðardóttir Meistaraniemi, Örn Ólafsson Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Brimbrettaípróttin hefur á undanförunum árum notið aukinna vinsælda við Íslandsstrendur og er nú orðin aðgengilegri sem útivistar- og íþróttagrein fyrir einstaklinga á mismunandi aldri og með ólíka hæfni. Þessa auknu þátttöku má rekja til vaxandi áhuga almennings á útivist og náttúruíþróttum ásamt aukinni vitundarvakningu um gildi reglubundinnar hreyfingar og heilbrigðs lífnis en einnig vegna aukinna gæða í útbúnaði. Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun er skortur á sérhæfðu íslensku námsefni sem getur veitt byrjendum nauðsynlegan fræðilegan og verklegan grunn til að bæta færni sína og stunda íþróttina á öruggan og meðvitaðan hátt. Með þessu verkefni er leitast við að fylla þá vöntun með útgáfu aðgengilegrar og hagnýtrar handbókar sem stuðlar að framförum byrjenda og greiðir leið þeirra að þátttöku í íþróttinni. Handbókin er hönnuð með það að markmiði að efla sjálfstraust og hæfni byrjenda með skýrum leiðbeiningum um lykilatriði íþróttarinnar svo sem framkvæmd rennslis, hvernig standa skuli upp á brettinu og aðferðir við einfaldar beygjur. Einnig er lögð áhersla á að miðla nákvæmum og hagnýtum upplýsingum um umhverfisvitund, mat á veður- og sjóáðstæðum, viðeigandi útbúnaði og öryggisatriðum sem nýtast jafnt byrjendum sem lengra komnum iðkendum. Verkefnið stuðlar þannig að sjálfbærri, meðvitaðri og öruggari iðkun brimbrettaíþróttarinnar ásamt því að efla fagmennsku og styrkja innviði íþróttarinnar hér á landi með því að auka aðgengi að faglegri fræðslu.

Tungumálanám og fjöltyngi á heimilum og í skólum

Zulaia Johnston da Cruz Doktorsnemi¹, Hanna Ragnarsdóttir Ragnarsdóttir Prófessor¹,
Hermína Gunnþórsdóttir Prófessor²

¹Háskóla Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskóli á Akureyri, Kennaradeild/Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Meginmarkmið þessarar kynningar er að varpa ljósi á tungumálanám, málnotkun og fjöltyngi sýrlenskra og írakska flóttabarna og ungmenna á Íslandi. Rannsóknin beinist að því hvernig íslenska og móðurmál eru notuð og lærð innan menntastofnana, í daglegu lífi þeirra, innan heimilisins, auk þess rannsóknin skoðar hvernig skólar nýta málkunnáttu fjöltyngdra nemenda í námi.

Rannsóknin byggir á eiginlegum aðferðum og gögnum sem safnað var með hálfopnum viðtölum við 43 þátttakendur í ellefu sveitarfélögum. Þeir voru 23 ungmenni á aldrinum 12-26 ára, 12 foreldrar, 4 kennarar og 4 þátttakendur frá sveitarfélögum, þar á meðal tveir úr stuðningsfjölskyldum og tveir fulltrúar trúfélaga. Einnig voru notaðar aðferðir sem sérstaklega henta börnum og ungmennum, svo sem gildiskort (e. value cards) og myndrænar lýsingar á tungumálasjálfsmynd (e. language portraits).

Fyrstu niðurstöður benda til þess að ungmennin upplifi að læra íslensku og móðurmál sitt sem flókið ferli, þar sem skóli, félagslegar aðstæður og tómstundir spila mismikinn þátt. Eldri ungmenni sem komu til Íslands skömmu fyrir nám í framhaldsskóla lýsa erfiðleikum við íslenskunám, áframhaldandi nám og félagslega tengslamyndun. Yngri börn læra móðurmál sitt samhliða íslensku, í gegnum leik og í félagslegu samhengi. Foreldrar leggja áherslu á óformlega og formlega tungumálastefnu heima. Þátttakendur frá sveitarfélögum benda á mikilvægi óformlegs stuðnings og trúarlegra tengsla. Kennarar benda á þörf fyrir úrræði og faglega þekkingu. Lærdómur sem má draga af rannsókninni er að fjöltyngi sem auðlind styrkir sjálfsmynd, félagslega þátttöku og nám en krefst stuðnings og úrræða fyrir alla sem að málum koma: kennara, foreldra og aðra sem tengjast ungmennunum.

Menntun og þátttaka flóttabarna og -ungmenna

Hrafnhildur Kvaran Doktorsnemi¹, Susan Rafik Hama Lektor¹, Hermína Gunnþórsdóttir Prófessor², Hanna Ragnarsdóttir Prófessor¹

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið-Kennaradeild

Ágrip /Abstract

Börn með flóttabakgrunn standa gjarnan frammi fyrir flóknari áskorunum en gengur og gerist með innflytjendabörn. Rannsóknir hafa leitt í ljós að námshæfni barna úr minnihlutahópum er gjarnan vanmetin vegna ofuráherslu á (van)þekkingu þeirra í meirihlutatungumálinu (e. deficit view). Þrátt fyrir ýmsar aðgerðir sem innleiddar hafa verið á undanförunum árum, svo sem breytingar á aðalnámskrá, mælist námsárangur barna með innflytjendabakgrunn marktækt lakari en hjá börnum sem ekki hafa erlendan bakgrunn.

Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á tækifæri og áskoranir sem börn og ungmenni með flóttabakgrunn standa frammi fyrir í íslenskum skólum. Áhersla er lögð á að greina hvernig menntunarbörfum þeirra er mætt í grunn- og framhaldsskólum, með hliðsjón af væntingum þeirra til náms og framtíðaráforma. Rannsóknin er eigindleg og byggir á gögnum sem safnað var árin 2023-2024 í ellefu sveitarfélögum á Íslandi í tengslum við rannsóknarverkefnið *Saman eða sundruð? Menntun og félagsleg þátttaka flóttabarna og -ungmenna á Íslandi*. Tekin voru hálf-stöðluð opin viðtöl við flóttabörn og -ungmenni á aldrinum 12-23 ára sem hafa reynslu af því að koma inn í íslenska grunn- og framhaldsskóla.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að reynsla þátttakenda sé að mestu jákvæð og þau upplifa sig velkomin og fá góðan stuðning, bæði frá samnemendum og kennurum. Eldri ungmenni lýsa þó þeirri upplifun að námsstyrkleikar þeirra séu séu vanmetnir vegna skorts á færni þeirra í íslensku með þeim afleiðingum að þau upplifa hömlur í námi og möguleikar þeirra til þess að efla námsárangur séu takmarkaðir við færni þeirra í íslenskunáminu.

Markviss íhlutun í kjölfar LANIS

Þóra Sæunn Úlfisdóttir talmeinafræðingur¹, Signý Gunnarsdóttir Talmeinafræðingur², Jóhanna Thelma Einarsdóttir³, Þóra Másdóttir³

¹Miðja máls og læsis. ²Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. ³Háskóli Íslands

Ágrip / Abstract

Tilgangur LANIS er að bera kennsl á börn við þriggja ára aldur sem eiga í erfiðleikum með mál og tal. LANIS skimunarlistinn er þróaður í samvinnu við námsleið í talmeinafræði við Háskóla Íslands, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Miðju máls og læsis og er hluti af Matsferli. Með því að skima fyrir seinkun í málþroska gefst tækifæri til að bregðast við með viðeigandi úrræðum og nýta dýrmætan tíma leikskólaáranna til að hámarka framfarir. LANIS gegnir þar mikilvægu hlutverki á leikskólastigi og einblínir á málþroska, sem er grunnur að allri mál- og læsisþróun. Með því að marka upphafspunkt í skimun á málþroska stuðlar LANIS að samfelli í mati og úrræðum fyrir börn sem eru sein til máls eða með málþroskafrávik. Þetta auðveldar yfirsýn, eftirfylgni og faglegt samstarf milli skólastiga og þjónustuaðila.

Í tengslum við þróun LANIS voru tekin tvö rýnihópaviðtöl með fagfólki og hafa niðurstöður þeirra nýst vel til að skerpa á verkferlum með von um að efla stuðning við leikskólastigið. Erindið miðar að því að efla faglega umræðu um árangursrík viðbrögð við málþroskavanda á leikskólastigi. Fjallað verður um hvernig niðurstöður LANIS nýtast við að móta íhlutun í leikskólum og hvernig sú íhlutun byggir á þéttni samstarfi milli foreldra og fagaðila. Lögð er áhersla á einfaldar en markvissar aðferðir sem styðja við aukinn orðaforða, málskilning og tjáningu. Einnig verður fjallað um mikilvægi skýrra verkferla í kjölfar skimunar. Markmiðið er að tryggja að ekkert barn með frávik í málþroska fari í gegnum leikskóla án viðeigandi stuðnings.

Traust í móttökuferli flóttafólks: Stjórnsýsla, samfélagsleg virkni og áskoranir í dreifbýli á Íslandi

Lara Hoffmann Nýdóktor¹, Magnús Þorkell Bernhardsson Prófessor²

¹Haskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Williams College, United States, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Í þessari kynningu verður fjallað um traust og vantraust til stofnana og hlutverk sveitarstjórna í tengslum við móttöku flóttafólks, með áherslu á fólksflutninga frá samfélögum þar sem traust til opinberra stofnana er tiltölulega lítið, til norrænna velferðarríkja, þar sem almennt ríkir hátt traust. Traust til stofnana gegnir mikilvægu hlutverki í stjórnun fólksflutninga og hefur áhrif á upplifun innflytjenda, sérstaklega í dreifbýli þar sem formlegt stoðkerfi er oft takmarkað. Á Íslandi, sem er strjálbýlasta land Evrópu og það aðildarríki OECD þar sem hlutfall innflytjenda eykst hvað hraðast, þurfa sveitarfélög að takast á við spennu á milli samfélags þar sem traust er djúpstætt og nýrra samfélagslegra aðstæðna sem mótaskast við móttöku og aðlögun flóttafólks.

Í kynningunni verður rýnt í hvernig traust mótaskast stjórnsýslu og stuðningsnet fyrir flóttafólk í dreifbýli. Byggt er á viðtölum við flóttafólk, kennara, starfsfólk sveitarfélaga, fulltrúa frjálsra félagasamtaka og sjálfboðaliða — þátttakendur sem flestir komu beint að móttöku og aðlögun flóttafólks á landsbyggðinni. Niðurstöður sýna fram á mikilvægi tilviljanakenndra tengsla og hlutverk einstakra lykilpersóna í að skapa traust og mótaskast niðurstöður stefnu. Kynningin dregur fram hvernig minni samfélög takast á við fólksflutninga og hvernig samfélagsleg frumkvæði geta styrkt inngildingu. Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi þess að skoða samspil stofnanalegs og persónulegs trausts í þessu samhengi.

Að kafa djúpt: Samhengi, dýpt og sjálfræði barna

Sigríður Einarsdóttir Leikskólakennari/bingforseti

Leikskólinn Aðalþing, Leikskóli

Ágrip /Abstract

Verkefnið miðaði að því að dýpka skilning á hæglæti í starfi okkar, í anda þeirrar fagmennsku sem við höfum lengi tileinkað okkur í anda Reggio Emilia. Markmiðið var að skrá og greina hvernig börn kafa djúpt í viðfangsefni þegar þau fá nægan tíma, rúm og athygli kennara.

Við beittum aðferðum starfendarannsóknar og uppeldisfræðilegrar skráningar til að fylgjast með þróun matar-ateliðs sem hluta af heildstæðu rannsóknarferli sem stóð yfir í nokkur ár. Kennarar nýttu skráningu og samræður bæði sín á milli og með börnunum til að fylgja flæði hugmynda, veita endurgjöf og spegla það sem fram kom í ferlinu í samtali við börnin sjálf.

Niðurstöður benda til þess að þegar hægt er á og viðfangsefnið fær að þróast í opnu samtali við börnin og á milli þeirra, skapast rými fyrir dýpri sköpun, ígrundun og merkingarbært nám. Ferlið opnaði einnig fyrir ígrundun kennara á eigin sýn og varð verkfæri til að efla faglegt samtal og styðja við áframhaldandi þróun í starfi. Með því að beina markvissri athygli að viðfangsefni og gefa því tíma, koma í ljós dýpri merkingarlög sem annars yrðu óséð í hraða og brotakenndri upplifun. Þetta er ferli þar sem kennarinn er meðrannsakandi í ferðalagi sem á sér ekki fyrirfram skilgreindan endi.

Mótun árangursríks skólastarfs og innleiðing breytinga í Múlaþingi

Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir Fræðslustjóri

Múlaþing, Skóla- og frístundapjónusta

Ágrip /Abstract

Í erindinu verður fjallað um mótn árangursríks skóla- og frístundastarfs í Múlaþingi í kjölfar sameiningar nokkurra sveitarfélaga. Breytingarferlið fól í sér ýmsar áskoranir í skóla- og frístundamálum, en kynntar verða þær hugmyndir og aðferðir sem lagðar voru til grundvallar í þróunarvinnunni. Gerð verður grein fyrir breytingum á stjórnsýslulegu skipulagi, uppbyggingu mannauðs og þeim skipulagsbreytingum sem áttu sér stað í skólum og annarri þjónustu við íbúa. Jafnframt verður fjallað um hlutverk fræðslustjóra og þau leiðarljós og verkefni sem fylgja því að stýra fræðslumálum í víðfeðmu sveitarfélagi.

Að semja um sjálfsmyndir og undirbúa fullorðinsár

Guðbjörg Ottósdóttir Dósent¹, Eyrún María Rúnarsdóttir Dósent², Muhammed Emin Kizilkaya
Doktorsnemi¹

¹Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í erindinu er sjónum beint að þróun sjálfsmynda, farsæld og framtíðarsýn írakskra og sýrlenskra flóttabarna – og ungmenna á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig ungt fólk á aldrinum 12 til 26 ára skapar og þróar sjálfsmyndir með virkri þátttöku í daglegu lífi í raunheimi og netheimi þar sem mismunandi menningarheimar og tungumál spila stórt hlutverk. Rannsóknin beinist að tækifærum og hindrunum unga fólksins við undirbúning fullorðinsára. Kenningum um blandaðar sjálfsmyndir (e. hybrid identities) og komandi fullorðinsár (e. merging adulthood) er beitt í rannsókninni.

Gögnum var safnað með hálf-opnum viðtölum við 17 ungmenni 12-26 ára, 14 foreldra, 15 kennara og starfsmenn í skólum og 12 starfsmenn og sjálfboðaliða félagasamtaka. Í viðtölum voru gildiskort (e. value cards) og myndrænar lýsingar á tungumálasjálfsmynd (e. language portraits) notaðar til að skapa umræðu og veita dýpri innsýn í reynslu þátttakenda.

Frumniðurstöður benda til þess að þátttakendur þrói með sér blandaðar sjálfsmyndir þegar leitað er jafnvægis milli menningar í upprunalandi og í íslensku samfélagi, sem birtist meðal annars í hæfni til að skipta ört á milli tungumála sem unga fólk notar eftir samhengi. Mörg finna til valdeflingar við að feta ólík félagsleg og menningarleg rými og samskipti. Önnur upplifa áskoranir s.s. varðandi tungumál í samskiptum, félagslega og námslega aðlögun í skóla og andspænis þekkingar – og skilningsleysi jafnaldra á trúar- eða menningarlegum hefðum og sjónarhornum þeirra. Þau sýna ábyrgðarkennd og trygglyndi gagnvart fjölskyldu, hafa skýra framtíðarsýn og væntingar um komandi fullorðinsár en eru meðvituð um kerfislegar hindranir sem tengjast stöðu þeirra og bakgrunni sem flóttafólk.

Kópavogsmódelið: Reynsla einstæðra foreldra og foreldra af erlendum uppruna

Sunna Simonardóttir Lektor

Háskólinn á Akureyri, Hug - og Félagsvísindasvið

Ágrip /Abstract

Á undanförunum árum hafa nokkur sveitarfélög á Íslandi, þar á meðal Kópavogur, innleitt breytingar á leikskólakerfinu sem kenndar eru við svokallað Kópavogsmódel. Meginbreytingarnar fela í sér að sex klukkustunda dvöl barna í leikskóla er gjaldfrjál, en foreldrar greiða hærra gjald fyrir lengri viðveru. Jafnframt hefur þjónusta verið skert með fleiri lokunardögum á ári, sem hefur áhrif á skipulag fjölskyldna og samspil heimilis og vinnu. Í þessari eigindlegu rannsókn, sem unnin er af *Vörðu – Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins*, voru tekin viðtöl við 20 foreldra leikskólabarna í Kópavogi, þar af 15 mæður og fimm feður. Viðtölin voru þemagreind með það að markmiði að varpa ljósi á hvernig þessar breytingar hafa haft áhrif á daglegt líf foreldra og getu þeirra til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Í erindinu er sjónum sérstaklega beint að reynslu einstæðra foreldra og foreldra af erlendum uppruna. Fyrri rannsóknir sýna að foreldrar í efri stéttum hafa yfirleitt meiri sveigjanleika í vinnu og betri aðgang að úrræðum, sem gerir þeim kleift að sinna foreldrahlutverkinu með öðrum hætti en þeir sem búa við meiri streitu, fjárhagsáhyggjur eða ótrygg vinnuskilyrði. Niðurstöður viðtala við foreldra benda til þess að Kópavogsmódelið taki ekki nægilegt tillit til stéttabundins mismunar í aðgengi að stuðningi og sveigjanleika. Kerfisbreytingar í anda Kópavogsmódelisins geta því aukið fjárhagslegt og andlegt álag á þá foreldra sem ekki hafa aðgang að virku stuðningsneti eða sveigjanlegri vinnu, og þannig aukið félagslegan ójöfnuð í samfélaginu.

Ævimenntun í íslenskri orðræðu: Stefna, inngilding og aðgengi

Hróbjartur Árnason Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Örar samfélagslegar breytingar einkum í tengslum við tækniþróun, fjölgun innflytjenda-, áhrif gervigreindar og sjálfvirkni, hafa gert ævimenntun að miðlægu hugtaki þegar rætt er um viðbrögð samfélags og einstaklinga við áskorunum í samtímanum.

Hugmyndafræðin um ævimenntun (e. lifelong learning) kom fram á 8. áratug síðustu aldar og hefur síðan fengið miðlæga stöðu í umræðunni um nám og menntun.

Í þessu erindi eru raktar niðurstöður orðræðugreiningar á notkun hugtakanna símenntun og ævimenntun - einkum notkun þeirra í íslenskum stefnuskjölum og lögum ásamt fræði- og faggreinum á árunum 1990 - 2025. Sérstök áhersla er lögð á orðræðu sem varpar ljósi á hugmyndir í íslenskri samfélagsumræðu um aðgengi að námi og inngildingu, umfram hefðbundna áherslu á hækkun menntunarstigs og styrkingu stöðu fólks á vinnumarkaði.

Með gagnrýninni orðræðugreininginu má varpa ljósi á tækifæri og hindranir í tengslum við inngildingu í fullorðinsfræðslu og aðgengi allra. Niðurstöður benda til þess að, þrátt fyrir vaxandi áherslu á nám alla ævi, snúist framkvæmd fullorðinsfræðslu gjarnan meira um að greiða götu þeirra sem vilja ljúka formlegu námi á framhaldsskólastigi en að stuðla að námi á breiðum grundvelli, inngildingu allra í samfélagið og auknu aðgengi að námi ævilangt og ævibreitt.

Greiningin bendir til þess að það þurfi að endurmeta hvort íslensk stefnumiðun hugi nægilega að jafnræði til náms og stuðli að þátttöku allra og tryggi aðgengi að námi við hæfi.

Með dýpri skilningi á orðræðunni má leggja grunn að stefnumótun sem leggur jafna þátttöku allra í námi til grundvallar, óháð bakgrunni, aldri, menntunarstigi eða samfélagslegri stöðu

Tíðni eineltis meðal grunnskólabarna: Niðurstöður langtímarannsókna

Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Einelti getur haft alvarlegar og langvarandi afleiðingar fyrir þá sem fyrir því verða. Í alvarlegustu tilvikum getur það tengst þunglyndi, áfallastreitu, sjálfsvígstílaunum og jafnvel sjálfsvígum. Flestir þolendur upplifa einnig kvíða, ótta við höfnun og slæm áhrif á sjálfsmynd og sjálfstraust. Þá getur einelti haft neikvæð áhrif á ýmsa þætti lífsins, svo sem námsárangur, félagsleg tengsl, félagsfærni og andlega sem og líkamlega heilsu. Afleiðingarnar geta því dregið úr lífsgæðum, stundum tímabundið en hjá mörgum til frambúðar. Því er brýnt að bregðast markvisst við einelti og gegna rannsóknir lykilhlutverki. Til að mynda er nauðsynlegt að fylgjast með tíðni og þróun eineltis til að meta árangur inngrípa og móta áframhaldandi aðgerðir.

Í erindinu verða kynntar niðurstöður úr tveimur umfangsmiklum rannsóknum: *Heilsa og líf skjör skólabarna (HBSC)* og *Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆ)*, sem hafa mælt tíðni eineltis meðal nemenda í 6., 8. og 10. bekk alls átta sinnum frá árinu 2006. Fyrstu fimm mælingarnar fóru fram á fjögurra ára fresti, en frá árinu 2022 hefur spurningalisti verið lagður fyrir árlega. Fjöldi þátttakenda hefur oftast verið um tíu þúsund. Niðurstöðurnar sýna að árið 2006 sögðust 6,7% nemenda í 6. bekk hafa orðið fyrir einelti tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar á síðustu tveimur mánuðum. Árið 2018 var hlutfallið 9,2% og árið 2025 komið upp í 13,3%. Niðurstöðurnar benda til að þrátt fyrir fjölda aðgerða og gott starf fagfólks á vettvangi er nauðsynlegt að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir til að stemma stigu við þeirri stöðu sem upp er komin.

Description of the symposium: Education and meaningful life

Ólafur Páll Jónsson *Prófessor*, Andrea Rose Kasper Cheatham *Aðjúnt*, José Manuel Tirado *Aðjúnt*

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

The purpose of the symposium is to reflect the relevance of education for meaningful life; a humanistic aspect that is undervalued because it is difficult to measure and poses challenges to professional education, and underdeveloped because it resists prescribed methods and is extremely context sensitive.

Through three presentations we explore: (1) How educational spaces can embrace existential questions by cultivating awe as a core component of learning. Drawing on Philosophy for Children and recent research on awe and wellbeing, the approach reframes existential questioning as a gateway to intellectual openness, curiosity, creativity, and personal growth. (2) How reading, writing and analyzing poetry can foster creative thinking, expand human sensitivities, and contribute to the development of a more humanistic education, restoring poetry's rightful place as one of the foundations of a broad liberal arts education. (3) How hope is a precondition for education, and how education that aims at nourishing its own roots must be about finding and sustaining hope through creative imagination.

We offer a countercultural narrative to education driven by measurement issues and justified with instrumental rationality, where basic skills dominate conversation and attention. In this instrumental outlook, humanistic aspects of life and learning have been marginalized; fiction and poetry as expressions of human existence have been driven out. We offer another view: hope in the face of global desperation; the cultivation of awe through human pursuit of existential questioning; and poetry as an art form, an access point of fully human expressions of what it is to live.

Education for sustaining hope

Ólafur Páll Jónsson Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Facing the diverse challenges of current time, whether environmental, social or economic, many scholars and educators alike would agree on the following statement: (1) *If there is education, there is hope*. After all, that is why we go into education; we work in education because that is our way of *finding* hope and helping others to find hope. The logical equivalent of statement (1) is: (2) *If there is not hope, there is no education*.

Without hope, all our work would be futile, meaningless, and whatever we could transmit to our students would give them no reason to continue with their lives. We could, of course, teach them some skills but whatever skills we would teach them, they would be useless.

Because hope is a precondition for education, any education that aims at nourishing its own roots, must be about finding hope and finding ways to sustain hope. But this must be grounded in the reality we live in and in our perceptions of the futures that we can imagine.

Hope, as an objective of education, is situated in between the real and the imagined. It must be grounded in the realities of people's lives, however harsh they may be, but it is for something different, something that does not yet exist. In this sense, hope is about dreaming and doing something to bring that dream into reality or at least move in the direction of that dream for a more just reality.

Asking existential questions

Andrea Rose Cheatham Kasper Aðjúnkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Adolescence is a period of heightened existential sensitivity—a time when young people begin to ask profound questions about identity, purpose, and belonging. This presentation explores how educational spaces can embrace, rather than sidestep, these questions by cultivating awe as a core component of learning. Drawing from the Philosophy for Children tradition and recent research on awe and wellbeing, the approach reframes existential questioning not as a problem to manage, but as a gateway to intellectual openness, emotional resilience, and personal growth. Importantly, awe stimulates **curiosity**—the desire to understand what lies beyond one’s current knowledge—and enhances **creativity** by expanding mental models and promoting flexible, imaginative thinking. Together, these qualities empower adolescents to navigate uncertainty with openness and courage. Through structured dialogue, reflective practices, and space for wonder, educators can help adolescents experience school not just as a place of instruction, but as a meaningful context for becoming.

Poetry and Education

José Manuel Tirado Aðjúnkt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Poetry generates very different responses in people. William Carlos Williams once wrote:

It is difficult / to get the news from poems / yet men die miserably every day / for lack / of what is found there.

At the same time author Dan Gioia, reflecting on the state of poetry today recently asked, “Can Poetry Matter?” This was due, in part to its waning popularity among the masses and its increasingly elitist orientation.

I take a somewhat different stand, one that acknowledges both perspectives. I believe poetry not only has great utility value for English language study, but it also matters to education in general. It often bypasses more traditionally cultivated ratiocinative processes emphasized in education and affects us via an emotive inspirational channel, increasing a more intuitive sensitivity and awareness to life in general. That is, poetry embodies an expressive language that can both elicit deep emotional responses and inspire people to engage and create poetry as a form of communication, a tool for personal reformation, and even social transformation. As such, poetry is an important genre in writing which can be examined from the lens of our modern world and for beneficial uses in higher education. Poetry performs an invaluable service in the goal of creating a more truly humanistic education as well as helping to create fuller, more well-rounded individuals.

Félags- og tilfinningafærni og líðan íslenskra ungmenna samkvæmt PISA 2022

Kolbrún Þ. Pálsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í PISA-könnuninni 2022 var í fyrsta sinn lögð fyrir heildstæð mæling á félags- og tilfinningafærni nemenda en könnunin beindi sjónum að sjö persónueiginleikum: þrautseigju, streituþoli, skörungsskap, tilfinningastjórnun, forvitni, samkennd og samvinnu. Í rannsókninni var leitað eftir mati 15 ára ungmenna á Íslandi á ýmsum félags- og tilfinningafærniþáttum, hvort fram kæmi kynjamunur og hvort finna mætti tengsl slíkrar færni við námsárangur í stærðfræði, lestri og náttúruvísindum. Niðurstöður sýndu að íslenskir nemendur mældust yfir meðaltali OECD-landanna í þrautseigju, streituþoli, tilfinningastjórnun og skörungsskap en undir meðaltali í forvitni, samkennd og samvinnu. Kynjamunur kom helst fram í streituþoli og tilfinningastjórnun sem drengir mátu herra og samkennd sem stúlkur mátu herra. Í ljós komu jákvæð en veik tengsl félags- og tilfinningafærni nemendanna, einkum þrautseigju og forvitni, við námsárangur í stærðfræði, lestri og náttúruvísindum. Tengslin voru meiri hér á landi en í hinum OECD-löndunum. Í ljósi vaxandi hegðunar- og samskiptavanda í skólastarfi og aukins ofbeldis meðal ungmenna er brýnt að efla samkennd og hæfni til samvinnu. Rannsóknin gefur vísbendingar um að forvitni og þrautseigja nemenda skili betri námsárangri og að auka þurfi markvissa vinnu með félags- og tilfinningafærni innan grunnskóla.ú ákveðnar vísbendingar í niðurstöðunum um að það að hlúa að forvitni og þrautseigju nemenda skipti miklu fyrir árangur í skóla-starfi, sbr. umfangsmikla bandaríska yfirlitsrannsókn sem sýndi að markviss vinna með félags- og tilfinningafærni skilaði sér alla jafna í betri námsárangri (Cipriano o.fl., 2024). Því er mikilvægt að skoða hvort vinna þurfi á markvissari hátt með félags- og tilfinninga-færni í skólastarfi hér á landi.

„Svona eiga staðlotur að vera!“ Leikjavæðing og bókmenntakennsla í kennaranámi

Jón Yngvi Jóhannsson Dósent

Háskóli Íslands, Deild faggreinakennslu

Ágrip / Abstract

Leikjavæðing (e. Gamification) í kennslu felst í því að nota aðferðir leikja og spila til að efla nám nemenda og fá þá til að tileinka sér þekkingu og hæfni með leik. Hugtakið hefur verið áberandi í umræðu um kennslu á öllum skólastigum undanfarna áratugi, ekki síst í tengslum við snjalltæki og nú síðast gervigreind. Notkun leikja í kennslu getur þó líka byggst á hefðbundnari leikjum og spilum, m.a. borðspilum.

Í fyrirlestrinum verður fjallað um notkun borðspila í námskeiðinu ÍET213F Bókmenntakennsla fyrir meistaranema í kennaranámi. Undanfarin ár hafa kennarar námskeiðsins gert tilraunir með borðspil sem haldið verður áfram á næstu misserum. Annars vegar er um að ræða spilið *Tímalínu* sem notað hefur verið til að efla samræður nemenda um bókmenntasögu og sögulegt samhengi bókmennta, sögu og samfélags. Hins vegar hefur spilið *Alias* verið notað sem fyrirmynd að spili sem snýst um bókmenntahugtök og kennslu þeirra. Önnur staðlota námskeiðsins hefur verið helguð spilum og hafa kennaranemar bæði spilað spil sem kennarar hafa útbúið og unnið að því að rýna þau og betrubæta.

Í fyrirlestrinum verður greint frá reynslu kennara og kennaranema af leikjavæðingu í bókmenntakennslu og velt upp spurningum um það hvernig sú reynsla getur nýst kennaranemum á vettvangi, bæði með því að nota spilin úr námskeiðinu, en ekki síður með því að útbúa sín eigin spil sem tæki til að fást við afmarkaða þætti bókmenntakennslu.

Hópavinna og samræður í bókmenntakennslu

Hildur Ýr Ísberg íslenskukennari¹, Helga Birgisdóttir Lektor²

¹Menntaskólinn við Hamrahlíð. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Bókmenntakennsla er stór hluti faggreinarinnar íslensku í grunn- og framhaldsskólum og mikilvægur hluti þess að læra bókmenntir er að geta talað um þær, haft á þeim rökstuddar skoðanir og lagt mat á þær. Rannsóknir hafa sýnt að til þess að hópavinna hafi þann árangur sem stefnt er að þurfi vandaðan undirbúning, fræðslu til bæði kennara og nemenda og rekjanlegt einstaklingsnámsmat. Einnig hefur komið fram, hér á landi og erlendis, að nemendur sjái ekki kosti þess að vinna í hópum og kennurum finnist erfitt að skipuleggja hópavinnu. Íslenskukennarar sýna mikla hugmyndaauði við kennslu bókmennta og leggja mikið á sig, samkvæmt rannsóknum, til að virkja nemendur. En hvernig er hægt að nýta þessa góðu vinnu kennaranna þannig að bæði kennarar og nemendur njóti góðs af?

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um hópavinnu, dæmigerða framkvæmd hennar í grunn- og framhaldsskólum og hvernig framkvæmdin samræmist rannsóknarniðurstöðum. Ennfremur verður farið yfir gagnreyndar aðferðir við að skipuleggja hópavinnu í tengslum við bókmenntakennslu, einkum með það í huga að nýta og efla samræður nemenda. Fjallað verður um samræður út frá PLATO greiningarrammanum og sýnt hvernig hægt er að nýta hann. Einnig verður komið inn á mikilvægi þess að kennarinn undirbúi og skipuleggi hópavinnu vel svo nemendur fái sem mest út úr verkefninu og aðferðir sem reynst hafa vel í helstu rannsóknum reifaðar stuttlega.

„Á endanum snýst þetta allt um börnin“: Hvað einkennir fyrirmyndarsamstarf frístundaheimila og grunnskóla?

Hafðís Oddgeirsdóttir Forstöðumaður frístundaheimilis¹, Oddný Sturludóttir Doktorsnemi²

¹Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Áhersla á heildstæða sýn á menntun og þverfaglegt samstarf í þágu barna hefur aukist á undanförunum árum, bæði í lögum og menntastefnu. Markmið þessarar rannsóknar er að greina hvað einkennir árangursríkt samstarf frístundaheimila og grunnskóla, hver ávinningurinn er, hvaða hindranir eru til staðar og hvernig samstarfið nýtist í þágu farsældar barna. Rannsóknin byggist á eigindlegum viðtölum við stjórnendur frístundaheimila og grunnskóla í Reykjavík, ásamt greiningu á gögnum úr stjórnsýslu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og fræðilegum heimildum um þverfaglegt samstarf. Leitast var við að svara: Hvað einkennir fyrirmyndarsamstarf frístundaheimila og grunnskóla? Hvað styður við slíkt samstarf og hvað getur staðið í vegi fyrir því? Niðurstöðurnar benda til þess að Reykjavíkurborg hafi stigið margvísleg skref til að efla samstarf stofnana, en enn sé langt í land til að ná settum markmiðum. Samstarfið reynist mjög mismunandi eftir starfsstöðum og ræðst að miklu leyti af áhuga, sýn og forgangsriðun stjórnenda. Hindranir sem koma fram eru meðal annars tímaleysi, samnýting húsnæðis og yfirráð grunnskóla yfir sameiginlegu rými. Þrátt fyrir þessar áskoranir lýsa þátttakendur bæði faglegum og persónulegum ávinningi af samstarfi þvert á stofnanir og faghópa. Sveitarfélög og stefnumótandi aðilar geta dregið þann lærdóm af rannsókninni að skýr forysta og sameiginleg framtíðarsýn séu lykilþættir í að skapa árangursríkt samstarf. Rannsóknin staðfestir einnig það sem fyrri rannsóknir hafa dregið fram, að ávinningur samstarfs er mikill og að ein helsta forsenda þess sé sú umgjörð sem samstarfinu er skapað. Hagnýtur leiðarvísir í formi samstarfssáttmála gæti þjónað slíkum tilgangi og í erindinu eru kynnt drög að slíkum sáttmála.

Mótsagnir og merkingarsköpun: Raddir reyndra leiðtoga af sveitarstjórnarstiginu í miðju innleiðingarferli farsældarlaga

Oddný Sturludóttir Doktorsnemi, Guðrún Ragnarsdóttir Prófessor, Kolbrún Pálsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Áherslu á þverfaglegt samstarf um menntun og farsæld barna hefur vaxið ásmegin á alþjóðavísu. Með tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna árið 2021 stíga íslensk stjórnvöld þýðingarmikið skref, en löggin kveða á um samstarf milli kerfa og stofnana sem og þverfaglegt samstarf ólíkra fagstétta í þágu barna. Um allt land hafa sveitarfélög hafist handa við að endurskoða skipulag og þróa starfshætti í takt við áherslur laganna. Í þessu erindi er fjallað um niðurstöður fyrsta hluta rannsóknar um innleiðingu og útfærslu farsældarlaga í þremur sveitarfélögum. Tilgangur fyrsta hluta er að greina raddir leiðtoga í menntunar-, frístunda- og velferðarhluta sveitarfélaga, sem hafa staðið í stafni innleiðingarferlisins. Tekin voru viðtöl við 12 reynda stjórnendur í stjórnsýslu sveitarfélaga og þau greind með kenningar um merkingarsköpun (e. sense-making) til hliðsjónar. Fyrstu niðurstöður leiða í ljós að leiðtogarnir skapa merkingu á lögnum sjálfum með fjölbreyttum hætti, t.d. í gegnum félagsleg ferli, afturblik og með því að endurmeta, aðlaga og toga til rammana um menntun og velferð barna í sínu nærsamfélagi. Leiðtogarnir deila sýn á mikilvægi laganna og grípa til myndlíkinga og sagna til að skapa merkingarbærar tengingar við farsæld barna. Margvíslegar mótsagnir verða á vegi þeirra í ferlinu, sem tengjast bæði útfærslu nýrra starfshátta en einnig áskorunum sem tengjast því að leiða saman fagfólk í fjölmennum stofnunum og skapa sameiginlega sýn í anda laganna. Niðurstöður rannsóknarinnar munu nýtast sveitarfélögum, stjórnvöldum og fagfólki til að styðja við útfærslu og framkvæmd farsældarlaga.

Hvernig tengjast stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði í ólíkum árgöngum?

Sigurgrímur Skúlason Próffræðingur¹, Auðun Valborgarson Próffræðingur², Sigrún Erna Kristinsdóttir Próffræðingur³

¹Miðstöð menntunar og skólaþjónustu / Háskíli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið. ²Miðstöð menntunar og skólaþjónustu / Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið. ³Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Ágrip /Abstract

PPróf sem ætlað er að veita upplýsingar um marga árganga nemenda eru alla jafna mjög flókin í uppbyggingu. Þau innihalda gjarnan margar mismunandi útgáfur af sama prófi sem eru hannaðar til að meta sömu hugsmíð eða námsgrein með sama hætti en taka um leið mið af stíganda í færni milli árganga. Stöðu- og framvindupróf Matsferils eru byggð upp með þessum hætti með ólíkar útgáfur af prófi í hverjum árgangi. Mikilvægur líður í að rannsaka réttmæti Matsferils er að kanna að hvað marki ólíkar prófútgáfu standast þær próffræðilegu kröfur sem stefnt var að við þróun þeirra. Rannsóknarspurningar þessa erindis, líkt og annara erinda í þessri málstofu, lúta að réttmæti Matsferils. Í lesskilningi eru sjö prófútgáfur og í stærðfræði eru fjórtán prófútgáfur. Áreiðanleiki (e. reliability) var á bilinu 0,77 til 0,91. Mismunur í þyngd prófútgáfa (e. difficulty) fyrir sama árgang í stærðfræði var almennt lítill eða hverfandi. Í lesskilningi voru notaðar tvær eða þrjár prófútgáfur í hverjum árgangi og hver prófútgáfa í tveimur eða þremur árgöngum. Almennt var eðlilegur stígandi í þyngd prófútgáfa og fylgdi hönnun prófanna. Sem dæmi um eðlilegan stíganda í þyngd er prófútgáfa hönnuð fyrir 7. bekk þyngri fyrir nemendur í 6. bekk en 7. bekk og jafnframt er hún léttari fyrir nemendur í 8. bekk en í 7. bekk. Í lesskilningi eru notaðar misþungar prófútgáfur í hverjum árgangi. Til dæmis voru í 7. bekk notaðar prófútgáfur hannaðar fyrir 6., 7. og 8. bekk. Í öllum tilvikum tókst vel að gera niðurstöður á ólíkum prófútgáfum jafngildar (e. test equating).

Hver er staða og stefna nemendaráða í grunnskólum á Norðurlöndunum?

Eva Harðardóttir Lektor, Ragný Þóra Guðjohnsen Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Sameiginlegt markmið Norðurlandanna samkvæmt stefnu Norðurlandaráðs til 2030 er að skapa börnum og ungmennum umhverfi sem einkennist af öryggi og farsæld. Sérstök áhersla er lögð á 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem tryggir börnum rétt til að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða og að réttmætt tillit sé tekið til þeirra í samræmi við aldur og þroska barnanna. Í anda norrænnar lýðræðishefðar byggir menntastefna landanna á hugmyndum um jafnrétti, inngildingu og félagslega þátttöku. Réttur nemenda snýr meðal annars að þátttöku í ákvarðanatöku um skólalíf sitt og eru nemendaráð mikilvægur vettvangur slíkrar þátttöku, þar sem þeir geta komið skoðunum sínum á framfæri á lýðræðislegan hátt. Í erindinu er fjallað um hluta niðurstaðna skýrslu sem unnin var að beiðni Norræna velferðarráðsins og varpar ljósi á stöðu nemendaráða á Norðurlöndum. Gögnum var safnað á Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Grænlandi og Færeyjum. Blönduðum aðferðum var beitt við söfnun gagna sem fólst í greiningu á opinberri stefnumótun þjóðanna um nemendaráð, spurningakönnun hjá nemendum í tveimur árgöngum grunnskóla þar sem spurt var um nemendaráð, viðtölum við nemendur í völdum skólum og vettvangsathuganir. Helstu niðurstöður benda til þess að þrátt fyrir sterka opinbera áherslu á mikilvægi nemendaráða sé starfsemi margra þeirra mótuð af ólýðræðislegu og útilokandi verklagi. Ábyrgð stjórnenda er skýr samkvæmt lögum og því mikilvægt að efla starf nemendaráða sem vettvangs til að styðja við lýðræðislega borgaravitund nemenda. Erindið kynnir nýtt líkan sem styður við inngildandi og virka þátttöku nemenda í nemendaráðum.

Munnleg próf í háskólakennslu: Áskoranir og aðferðir

Hannes Ottósson Lektor

Háskóli Íslands

Ágrip /Abstract

Áhugi hefur undanfarið vaxið á munnlegum prófum og vöntun er á fræðilegri og hagnýtri umfjöllun um notkun þeirra. Þessi rannsókn fjallar um áskoranir og aðferðir við munnleg próf í háskólaskólakennslu með það að markmiði að auka skilning á notkun þeirra í námi. Fræðilegar undirstöður byggja á kenningum í kennslufræði tengdum námsmati og aðferðir á viðtölum sem tekin voru við kennara og nemendur sem hafa reynslu af munnlegum prófum. Gögnin voru greind með þemagreiningu sem dró fram fjögur megin viðfangsefni: virk þátttaka og dýpri skilningur, kvíði og sveigjanleiki, réttlæti og áreiðanleiki, og fjölbreytileiki og undirbúningur. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til að munnleg próf veiti tækifæri til dýpri og persónulegri þátttöku í námi, en krefjast skýrrar uppbyggingar, matsviðmiða, þjálfara prófdómara og stuðnings til að tryggja réttmæti og mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Sveigjanleiki í framkvæmd og einstaklingsmiðaðar nálganir draga úr kvíða og bæta upplifun nemenda. Niðurstöðurnar styðja fræðin að því leyti að vel skipulögð munnleg próf geta verið öflugt náms- og matsform sem stuðlar að virkri þátttöku nemenda og dýpri námsupplifun. Mælt er með frekari rannsóknum á samanburði við aðrar námsmatsaðferðir, áhrifum ólíkra aðferða á námsárangur og þróun hagnýtra leiðbeininga fyrir háskólakennara til að hámarka um gæði og árangur munnlegra prófa. Fræðilegt framlag bætir við kenningar í kennslufræði sem hvetja til fjölbreyttari kennsluhátta og námsmats. Hagnýtu niðurstöðurnar verða starfandi kennurum vonandi hvatning til að bæta tólum í verkfærakassann.

Efling trúar á eigin getu í gegnum ritfærniþjálfun

Védís Ragnheiðardóttir Aðjúnt

Háskóli Íslands, Hugvísindasvið

Ágrip /Abstract

Hér verður fjallað um þróun ritfærninámskeiðs á háskólastigi þar sem unnið hefur verið markvisst að því að efla endurgjöf, sjálfs- og jafningjamat og ekki síður framgjöf (e. feedforward) þ.e. að benda nemendum á leiðir til bættrar frammistöðu. Markmið námskeiðsins er að gera nemendur að betri pennum en einnig að gefa þeim töl til að leggja mat á eigin frammistöðu og að efla sjálfstraust þeirra og trú á eigin getu.

Í námskeiðinu fara nemendur með einn texta í gegnum öll skref ritunar, frá hugmyndastigi til lokafrágangs verks til birtingar. Einu verkefni skila nemendur inn í þrígang, þá er unnið með textann í ritsmiðjum þar sem nemendur lesa yfir hjá samnemendum og gefa jafningjaendurgjöf. Þá skila nemendur hugleiðingum og svari við endurgjöf þar sem þeir taka afstöðu til og svara endurgjöf kennara.

Í námskeiðslok skila nemendur ferilmöppum þar sem þeir hugleiða eigið nám. Í hugleiðingunum kemur ítrekað fram að þeir kunni vel að meta það að fá að vinna áfram með texta eftir að hafa fengið á hann endurgjöf. Þá telja nemendur sig ekki aðeins hafa bætt ritfærni sína heldur segjast þeir einnig búa yfir auknu sjálfstrausti og trú á eigin getu.

Þróunarverkefnið sýnir fram á gagnsemi endurgjafar, framgjafar, sjálf- og jafningjamats og hvernig markviss notkun hennar getur ekki aðeins stutt nám nemenda heldur einnig byggt upp hjá þeim trú á eigin getu sem getur aftur stutt þá í frekara námi. Þannig getur verið gagnlegt innan hvernar námsleiðar að fjárfesta í rækilegri endurgjöf í einu námskeiði og styðja þannig almennt við nám nemenda í gegnum allt nám þeirra.

Notkun fylgigagna í rafrænum prófum í forritunarnámskeiði

Ebba Póra Hvannberg Prófessor, Gylfi Guðjohnsen Aðstoðarmaður

Háskóli Íslands, VON

Ágrip /Abstract

Um árábil hafa verið gerðar rannsóknir á árangri nemenda í opnum og lokuðum prófum. Í opnum prófum mega nemendur koma með samþykkt gögn, svo sem glósur, námsbækur eða gögn undirbúin af nemendum sjálfum. Í lokuðum prófum eru engin fylgigögn leyfð nema mögulega formúlublað útbúið af kennara. Samhliða breyttum kennsluháttum hafa próf færst yfir í stafrænt form þar sem nemendur geta nýtt sér rafræn fylgigögn. Markmið rannsóknarinnar var að kanna notkun fylgigagna í rafrænu prófi í fyrstaárs forritunarnámskeiði á háskólastigi. Að loknu hlutaprófi var spurningakönnun lögð fyrir nemendur. Alls þreyttu 193 nemendur prófið og 69 svöruðu könnuninni. Sérstaklega var skoðuð fylgni milli notkunar fylgigagna og upplifun á erfiðleikastigi og próflengdar. Rafrænt próf býður upp á annars konar spurningategundir en hefðbundin próf s.s. forritunarspurningar sem bjóða upp á keyrslu. Skoðuð var fylgni milli ánægju nemenda með spurningategundirnar og upplifunar þeirra á erfiðleikastigi og lengd prófsins. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á marktæka fylgni milli notkunar fylgigagna eða ánægju og erfiðleikaupplifun eða mat á próflengd. Einnig er marktæk fylgni milli erfiðleikaupplifunar og próflengdar. Niðurstaðan styður að upplifun á próflengd tengist bæði aðgengi að fylgigögnum og erfiðleikaupplifun. Nemendur sem vilja sjá krossaspurningar vilja einnig sjá eyðufyllingar en síður forritunarspurningar án keyrslu. Þessi niðurstaða styður að afstaða nemenda til spurningategunda endurspeglar í ánægju þeirra og erfiðleikaupplifun. Greining á innbyrðistengslum milli allra tegunda fylgigagna bendir til sterkra tengsla sem eru þó ekki marktæk. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að huga að spurningagerð og aðgengi að fylgigögnum í hönnun rafrænna prófa.

Gamified Peer Review: Making Feedback Fun

Freyja Th. Sigurðardóttir Háskólakennari¹, Rannveig S. Sigurvinsdóttir Dósent², John David Baird Kennsluráðgjafi³

¹Háskólinn í Reykjavík, Viðskipta- og hagfræðideild. ²Háskólinn í Reykjavík, Sálfræðideild.

³Háskólinn í Reykjavík

Ágrip /Abstract

This presentation focusses on a Gamified Peer Review (GPR) activity implemented in an undergraduate marketing course. Peer review is a structured and reciprocal process where students evaluate and provide feedback on peers' work while also receiving feedback on their own. They can then use this as "feed forward" to improve their work before final submission. Gamification incorporates game elements—such as points and leaderboards—into learning to enhance student engagement. By combining peer review with game elements, the GPR activity is intended to promote engagement, feedback quality, and skill development.

The GPR activity has two components, Peer Review and Gamified Rating, each of which contributes to students' final grades. For the Peer Review component, students develop a presentation slide deck over the semester. They submit it three times for a round of peer review while also reviewing the work of three peers each round. At the end of each round, students rank the helpfulness of the feedback they receive from each peer by awarding gold, silver, and bronze medals which are converted into points. This is the Gamified Rating component.

Data gathered from 41 students examined the concepts of Acceptability, Cost, and Reported performance gains. We also examined the impact of the peer review and game components on student motivation, framed using the Expectancy-Value-Cost model of motivation.

Our results show that students found the GPR activity valuable and reported improvements in giving and using feedback, though some noted concerns about time demands and the fairness of peer grading.

Milli lýðræðis- og markaðsafla: Kortlagning á valdatengslum og stofnanakerfi framhaldsfræðslunnar á Íslandi

Helgi Þorbjörn Svavarsson aðjúkt, Berglind Rós Magnúsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Þetta erindi byggir á vinnu sem fór fram samhliða endurskoðun laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og varpar ljósi á stofnanaskipan, stjórnsýslu og fjármögnun framhaldsfræðslu á Íslandi. Markmiðið er að kortleggja núverandi stöðu kerfisins, draga fram helstu styrkleika og veikleika þess og styðja við áframhaldandi stefnumótun með áherslu á inngildingu og félagslegt réttlæti.

Greiningin byggir á vettvangshugtaki (e. field) Bourdieu og tekur mið af þremur ólíkum sjónarhornum á tilgang og áherslur framhaldsfræðslu: að efla lýðræði og félagslegt frelsi (e. democratic-emancipatory model), að styðja við nútímavæðingu (e. modernization model) eða að þjóna þörfum vinnumarkaðarins (e. human resources management models). Með þessu móti er dregið fram hvernig hagsmunaaðilar, stjórnvöld og alþjóðlegar stofnanir hafa áhrif á stefnumótun, fjármögnun og framkvæmd framhaldsfræðslu.

Frumniðurstöður benda til brotakennds stofnanakerfis og skorts á samræmdri heildarstefnu fyrir fullorðinsfræðslu á Íslandi. Takmarkað sjónsvið framhaldsfræðslunnar torveldar inngildingu og jafnan aðgang að námi. Erindið dregur jafnframt fram spennu á milli norrænna velferðargilda, sem leggja áherslu á réttlæti og félagslegt jafnrétti, og nýfrjálshyggjuáhrifa sem beina sjónum að hagkvæmni, skilvirkni og þörfum vinnumarkaðarins.

Með því að greina þessa spennu í íslensku samhengi veitir rannsóknin mikilvægan grundvöll fyrir stefnumótun sem leitast við að samræma markaðsdrifin sjónarmið við réttlát og inngildandi menntakerfi með virkni, þátttöku og jöfn tækifæri allra samfélagshópa að leiðarljósi.

Blámi: Litrannsókn tengd íslenskum jöklum

Þorvarður Árnason Forstöðumaður

Háskóli Íslands, Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði

Ágrip /Abstract

Tilgangur þessarar listrannsóknar er að kanna hvernig myndmiðlar á borð við ljósmyndun og kvikmyndagerð geta miðlað áhrifum loftslagsbreytinga og skapað dýpri skilning á umbreytingum náttúrunnar.

Þorvarður Árnason hefur í tvo áratugi rannsakað breytingar á Vatnajökli með aðferðum listrannsókna. Í verkum sínum beitir hann ljósmyndun og kvikmyndun til að skrá, túlka og miðla umbreytingum jökulsins á tímum loftslagsbreytinga. Aðferðafræðin byggir á samspili skráningar, fagurfræðilegrar túlkunar og ígrundunar. Fyrirlesturinn byggir á sjónrænni framsetningu og listrænni nálgun í samhengi við vistfræðilega umræðu og tímaskyn. Rannsóknin dregur fram hvernig myndmiðlar geta virkjað skynjun og tilfinningar áhorfenda og þannig stuðlað að dýpri tengingu við náttúruna og þá vá sem að henni steðjar.

Helstu niðurstöður sýna að listræn nálgun getur skapað rými fyrir tilvistarlega ígrundun og samkennd með náttúrunni. Verk Þorvarðar undirstrika hið viðkvæma jafnvægi náttúrunnar og hvetja til ábyrgðar og viðbragða. Lærdómurinn er sá að listrannsóknir, geta gegnt mikilvægu hlutverki í samtali um loftslagsbreytingar með því að höfða bæði til tilfinninga og gagnrýnnar hugsunar.

Þegar jöklar kenna: Listasmiðjur í Listasafni Íslands

Hanna Olafsdóttir lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Verkefnið *Ísabrot* fól í sér þverfaglegar listasmiðjur í Listasafni Íslands, styrkt af Barnamenningarsjóði. Níu skólar tóku þátt þar sem listamenn leiddu smiðjur sem tengdust jöklum og loftslagsbreytingum út frá fjölbreyttum sjónarhornum með áherslu á myndlæsi, skynjun og skapandi nálgun.

Í smiðjunum var unnið með margvíslegar víddir jöklanna: gervihnattagögn, gróður sem kom undan hörfandi jöklum, hljóð þeirra, liti og áferð, hreyfingu og minningar um horfna jökla. Rannsóknin byggði á opnum viðtölum við starfsfólk safnsins og sex kennara á ólíkum skólastigum og var markmiðið að varpa ljósi á menntunartækifæri sem felast í listrænni nálgun í safnaumhverfi.

Niðurstöðurnar sýna að listasöfn eru kjörinn vettvangur fyrir þverfaglegt og reynslumiðað nám. Smiðjurnar vöktu áhuga nemenda á málefnum sjálfbærni og jöklum og listamennirnir reyndust áhrifamiklir miðlarar. Helstu áskoranir tengdust stífu skóladagatali og ferðalögum með almenningssamgöngum.

Viðmælendur voru sammála um að verkefnið hefði styrkt faglegt starf og hvetur til frekara samstarfs safna og skóla. Listræn nálgun í safnafræðslu getur glætt áhuga nemenda á umhverfismálum og opnað dýrmætar leiðir til gagnrýnnar og skapandi sjálfbærnimenntunar.

Listrænt ákall til náttúrunnar

Ásthildur Jónsdóttir Adjunct

HÍ, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvernig skapandi skólastarf getur eflt vitund og þátttöku nemenda í umhverfis- og loftslagsmálum. Rannsóknin byggir á eigindlegri tilviksrannsókn sem skoðar valin verkefni innan grunn- og leikskóla sem tóku þátt í menningar- og fræðsluverkefninu *LÁN (Listrænt ákall til náttúrunnar)*. Verkefnið er þverfaglegt verkefni sem leggur áherslu á umbreytandi nám og raddir nemenda.

Gögnum var safnað með greiningu á verkefnalýsingum, viðtölum við kennara og vettvangsathugunum. Verkefnin voru margbreytileg að formi og nálgun, en einkenndust öll af listrænni tjáningu og samþættingu námsgreina. Yngri nemendur unnu verkefni þar sem tilfinningaleg tenging og forvitni gagnvart jöklum voru í forgrunni, á meðan eldri nemendur lögðu áherslu á gagnrýna hugsun og getu til aðgerða í loftslagsmálum.

Helstu niðurstöður sýna að listir og skapandi tjáning sköpuðu vettvang fyrir djúpa ígrundun, samkennd og aukna þátttöku nemenda. Verkefnin höfðu greinileg áhrif á afstöðu nemenda til náttúrunnar. Rannsóknin dregur þá ályktun að samþætting lista og samfélagslegra áskorana í skólastarfi geti verið öflugt tæki til að virkja nemendur til vitundarvakningar og samfélagslegrar þátttöku. Lærdómurinn felst í því að skapa rými fyrir tilfinningu, sköpun og gagnrýna hugsun í námi – ekki síst þegar takast þarf á við flókin viðfangsefni á borð við loftslagsvá.

Viðnám: Jöklar í íslenskri myndlist

Ragnheiður Vignisdóttir Fræðslufulltrúi

Listasafn Íslands, Fræðsludeild

Ágrip /Abstract

Jöklar eru órjúfanlegur hluti af kennileiti Íslands og sjálfsmynd þjóðarinnar. Frumkvöðlar íslenskrar málalistar leituðust við að fanga sjónarspil jöklanna í verkum sínum frá fyrri hluta 20. aldar, þar sem litur, form og áhrif þeirra á umhverfi sitt urðu að viðfangsefni listmálaranna. Áhugavert er að sjá fjölbreytta nálgun listamanna þegar kemur að jöklum, sem enn eru botnlaus uppspretta innblásturs. Frá skrásetningu landslags og rómantískrar upphafningar til myndverka sem takast á við jökulinn sem huglægt og merkingarþrungið fyrirbæri.

Í nútímanum eru jöklar einnig birtingarmynd loftlagsbreytinga þar sem knýjandi þörf er á vitundarvakningu fyrir bráðnun jökla og þeirra afleiðinga sem slíkar hamfarir hafa í för með sér.

Listasafn Íslands hefur á undanförnum misserum unnið með kennurum, listamönnum og skólum að þróun kennsluefnis fyrir kennara sem ber nafnið *Ísabrot*. Kennsluefnið og verkefnið sjálft byggir meðal annars á völdum verkum af sýningunni *Viðnám – samspil vísinda og lista* í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Í erindinu verður fjallað um það hvernig kennarar geta nýtt sér Listasafn Íslands sem námsvettvang fyrir sína nemendur með raundæmum úr verkefninu *Ísabrot* og aðferðum sjónarafls. Rætt verður um hvernig sú nálgun tengist verkefninu *Ísabrot* sem Hanna Ólafsdóttir fjallar um í erindi sínu þar sem ræddar verða listasmiðjur sem þróaðar voru í samvinnu við starfandi listamenn.

Matargleði: Samspil matvendi og skólamáltíða.

Anna Sigríður Ólafsdóttir Prófessor¹, Ingibjörg Kjartansdóttir Sérfræðingur²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindastofnun

Ágrip /Abstract

Matvendi og fæðunýfælni - þegar hikað er við að bragða ókunnugar fæðutegundir - getur haft mikil áhrif á upplifun barna af skólamáltíðum. Það getur dregið úr ánægju þeirra af máltíðum og skapað neikvæð tengsl við skólamatinn. Aftur á móti geta jákvætt félagslegt umhverfi, endurtekin kynning og jákvæðar matarupplifanir ýtt undir að betur sé borðað sem í senn skilar sér í betri líðan og minni matarsóun.

Gögn voru fengin úr Íslensku æskulýðsrannsókninni 2022 og greind voru svör 2185 barna í 4.bekk. Lagðar voru fyrir fimm fullyrðingar sem snúa að upplifun í tengslum við skólamáltíðir auk þess sem sérstakur kvarði var þróaður til að meta stig matvendi út frá þremur fullyrðingum um viðhorf til matar.

Niðurstöður sýna að félagslegar aðstæður og efnahagsstaða fjölskyldna hefur áhrif á upplifun barna af skólamáltíðum auk þess sem þau börn sem eru svöng í skólanum sækja frekar í sætindi. Hávaði í matsalnum og stuttur tími til að borða voru algeng vandamál, sérstaklega hjá börnum með matvendi. Matvendi er jafnframt algengari hjá strákum en stelpum og börn með meiri matvendi upplifa matartímann neikvæðar eru oftast svöng og neyta sjaldnar grænmetis og ávaxta. Matvöndum strákum líkaði síður vel í skólanum og stelpunum fannst bekkjarsystkinin síður vingjarnleg.

Með tilkomu gjaldfrjálsra skólamáltíða er enn mikilvægara en áður að átta sig á viðhorfum barna til skólamáltíða og skoða tengsl við fæðutengda hegðun til að hægt sé að styðja sem best við að börnin borði þann mat sem er í boði, maturinn sé hollur og matarsóun sem minnst um leið og vellíðan er í fyrirrúmi.

Tónlistariðkun í skjóli hringsins: Hvernig hringformið getur stuðlað að félagslegu og tilfinningalegu öryggi í tónlistariðkun með ungum barnafjölskyldum

Helga Rut Guðmundsdóttir prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í fyrirlestrinum verður fjallað um þróun tónlistarstunda fyrir innflytjendafjölskyldur á Íslandi og greint frá kenningum og rannsóknum sem liggja til grundvallar slíkri starfsemi. Í gegnum ígrundun á fræðilegum heimildum um uppruna tónlistar og tónlistariðkunar er stoðum rennt undir kenningagrunn fyrir tónlistariðkun með ungubarnafjölskyldum. Útskýrð verða tengsl tónlistariðkunar með börnum við niðurstöður rannsókna á söng- og máltöku barna og hvernig sú þekking hefur verið nýtt til að móta barn- og fjölskylduvænar tónlistarstundir. Lögð verður fram kenning sem byggir á þeirri hugmynd að hið nána samband sem myndast milli ungbarns og foreldris á fyrstu dögum og vikum í lífi barnsins sé einstaklega mikilvæg undirstaða fyrir tilfinningatengsl, söng- og máltöku barna. Þessa undirstöðu megi svo útvíkka yfir í hringinn sem myndaður er í fjölskyldutónlistarstundum, þar sem allir þátttakendur snúa inn í hringinn og mynda öruggt rými fyrir tónlistariðkun. Inni í hringforminu styrkjast tilfinningatengsl í gegnum tónlistariðkun. Þar haldast tónlist og málörvun í hendur, í félagslegu samhengi, sem stækkuð útgáfa af sambandi foreldris og barns. Í lokin verða dregnar saman helstu niðurstöður rannsókna á fjölskyldutónlistarstundum fyrir innflytjendafjölskyldur sem benda til þess að söngur, tungumál og tjáning í gegnum tónlist hafi sérstaka þýðingu fyrir þroska og velferð barna með fleiri en eitt tungumál. Skilningur á eðli hringformsins og hlutverk tónlistarlegrar tjáningar í gegnum líkamstjáningu, rytma og tónfall stuðlar að því að þátttakendur upplifi þá tilfinningu að tilheyra og tengjast hópnum á svipaðan hátt og gerist í nánum músíkölskum samskiptum milli foreldris og barns.

Tónlistarstundir án orða með fjölþjóðlegum barnafjölskyldum

Natalia Duarte Jeremias Doktorsnemi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Þessi fyrirlestur byggir á fyrstu niðurstöðum úr verkefninu *Music Moments („Tónlistarstund“)*, sem var röð þátttökutónleika fyrir börn á aldrinum 0 til 6 ára í Reykjavík. Verkefnið hlaut stuðning úr Barnamenningarsjóði á vegum Menningarmálaráðuneytisins 2024. Tónleikarnir voru haldnir mánaðarlega yfir haust- og vetrarmánuði í Norræna húsinu fyrir tvo aldurshópa: 0–3 ára og 3–6 ára.

Verkefnið byggði á kenningu Edwin Gordon (Music Learning Theory, MLT), með áherslu á notkun hlutlausra atkvæða til að styðja við snemmtækan tónlistarþroska óháð tungumálum. Einnig var það innblásið af hugmyndafræði Helgu Rutar Guðmundsdóttur um „tónlistaruppeldi“. Meginmarkmið verkefnisins var að skapa „tungumála-laust“ rými þar sem fjölskyldur af ólíkum uppruna gætu tengst í gegnum sameiginlega tónlistarlega reynslu.

Hver tónlistarstund nýtti aðferðir byggðar á MLT, þar á meðal tónstef og spuna yfir stöðugum pedalgrunntóni, ásamt fjölbreyttum hrynmynstrum og stefnum í mismunandi tóntegundum. Þessi tónlistarform eru hönnuð til að vera aðgengileg, óháð tungumálabakgrunni og hvetja til þátttöku og samveru.

Gögnum var safnað með þátttökuathugunum, skriflegum spurningalistum og hálfopnum viðtölum við þátttakendur. Fyrstu niðurstöður benda til þess að fjölskyldur njóti sameiginlegrar tónlistarupplifunar og finni fyrir auknum tengslum við börnin sín og samfélagið í heild. Tónlistarstundirnar skapa einnig dýrmætt félagslegt rými þar sem alþjóðlegir foreldrar geta hist og myndað félagstengsl.

Hlutverk tónlistar, tungumáls og menningararfs sem hvata til þátttöku í tónlistarstundum fyrir pólskar barnafjölskyldur á Íslandi

Adam Switala Aðjúnkt og doktorsnemi

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Þessi rannsókn byggir á tilviksathugunum og kannaði hvata og sjónarmið pólskra innflytjendaforeldra með ung börn (0–4 ára) búsett á Íslandi í tengslum við þátttöku þeirra í fjölskyldutónlistarstarfi sem fór fram á pólsku (Tónagull á pólsku). Fyrri hluti rannsóknarinnar fól í sér hálfopin viðtöl við foreldra frá tólf heimilum, sem valin voru í þeim tilgangi að endurspeglar fjölbreytileika í aldri, menntun, búsetutíma á Íslandi og kunnáttu í íslensku. Viðtölin voru greind með ígrundaðri þemagreiningu (Reflexive Thematic Analysis). Seinni hluti rannsóknarinnar var byggður á nafnlausum spurningalistum sem 31 þátttakandi svaraði. Spurningalistarnir innihéldu bæði opnar spurningar og fjölvalsspurningar. Einnig var bakgrunnsupplýsingum safnað, þar á meðal lýðfræðilegum gögnum.

Niðurstöður beggja hluta rannsóknarinnar sýna að fjölskyldutónlistarstarfið veitti innflytjendafjölskyldum mikilvægan stuðning, styrkti uppeldisaðferðir, efldi tengsl foreldra og barna og víkkaði félagsleg net. Tónlist og menningararfur komu fram sem helstu hvatar foreldra til þátttöku. Tungumálið var undirstrikað sem lykilþáttur í samfélagsefningu og miðlun menningararfs til næstu kynslóðar. Foreldrar máttu þátt tónlistar sem mikilvægan, bæði vegna jákvæðra áhrifa tónlistariðkunar á þroska barna og hlutverks hennar í að viðhalda menningarhefðum í nýju landi. Mat foreldra á mikilvægi tónlistar jókst enn frekar eftir þátttöku í tónlistarstundunum sem reyndust þeim vel í daglegu uppeldi og samskiptum við börn sín. Niðurstöður undirstrika þörf fyrir kerfisbundinn stuðning við foreldra ungra barna úr hópi innflytjenda og benda til þess að tónlistarstarf styðji einstaklega vel við tengslamyndun og félagslega virkni innflytjendafjölskyldna.

Áhrif brottfalls heils sveitarfélags á niðurstöður grunnskólakönnunar ÍÆ, aðstæður nemenda sem falla úr námi á framhaldsskólastigi og ástæður brotthvarfs: Tvær rannsóknir úr gögnum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar

Hans Haraldsson Tölfræðingur

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Kynntar verða niðurstöður úr tveimur rannsóknum úr gögnum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ).

Fyrri rannsóknin snýr að áhrifum brottfalls heils sveitarfélags úr grunnskólakönnun ÍÆ. Grunnskólar í Kópavogi tóku ekki þátt í könnun ÍÆ 2025 og vekur það spurningar um mögulega brottfallsskekkju (e. momresponse bias) í niðurstöðum. Gögn úr fyrirlögn vorið 2024 voru því greind, en í þeirri umferð tóku öll stærstu sveitarfélögin þátt. Valdir mælikvarðar voru skoðaðir. Frávik hvers sveitarfélags frá tölum fyrir öll önnur sveitarfélög var skoðað ásamt breytingum á landstölum ef svörum frá sveitarfélaginu var sleppt. Niðurstöður sýna að tölur fyrir einstök sveitarfélög önnur en Reykjavík víkja mjög sjaldan nógu langt frá tölum fyrir öll önnur landssvæði til að hreyfa landstölur um heilt prósentustig. Án Reykjavíkur eru hreyfingar sjaldan meiri en 2,5 prósentustig.

Seinni rannsóknin er unnin úr könnun ÍÆ meðal ungs fólks (18-24 ára) utan skóla. Ísland sker sig úr meðal Evrópuþjóða að því leiti að hér er brotthvarf úr framhaldsskóla mjög hátt en hlutfall ungmenna sem ekki er í námi eða vinnu mjög lágt. Það er mögulegt að hátt brotthvarfshlutfall skýrist að miklu leiti af því að nemendur velji að taka sér tímabundið námshlé vegna aðdráttarafls vinnumarkaðar. Niðurstöður sýndu að um 2/3 brotthvarfsnema höfðu áform um að hefja nám að nýju fljótlega. Innan brotthvarfshóps var þó enginn teljandi munur á áhættuþáttum brotthvarfs eftir fyrirætlunum um frekara nám og þeir nemendur sem hugðu á frekara nám nefndu áþekkar ástæður fyrir brotthvarfi sínu, helst námsleiða, vanmátt og tilgangsleysi. Niðurstöður styðja því ekki þá tilgátu að stór hópur velji sér tímabundið námshlé til að vinna.

Stöðlun LANIS, þróun málþroskamats eftir aldri og tengsl menntunar foreldra við málþroskamat

Patrekur Örn Gestsson Aðstoðarmaður¹, Jóhanna Thelma Einarsdóttir Professor¹, Þóra Másdóttir Dósent¹, Signý Gunnarsdóttir Talmeinafræðingur², Þóra Sæunn Úlfisdóttir Verkefnastjóri og ráðgjafi vegna málþroska og læsis³

¹Háskóli Íslands, Talmeinafræði. ²Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Matssvið.

³Reykjavíkurborg, Miðja máls og læsis

Ágrip /Abstract

Greint verður frá stöðlun skimunarlistans LANIS vorið 2024. Alls tóku 1178 foreldrar og 1177 leikskólastarfsmenn þátt og skiluðu listum fyrir 1195 börn sem voru á 117 leikskólum víðsvegar af landinu. Í þessu erindi verður málþroskamat beggja hópa skoðað og tengsl málþroskamatsins við aldur barnanna og einnig menntunar foreldra þegar stjórnað er fyrir aldri, kyni og búsetu.

Niðurstöður fjölbreytúaðhvarfsgreiningar sýndu að hærri menntun föður tengdist marktækt herra mati á mál- og talþroska í báðum hópum. Menntun móður hafði einnig marktæk tengsl í mati leikskólastarfsmanna, en tengsl menntunar föður reyndust sterkari við mat hjá báðum hópum. Stelpur fengu að jafnaði herra mat en strákar, en engin marktæk tengsl fundust við hvort barnið ætti heima á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.

Stöðlun og niðurstöður LANIS eru mikilvægar þar sem leikskólakennarar jafnt sem foreldrar hafa nú aðgang að stöðluðu skimunartæki sem nýtist við að meta málþroska barna við þriggja ára aldur og um leið finna þau börn sem gætu átt í hættu á að greinast með málþroskaröskun.

Jöklaupplifun í sýndarveruleika: Viðbót við náttúrufræðslu og loftslagsumræðu?

Ásta Olga Magnúsdóttir Verkefnastjóri

HÍ, Vísinda og Nýsköpunarsvið

Ágrip / Abstract

Í erindinu verður fjallað um verkefnið *Into the Blue*, sýndarveruleikaupplifun um jökla. Skoðað verður hvernig frásagnir í gegnum sýndarveruleika geta dýpkað náttúrufræðslu og loftslagsumræðu með því að hleypa notendum inn í heim skynjunar og innlifunar. Í sýndarveruleikaupplifuninni er hægt að ferðast á staði á jöklum sem annars eru óaðgengilegir, jafnvel inn í jökulinn sjálfan, heyra vatnið renna undir ísnum og sjá hvernig ljósið brotnar í íshellum og skapar töfrandi litbrigði. Ekkert er alveg eins og það sýnist, en áhrifin eru sterk, og í gegnum þessi óvenjulegu sjónarhorn má bæði dýpka skilning og vekja samkennd með náttúrufyrirbærum. Jöklarnir minna okkur líka á að náttúran er í stöðugri umbreytingu þeir eru áþreifanleg birtingarmynd hraðra breytinga af manna völdum á tímum loftslagshamfara.

Verkefnið er samstarfsverkefni jöklarannsóknarfólks Háskóla Íslands og upplifunarhönnuða og getur nýst sem kveikja að skapandi og þverfaglegri kennslu um náttúru, breytingar af völdum loftslags og sjálfbærni.

Notkun sýndarveruleika og upplifunarhönnunar í skólastarfi fer vaxandi, ekki til að leysa af hólmi hefðbundna kennslu, heldur sem áhrifarík og tímabær viðbót sem getur höfðað til fjölbreytts hóps nemenda, óháð tungumáli, lestrarfærni eða bakgrunni.

Listræn nálgun við miðlun á náttúrufyrirbærum getur hjálpað okkur að endurheimta tengsl við náttúruna, hvert annað og okkur sjálf og kveikt löngun til að skilja meira, skapa og hafa áhrif.

"Tíminn er vinur þinn í þessu": Ávinningur sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum

Ása Kristín Einarasdóttir Verkefnastjóri á skrifstofu frístundamála¹, Ársæll Már Arnarsson
Prófessor², Eygló Rúnarsdóttir Aðjúnt²

¹Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Í síbreytilegu samfélagi standa ungmenni frammi fyrir auknum kröfum og áskorunum, allt frá breyttum samskiptamynstrum til félagslegrar einangrunar og andlegrar vanlíðanar. Þá geta félagsmiðstöðvar gegnt lykilhlutverki sem vettvangur félagslegs stuðnings og forvarna. Þar liggja tækifæri til að vinna markvisst með félagsfærni, sjálfsmynd og vellíðan unglunga í gegnum aðferðir sem byggja á þátttöku, trausti og tengslamyndun.

Með þessum auknu áskorunum er mikilvægt að kanna hvernig hópastarf getur stuðlað að velferð, sjálfsmynd og félagslegri færni unglunga. Rannsóknin fjallar um áhrif sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum og hlutverk þess í forvarnastarfi með unglungum. Hún byggir á blandaðri aðferðafræði þar sem stuðst er við meginleg gögn eru notuð til að greina áhrif þátttöku í hópastarfi á félagslegan og tilfinningalegan þroska unglunga. Þar eru fyrirbyggjandi gögn nýtt til að kanna samband milli ólíkra breyta. Gögnin voru fengin frá Ársæli Má Arnarsyni prófessor við Menntavísindasvið. Þýði þessarar rannsóknar eru unglingar, 68 í heildina. Úrtakið innan þýðisins eru ungmenni sem sækja sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvum á vegum frístundamiðstöðvanna Kringlumýrar og Miðbergs. Jafnframt var framkvæmd eigindleg rannsókn og greining á viðtölum við starfsfólk félagsmiðstöðva sem varpar ljósi á aðferðir, áskoranir og faglegt mat þeirra á áhrifum sértæks hópastarfs.

Niðurstöður benda til þess að skipulagt hópastarf hafi jákvæð áhrif á félagslega hæfni, sjálfsmynd og tilfinningalegan þroska unglunga. Meginleg gögn sýna að þátttaka í hópastarfi getur dregið úr einmanaleika og andlegri vanlíðan með því að skapa öryggi, samkennd og vettvang fyrir jákvæð félagsleg tengsl. Rannsóknin styður við þá hugmynd að markviss nálgun í hópastarfi sé lykilþáttur í forvarnastarfi félagsmiðstöðva. Rannsóknin byggir á meistaraverkefni.

Hvernig styðja niðurstöður um próftíma og þyngd prófatriða við réttmæti Matsferils?

Sigrún Erna Kristinsdóttir Sérfræðingur í prófagerð

Miðstöð Menntunar og skólaþjónustu, Matssvið

Ágrip /Abstract

Stefnumótun menntamálaráðuneytis um samræmt námsmat í grunnskólum kemur einna skýrast fram í skýrslu ráðuneytisins frá 2020. Þar er lögð mikil áhersla á að próf í Matsferli standist faglegar kröfur og henti öllum nemendum. Í þessu erindi verður leitast við að meta að hvaða marki þyngd prófatriða og tími sem nemendur nýta á stöðu- og framvinduprófum í lesskilningi og stærðfræði í Matsferli falla að þessari stefnumótun. Í stöðlunarfyrirlögn vorið 2025 þreyttu 6397 nemendur próf í lesskilningi og 6667 í stærðfræði. Notuð voru samtals 275 prófatriði í lesskilningi og 330 prófatriði í stærðfræði. Í lesskilningi voru útbúnar sjö prófútgáfur en í stærðfræði 14 prófútgáfur. Í lesskilningi var hver prófútgáfa lögð fyrir í tveimur eða þremur árgöngum en í stærðfræði var hver prófútgáfa lögð fyrir í einum árgangi. Niðurstöður sýndu að í lesskilningi lauk um helmingur nemenda prófi á 40 mínútum eða skemur og 85-95% nemenda á 60 mínútum eða skemur. Munur á próftíma milli árganga tengdist fjölda prófatriða. Í stærðfræði lauk einnig um helmingur nemenda prófi á 40 mínútum eða skemur og um 80% nemenda á 60 mínútum eða skemur. Nemendur í yngri bekkjum notuðu skemmri tíma en eldri nemendur. Almenn er lítil eða hverfandi munur á próftíma hjá nemendum í sama árgangi sem tóku mismunandi prófútgáfur. Breytileiki í þyngd prófatriða sýndi að prófin henta nemendum á ólíkum getustigum.

From Essays to Airwaves: Learner generated podcasts as an authentic assessment task to promote engagement, creativity, confidence, and deeper learning

Rannveig S. Sigurvinsdóttir Dósent, John David Baird Kennsluráðgjafi

Háskólinn í Reykjavík, Sálfræðideild

Ágrip /Abstract

Assessment should, ideally, encourage students to take a deep approach to their learning, whereby students look at the significance of what they are being taught and attempt to make sense of it, connecting information and thinking into the topic.

One of the keys to designing assessments which promote deep learning is to engage students in an assessment task which is authentic. By authentic, we mean a form of assessment that involves students performing a task in a real-world context and demonstrating direct application of relevant knowledge, skills and competencies.

Here, we discuss how we used authentic assessment within an undergraduate forensic psychology course, replacing an individually written essay assignment with a learner-generated podcast. Students were tasked with picking any real-life crime, briefly outlining what it involved, and then using forensic psychology theories and concepts they had learned in the course to explain the crime.

We begin by outlining our pedagogical rationale for implementing this assignment, part of which was a desire to mitigate inappropriate use of generative AI in completing the assignment. We next describe how we implemented the assignment and supported students in successfully completing it. Finally, we report findings from quantitative and qualitative analysis of survey data from 35 students. Students overwhelmingly preferred the podcast assignment over a traditional essay assignment. They reported that the podcast assignment facilitated a deeper understanding of and greater ability to apply core course concepts and theories, was more enjoyable and engaging, allowed for greater creativity, and better built their confidence as communicators.

Áskoranir og tækifæri með notkun gervigreindar í háskólastarfi: Raddir kennara og hlutverk háskóla

Ásta Bryndís Schram Dósent og kennsluþróunarstjóri¹, Sigurbjörg Jóhannsdóttir aðjunkt/kennsluráðgjafi², Hafsteinn Einarsson Dósent³, María Kristín Bjarnadóttir Deildarstjóri Kennslumiðstöðvar²

¹Háskóli Íslands, HVS. ²Háskóli Íslands, Kennslumiðstöð. ³Háskóli Íslands, VON

Ágrip /Abstract

Gervigreind hefur á síðustu árum orðið æ fyrirferðameiri í háskólastarfi og hefur áhrif á alla þætti kennslu. Til að móta viðeigandi stefnu og stuðning innan háskólasamfélagsins er mikilvægt að skilja afstöðu kennara og upplifun þeirra af gervigreind. Þessi frumrannsókn kannar viðhorf og reynslu kennara við Háskóla Íslands af gervigreind í kennslu, mati þeirra á notkun nemenda á gervigreind og hugmyndir um hvernig háskólar geti best stutt við þá í breyttu fræðsluumhverfi.

Spurningakönnun, með 34 spurningum, var send til 2.007 háskólakennara, þar á meðal stundakennara, í gegnum SurveyMonkey. Í júlí 2025 höfðu 280 kennarar tekið þátt. Frumniðurstöður bentu til að flestir kennarar væru jákvæðir gagnvart gervigreind og telji hana nýtilega í kennslu. Algengast var að kennarar notuðu gervigreind til hugmyndavinnu og skipulags námskeiða en sjaldnar til að hanna námskeið, búa til kennsluefni, semja próf eða meta verkefni. Nokkrir nýttu gervigreind einnig við prófarkalestur, þýðingar, gagnagreiningar og forritun.

Áhyggjur komu þó einnig fram, meðal annars varðandi öryggi gagna og vegna siðferðilegra álitamála. Auk þess höfðu margir takmarkað traust á gæðum gervigreindarefnis. Margir kennarar sögðust hafa litla þekkingu á gervigreind og kölluðu eftir fræðslu, skýrari stefnu og aðgengi að völdum gervigreindartólum og stuðningi. Rannsóknin undirstrikar að háskólar þurfa að hlusta á raddir kennara til að bregðast markvisst við þessari þróun.

CUTIE – Hvernig er unnið að samsköpun (e. co-creation) með nemendum? Fjölbreyttar leiðir mismunandi háskóla við innleiðingu gervigreindar

Helena Sigurðardóttir Kennsluráðgjafi

Háskólinn á Akureyri, Kennslumiðstöð HA

Ágrip /Abstract

Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð Háskólans á Akureyri (KHA) tekur þátt í ýmsum alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem miða sérstaklega að því að efla stafræna hæfni. Líkt og margar háskólastofnanir um allan heim er eitt af verkefnum KHA innleiðing á notkun skapandi gervigreindar (e. GenAI). Að þessu sinni kynnum við hluta af CUTIE – Competences for Universities using Technology in education and Institutional Empowerment sem miðar að því að vinna að samsköpun með nemendum.

Markmiðið fólst í að vinna með nemendum að framleiðslu á efni sem myndi styðja við innleiðingarferli gervigreindar í HA. Til að skipuleggja vinnuna var gerð fræðileg samantekt á því hvernig unnið er að samsköpun með nemendum, efnið tekið saman og útbúinn leiðarvísir. Í vinnuferlinu var leiðarvísinum fylgt eftir til að athuga hvort svipaðar niðurstöður fengjust í samstarfsskólunum. Afurð nemendanna var svo notuð sem hluti af innleiðingarferli gervigreindar í HA. Farið verður yfir ferlið og hvernig aðrar stofnanir geta nýtt efnið, sem miðar að því að auka stafræna hæfni, ásamt því að segja frá reynslu þátttakenda.

Hlekkur á verkefnið og tillögur að leiðum til að auka stafræna hæfni háskólakennara og vinna að samsköpun með nemendum <https://cutie.unak.is/>

Lærdómssamfélag á vettvangi frístundastarfs: Birtingamyndir og áskoranir að mati reyndra forstöðumanna

Víktor Orri Þorsteinsson Forstöðumaður frístundaheimilis¹, Oddný Sturludóttir Doktorsnemi²

¹Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. ²Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna birtingamyndir lærdómssamfélags á vettvangi frístundastarfs og hvaða áskoranir og tækifæri eru til staðar í uppbyggingu þess. Til að varpa ljósi á það voru tekin sex djúpvíðtöl við reynda stjórnendur í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Gögnin voru þemagreind og niðurstöðurnar leiddu í ljós að samhljómur er um birtingarmyndir lærdómssamfélags milli stjórnendanna og lýsa þeir starfsháttum og áherslum sem ríma vel við einkenni lærdómssamfélags fagfólks skóla. Þar ber hæst sú mikla áhersla sem stjórnendur leggja á dreifða og styðjandi forystu og menningu sem styður við samstarf. Niðurstöður leiða einnig í ljós að stjórnendurnir leggja þunga áherslu á að vera leiðtogar jafningja og að tryggja starfsánægju. Þrjú þemu komu fram: 1) Leiðtogi jafningja sem valdeflir og treystir, 2) starfsánægja og menning og 3) áskoranir við að byggja upp lærdómssamfélag á síkvikum vettvangi. Helstu áskoranir eru að frístundastarf er unnið af hlutastarfsfólki sem fær lítinn sem engan undirbúningstíma til að sinna fagþróun og meirihluti starfsfólksins er ekki með fagmenntun tengda starfinu. Rannsókn þessi er hin fyrsta sem skoðar lærdómssamfélag á vettvangi frístundastarfs hér á landi. Hún er því gagnlegt leiðarljós fyrir hinn unga fagvettvang tómstunda- og félagsmálafræða og frístundastarfs, sveitarfélög, fagfélög og yfirvöld menntamála. Rannsóknin dregur jafnframt fram mikilvægi þess að frístundastarf sé metið sem faglegur og lærdómsmiðaður vettvangur og að efla þurfi stuðning og menntun og styrkja þarf stjórnskipulag til að efla lærdómssamfélög fagfólks í frístundastarfi, í þágu barna og starfsfólks.

Reglur, sveigjanleiki og siðferði: Gervigreind í íslenskum og norrænum háskólum

Sigurbjörg Jóhannsdóttir Aðjúnt/verkefnastjóri¹, Kristín Björnsdóttir Prófessor², Skúlína Hlíf Kjartansdóttir Aðjúnt²

¹Háskóli Íslands, Kennslumiðstöð. ²Háskóli Íslands, MVS

Ágrip /Abstract

Gervigreind er að umbreyta háskólastarfi á Norðurlöndum sem kallar eftir nýjum siðferðilegum og stefnumótandi viðbrögðum. Í þessari rannsókn er greint hvernig háskólar í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hafa mótað stefnu, ramma og leiðbeiningar um notkun gervigreindar í námi og kennslu. Sérstök áhersla er lögð á stöðuna á Íslandi og hvernig íslenskir háskólar nálgast þetta viðfangsefni.

Íslenska háskólastigið einkennist af sveigjanlegri og minna íþyngjandi leiðbeiningum en víða annars staðar á Norðurlöndum. Leiðbeiningar íslenskra háskóla leggja áherslu á skapandi möguleika gervigreindar og virka þátttöku kennara og nemenda í mótun ábyrgrar notkunar. Það er í takt við opnari nálgun íslenskra stjórnvalda á sviði nýsköpunar og menntunartækni. Í samanburði við önnur Norðurlönd kom í ljós að finnskar og sænskar stofnanir hafa þróað ítarlegri og agaðri ramma, sérstaklega þegar kemur að siðferðilegum meginreglum, gagnavernd og gagnsæi. Í Noregi og Danmörku er meiri áhersla lögð á tæknilega innviði.

Rannsóknin dregur fram sameiginleg stefnumið á borð við ábyrgð kennara, gagnsæi í hvernig nemendur nota gervigreind og mikilvægi siðferðilegrar notkunar gervigreindar. Jafnframt koma fram skörp skil milli þjóða þegar kemur að framkvæmd, þjálfun og skýrleika í reglum. Niðurstöðurnar gefa innsýn í hvar tækifæri liggja til aukinnar samvinnu og frekari mótunar á leiðbeiningum um ábyrga notkun gervigreindar í háskólastarfi.

From Problem to Program: Navigating the journey through peer-assisted learning in a flipped computer programming course

Kári Halldórsson Háskólakennari, John David Baird Kennsluráðgjafi

Háskólinn í Reykjavík, Tölvunarfræðideild

Ágrip /Abstract

Programming I is a foundational Year 1/Semester 1 course in computer science within Reykjavík University, with a typical class size of approximately 200 students. Foundational programming education typically involves problem solving and solution coding components i.e. students are presented with a programming problem to solve and are required to write code which solves this problem.

Programming I is taught using a “flipped learning” approach, whereby students use “before class” time to review specific course material before then using “in-class” time to apply their understanding through active engagement in structured learning activities. “After class” time involves students engaging in extension activities which build on the work done “in-class”.

Our presentation focuses on the design of the “in-class” component in Programming I, which is built on a peer-assisted learning approach. We describe how our approach is structured with the intention of building student confidence and competence in successfully navigating the journey from “presentation of problem to solve” to “coding problem solution”.

164 students participated in the Fall 2024 iteration of this course. Of these, 94 responded to an end-of-course survey which gathered quantitative and qualitative data on their experience of the course design. The study reports our findings in relation to the learning value students attributed to the different components of the flipped learning design (before-class preparation, in-class structured, peer-assisted learning activities, and after-class extension learning activities) and the impact students attributed to the in-class component on the development of their oral communication skills, problem analysis and problem-solving skills, and self-evaluation of learning skills.

„Lært mest [í þessu námskeiði] af [þeim] ... sem ég hef farið í“: Mat á kennsluháttum í nýju skyldunámskeiði í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði

Aldís Garðarsdóttir Aðjúnt, Hrund Þórarins Ingudóttir Lektor

Háskóli Íslands, MVS

Ágrip /Abstract

Nýir kennsluhættir voru þróaðir í nýju skyldunámskeiði í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Kennsluhættirnir eru í anda rauntengds náms (e. authentic learning) og reynslutengds náms (e. experiential learning). Markmið kennsluháttanna var að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum og skapandi þekkingarleit, virkri þátttöku, víðsýni og gagnrýnni hugsun nemenda, strax frá fyrsta misseri. Áhersla var lögð á að nemendur tengdu námsefnið við persónulega reynslu. Nýmælið var að nota þessa kennsluhætti í stafrænni kennslu í grunnnámi.

Markmið rannsóknarinnar var að meta þessa nýju kennsluhætti. Gögnum var safnað frá öllum 84 nemendum námskeiðsins, þrisvar sinnum yfir misserið þar sem nemendur svöruðu skriflega spurningum kennara um sýn þeirra á kennsluhættina. Gögnin voru þemagreind. Þrjú þemu komu fram: 1) Virk þátttaka og skuldbinding nemenda; 2) Gagnrýnin hugsun og aukin víðsýni; 3) Aukinn og dýpri skilningur á námsefninu.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að nemendur voru ánægðir með námskeiðið og kennsluhættina. Nemendur sögðu að kennsluhættirnir hafi hvatt þau til virkrar þátttöku og skuldbindingar vegna áherslunnar á að þau undirbyggju sig vel fyrir hverja kennsluviku og þeim gefin einkunn fyrir virkni. Með virkni sinni í námskeiðinu sögðu nemendur að gagnrýnin hugsun og víðsýni þeirra hafi aukist vegna þess hve ólíkar skoðanir samnemendur höfðu á námsefninu. Virk þátttaka, skuldbinding og þjálfun í gagnrýnni hugsun leiddi til aukins og dýpri skilnings nemenda á námsefninu, að þeirra mati. Niðurstöðurnar ættu að nýtast öðrum námsleiðum við Háskóla Íslands sem vilja leggja aukna áherslu á þessa þætti í námi nemenda.

Háskólakennsla á nýjum forsendum: Stafræn hæfni, sköpun og námssamfélag án staðsetningar

Hjördís Sigursteinsdóttir Dósent¹, Auðbjörg Björnsdóttir Forstöðumaður²

¹Háskólinn á Akureyri, Viðskiptadeild. ²Háskólinn á Akureyri, Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð

Ágrip /Abstract

Háskólakennsla hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum, einkum vegna tæknivæðingar, alþjóðavæðingar og aukinnar áherslu á nemendamiðað nám. Til að mæta þessum breytingum þurfa háskólakennarar að þróa með sér fjölvíddarhæfni sem nær út fyrir hefðbundna fræðilega þekkingu og felur í sér hæfni í kennslufræði, stafrænum lausnum, félags- og tilfinningalegum þáttum, sem og hæfni til að kenna í fjölmennningarlegu samhengi. Notkun stafrænnar tækni og blandaðra kennsluhátta hefur orðið sífellt mikilvægari, sem krefst tæknilæsis og sveigjanleika hjá háskólakennurum. Fagleg starfsþróun, regluleg endurmenntun og samstarf eru lykilatriði í að efla gæði kennslu.

Erindið fjallar um breyttar kennsluaðferðir í grunnnámskeiðum þar sem hefðbundin kennsla og verkefni hafa vikið fyrir blönduðum kennsluháttum í því augnamiði að ná til og virkja betur nemendur sem eru í langflestum tilvikum ekki á staðnum. Í því felst einnig áskorun í að búa til nemendasamfélag í skýinu. Í námskeiðunum er mikið lagt upp úr að nemendur beiti margvíslegum aðferðum við verkefnavinnuna þar sem sköpunargáfan fær að njóta sín en þó einnig lögð áhersla á fræðileg vinnubrögð. Leitast er við að nálgast nemendur út frá þeirra aðstæðum og beitt margvíslegum leiðum til að ná til nemenda. Þar ber t.d. að nefna hlaðvörp með samtölum við fólk úr atvinnulífinu um námsefnið slegið í gegn hjá nemendum.

Erindið mun undirstrika hvernig má með breyttum kennsluháttum bæta námsupplifun nemenda og þróa kennslumenningu til framtíðar sem nær til fjölbreyttra nemendahópa. Einnig verður fjalla um nýjustu rannsóknir um lykilhæfni háskólakennara, þar á meðal fræðilega og kennslufræðilega hæfni, stafræna hæfni, félags- og tilfinningalega hæfni, og fjölmennningarlega hæfni.

Áskoranir í háskólakennslu nýráðinna lektora við Háskóla Íslands

Thamar Melanie Heijstra Prófessor¹, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir Dósent², Renata Emilson Peskova Lektor²

¹Háskóli Íslands, FVS. ²Háskóli Íslands, MVS

Ágrip /Abstract

Háskólaumhverfið er margslungið og starf nýráðinna lektora er krefjandi. Háskólar verða sífellt meira undir áhrifum nýfrjálshyggju, nemendahópar verða margbreytilegri en væntingar nemenda að fá þjónustu í náminu og sífelldar tæknilegar og aðrar breytingar gera háskólakennsluna flókna. Nýráðnir lektorar eru lykilstarfsfólk fyrir framtíðarstarf háskólans, en fyrstu árin þeirra eftir ráðningu fela í sér miklar áskoranir þar sem þeir verða að finna jafnvægi í starfi, á milli kennslu, rannsókna og stjórnunar.

Þessi rannsókn hafði það að markmiði að skilja hvernig háskólaumhverfi studdi við eða hindraði mótun sjálfsmyndar lektora sem háskólakennara og þróun kennslu þeirra. Fræðilegur rammi eru rannsóknir um þróun akademískar sjálfsmyndar og kennarahæfni meðal háskólakennara. Rannsóknin er eigindleg, grunduð í feminískum undirstöðum, og fellur undir félagslega hugsmíðahyggju. Hálf-opin viðtöl og rýnihópaviðtöl voru tekin við 21 nýráðinn lektor (0-5 ár eftir ráðningu) skólaárið 2022-2023 og greind með þemagreiningu. Nafnleyndar var gætt og öllum siðareglum um rannsóknir í Háskóla Íslands var fylgt. Þemu sem rannsakendur mótuðu í greiningarferlinu voru 1. Að koma inn án korts: Óheildstætt stuðningskerfi, 2. Spenna í kennslu: Að rata um mótsagnir stofnunarinnar, 3. Kennsla án viðurkenningar: Vanmetin kennslufræði í rannsóknarmiðaðri menningu.

Rannsóknin sýndi hvernig stofnannamenning mótar, hindrar og jafnvel stoppar þróun sjálfsmyndar lektora sem háskólakennara. Þó að stuðningsúrræði séu til staðar, þá virðast þau oft ekki tengd við veruleika nýráðinna lektora. Þróun kennslu veltur því gjarnan á þeirra eigin persónulega frumkvæði.

Er munur á áhugahvöt fastráðinna og lausráðinna kennara við Heilbrigðisvísindasvið HÍ? Af hverju erum við háskólakennarar?

Gunnsteinn Haraldsson Dósent

Háskóli Íslands, HEIL

Ágrip / Abstract

Árið 2024 var 56% kennslu við HVS sinnt af fastráðnum kennurum (lektorar, dósentar og prófessorar) og 44% af lausráðnum kennurum (aðjúntar og stundakennarar). Markmið rannsóknarinnar var að bera saman viðhorf lausráðna og fastráðinna kennara með tilliti til stuðningsþarfar, viðmóti HÍ og áhugahvatar.

Viðtöl við tvo fjögurra manna rýnihópa voru tekin og þemagreind með aðferðafræði eigindlegra rannsókna. Viðtölin voru sveigjanleg og rannsakandinn reyndi að móta þau sem minnst. Þátttakendur voru valdir með þægindavali úr kennsluskra HÍ og reynt að sneiða hjá verklegri og klíniskri kennslu. Viðtöl voru tekin upp, skrifuð upp í samfelldan texta, kóðuð og þemagreind.

Rannsóknir og fagleg viðurkenning eru aðal drifkraftur fyrir kennslu fastráðinna kennara. Lausráðnir kennarar lýstu hins vegar ástríðu fyrir miðlun og kennslu sem sínum helsta drifkrafti auk endurgjafar frá nemendum og persónulegum þroska. Öllum þátttakendum fannst skorta á kennslumenningu og viðhorfi til kennslu innan HÍ vera mjög ábótavant, sem endurspeglast í launum og mati á kennslu. Báðir hópar gagnrýndu skort á umbun og hvatakerfum fyrir góða kennslu, en ofur áhersla er á rannsóknarvirkni í umbunarkerfum, launakerfum og ráðningarkerfum. Lausráðnir kennarar lýstu sérstaklega miklu starfsöryggi, bágum kjörum og jaðarsetningu. Báðir hópar lýstu þörf á stuðningi varðandi rafræn kerfi og kennsluhætti. Fræðsla nýtist fastráðnum kennurum betur en lausráðnum, sem þurfa að sækja fræðslu í eigin frítíma.

Niðurstöðurnar sýna kerfisbundið ósamræmi milli ábyrgðar og umbunar hjá lausráðnum kennurum. Hí þarf að endurskoða stöðu lausráðinna innan kerfisins, bæta starfsöryggi og viðurkenningu og bæta tækifæri til þróunar og þátttöku í háskólasamfélaginu, til að tryggja gæði og sjálfbærni kennslu á háskólastigi.

Fjölbreyttir nemendahópar á háskólastigi: Hvers þarfnast kennarar?

Aleksandra Kojic Verkefnastjóri

Háskóli Íslands, Kennslumiðstöð

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að greina fræðsluþarfir kennara við Háskóla Íslands í tengslum við kennslu fjölbreyttra nemendahópa og hvernig styðja meggi við inngildandi kennsluhætti. Stefna Háskóla Íslands leggur áherslu á fjölbreytileika og að hann sé opinn og alþjóðlegur.

Rannsóknin byggist á eigindlegri aðferðafræði þar sem tekin voru viðtöl við sérfræðing og kennsluþróunarstjóra með innsýn í starf kennara. Þemagreining var notuð til að draga fram merkingarþær mynstur og finna svör við rannsóknarspurningunni: Hverjar eru fræðsluþarfir háskólakennara er kemur að inngildingu og kennslu í fjölbreyttum nemendahópum?

Niðurstöðurnar sýna að fjölbreytileiki nemenda birtist á margvíslegan hátt – í aldri, menningarlegum bakgrunni, námsgetu og félagslegum aðstæðum – og að hann kallar á aukna hæfni kennara í inngildandi kennsluaðferðum. Kennarar telja gagnlegt að nýta fjölbreyttar aðferðir, t.a.m. algilda námshönnun (UDL) og vendikennslu, og kalla eftir aðgengi að stoðefni, ráðgjöf og verkfærum sem styðja við þessa þróun. Mikilvægt er að skapa vettvang fyrir kennara til að fá fræðslu, stuðning og skipulagða starfsþróun sem byggist á raunverulegum þörfum.

Rannsóknin dregur fram mikilvægi þess að styðja kennara í því að bregðast við fjölbreytileika með fagmennsku og sveigjanleika og gefur innsýn í hvernig efla meggi kennsluhæfni þeirra í takt við inngildandi stefnu háskólans.

„Ég er hluti af þessum heimi“: Um starf kennsluþróunarstjóra við Háskóla Íslands

Edda R. H. Waage Dósent¹, Guðrún Geirsdóttir Prófessor²

¹Háskóli Íslands, VON. ²Háskóli Íslands, MVS/Kennslumiðstöð

Ágrip /Abstract

Fyrir áratug var hugmyndin um kennsluþróunarstjóra kynnt innan Háskóla Íslands og formlega rædd á fjölbreyttum vettvangi. Hugmyndin var upphaflega fengin frá Háskólanum í Helsinki og byggir á því að akademískir starfsmenn séu ráðnir til að sinna kennsluþróun á eigin fræðasviðum frekar en að kennslufræðingar sinni því hlutverki eingöngu. Talið er að akademískir kennsluþróunarstjórar búi yfir mikilvægri þekkingu á starfi háskólakennara svo sérstöðu þessa fræðasviðs sem þeir starfa á.

Árið 2015 var fyrsti akademíski starfsmaðurinn ráðinn til að sinna kennsluþróun á sínu fræðasviði sem hlta af sínum starfsskyldum og frá á árinu 2019 hafa verið starfandi kennsluþróunarstjórar á öllum fræðasviðum Háskóla Íslands. Kennsluþróunarstjórar hafa það hlutverk að efla kennslumenningu á sínum vettvangi og beita sér fyrir auknum gæðum í kennslu á margvíslegan hátt.

Nú tíu árum síðar er tilefni til að líta um öxl og skoða hvernig til hefur tekist við að innleiða og þróa nýtt starf á sviði kennsluþróunar í Háskóla Íslands. Gagna var aflað með því að leggja opnar spurningar fyrir starfandi kennsluþróunarstjóra þar sem þeir voru beðnir um að ígrunda starf sitt og velja fyrir sér hlutverki sínu, þróun starfsins, helstu verkefnum og áskorunum í starfi. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir niðurstöðum þessarar rannsóknar og ljósi varpað á mikilvægi starfs kennsluþróunarstjóra til að stuðla að kennsluþróun á háskólastigi og samvinnu við aðra þá sem bera ábyrgð á gæðum kennslu.

„Mér persónulega finnst lotukennslan betri“: Viðhorf nemenda til sjö vikna lotukennslu

Jón Arnar Baldurs Aðjúnkt, Margrét Sigrún Sigurðardóttir Prófessor

Háskóli Íslands, FVS

Ágrip /Abstract

Rannsóknir á stuttum námskeiðum með virkum kennsluháttum, yfirleitt nefnt lotukennsla, hafa aukist á undanförunum árum. Lotukennsla getur falið í sér allt frá því að nemendur taki eitt námskeið yfir nokkra daga eða vikur, til þess að taka tvö eða fleiri námskeið samtímis í 4–7 vikna lotum. Áströlsk rannsókn, þar sem skipt var yfir í sex vikna lotukennslu með áherslu á virkni í námi, sýndi að námsárangur nemenda jókst marktækt í styttri og meira krefjandi námskeiðunum. Þó jókst ánægja nemenda með kennsluna ekki marktækt samanborið við hefðbundin námskeið. Viðtöl við kennara sýndu að margir töldu auðveldara að virkja nemendur í styttri námskeiðum með virkum kennsluháttum, sem stuðlaði að dýpri skilningi, en á sama tíma lýstu þeir því að undirbúningur og framkvæmd væri tímafrekari.

Í meistaranámi viðskiptadeildar Háskóla Íslands var tekin upp lotukennsla 2018, þar sem skólaárinu er skipt í fjórar sjö vikna lotur. Í stað þess að taka fimm námskeið samtímis, taka nemendur nú tvö í senn. Tekin voru viðtöl við nemendur sem höfðu reynslu bæði af hefðbundnu fyrirkomulagi í grunnnámi og lotukennslu í framhaldsnámi.

Frumniðurstöður benda til þess að nemendur kjósi frekar lotukennslu. Með því að einbeita sér að færri fögum í einu geti þeir kafað dýpra í námsefnið og hafi minni þörf að „læra fyrir próf“. Með færri námskeiðum í einu væri auðveldara að undirbúa sig og taka virkan þátt í náminu, öfugt við reynslu nemenda úr grunnnámi, þar sem það að sinna fimm fögum í einu þýddi að eitthvað varð oft að sitja á hakanum.

Löggilding þekkingar í lögreglumenningu: Áhrif háskólavæðingar lögreglunáms

Ólafur Örn Bragason Doktorsnemi¹, Guðrún Geirsdóttir Prófessor², Ingólfur Ásgeir Jóhannesson Prófessor emeritus¹

¹Háskóli Íslands, MVS. ²Háskóli Íslands, MVS/Kennslumiðstöð

Ágrip /Abstract

Í þessari eigindlegu rannsókn er skoðað hvernig nýútskrifaðir lögreglumenn á Íslandi byggja upp og meta lögmæta fagþekkingu í kjölfar umfangsmikilla menntunarbreytinga þar sem lögreglunám var flutt á háskólastig.

Með því að nota þemagreiningu (*reflexive thematic analysis*), studda af kenningum Shulmans um faglega þekkingu, flokkun Erauts á vinnustaðanámi og greiningu Janet Chan á lögreglumenningu, er kannað hvernig lögreglumenn upplifa samþættingu fræðilegrar, reynslutengdrar og samskiptalegrar þekkingar í daglegu starfi.

Niðurstöður sýna vaxandi viðurkenningu meðal lögreglumanna á hagnýtu gildi og réttmæti vísindalegrar þekkingar, þrátt fyrir efasemdir í upphafi og viðvarandi menningarlega spennu innan lögregluembætta. Rannsóknin dregur fram mögulegar hindranir innan stofnananna, svo sem stigveldisskiptar samskiptahindranir og takmarkaða miðlun rannsóknarþekkingar, sem takmarka árangursríka samþættingu fræðilegrar þekkingar í daglega starfsemi. Að auki birtist óformlegt nám, jafningjastuðningur og samskiptafærni sem lykilþættir í mótun samþættrar þekkingar og þróun faglegrar sjálfsmyndar.

Draga má þá ályktun að stofnun lögreglunáms á háskólastigi eitt og sér dugi ekki til að umbreyta lögreglumenningu í raunverulega lærdómsstofnun (*learning organisation*). Til þess að svo megi vera þarf markvissar breytingar innan skipulagsheilda sem styðja við þekkingarmiðlun, gagnrýna ígrundun og styðjandi forystu. Rannsóknin hefur þýðingu út fyrir lögreglustarfið og veitir mikilvæga innsýn fyrir aðrar fagstéttir sem glíma við að samþætta fræðilega og reynslutengda þekkingu.

Mat á gæðum meistaranáms í ritlists við Háskóla Íslands: Sjónarmið nemenda

Huldar Breiðfjörð Lektor

Háskóli Íslands, HUG

Ágrip /Abstract

Tilgangur rannsóknarinnar var að meta gæði meistaranáms í ritlist við Háskóla Íslands með sérstaka áherslu á smiðjukennslu og upplifun nemenda af náminu. Þar sem nú eru liðin um fimmtán ár frá stofnun ritlistarnámsins þótti tilefni til að skoða hvernig það hefur staðist tímans tönn, einkum í ljósi breyttra aðstæðna og aukinnar samkeppni um athygli og þátttöku nemenda.

Gerð var eigindleg rýnihóparannsókn þar sem fjórir fyrrverandi og núverandi nemendur tóku þátt í skipulögðu samtali. Rýnt var í upplifun þeirra af kennslufyrirkomulagi, námsvali, vinnuálagi, endurgjöf og samfélaginu innan námsins, o.fl. Samtalinu var stýrt af óháðum aðila og hljóðritað til frekari úrvinnslu.

Niðurstöður benda til þess að nemendur séu almennt ánægðir með ritsmiðjufyrirkomulagið og þá nálgun á kennslu sem þar ríkir. Nemendur meta það að fá að prófa fjölbreyttar tegundir skapandi skrifa og að endurgjöf frá bæði kennurum og samnemendum skili sér í betri textum og auknum höfundarproska. Jafnframt kom fram að sterk tengsl milli nemenda og sterkt samfélag þeirra séu mikilvægir þættir í náminu sem heild. Áskoranir tengdust einkum utanumhaldi ritsmiðja og tímastjórnun, misjöfnum væntingum til fræðilegra kúrsa og staðsetningu ritlistarnámsins (sem er listrænt nám í akademíu).

Ályktað er að námsleiðin standi sterkt og veiti nemendum öfluga kennslu í skapandi skrifum. Hægt er að efla námið enn frekar með því að t.d. styrkja ritvinahópa, stuðla að enn frjálsara andrúmslofti þess (innan akademíunnar) og hlúa áfram að sterkri rödd nemenda í mótun námsins.

Reynsla af nýlegum breytingum á málfræðikennslu við Menntavísindasvið: Þemagreining viðtala við útskrifaða og langt komna kennaranema

Heimir Freyr Viðarsson Lektor

Háskóli Íslands, MVS

Ágrip /Abstract

Á undanförunum árum hefur verið ráðist í að umbreyta málfræðikennslu í kennaranámi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands með hliðsjón af innlendum sem erlendum rannsóknum. Hér mætti vísa til þríþættrar nálgunar á menntunarfræðileg málvísindi sem byggir á því að skipta greiningu „greiningarinnar vegna“ út fyrir samhengisháða(ri) málgreiningu þar sem nemendur þjálfast í að nálgast málfræði í gegnum raunveruleg úrlausnarefni af lykilsviðum sem ættu að geta vakið áhuga margra, svo sem í gegnum máltileinkun, málnotkun og málbreytingar. Þrátt fyrir gagnrýni á námsefni og kennsluvenjur hefur þó gengið hægt að breyta rótgrónum hefðum. Þær spurningar sem óhjákvæmilega vakna er hver afraksturinn sé af nýlegum breytingum og hvað nemendunum sjálfum finnst um þær. Tekin voru viðtöl við átta útskrifaða eða langt komna kennaranema og þau þemagreind. Rýnt verður í áhrif breytinganna á inntak og nálgun í málfræðikennslu við MVS.

Markmið rannsóknarinnar er að leggja mat á fýsileika nýrrar nálgunar á málfræði og viðtökum hennar. Rannsóknarspurningin sem leiðir þessa rannsókn er eftirfarandi: Að hvaða marki hafa breyttar áherslur í málfræðikennslu áhrif til hins betra á áhuga og skilning nemenda á málfræði? Niðurstöðurnar eru á þá leið að nemendur taka nýlegum breytingum á málfræðikennslu við MVS almennt fagnandi en telja sig þó ekki allaf fá nægjanlegan undirbúning, sakna stuðnings í gegnum viðeigandi námsefni og mæta auk þess ýmsum hindrunum þegar á vettvang er komið. Litið verður til annarra greina þar sem nýlega umræðu má finna um æskilegar breytingar á kennsluháttum, ekki síst hugmyndinni um hugsandi skólastofu í stærðfræði og öðrum faggreinum, sem einnig gagnast í málfræðikennslu.

Hermikennsla í kennslu læknanema við Háskóla Íslands

Elsa B. Valsdóttir Dósent, Ásta Bryndís Schram Dósent og kennsluþróunarstjóri, Peter Dieckman Dósent

Háskóli Íslands, HVS

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknar er að rannsaka notkun hermikennslu í kennslu læknanema við HÍ, hversu mikið er hún notuð, af hverjum, hvaða aðferðir hermingar eru algengastar, hver eru viðhorf til og reynsla kennara og nemenda af hermikennsu svo log að mæla hversu tilbúin Læknadeild HÍ er til að auka notkun hermikennslu í kennslu læknanema, Hermikennsla grundvallast á aðferðafræði þar sem líkt er eftirraunverulegum aðstæðum, aðgerðum og inn gripum í öruggu námsumhverfi.

Aðferðir

Í fyrri hluta rannsóknar voru sendir úr rafrænir spurningalistar til kennara og nemenda í læknisfræði við HÍ og gerð orðaleit í kennsluskra HÍ. Í seinni hluta rannsóknarinnari var annars vegar notað mælitæki sem sent var rafrænt til kennara í læknisfræði og starfsfólks Læknadeildar, hins vegar voru tekin rýnihópaviðtöl við hagaðila á Landspítala og í þriðjalagi voru tekin viðtöl við aðila erlendis sem komið hafa að uppbyggingu hermikennslu í sínum heimalöndum.

Helstu niðurstöður

Herming er ekki mikið notuð kennsluaðferð í læknisfræði en bæði kennarar og nemendur eru jákvæðir í garð hennar og vilja nota hermingu meira. Skortur á þjálfun, aðstöðu, búnaði og tíma eru helstu hindranir í vegi fyrir aukinni notkun. Í kennsluskra er lítið talað um hermikennslu. Kennarar í læknisfræði og starfsfólk Læknadeildar er sammála um nauðsyn aukinnar notkunar hermikennslu en þau, sem og hagaðilar á Landspítala, hafa áhyggjur af framkvæmdinni. Sumir telja að menningarbreytingu þurfi til til að innleiðing hermikennslu takist vel. Reynslan erlendis frá er sú að ákveðnar grunnforsendur þurfi að vera til staðar þegar hermikennsla er innleidd, bæði hvað varðar innviði og viðhorf.

Off the Written Path: The Position and Pursuit of Writing in the University of Iceland's English Department

Ingunn Sara Ívarsdóttir Doktorsnemi/stundakennari

Háskóli Íslands, HUG

Ágrip /Abstract

From traditional academic composition to creative texts, writing is a core skill, especially due to the essay-centric learning process of the Humanities. This research project aims to demonstrate the positive and negative elements in place concerning writing instruction, mainly in the English department but also the Comparative Literature department at the University of Iceland. Applying a qualitative approach and thematic analysis, seven interviews with teachers were conducted, transcribed, analyzed, and sorted into nine themes that reflect comments and concerns, along with underlying codes: **1. Approaches to and Philosophies on Teaching Writing**, **2. Curriculum Structure and Standardization**, **3. The Interplay of Academic and Creative Writing**, **4. The General Challenges in Teaching Writing**, **5. The Impact of AI and Academic Dishonesty**, **6. The State and Cultivation of Critical Thinking**, **7. Evaluation and Feedback Practices**, **8. Available Writing Resources**, and **9. Community and Communication**. Key takeaways from the research emphasize the value of creative approaches within academic writing, the need for more creative writing opportunities in English, the importance of critical thinking, the demand for improved communication between teachers and departments, the dire impact of AI, and the underutilization of writing resources—such as the university's Writing Center. Taking the requisite steps to trail the path and pursuit of writing, both academic and creative, this work offers insight into teachers' perspectives on the state of writing, in terms of their own instruction and student competence, especially in the trying times of artificial intelligence, short attention spans, and the war on critical thinking.

Raundæmaskrif sem fagleg færni háskólakennara.

Pröstur Olaf Sigurjónsson Prófessor

Háskóli Íslands, FVS

Ágrip /Abstract

Um ræðir frumkvöðlaverkefni við Háskóla Íslands þar sem háskólakennarar voru þjálfaðir í ritun raundæma með aðstoð sérfræðings. Markmið verkefnisins var að efla hæfni kennara til að þróa kennsluefni byggt á raunverulegum aðstæðum og tengja fræði við samfélagslegar áskoranir. Verkefnið fór fram á Félagsvísindasviði veturinn 2024–2025 og naut styrks frá Kennslumálasjóði. Fimm kennarar tóku þátt og skrifuðu eigin raundæmi með aðstoð reynds „case writer“. Til þess að meta reynslu kennarana var gögnum safnað með könnun og hálfopnum viðtölum. Markmið var að skilja hvata kennarana til þátttöku, áskoranir þær sem þeir stóru frammi fyrir við ritun raundæmanna og mögulegar lausnir svo gera megri ritun raundæma aðgengilega. Niðurstöðurnar sýna að þátttakendur sáu skrif raundæma sem tækifæri til að efla gagnrýna hugsun nemenda, dýpka fræðilega umræðu og stuðla að virkari þátttöku nemenda í kennslu. Margir þeirra lýstu áhuga á að gefa út raundæmi með formlegum hætti. Helstu áskoranir tengdust skorti á fyrirmyndum, óvissu um mun á rannsóknardæmum og kennsludæmum, og erfiðleikum við uppbyggingu raundæma og gagnaöflun. Námskeið og markviss leiðsögn léttu verulega undir með þátttakendum og styrktu sjálfstraust þeirra. Sérfræðingur í raundæmaskrifum lýsti að kennararnir áttuðu sig seint á mikilvægi þess að raundæmi til kennslu eiga ekki að innihalda lausnir, heldur stuðla að umræðu meðal nemenda. Verkefnið undirstrikar mikilvægi faglegs stuðnings, ramma og kennsluefnis til stuðnings kennurum.

Higher Education for Sustainability (HighES) Project

Karen Elizabeth Jordan Aðjúnkt¹, Ásdís Björk Gunnarsdóttir Verkefnastjóri², Ólafur Páll Jónsson Prófessor¹, Hafdís Hanna Ægisdóttir Forstöðumaður²

¹Háskóli Íslands, MVS. ²Háskóli Íslands, Sjálfbærnistofnun

Ágrip /Abstract

The 'Higher Education for Sustainability' (HighES) project, led by the School of Education and the Sustainability Institute at the University of Iceland, aimed to enhance sustainability integration within university teaching practices. Funded by the University of Iceland Research Fund in 2022, this two-year initiative aimed to identify, and share ways to embed sustainability into curricula, pedagogy, and institutional operations.

HighES sought to make existing sustainability practices more visible, promote broader adoption (particularly within disciplines not traditionally associated with the topic), and encourage interdisciplinary and dialogical approaches to curriculum reform.

Interviews were conducted with eleven educators from all five schools at the University of Iceland. Participants shared experiences, challenges, and opportunities related to sustainability teaching. These findings informed a workshop focused on integration strategies, interdisciplinary approaches, and sharing best practices.

Findings revealed the importance of experiential learning, student involvement, and interdisciplinary collaboration. Key challenges included time constraints, limited resources, and varying expertise. Participants called for greater institutional support, e.g., professional development, formal recognition of sustainability efforts, and tailored resources.

Based on the findings, we recommend: for teachers, fostering collaboration with colleagues, gradually incorporating sustainability into existing courses, and involving students in course design; for the university, centralised resources, embedding sustainability into the HE Teaching Diploma, offering incentives for sustainability-focused teaching, and considering a compulsory sustainability course for all students.

The HighES project underscores the vital role of universities in advancing sustainability education and offers actional steps to strengthen sustainability education at the University of Iceland and potentially other HE providers.

Stefnumótun í menntamálum og hlutverk sveitarfélaga

Helga María Pálsdóttir Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Samband Íslenskra sveitarfélaga, Stjórnsýslusvið

Ágrip /Abstract

Fjallað verður um stefnumótun í mennta- og frístundastarfi hjá sveitarfélögum. Rýnt verður í lög og önnur fyrirmæli um stefnumótunarferlið og hvaða áherslur þykja æskilegar svo ferlið verði vandað, ákvarðanataka gagnsæ og byggt sé á gögnum. Mikilvægt er að sveitarfélög setji sér stefnu og framkvæmi með farsælum hætti, til að auka gæði skóla- og frístundastarfs innan sveitarfélaga. Þá verða nefnd dæmi um gögn og samantektir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem styðja við stefnumótun sveitarfélaga, kjörna fulltrúa og þá sem koma að menntamálum. Sveitarstjórnarskólinn verður kynntur, tilgangur og uppbygging hans.

„Vettvangsstarf er lífsnauðsynlegur hlekkur í stuðningskerfi varðandi börn": Sýn fagfólks á vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík

Andrea Marel Þorsteinsdóttir Deildarstjóri unglingasviðs¹, Eygló Rúnarsdóttir Aðjunkt²

¹Frístundamiðstöðin Tjörnin, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. ²Menntavísindasvið, Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda

Ágrip /Abstract

Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka sýn starfsfólks félagsmiðstöðva í vettvangsstarfi í Reykjavík og helstu samstarfsaðila þeirra á hlutverk vettvangsstarfs félagsmiðstöðva í forvörnum gegn áhættuhegðun barna og unglunga. Rannsóknin er eigindleg og notaðist rannsakandi við eigindleg viðtöl og vettvangsnótur rannsakanda. Tekin voru viðtöl við fjóra félagsmiðstöðvastarfsmenn sem hafa mikla reynslu af slíku starfi. Einnig voru tekin viðtöl við lögreglumann og félagsráðgjafa sem hafa reynslu af þátttöku í vettvangsstarfi félagsmiðstöðva auk þess að hafa reynslu af samstarfi við félagsmiðstöðvastarfsmenn í tengslum við vettvangsstarf.

Vettvangsstarf félagsmiðstöðva er þáttur í forvarnarstarfi félagsmiðstöðva sem miðar að því að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga. Starfið fer fram utan veggja félagsmiðstöðvanna, að mestu utan opnunartíma og eftir að útivistartíma barna og unglunga lýkur.

Í verkefninu var leitast við að ná fram sýn fagfólks með ólíka reynslu af vettvangsstarfi félagsmiðstöðva á hlutverk vettvangsstarfs í forvörnum gegn áhættuhegðun unglunga, greina hvaða færni, eiginleika eða þekkingu starfsfólk í vettvangsstarfi þarf að hafa til að bera til að starfið nái markmiðum sínum, skoða inntak og starfshætti þess og kanna hvernig starfið samræmist lögum, reglum og stefnum sem félagsmiðstöðvar í Reykjavík starfa eftir.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík sé lágþröskuldaþjónusta sem geti stutt við verndandi þætti í lífi barna og unglunga í viðkvæmri stöðu og geti mögulega greitt leið þeirra að frekari farsældarþjónustu. Einnig benda niðurstöðurnar til þess að færni starfsfólks og samstarf við lykil aðila séu mikilvægir þættir í vettvangsstarfi félagsmiðstöðva í Reykjavík.

Rannsóknin byggir á meistaraverkefni, leiðbeinandi var Eygló Rúnarsdóttir.

Gerð og innleiðing menntastefnu Garðabæjar

Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi og formaður Skólanefndar grunnskóla Garðabæjar

Garðabær

Ágrip /Abstract

Fjallað verður um aðdraganda, gerð og innleiðingu á Menntastefnu Garðabæjar. Sagt verður frá þeim leiðarljósum og áherslum sem byggt var á í stefnuferlinu og mikilvægi samráðsferlisins. Það er hvernig samráði var háttað, aðkomu starfsmanna og uppbygging á faglegum vinnubrögðum. Gerð verður grein fyrir áskorunum í ferlinu og mikilvægi þess að velja skýrar áherslur. Í lokin verður sagt frá innleiðingu stefnunnar, gerð mælikvarða og almennri eftirfylgd hennar. Almenn ánægja er með gerð stefnunnar og almenna fjármögnun, en á sama tíma er krefjandi að setja fram skýrt innleiðingarferli og meta í samræmi við mælikvarða. Álitið er mikilvægt að stefnan sé unnin í þétu samstarfi við skólasamfélagið og stöðugt sé unnið að öflugri skólaþróun innan sveitarfélagsins.

Tíðni matvæðni hjá leikskólabörnum: Fyrstu niðurstöður úr Litlu laukum – Bragðlaukaþjálfun

Berglind Lilja Guðlaugsdóttir doktorsnemi, Anna Sigríður Ólafsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Eitt af þeim krefjandi verkefnum sem leikskólastarfsfólk stendur frammi fyrir er matvæðni leikskólabarna. Matvæðni er yfirleitt í hámarki í kringum 2-6 ára aldurinn og foreldra ásamt leikskólastarfsfólki skortir gjarnan úrræði til þess að takast á við matvæðni ungra barna. Litlu laukar – Bragðlaukaþjálfun er fæðumiðuð íhlutun sem fór fram í leikskólum í Reykjavík og á landsbyggðinni með þátttöku leikskólastarfsfólks og foreldra með það að markmiði að koma í veg fyrir og/eða draga úr matvæðni. Í Bragðlaukaþjálfun voru börn þjálfuð í að upplifa mat með öllum skynfærum sínum með leikgleðina að vopni og auka fæðutengda færni. Leikskólastarfsfólk fékk einnig þjálfun í notkun aðferðanna og framkvæmd verkefnanna. Bragðlaukaþjálfun var hluti af daglegu skólastarfi leikskólanna og studdi við heilsuefandi umhverfi þeirra. Fjórir leikskólar tóku þátt í rannsókninni og hafa klárað 10 vikna íhlutun, en tveir af þeim kláruðu nú í júní 2025 einnig 6 mánaða eftirfylgd. Samtals hafa því 225 börn klárað íhlutun. Þeir spurningalistar sem notaðir voru í gagnasöfnun voru: Meals in our household, Picky eating in children, Children's eating behaviour questionnaire ásamt fæðutíðnilista. Helstu grunnupplýsingar um matvæðni leikskólabarna fyrir íhlutun í leikskólunum fjórum sem tóku þátt í rannsókninni verða kynntar, þar á meðal tíðni matvæðni og hvernig matvæðni birtist á meðal barnanna.

Einkenni matvendi meðal barna með og án taugaproskaraskana

Sigrún Þorsteinsdóttir nýdóktor, Anna Sigríður Ólafsdóttir Prófessor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Matvendi getur haft margvísleg áhrif á heilsu barna og meðal annars leitt til næringarskorts og meltingarvanda en getur einnig valdið streitu á heimilum. Þekkt er að börn með taugaproskaraskanir (til dæmis raskanir á einhverfurófi og athyglisbrest með og án ofvirkni (ADHD)) eru líklegri til að vera matvönd en börn án þessara raskana en lítið er vitað um matvendi íslenskra barna. Markmið rannsóknarinnar var að meta einkenni matvendi hjá þátttakendum í Bragðlaukaþjálfun (íslenskt meðferðarúrræði við matvendi barna með og án taugaproskaraskana).

Rannsóknin náði til 8-12 ára barna ($n=190$) en foreldrar svöruðu skimunarlista fyrir þátttöku í Bragðlaukaþjálfun, og spurningalista um Matarvenjur barna og matvendi. Staðhæfingar voru flokkaðar í átta yfirlokka sem vörðuðu matarvenjur, skynjun og rútínur. Rúmlega þriðjungur barnanna (39%) var með taugaproskaröskun (ADHD, einhverfu eða bæði).

Niðurstöður sýndu að tæplega helmingur (49%) barnanna var með einhæft fæðuval (borðar færri en 10 fæðutegundir) og var hlutfallið hærra hjá börnum með taugaproskaraskanir (59%) en án (43%), $\chi^2(1)=4,83$, $p=0,03$. Meirihluti (91%) barna með taugaproskaraskanir hafnaði nýjum fæðutegundum (fæðunýfælni) en 73% barna án taugaproskaraskana, $\chi^2(1)=9,98$, $p<0,01$.

Lítið er vitað um einkenni matvendi barna á Íslandi og veitir rannsóknin mikilvæga innsýn í einkennin. Niðurstöður sýndu hærra hlutfall á einkennum matvendi hjá börnum með taugaproskaraskanir á flestum þáttum sem skoðaðir voru. Brýnt er að skoða nánar matvendi barna á Íslandi svo heilbrigðisstarfsfólk og foreldrar fái betri innsýn í einkenni og úrræði.

Sjálfskaði ungmenna á Íslandi

Ragný Þóra Guðjohnsen Dósent, Hans Haraldsson Tölfræðingur, Lóa Guðrún Gísladóttir
Aðjúnt I

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Sjálfskaði (e. self-harm; self-injurious behavior) hefur samkvæmt rannsóknum verið talinn þriðja algengasta orsök glataðra góðra æviára (e. DALYs) og meðal fimm helstu dánarorsaka ungs fólks í Evrópu. Hegðunin á yfirleitt rætur að rekja til vanlíðunar vegna erfiðra tilfinninga og hugsana og er oft ein birtingarmynd geðraskana hjá ungu fólki sem hafa farið vaxandi bæði hér á landi og á heimsvísu. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna algengi sjálfskaða hjá ungmennum hér á landi ásamt því að skoða tengsl sjálfskaðahegðunar við mat ungmenna á eigin félagsfærni, trú á eigin getu, samskiptum við foreldra og svefn. Rannsóknargögn koma úr Íslensku æskulýðsrannsókninni 2023, 2024 og 2025. Niðurstöður sýndu að um 16% ungmenna hér á landi segist hafa skaðað sig viljandi einu sinni eða oftar en einu sinni. Fram kom að stúlkur voru um helmingi líklegri til að hafa skaðað sig en drengir. Þá sýndu niðurstöður að samband var milli félagsfærni ungmennanna, trúar þeirra á eigin getu og svefns - og sjálfskaðahegðunar. Mikilvægt er því að hlúa markvissar að þessum þáttum í lífi barna og ungmenna. Jafnframt er aðkallandi að auka fræðslu um sjálfskaða bæði hjá ungmennum og foreldrum/forsjáraðilum sem gegna lykilhlutverki við að styðja börn sín og vera bakhjarlar þeirra. Sértek stuðningsúrræði fyrir ungmenni sem glíma við alvarlega vanlíðan og hafa stundað sjálfskaðahegðun þurfa jafnframt að vera til staðar óháð búsetu. Sjálfskaði ungmenna er ekki einstaklingsbundin áskorun heldur samfélagslegt verkefni. Með samstilltu átaki og ábyrgð uppeldisaðila og velferðarkerfa má því skapa umhverfi þar sem ungmenni fá stuðning og tækifæri til farsældar.

Viðhorf kennara og nemenda til snjallsímanotkunar

Svava Pétursdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Snjallsímar skipa stóran hluta í lífi margra. Könnunin Börn og netmiðlar sýnir að langflest börn og unglingar eiga síma. Ákveðin togstreita hefur verið í umræðu um símanotkun í skólum og flestir skólar hafa sett takmarkanir á notkun þeirra. Markmið þessarar rannsóknar var annars vegar að skoða viðhorf til reglna og aðkomu nemenda að gerð þeirra, og hins vegar að skoða nánar símanotkun nemenda, eðli hennar og umfang. Rýnihópaviðtöl voru tekin við fjóra hópa kennara og fjóra hópa nemenda í 9. og 5. bekk um símanotkun og reglur varðandi slíkt. Einnig voru tekin 18 einstaklingsviðtöl við nemendur þar sem þeir sögðu frá símanotkun sinni og reglum heima fyrir. Niðurstöður benda til þess að bæði kennarar og nemendur séu sáttir við takmarkanir á símanotkun í skólanum, en aðkoma nemenda að gerð reglnanna sé takmörkuð. En einstaklingsviðtöl sýndu mikla breidd í umfangi notkunar nemenda allt frá börnum sem nota „takkasíma“ og fá aðhald og stuðning frá foreldrum, til unglinga sem hafa ekkert aðhald og nota snjallsíma sína allt að 7 klst. á sólarhring. Af þessu má álykta að virkara samtal þurfi að vera á milli nemenda og skólastjórnenda sem og nemenda og foreldra þeirra um snjallsímanotkun.

Volcanic Eruption and Disruption: Youth Wellbeing After the Grindavík Evacuation in Iceland

David Reimer Prófessor¹, Juuso Repo Sérfræðingur², Kolbrún Þ. Pálsdóttir Prófessor³

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið og Félagsvísindasvið. ²University of Turku. ³Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

In November 2023, volcanic activity prompted the evacuation of Grindavík, dispersing school-aged children into about 70 compulsory schools across Iceland. This displacement disrupted social ties, housing stability, and schooling continuity, while creating ongoing uncertainty about community re-inhabitation. This study examines how disaster-driven displacement affected the wellbeing of these children using data from the 2025 Icelandic Youth Study, which included a dedicated Grindavík module. We compared students evacuated after the eruption (N = 235), students who had moved away from Grindavík before the eruption (N = 148), and a national reference group (N = 17,315). This design allowed us to separate experiences specific to evacuation from those more generally associated with relocation.

Regression models adjusting for self-reported socioeconomic status, grade, gender, and non-Icelandic background showed that evacuees reported lower life satisfaction and school belonging, along with higher psychosomatic symptoms, absenteeism, and substance use than the national reference group. Prior movers did not differ in life satisfaction or belonging, but showed more psychosomatic complaints, absenteeism, substance use, and bullying victimization. Direct comparisons revealed that evacuees had lower life satisfaction and belonging than prior movers, isolating the evacuation-specific differences. Taken together, the results show that forced evacuation was consistently associated with weaker psychosocial wellbeing, largely irrespective of family background or age, but with stronger socio-emotional impacts among girls. Comparisons with prior movers highlight that disaster-driven displacement carries distinctive consequences beyond the challenges of relocation, underscoring the need for targeted educational and welfare responses.

Efnisorð: Náttúruhamfarir, brottflutningur, velferð barna, skólaganga

Keywords: Natural disasters, Displacement, Children's well-being, schooling

Hvernig tengjast stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði öðrum mælingum á námsframmistöðu?

Auðun Valborgarson Próffræðingur, Sigurgrímur Skúlason Próffræðingur

Miðstöð menntunar og skólapróunar

Ágrip /Abstract

Mikilvægar upplýsingar felast í tengslum eða fylgni prófs við aðrar skyldar mælingar. Slík tengsl sýna hversu vel próf og matstæki ná að meta þá hugsmíð eða námsgrein sem þeim er ætlað að meta. Hér verður fjallað um gögn sem styðja að niðurstöður stöðu- og framvinduprófa Matsferils afmarkast ekki við prófaðstæður, heldur megi túlka þær þannig að þau endurspegli færni nemenda í almennara samhengi. Tengd eru saman gögn, annars vegar um frammistöðu u.þ.b. 1.800 nemenda í Matsferli við frammistöðu á samræmdum könnunarprófum fimm árum fyrr og hins vegar um frammistöðu u.þ.b. 6.000 nemenda í Matsferli og lesfimi. Lesskilningur og lesfimi mæla skyldar, en aðgreindar, hugsmíðar sem báðar eru hluti af lestarferlinu. Lesfimi endurspeglar sjálfvirkni undirstöðupátta, á meðan lesskilningur snýr að flóknari úrvinnslu. Sterk tengsl milli niðurstaðna þessara prófa styðja við réttmæti túlkunar á mælingum þeirra. Notuð voru svör nemenda við 21 prófútgáfu innan Matsferils sem einnig tóku lesfimi og hins vegar svör nemenda sem tóku sjö útgáfur Matsferils ásamt samræmdu prófi. Miðgildi fylgnistuðla þar sem próf meta sömu hugsmíð fræðilega séð var $r = 0,60$ sem styður það að túlka megi niðurstöður á stöðu- og framvinduprófum í Matsferli við almenna lestrar- og stærðfræðitengda færni.

Smíðjur

Skapandi sjálfbærni sem tengslanet fræða

Bjargey Anna Guðbrandsdóttir verkefnastjóri

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Kynningin byggir á því að skapa þverfræðilegt samtal um menntun og sjálfbærni út frá náttúrulegum hráefnum og skapandi aðferðum. Náttúrleg hráefni og handverksaðferðir verða nýtt til að skapa samtal milli gesta frá ólíkum fræðigreinum og búa til nýjar tengingar. Gestum gefst tækifæri til að skoða, snerta og ígrunda hvernig hráefni eins og iðnaðarhamp, dýrafitu, ber, sveppir, ull og jurtir geta tengst eigin fag- eða fræðasviði, í gegnum kennslu, rannsóknir, nýsköpun eða samfélagsverkefni.

Kjarni kynningarinnar er nám í Skapandi sjálfbærni á Hallormsstað og tilgangurinn er að virkja raunverulegt samstarf Háskóla Íslands og Hallormsstaðar, bæði innan akademíunnar og út í vettvang. Áhersla er lögð á að virkja starfandi kennara, skólastjórnendur og fagfólk í frístundastarfi til þátttöku, með það að markmiði að þróa staðbundin, skapandi og sjálfbær verkefni með nemendum, t.d. í gegnum vettvangsnám, staðlotur eða endurmenntunarnámskeið.

Gestir verða hvattir til að setja fram hugmyndir að samstarfi og þróun á hugmyndatré sem verða teknar saman og nýttar í áframhaldandi þróun verkefna.

Námsefni og kennsluhættir í textílkennaramenntun í nýjum húsakynnum Menntavísindasviðs HÍ

Ásdís Jóelsdóttir lektorí textíl og hönnun

Deild faggreinakennslu, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Á kynningunni, sem fram fer í nýju kennslurými fyrir textíl og hönnun á MVS HÍ, verður kynnt nýtt orðasafn sem nær yfir tísku, textíl og fatagerð, sem kynnir og höfundur verksins hefur verið að vinna að á síðustu árum. Verkið mun nýtast sem undirstaða fyrir áframhaldandi rannsóknir, útgáfu námsefnis og fræðirita og þróun og innhald menntunar á sviði textíl- og fatagerðar. Einnig verða kynnt nýleg orðasöfn fyrir þrjón og hekl sem unnin hafa verið af hannyrðanefnd á vegum Stofnunar Árna Magnússonar. Á kynningunni verður farið yfir námsefni sem unnið er með í textílkennaranáminu og skoðað innihald, áherslur og þróun námsins. Einnig verða kynntir nýir kennsluhætti og ýmis verkefni unnin af textílkennaranemum. Ásamt því verður ný kennsluaðstað skoðuð í samhengi við umræður um framtíð og menntun textílkennara og þróun faggreinakennslu í textíl í grunn- og framhaldsskólum landsins.

Efling dygða í gegnum ljóðmennt

Kristian Guttesen lektor

Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið, Kennaradeild

Ágrip /Abstract

Í smiðjunni verður kennsluefni í ljóðmennt kynnt sem hvetur nemendur til dygðus lífarnis. Unnið verður með hugtök um dygðir og lesti og samspil skynjunar, tilfinninga og ímyndunarafls. Efnið er afrakstur þróunarverkefnis (253085-1601) sem hlaut styrk úr Þróunarsjóði námsgagna. Það fæst við menntun tilfinninga og miðar að því að styðja við og efla nemendur í leit að hamingju og góðu lífi.

Markmið þess og smiðjunnar er að efla sjálfstæða, skapandi og gagnrýna hugsun í gegnum heimspekilega samræðu og ljóðmennt. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist færni í að beita tilteknum verkfærum við ljóðagerð. Jafnframt að nemendur tileinki sér aðferð heimspekilegrar samræðu við að rannsaka spurningar sem vekja áhuga nemenda og ákveðið er að taka fyrir.

Skapandi og gagnrýnin hugsun verður best þjálfuð í samræðufélagi jafningja sem skuldbinda sig til að rannsaka sameiginlega þær spurningar sem þeir hafa áhuga á að leita svara við. Það er spennandi og fjölbreytt áskorun að skapa og þróa samræðufélag nemenda í grunn- eða framhaldsskóla. Þegar nemendur læra að semja texta (og uppgötva árangurinn) út frá nákvæmum fyrirmælum, læra þeir að virkja eigin sköpunarkraft. Þannig hafa stutt verkefni, með beinum fyrirmælum, gríðarleg áhrif á þessa virkni hvort heldur sem nemandinn hefur áður prófað að yrkja ljóð eða ekki.

Kynning á hugsandi skólastofu í nýju stærðfræðistofunni í Sögu

Bjarnheiður Kristinsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Ágrip /Abstract

Kennsluaðferðir í hugsandi skólastofu (e. thinking classroom) voru upprunalega þróaðar fyrir stærðfræðikennslu en eru einnig notaðar við kennslu tungumála, samfélags-, náttúru- og félagsfræðigreina. Þær miða að því að fá nemendur til að hugsa, hugsa djúpt og lengi og taka virkan þátt í tímum. Það fyrsta sem gestir taka eftir er að uppröðun húsgagna er óvenjuleg með áherslu á lítil hópaborð, gott pláss við vegg og nægt töflupláss - sama hvort um er að ræða töflur, glugga, vegg með töflumálningu eða töflupynnur sem loða við veggina. Næst sjá þau að nemendur standa í þriggja manna hópum við töflurnar, hver hópur með einn penna og vinna að verkefnum. Kennarinn þeysist um til að fylgjast með vinnu nemenda, safna í sarpinn hugmyndum til að geta fest námsefnið í sessi með nemendum í lok kennslustundarinnar og spyrja spurninga, gefa vísbendingar eða meiri áskoranir og þannig halda nemendum í flæði við verkefnavinnuna. Á þessum kynningarbási gefst tækifæri til að kynna sér aðferðir hugsandi skólastofu, blaða í bók um aðferðirnar (sem nýlega kom út á íslensku) og skoða aðstöðuna í nýju stærðfræðistofunni í Sögu, en hún er meðal annars hönnuð með þarfir hugsandi skólastofu í huga. Í boði verður að leysa þrautir við töflur og skoða myndir og myndbönd úr hugsandi skólastofum víða um heim.

Leikstofan, sérhæfð kennslustofa í kennslu- og menntunarfræði

Kristín Jónsdóttir dósent, Sara Margrét Ólafsdóttir dósent, Susan Rafik Hama lektor, Anna Gréta Guðmundsdóttir aðjúnt

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Við kynnum Leikstofuna á 3. hæð í Sögu. Leikstofan er ætluð til kennslu með áherslu á leikskólabörn, yngstu börn grunnskóla og börn með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn en einnig fyrir almenna kennslufræði. Leikstofan er nýjung á Menntavísindasviði og mætir þörf fyrir sérhæfða kennslustofu fyrir nemendur og kennara við Deild kennslu- og menntunarfræði. Aðstaðan í Leikstofunni mun einnig geta nýst í rannsóknastarfi og til funda og fræðslu, svo sem fyrir foreldra.

Undir hatti Leikstofunnar eru þrjú rými. Ein stór stofa sem rúmar um 40 fullorðna en þar verða meðal annars námsgögn um leik og þroska, lestur og tungumál, menntunar- og kennslufræði og þar verður lestrarkrókur með barnabókum. Tvær litlar stofur munu meðal annars nýtast fyrir samvinnuverkefni og rannsóknir, kennslu og fundi með fjarnemum, sýnikennslu og upptökur. Í þeim verða námsgögn fyrir skapandi starf og tækni, náttúru- og útinám.

Á Menntakviku verður Leikstofan opin á laugardeginum 4. október, við kynnum starfsemina og gestum og gangandi býðst að taka þátt í að gefa þremur rýmum Leikstofunnar nöfn.

Skapandi samþætting Sögu og samfélags – að ígrunda með börnum og fullorðnum

Jakob F. Þorsteinsson¹, samstarfsfólk og fagfólk úr nærumhverfinu²

¹Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. ²frístunda- og skólastarf

Ágrip /Abstract

Við sem stöndum að smiðjunni lítum svo á að Menntavísindasvið sé ekki bara að flytja í Sögu heldur séum við að færa okkur um set inn í annað samfélag – á nýjan stað. Það skapar ný tækifæri til að hugsa og starfa með nýjum hætti og tengist allt í senn starfsmenntun, fagmennsku, samstarfi og rannsóknum.

Hugmyndin sem við komum með til leiks er að nýta betur auðlindir hvers annars. Í nærumsamfélagi Sögu er til að mynda fjölbreytt frístunda- og skólastarf þar sem starfar fólk með mikla reynslu og þekkingu. Innan Menntavísindasviðs er þekking, reynsla og rannsóknargeta sem hægt er að nýta í þverfaglegu samstarfi.

Í þessari smiðju er hugmyndin tvíþætt. Annars vegar að deila aðferðum og þekkingu sem gagnast við að ígrunda með börnum og fullorðnum. Það er viðurkennt að til að ná dýpt og auka möguleika á að sú þekking sem við erum að ná tökum á nýtist okkur í lífi og starfi sé mikilvægt að ígrunda.

En hvernig getum við gert það með fullorðnum og börnum? Gefin eru dæmi og sagt frá yfirstandandi vinnu við gerð á námsefninu Staðnæmumst sem Jakob, Hugrún Jónsdóttir og Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir vinna að. Hins vegar er verið að opna nýskapandi samtal um það hvernig fagfólk á vettvangi og starfsfólk Menntavísindasviðs geti unnið saman til lengri og skemmri tíma með skapandi og skemmtilegum hætti.

Samtalið mun vonandi eiga sér stað í notalegu tjaldi staðsettu í nágrenni Sögu þar sem eldur yljur okkur og vonandi kveikja nýjar hugmyndir með opnu samtali.

Sterkir hópar, besta forvörnin

Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Börnin okkar þurfa stuðning. Þau eru flott, klár, upplýst og föður- og móðurbetrungar á mörgum sviðum en það eru kraftar í lífi þeirra og í samfélaginu sem hafa eitrandi áhrif. Í síðustu PISA könnun var Ísland undir meðaltali í samvinnu og samkennd. Á sama tíma er aukin harka í samskiptum og einelti, ljótt orðbragð, fordómar, kvenfyrirlitning, ofbeldi og útilokun eru of algeng. Besta forvörnin gegn þessu öllu er að búa til sterka hópa. Í sterkum hópum er góður andi, virðing í samskiptum, jákvæðir leiðtogar, vellíðan, vinnufriður, samstaða og samkennd. Stundum búa börn til sína eigin sterku hópa en oft þurfa þau aðstoð. Rannsóknir og reynsla sýna að aðferðir eins og samvinnuverkefni og samvinnuleikir, jafningjavinna, félagsfærni- og leiðtogaþjálfun styrkja hópa. Í smiðjunni verður farið yfir fjórar aðferðir sem nýttar hafa verið með góðum árangri víða um land. Þátttakendur taka virkan þátt og ganga út með verkfæri sem þeir geta nýtt í starfi.

Smiðjan er ætluð öllum þeim sem vinna með hópa; kennurum, tólmstunda- og félagsmálafræðingum, þjálfurum og öðrum þeim sem vilja kynnast árangursríkum aðferðum í að styrkja hópa og vinna gegn óæskilegri, meiðandi og særandi hegðun.

Hringborðsumræða um stöðu náttúruvísinda í almennri menntun

Meyvant Þórólfsson Professor Emeritus, Haukur Arason Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Talsverð umræða hefur verið um íslenskt menntakerfi undanfarið í framhaldi af a) niðurstöðum PISA 2022, b) breytingum á námsmatshluta grunnskólalaga, c) heimsókn Andreas Schleicher yfirmanns menntamála hjá Efnahags- og framfarastofnuninni, d) skýrslu OECD um Ísland og e) nýkyntri aðgerðaáætlunar stjórnvalda um menntastefnu fyrir árin 2025–2027. Í þessari umræðu hefur verið hljótt um náttúruvísindamenntun.

Náttúruvísindi voru í forgrunni PISA 2025 og margvíslegra niðurstaða að vænta næsta vetur um stöðuna hér á landi í alþjóðlegu samhengi, en í alþjóðlegum samanburði hefur náttúruvísindamenntun í grunnskólum á Íslandi jafnan komið illa út allt frá TIMSS rannsókninni 1995 fram til PISA 2022. Í alþjóðlegum samanburði er litlum tíma varið til náttúruvísindamenntunar hér eins og verið hefur í a.m.k. 60 ár.

Hér er boðið til hringborðsumræðu um stöðu náttúruvísinda í almennri menntun á Íslandi. Veltum fyrir okkur spurningum á borð við: 1. Hvað á að læra og kenna í skólum? 2. Hvers vegna? 3. Hvernig? 4. Hvernig á að meta árangurinn? Beinum sjónum þar með að námskrá, námsmati, námsefni og kennsluháttum í náttúruvísindum í almenna skólakerfinu. Hvernig nýtist náttúruvísindamenntun grunnskólans annars vegar sem grunnur undir frekara nám og hins vegar til að efla áhuga og vísindalæsi í víðum skilningi? Hver eru brýnustu úrlausnarefnin í náttúruvísindanámi í íslenskum grunnskólum? Hvernig má helst efla náttúruvísindamenntunina og hvernig má helst styðja við náttúruvísindakennara í grunnskólum? Mikilvægi grunnskólamenntunarinnar felst meðal annars í því að hún er dýrmætur undirbúningur fyrir frekara nám, leggur grunn að almennri menntun samfélagsins og mótar áhuga og starfsval ungs fólks.

Náttúruvísindi fyrir börn og unglinga – Sjáðu, prófaðu og upplifðu!

Haukur Arason Dósent, Edda Elísabet Magnúsdóttir Lektor, Svava Pétursdóttir Dósent

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip /Abstract

Náttúruvísindi gegna lykilhlutverki í menntun framtíðarinnar, bæði sem fræðasvið og einnig sem grunnur að gagnrýnni hugsun, sjálfbærri þróun og skilningi á heimi stöðugra breytinga. Við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er lögð rík áhersla á eflingu vísindalæsis allt frá leikskóla og upp í háskóla.

Í smiðjunni gefst þátttakendum tækifæri til að kynnast fjölbreyttri kennslu og aðstöðu til náttúruvísindamenntunar á Menntavísindasviði. Boðið verður upp á heimsókn í sérhæfðar kennslustofur, þar sem gestir fá að taka þátt í einföldum athugunum og flóknari tilraunum sem endurspeglar mögulega kennsluhætti á hinum ýmsu sviðum náttúruvísinda í bæði leikskóla, á öllum aldursstigum grunnskólans og framhaldsskóla.

Kynnt verður hvernig nám í náttúruvísindakennslu er byggt upp með áherslu á samþættingu náttúruvísinda og kennslufræða, virka þátttöku og tengingu við skólastarf.

Kynningin hentar öllum sem vilja kynna sér starfsemi Menntavísindasviðs og framtíðarmöguleika í kennslu náttúruvísinda – hvort sem þeir eru starfandi kennarar, kennarar framtíðarinnar, samstarfsaðilar eða aðrir áhugasamir um efnið. Verið öll velkomin!

Veggspjaldakynningar

Áhrif jákvæðrar kynverundar í kynfræðslu og innleiðing á kynfræðslunámsefninu „Kynheilbrigði og vellíðan ungs fólks“ í framhaldsskólum

Helga Sigfúsdóttir Doktorsnemi, Sóley Bender Prófessor Emerita

Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið, hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild

Ágrip /Abstract

Bakgrunnur: Rannsóknir hafa lengi sýnt fram á gagnsemi kynfræðslu þá sérstaklega varðandi áhættukynhegðun. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á jákvæð áhrif kynfræðslu á sjálfsvirðingu og kynferðislega ánægju. Síðasta áratug hefur áherslan verið að færast frá áhættumiðaðri fræðslu yfir í jákvæða þætti kynheilbrigðis.

Tilgangur: Greina þætti varðandi jákvæða kynverund unglunga og innleiða nýtt heildrænt kynfræðslunámsefni fyrir framhaldsskóla og skoða hversu gagnlegt það reynist kennurum og nemendum.

Verkefni 1: Byggir á þversniðsrannsókn frá 2022 þar sem rafræn könnun var lögð fyrir í 9 framhaldsskólum. Gögn verða greind með tilliti til jákvæðra þátta kynverundar sem segja til um viðhorf og færni þátttakenda. Gerð verður þáttagreining og aðhvarfsgreining.

Verkefni 2 og 3: Stuðst verður við ferlismat með blandaðri aðferð. Spurningalistar verða lagðir fyrir þátttakendur, þeir beðnir um að leggja mat á þrjár kennslustundir. Þá verða tekin bæði einstaklings- og rýnihópaviðtöl. Þátttakendur eru nemendur og kennarar úr sex framhaldsskólum á landinu. Gögn verða greind með lýsandi og ályktandi tölfræði og með rammaaðferð Gale og félaga (2013).

Vísindalegt og hagnýtt gildi: Felst í því að skoða jákvæðar hliðar kynverundar hjá unglingum sem hefur lítið verið rannsakað, bæði hérlandis og erlendis. Það felst einnig í aðferðinni sem notuð verður til að meta námsefnið, þ.e. ferlismati en aðeins ein rannsókn á sviði kynheilbrigðis hefur verið framkvæmd hér á landi sem notaði þá aðferð. Erendis er einnig skortur á matsaðferðum sem meta kynfræðslunámsefni sem byggja á jákvæðri kynverund. Hagnýtt gildi felst í innleiðingu á kynfræðslunámsefninu sem byggir á helstu leiðbeiningum alþjóðlegra stofnana um gerð námsefnis á þessu sviði.

Changes in Prevalence of Flat Feet Among Schoolchildren Over a Three-Year Period in Reykjavik

Pórdís Gísladóttir Professor, Milos Petrovic Docent

University of Iceland

Ágrip /Abstract

This study examines the longitudinal changes in the prevalence of flat feet among schoolchildren in Reykjavik, Iceland, highlighting the role of physical development and activity. Three years ago, children in 1st, 4th, and 7th grade at a local primary school were assessed for flat feet using a podoscope. The same cohort was re-evaluated after three years to determine changes in foot arch development.

Initial findings showed a flat foot prevalence of 15% in 1st grade, 11% in 4th grade, and 7% in 7th grade. Upon re-assessment, now in 4th, 7th, and 10th grades respectively, the prevalence decreased to 5%, 6%, and 2%. These results indicate a consistent decline in flat feet prevalence with age, suggesting that many children naturally outgrow flat feet as part of normal development.

The existing literature supports the importance of physical activity in the development of foot in general and longitudinal findings support the notion that physical activity and overall musculoskeletal maturation play a significant role in the development of the medial longitudinal arch. In an era marked by decreasing physical activity levels among children, these results emphasize the importance of encouraging active lifestyles to support healthy physical development.

This study contributes to the understanding of pediatric foot health and reinforces the need for early monitoring and promotion of physical activity to foster optimal musculoskeletal growth.

Biomechanical and Performance Differences Between Elite and Non-Elite Football Referees

Milos Petrovic Docent, Þórdís Gísladóttir Professor

University of Iceland, Research Center for Sport and Health Sciences

Ágrip /Abstract

This study aimed to explore the biomechanical and performance-related differences between elite and non-elite football referees. A series of physical and biomechanical assessments were conducted, including sprint performance, agility, jump metrics, and strength parameters.

Statistical analysis using independent samples t-tests revealed significant differences in several key performance indicators. Elite referees were significantly younger than their non-elite counterparts ($p < .001$), with superior performance in sprinting (20 m, 40 m, and 60 m sprints; $p = .025$, $.011$, and $.005$ respectively), agility (5-0-5 drill and split Y-agility; $p < .001$ and $.005$), jump height ($p = .016$), and velocity at peak power and takeoff ($p = .010$ and $.016$). Body height was also significantly greater among elite referees ($p = .010$), while no significant differences were observed in body weight or most strength and force-related measures, including Nordic hamstring force, hip and knee strength, and rate of force development (RFD).

These findings suggest that speed, agility, and explosive power — rather than maximal strength — are distinguishing physical characteristics of elite referees. The younger age and superior neuromuscular performance of elite referees underline the importance of targeted conditioning programs aimed at developing high-intensity capabilities, particularly for those aspiring to reach elite officiating levels.

This research contributes valuable insights into the biomechanics of football refereeing and provides evidence-based direction for talent identification and training protocols.

Widening the Lens of Educational Research: Lessons Learned from a Global Scoping Review on Mental Health Curricula

Jóhanna Birna Bjartmarsdóttir Graduate student¹, Brittany N Kester Education Librarian / PhD¹, Ragnhildur I Bjarnadóttir Assistant Professor², Bergljót Gyða Guðmundsdóttir Professor³

¹University of Florida, College of Education. ²University of Florida, College of Nursing.

³University of Iceland, School of Education, Faculty of Education and Diversity

Ágrip /Abstract

Scoping reviews are commonplace in medical research and other related fields; however, they have not been prevalent in social and behavioral sciences. Nevertheless, they have emerged as a tool for educators and other researchers to synthesize findings, map the state of the literature, and inform future research. Currently, we are conducting an extensive scoping review focusing on mental health literacy education worldwide. In this poster session, we will describe the strategies we used, the challenges, successes, and lessons learned, to inform future scholars who are interested in conducting evidence synthesis reviews. Key aspects of the scoping review process are outlined, such as creating a search string, selecting databases, the review and extraction process, negotiating authorship, and collaborating with a team of interdisciplinary and intercontinental researchers as scoping reviews are extensive and usually done collaboratively. One unique challenge for researchers familiar with conducting systematic reviews was a mindset adjustment regarding the lens through which articles are examined in a scoping review, such as determining broader inclusion criteria, reviewing with more expansive research questions in mind, and extracting only relevant data. For the success of the review, clear and respectful communication and an understanding of each member's role is vital. Additionally, having a detailed timeline to which everyone is committed helps keep the review on track and ensures its timely completion. Overall, working with an interdisciplinary, intercontinental team allows for multiple perspectives, expertise, and the chance to learn from one another resulting in a stronger scoping review.

„Mér finnst þetta hafa bætt upplýsingaflæði“: Reynsla lykilstarfsfólks af innleiðingu Farsældarlaga

Jónína Sæmundsdóttir Lektor

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið

Ágrip / Abstract

Nýlega (2022) voru samþykkt á Alþingi lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem ætlað er að tryggja aðgang að samþættri þjónustu en áður hefði verið vakin athygli á talsverðum brotalömur í því efni. Meðal annars var skortur á samfellu í stuðningi við börn með sérstakar þarfir í námi og ófullnægjandi samræming milli stofnana sem ætlað var að veita stuðning. Þetta olli miklu álagi á foreldra barnanna. Í lögnum voru því skilgreindir aðilar sem ætlað var að tryggja aðgang að og samhæfa stuðning við börnin. Öll börn skyldu þannig hafa svonefndan tengilið á fyrsta stigi þjónustu og ef þarfir barna reyndust umfram það skipaður svonefndur málstjóri en þessum aðilum er ætlað að styðja við og stýra samþættingu þjónustu við börnin. Lögin hafa verið í innleiðingu og voru fjögur sveitarfélög í byrjun valin sem frumkvöðlasveitarfélög.

Kynntar verða fyrstu niðurstöður lítillar eigindlegar rannsóknar sem var gerð með því markmiði að kanna reynslu lykilaðila í tveimur þessara sveitarfélaga af framkvæmd laganna.

Tekin voru hálfopin viðtöl við 6 lykilaðila og voru fimm þeirra tengiliðir eða málstjórar. Gögnin voru greind í samræmi við þemagreiningu og stuðst við kenningu Bronfenbrenner.

Niðurstöður benda til að þrátt fyrir að vera ennþá í innleiðingarfasa séu lögin að skila tilætluðum árangri því aðgangur að þjónustu og samræming milli stofnana/fagaðila hefur aukist að mati þátttakenda. Skipun tengiliða og málstjóra hefur haft sérlega jákvæð áhrif og létt álagi af foreldrum. Þó hefur skortur á úrræðum og álag á stofnunum stundum valdið vanda.

Menntakvika – Ráðstefna í menntavísindum

2., 3. og 4. október, 2025

Menntavísindastofnun

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Saga, Hagatorg 1, 107 Reykjavík

